



Læknablaðið

THE ICELANDIC MEDICAL JOURNAL



18. ráðstefnan um rannsóknir í líf- og heilbrigðisvísindum í Háskóla Íslands

Haldin á Háskólatorgi
3. og 4. janúar 2017

Dagskrá

Ágrip erinda og veggspjalda, gestamálstofa,
gestafyrirlestra og opinna fyrirlestra



HÁSKÓLI ÍSLANDS

HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

Ráðstefnunefnd:

Alfons Ramel,

Matvæla- og næringarfræðideild

Fanney Þórsdóttir,

Sálfræðideild

Karl Andersen,

Læknadeild, formaður nefndarinnar

Margrét Þorsteinsdóttir,

Lyfjafræðideild

Páll Biering,

Hjúkrunarfræðideild

Svend Richter,

Tannlæknadeild

Verðlaun velferðarráðuneytisins

- til ungs og efnlegs vísindamanns
vegna verkefnis á sviði forvarna eða
heilsuefningar

Valnefnd:

Árni Kristjánsson

Erla K. Svavarsdóttir

Martha Á. Hjálmarsdóttir

Verðlaun mennta- og

menningarmálaráðuneytisins

- til ungs efnlegs vísindamanns

Valnefnd:

Karl Ö. Karlsson

María Guðjónsdóttir

Þórarinn Sveinsson

Verðlaun úr Þorkelssjóði

- til ungs námsmanns vegna verkefnis
á sviði lyfja- og eiturefnafræði í víðustu
merkingu, svo sem grunnrannsóknunum
eða klínískum rannsóknum sem aukið
geta skilning á lyfjaverkun, aukaverk-
unum, nýjum lyfjamörkum eða lyfja-
þróun

Valnefnd:

Elin S. Ólafsdóttir

Haraldur Halldórsson

Kristín Ólafsdóttir

Hvatningarverðlaun

Jóhanns Axelssonar prófessors

- veitt af Félagi íslenskra lífeðlis-
fræðinga, til ungs og efnlegs vísinda-
manns vegna verkefnis á sviði lífeðlis-
fræði eða skyldra greina

Valnefnd:

Erna Magnúsdóttir

Marta Guðjónsdóttir

Pétur H. Petersen

Styrktaraðilar



Átjándi ráðstefnan um rannsóknir í líf- og heilbrigðisvísindum í Háskóla Íslands

Verið innilega velkomin á 18. ráðstefnu Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands um rannsóknir í líf- og heilbrigðisvísindum. Ráðstefnan er haldin á Háskólatorgi 3.-4. janúar 2017.

Markmið ráðstefnunnar er að kynna og hvetja til samtals um vísindi, auka skilning milli fræðigreina og möguleika á þverfræðilegu samstarfi sem getur orðið kveikja að nýjum rannsóknum. Á dagskrá ráðstefnunnar er kynning á tæplega 300 verkefnum í formi fyrirlestra og veggspjalda, þar af eru tveir fyrirlestrar sérstaklega ætlaðir almenningi. Boðið verður upp á málstofur sem fara að öllu leyti fram á ensku en það er gert til þess að koma til móts við vaxandi fjölda enskumælandi starfsfólks og nemenda. Þá verða einnig tvær spennandi gestamálstofur á dagskrá. Umsjón með rýni ágripa og dagskrá ráðstefnunnar var í höndum undirbúningsnefndar sem naut aðstoðar rannsóknastjóra og kynningarstjóra á sviðsskrifstofunni. Störf þeirra og fundarstjóra á málstofum og veggspjaldasýningum eru einnig mikilvæg svo markmið ráðstefnunnar megi nást.

Lykilhlutverk Heilbrigðisvísindasviðs er að mennta hæft fólk til starfa í heilbrigðisþjónustu og taka þátt í uppbyggingu og rekstri heilbrigðiskerfis sem þjóðin treystir á. Markmiðið er að sinna þessu hlutverki í hæsta gæðaflokki. Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands býður upp á 18 námslínur í 6 deildum, auk meistara- og doktorsnáms í helstu grunngreinum sviðsins og sérhæft framhaldsnám. Rúmlega 2000 manns leggja stund á nám við sviðið, þar af tæplega 70% í BS-námi, um 15% í kandidateit- eða diplómanámi og 15% í rannsóknatengdu meistara- eða doktorsnámi.

Stefna Háskóla Íslands 2012-2016 um að efla rannsóknir hefur skilað sér í miklum árangri starfsmanna og auknu fé til rannsókna, fleiri hágæða vísindagreinum og fleiri doktorsvörnum. Röskur fjórðungur starfsmanna sviðsins er nú ráðinn fyrir sjálfsaflafé. Stefnan 2016-2021 er að halda áfram öflugum rannsóknastarfi og að stóruka gæði náms og kennslu. Þó rannsóknavirkni hafi aukist eru heilbrigðisvísindagreinar sem telja sig hafa mjög litla möguleika á styrkjum hefðarinnar vegna. Það er því mikilvægt að koma á fót heilbrigðisvísindasjóði sem hefði að markmiði að breikka og fjölga rannsókna- og nýsköpunarverkefnum í heilbrigðisvísindum.

Stuðningur við rannsóknarinnviði Heilbrigðisvísindasviðs hefur verið aukinn og auk rannsóknastjóra er nú boðið upp á tölfraðiráðgjöf. Sviðið tekur einnig drjúgan þátt í rekstri heilbrigðisvísindabókasafns og klíníks rannsóknaseturs sem eru starfrækt innan Landspítala. Auk þessa hefur Lífvísindasetur verið eflt og Heilsubrunnur er í uppbyggingu í samstarfi við stofnanir í heilbrigðisþjónustu. Í apríl 2016 hlaut Heilbrigðisvísindasvið alþjóðlega Orpheus-gæðavottun á doktorsnámið. Háskóli Íslands varð þar með 7. háskólinn í Evrópu til að hljóta vottunina. Orpheus eru alþjóðleg samtök sem meta gæði doktorsnáms í líf- og heilbrigðisvísindum við evrópska háskóla.

Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands stendur þannig á tímamótum þar sem öflugt vísindastarf og áframhaldandi uppbygging innviða stuðlar að því að sviðið skipi sér í fremstu röð í alþjóðlegum samanburði.

Velkomin á 18. ráðstefnuna um rannsóknir í líf- og heilbrigðisvísindum í Háskóla Íslands.

Inga Þórsdóttir
prófessor og
forseti Heilbrigðisvísindasviðs

Karl Andersen
prófessor við Læknadeild og
formaður undirbúningsnefndar

Þriðjudagur 3. janúar

08.00-08.30		Skráning	
08.30-09.10	Salur HT 102	Ráðstefnan sett: Inga Þórsdóttir, forseti Heilbrigðisvísindasviðs Gestafyrirlestur: <i>Blóðskimun til bjargar – Þjóðaráttak gegn mergæxlum</i> Sigurður Y. Kristinsson Fundarstjóri: Karl Andersen	G 1
09.15-10.15	Salur HT 102	Krabbamein Málstofustjóri: Margrét H. Ögmundsdóttir	E 1 - E 5
	Salur HT 103	Mental Health I Málstofustjóri: Páll Biering	E 6 - E 9
	Salur HT 104	Pregnancy and Children I Málstofustjóri: Ragnar G. Bjarnason	E 10 - E 14
	Salur HT 105	Ónæmis- og sýklafræði I Málstofustjóri: Bjarnheiður Guðmundsdóttir	E 15 - E 18
10.20-11.20		Kaffi og veggspjaldakynningar Efnasambönd og greiningar Fundarstjóri: Þór Eysteinnsson	V 1 - V 14
		Sameindalíffræði Fundarstjóri: Sigríður K. Böðvarsdóttir	V 15 - V 27
		Heilbrigðisþjónusta Fundarstjóri: Þórdís K. Þorsteinsdóttir	V 28 - V 41
		Líkamlegt og andlegt álag Fundarstjóri: Árni Árnason	V 42 - V 55
11.20-12.20	Salur HT 102	Hjarta og æðakerfið Málstofustjóri: Guðrún Pétursdóttir	E 19 - E 23
	Salur HT 103	Mental Health II Málstofustjóri: Páll Biering	E 24 - E 28
	Salur HT 104	Pregnancy and Children II Málstofustjóri: Ragnar G. Bjarnason	E 29 - E 33
	Salur HT 105	Ónæmis- og sýklafræði II Málstofustjóri: Bjarnheiður Guðmundsdóttir	E 34 - E 37
12.20-13.00		Hádegishlé	
13.00-14.30	Salur HT 102	Lífeðlisfræði Málstofustjóri: Björg Þorleifsdóttir	E 38 - E 42
	Salur HT 103	Aging and Health Care Málstofustjóri: Pálmi V. Jónsson	E 43 - E 49
	Salur HT 104	Pharmaceutical Sciences and Clin. Microbiology I Málstofustjóri: Margrét Þorsteinsdóttir	E 50 - E 54
	Salur HT 105	Greiningar og aðferðir I Málstofustjóri: Eiríkur Steingrímsson	E 55 - E 61
14.30-14.50		Kaffihlé	
14.50-15.50	Salur HT 102	Íþróttir Málstofustjóri: Kristín Briem	E 62 - E 66
	Salur HT 103	Genetics and Epidemiology Málstofustjóri: Stefán Þ. Sigurðsson	E 67 - E 71
	Salur HT 104	Pharmaceutical Sciences and Clin. Microbiology II Málstofustjóri: Margrét Þorsteinsdóttir	E 72 - E 75
	Salur HT 105	Greiningar og aðferðir II Málstofustjóri: Eiríkur Steingrímsson	E 76 - E 80
15.50-16.00		Hlé	
16.00-17.30	Salur HT 103	Árangur pneumókokkabólusetningar á Íslandi Gestamálstofa á vegum sýklafræðideildar Landspítala og Barnaspítala Hringins Málstofustjóri: Helga Erlendsdóttir	M 1 - M 8
	Salur HT 104	Sykurneysla Íslendinga - Lýðheilsuógn? Gestamálstofa á vegum Félags lýðheilsufraeðinga, Faralds- og tölfraeðifélagsins og Matvæla- og næringarfræðafélags Íslands Málstofustjórar: Sigríður K. Hrafnkelsdóttir & Thor Aspelund	M 9 - M 13

Miðvikudagur 4. janúar

08.00-08.30		Skráning	
08:40-09:10	Salur HT 102	Gestafyrirlestur: <i>Misnotkun á marktæknihugtakanu í rannsóknnum</i> Helgi Tómasson Fundarstjóri: Thor Aspelund	G 2
09:15-10:15	Salur HT 102	Meðganga og fæðing I Málstofustjóri: Þóra Steingrímsdóttir	E 81 - E 85
	Salur HT 103	Molecular Biology I Málstofustjóri: Magnús K. Magnússon	E 86 - E 90
	Salur HT 104	Heilbrigðisþjónusta I Málstofustjóri: Guðrún Kristjánsdóttir	E 91 - E 95
	Salur HT 105	Sleep and Quality of Life Málstofustjóri: Ingunn Hansdóttir	E 96 - E 100
10:15-11:15		Kaffi og veggspjaldakynningar Lyfjafræði og lífvirkni Fundarstjóri: Sveinbjörn Gizurarson	V 56 - V 70
		Meðganga og börn Fundarstjóri: Berglind Háldánsdóttir	V 71 - V 84
		Sýkingar, ónæmis- og faraldsfræði Fundarstjóri: Helga Ögmundsdóttir	V 85 - V 98
		Inngrip, endurhæfing og lífsgæði Fundarstjóri: Ólöf G. Geirsdóttir	V 99 - V 113
11:15-12:15	Salur HT 102	Meðganga og fæðing II Málstofustjóri: Þóra Steingrímsdóttir	E 101 - E 105
	Salur HT 103	Molecular Biology II Málstofustjóri: Magnús K. Magnússon	E 106 - E 110
	Salur HT 104	Heilbrigðisþjónusta II Málstofustjóri: Guðrún Kristjánsdóttir	E 111 - E 114
	Salur HT 105	Rehabilitation and Survival Málstofustjóri: Bryndís E. Birgisdóttir	E 116 - E 120
12:15-12:30		Hádegishlé	
12:30-13:30	Salur HT 102	Opnir fyrirlestrar fyrir almenning <i>Stofnfrumur í rannsókna- og meðferðarskyni</i> Erna Magnúsdóttir <i>Hamingja og sjálfsmynd í neyslusamfélagi nútímans</i> Ragna B. Garðarsdóttir Fundarstjóri: Svend Richter	O 1 O 2
13:30-14:30	Salur HT 102	Börn I Málstofustjóri: Inga B. Árnadóttir	E 121 - E 125
	Salur HT 103	Cancer and Cell Biology I Málstofustjóri: Óttar Rolfsson	E 126 - E 130
	Salur HT 104	Heilsa á efri árum I Málstofustjóri: Alfons Ramel	E 131 - E 135
	Salur HT 105	Geðheilsa Málstofustjóri: Eiríkur Ö. Arnarson	E 136 - E 140
14:35-15:35	Salur HT 102	Börn II Málstofustjóri: Inga B. Árnadóttir	E 141 - E 145
	Salur HT 103	Cancer and Cell Biology II Málstofustjóri: Óttar Rolfsson	E 146 - E 150
	Salur HT 104	Heilsa á efri árum II Málstofustjóri: Alfons Ramel	E 151 - E 154
	Salur HT 105	Bioactivity and Natural Resources Málstofustjóri: Berglind E. Benediksdóttir	E 155 - E 159
15:35-15:55		Kaffihlé	
15:55-16:55	Salur HT 103	Andleg heilsa barna Málstofustjóri: Ragnar P. Ólafsson	E 160 - E 164
	Salur HT 104	Breast Cancer Málstofustjóri: Guðrún Valdimarsdóttir	E 165 - E 168
	Salur HT 105	Skurðlæknisfræði Málstofustjóri: Elsa B. Valsdóttir	E 169 - E 173
17:00-18:00	Salur 102	Ráðstefnuslit: Karl Andersen, formaður undirbúningsnefndar Afhending viðurkenninga og léttar veitingar	

ÁGRIP GESTAFYRIRLESTRA

G 1 Blóðskimun til bjargar – Þjóðaráttak gegn mergæxlum

Sigurður Yngvi Kristinnsson

prófessor í blóðsjúkdómum við Læknadeild Háskóla Íslands

sigurngvi@hi.is

Góðkynja einstofna mótefnahækkun (MGUS) er algengt forstígt mergæxlis (MM) og skyldra sjúkdóma og fyrirfinnst hjá rúmlega 4% einstaklinga >50 ára. MGUS er alltaf undanfari MM en flestir með MGUS þróa ekki yfir í tengd krabbamein. Byggt á afturskygðum rannsóknum, leiðbeiningar ráðleggja að fylgja MGUS einstaklingum eftir til æviloka, en engar framskyggnar rannsóknir liggja fyrir sem styðja þetta eða hafa verið gerðar sem sýna fram á hagkvæmstu leiðina til að fylgja eftir MGUS einstaklingum. Við sýndum nýlega fram á að MM-sjúklingar með greint MGUS lifðu marktækt lengur en MM-sjúklingar án fyrri sögu um MGUS, sem gæti bent til að skimun fyrir MGUS gæti leitt til betri lifunar. Til að meta áhrif skimunar fyrir MGUS á lífslíkur og til að fá vísindalega

sönnun fyrir bestri leið til eftirfylgni, stefnum við að því að bjóða öllum Íslendingum >40 ára (N=140 000) að taka þátt í skimunarrannsókn á MGUS. Við munum vinna með Krabbameinsfélagi Íslands sem hefur innviði fyrir skimun og nýta okkur það að flestir einstaklingar >40 ára fara í blóðprufu af ýmsum ástæðum á þremur árum. Við munum framkvæma próteinrafdrátt og mælingar á léttum keðjum á öllum þátttakendum. Einstaklingar með MGUS verður svo boðin þátttaka í slembdri klínískri prófun með markmiðið að greina bestu leið til uppvinnslu og eftirfylgni. Rannsókn okkar mun verða sú stærsta sinnar tegundar og mun svara fjölda mikilvægra klínískra og vísindalegra spurninga.



G 2 Misnotkun á marktækni hugtakinu í rannsóknum

Helgi Tómasson

prófessor í hagrannsóknum og tölfraði við Hagfræðideild Háskóla Íslands

helgito@hi.is

Greinin *Why Most Published Research Findings Are False* (Ioannidis, 2005) um birtingarhefðir í heilbrigðisvísindum hefur vakið mikla athygli. Í þessu erindi er ekki fjallað um hvað orðið most merkir heldur um það hvernig hugtökin marktækni og p-gildi eru stundum notuð við ályktanir sem byggja á mælingum. Wakefield (1998) náði heimsfrægð þegar virt læknaátímarit birti eftir hann grein þar sem ályktað var um slæmar hliðarverkanir bóluasetninga. Greinin var síðan dregin til baka þegar upp komst að höfundar höfðu nuddað gögnin til. Þar hafði lítið nudd mikil áhrif. Á seinna tímum hafa fræðimenn gefið í skyn til dæmis tengsl drómasýki við ákveðna gerð bóluasetninga. Af tölfraðilegum ástæðum eru ályktanir sem þessar mjög vafasamar. Þær eru byggðar á marktækni hugtakinu en ekki stærðargráðunni á ímynduðum áhrifum. Rífað er

upp einfalt kennslubókardæmi úr Young & Smith (2005) sem sýnir að lítið, marktækt frávík frá núllkenningu mætti túlka sem aukinn stuðning við núllkenningu (í bayesískum skilningi). Þetta má alls ekki skilja sem svo að allar gagnagreinir séu markleysa. Til dæmis eru tengsl tóbaksreykinga við ýmsa sjúkdóma það afgerandi að hafið er yfir allan vafa. Rakin eru nokkur nýleg dæmi þar sem villandi ályktanir hafa ratað í fjölmiðla.

Heimildir:

Ioannidis JPA. Why most published research findings are false. *PLoS Medicine* 2005; 2: e124.

Wakefield A. Ileal-lymphoid-nodular hyperplasia, non-specific colitis, and pervasive developmental disorder in children. *Lancet* 1998; 351: 637-41.

Young G, Smith R. *Essential of Statistical Inference*. Cambridge University Press 2005.



ÁGRIP OPINNA FYRIRLESTRA

O 1 Stofnfrumur í rannsókn- og meðferðarskyni

Erna Magnúsdóttir
dósent í líffærafræði við Læknadeild Háskóla Íslands
erna@hi.is

Stofnfrumur hafa verið í sviðsljósinu undanfarin ár vegna vona sem bundnar eru við nýtingu þeirra í lækningarskyni. Í heiminum í dag eru þúsundir klínískra prófana (*clinical trials*) á stofnfrumum í meðferðarskyni opinberlega skráðar og hefur fjöldinn aukist hratt undanfarin ár. En hvað eru stofnfrumur, hvernig virka þær í líkamanum og hvernig má nota eiginleika þeirra í meðferðar- og rannsóknarskyni?

Í þessum fyrirlestri verður virkni stofnfruma í líkamanum rædd og dæmi tekin um rannsóknir þar sem stofnfrumur hafa verið notaðar annars vegar til þess að auka skilning okkar á mannlíkamanum og virkni hans og hins vegar til þess að skilja sjúkdóma og finna mögulegar meðferðir við þeim. Þá verða einnig ræddar framfarir í erfðarannsóknum og þær væntingar sem bundnar eru við nýtingu á erfðabreyttum stofnfrumum til lækninga.



O 2 Hamingja og sjálfsmynd í neyklusamfélagi nútímans

Ragna Benedikta Garðarsdóttir
dósent í félagsálfræði við Sálfræðideild Háskóla Íslands
rgb@hi.is

Margir fræðimenn (sér í lagi úr hópi hagfræðinga) hafa lýst undrun sinni yfir því að þrátt fyrir að efnahagur í neyklusamfélögum hafi vænkast undanfarna áratugi, þorri fólks sé kominn upp úr sárri fátækt og eigur fólks hafi aldrei verið fleiri, virðist fólk síður en svo hamingjusamara en það var áður. Fræðimenn gáfu sér þannig þá forsendu að eigur og peningar stuðli að hamingju fólks og í marga áratugi hafi farsæld og hamingja þjóða verið lögð að jöfnu við verga þjóðarframleiðslu þeirra. Í upphafi 21. aldarinnar var slíkt hlutlægt mælikvörðum hafnað og upp hófust heilmiklar rannsóknir á hamingju í formi huglægrar vellíðunar (*Subjective Well Being*). Rannsóknir sálfræðinga og fleiri síðustu ár hafa sýnt fram á að þvert á fyrri trú, getur sókn í peninga og eigur – efnishyggi – grafið undan vellíðan fólks og að tengsl tekna og hamingju eru snúin. Ójöfnuður innan samfélags, hugmyndafræði þess og aðgangur fólks að velferðarstofnunum eru meðal þess

sem hefur áhrif á samband tekna og hamingju.

Við lifum í neyklusamfélagi þar sem táknræn merking hluta lofar undraverðum sálrænum ábata – fegurð, vinsældum, ást og bættu sjálfi. Sjálfsmynd fólks má þannig breyta og bæta með merkingarþrungnum munum og fólki tjáir sig og túlkar aðra með eignum. Samkeppni einstaklingshyggjunnar ýtir undir félagslegan samanburð og grefur undan samfélagslegu trausti sem aftur hefur áhrif á hamingju fólks og stöðukvíða. Í erindinu mun ég fjalla um niðurstöður nokkurra rannsókna minna á sálfræðilegum afleiðingum hugmyndafræði neyklusamfélaga, um tengsl efnishyggi við hamingju, líkamsmynd og skuldasöfnun. Einnig mun ég fjalla um rannsókn sem sýnir hvernig ójöfnuður getur leitt til efnishyggi og stöðukvíða og þannig haft áhrif á hamingju ólíkra þjóðfélagshópa.



ÁGRIP ERINDA

E 1 Krabbamein í eggjastokkum, eggjaleiðurum og lífhimnu á Íslandi 2005-2014

Arna R. Emilsdóttir¹, Elísabet A. Helgadóttir², Anna M. Jónsdóttir³, Pétur V. Reynisson², Þóra Steingrimsdóttir²

¹Læknadeild, Háskóli Íslands, ²Kvennadeild, Landspítali háskólasjúkrahús, ³Meinafræðideild, Landspítali háskólasjúkrahús
arnarut11@gmail.com

Inngangur: Eggjastokkakrabbamein er það krabbamein í innri kynfærum kvenna sem dregur flestar konur til dauða. Það hefur lítið verið rannsakað á Íslandi og var markmið þessarar rannsóknar að fá betri yfirsýn yfir sjúkdóminn hérlandis sem og að kanna hvaða þættir hefðu áhrif á lifun sjúklinga.

Efni og aðferðir: Rannsóknin var afturskyggn og náði til allra sjúklinga sem greindust með krabbamein í eggjastokkum, eggjaleiðurum eða lífhimnu á Íslandi árin 2005-2014. Gögn yfir þá sjúklinga voru fengin frá Krabbameinsskrá og Landspítala. Klínískra upplýsinga var aflað úr sjúkaskrá.

Niðurstöður: Alls greindust 302 konur með krabbamein í eggjastokkum, eggjaleiðurum eða lífhimnu á árunum 2005-2014. Miðgildi aldurs við greiningu var 63 ár. Stærstur hluti sjúklinga var með illkynja þekjufrumukrabbamein eða 222 sjúklingar (74%), 71 sjúklingur (23%) greindist með borderline þekjufrumuæxli og 9 (3%) með krabbamein af annarri vefjagerð. Flestir sjúklingar greindust á stigi III (47%) og næstflestir á stigi I (41%). Alls voru 46% sjúklinga með meltingarfæraeinkenni við greiningu, 35% með þaninn kvið og 65% með verk eða óþægindi í kvið. Alls gengust 92% kvennanna undir skurðaðgerð og 64% fengu lyfjameðferð. Af þeim 205 konum sem komust í sjúkdómsdvala fengu 117 endurkomu á rannsóknartímabilinu. Miðendurkomutími var 11 mánuðir. Fimm ára lifun alls sjúklingahópsins var 52% (95% ÖB: 46-59). Stig og vefjagerð sjúkdóms, aldur sjúklings og magn æxlisvaxtar í lok aðgerðar höfðu sjálfstæð marktæk áhrif á lifun.

Ályktun: Birtingarmynd sjúkdómsins á Íslandi er sambærileg því sem gerist erlendis. Mikilvægi þess að fjarlægja allan æxlisvöxt í aðgerð var undirstrikað.

E 2 Mataræði á unglingsárum og áhætta á brjóstakrabbameini síðar á ævinni

Álfheiður Haraldsdóttir^{1,2}, Jóhanna E. Torfadóttir^{2,3}, Unnur A. Valdimarsdóttir^{2,4,5}, Thor Aspelund^{2,6}, Laufey Tryggvadóttir^{7,8}, Tamara B. Harris⁹, Lenore J. Launer⁹, Lorelei A. Mucci^{4,10}, Edward L. Giovannucci^{4,10,11}, Hans-Olov Adami^{4,5}, Vilmundur Guðnason^{6,8}, Laufey Steingrimsdóttir^{1,3}

¹Matvæla- og næringarfræðideild, Háskóli Íslands, Reykjavík, ²Miðstöð í lýðheilsuvísindum, Læknadeild, Háskóli Íslands, Reykjavík, ³Rannsóknastofa í næringarfræði, Háskóli Íslands og Landspítali Háskólasjúkrahús, ⁴Department of Epidemiology, Harvard T.H. Chan School of Public Health, Boston, Massachusetts, ⁵Department of Medical Epidemiology and Biostatistics, Karolinska Institutet, ⁶Hjartavernd, ⁷Krabbameinsskrá Íslands, ⁸Læknadeild, Háskóli Íslands, ⁹Laboratory of Epidemiology and Population Sciences Program, National Institute on Aging, Bethesda, Maryland, ¹⁰Channing Division of Network Medicine, Department of Medicine, Brigham and Women's Hospital and Harvard Medical School, Boston, Massachusetts, ¹¹Department of Nutrition, Harvard T.H. Chan School of Public Health, Boston, Massachusetts
allh1@hi.is

Inngangur: Fáar rannsóknir hafa skoðað tengsl mataræðis snemma á lífsleiðinni og brjóstakrabbameins síðar á ævinni. Markmið þessarar rannsóknar var að kanna hvort neysla mjólkur, kjöts og heilkornavara á unglingsárum hefði áhrif á áhættuna á að greinast með brjóstakrabbamein síðar á ævinni.

Efniviður og aðferðir: Rannsóknin byggir á gögnum frá Öldrunarrannsókn Hjartaverndar, sem fram fór á árunum 2002–2006. Á því tímabili svöruðu 2,858 konur (fæddar á árunum 1908–1935) spurningum um fæðuvenjur á unglingsárum. Upplýsingar um greiningu á brjóstakrabbameini (til loka árs 2014) fengust með samtengingu við Krabbameinsskrá Íslands. Lifunargreining var notuð til að reikna áhættuhlutfall (HR) með 95% öryggismörkum (95% CI) fyrir mataræði og greiningu á brjóstakrabbameini. Leiðrétt var fyrir mögulegum gruggunarþáttum.

Niðurstöður: Eftirfylgni þátttakenda var að meðaltali 8,8 ár og á því tímabili greindust 102 konur með brjóstakrabbamein. Þær konur sem neyttu rúgbrauðs daglega eða oftár á unglingsárum voru í meiri áhættu á að greinast með brjóstakrabbamein borið saman við þær sem neyttu rúgbrauðs sjaldnar en daglega (HR 1.63, 95% CI 1.04–2.56). Veik og tölfraðilega ómarktæk áhætta fannst fyrir mikla kjötneyslu (daglega eða oftár), borið saman við lægri neyslu (HR 2.01, 95% CI 0.80, 5.01). Dagleg neysla á mjólk benti hins vegar til mögulegrar verndar gegn brjóstakrabbameini (HR 0.68, 95% CI 0.43, 1.07), miðað við minni neyslu.

Ályktanir: Dagleg neysla á rúgbrauði á unglingsárum tengist áhættu á brjóstakrabbameini, sem hugsanlega má rekja til plöntuestrógena sem finna má í rúgi.

E 3 Jarðhitasvæði og krabbamein

Aðalbjörg Kristbjörnsdóttir, Vilhjálmur Rafnsson
Miðstöð í lýðheilsuvísindum, Háskóli Íslands
addab@simnet.is

Inngangur: Rannsóknir hafa sýnt að tíðni ýmissa krabbameina er hærri á jarðhitasvæðum en öðrum svæðum. Markmið þessa verkefnis er að gefa yfirlit um tengingu búsetu og tíðni krabbameina á jarðhitasvæðum á Íslandi.

Efniviður og aðferðir: Rannsóknirnar eru fjórar, þær eru birtar og allar lýðgrundaðar þar sem einstaklingum, á aldrinum 5–64 ára úr manntali, sem tekið var árið 1981, er fylgt eftir til loka árs 2013. Útsettur hópur og viðmiðunarhópar (volg og köld svæði) eru skilgreindir eftir sveitarfélagsnúmerum, aldri hitaveitna og aldri berggrunnis. Notuð er lifunargreining, áhættuhlutfall reiknað með 95% öryggismörkum og leiðrétt fyrir áhrifa-breytum.

Niðurstöður: Í rannsóknunum, með nærri 33 ára eftirfylgni og um 1000 krabbameins tilfellum á jarðhitasvæðum, fannst hærri krabbameinstíðni vegna allra krabbameina saman, krabbameina í brískirtli, brjóstum, blöðruhálskirtli, nýrum, eitil- og blóðmyndandi vefjum, eitilæxlum öðrum en Hodgkins-meinum og grunnþekjuæxlum í húð, í samanburði við íbúa volgra og kaldra svæða. Einnig var aukin áhætta að deyja vegna krabbameina í brjóstum, blöðruhálskirtli, nýrum og eitilæxlum öðrum en Hodgkins-meinum og vegna sjálfsvíga og influensu á jarðhitasvæðunum en á samanburðarsvæðunum. Krabbameinstíðnin var hærri eftir því sem búsetutíminn var lengri, jarðhitavirkni var meiri og hitaveiturnar voru eldri. Auk þessa var krabbameinstíðnin hærri þegar tekið var tillit til 5 ára hugsanlegs framleiðslutíma krabbameina.

Ályktun: Rannsakendur vita ekki hver orsök in er fyrir hárra tíðni krabbameina á jarðhitasvæðum. Frekari rannsóknir er þörf á efna- og eðlisfræðilegum þáttum jarðhitavats og umhverfisþátta á jarðhitasvæðum, til að

finna hvort um er að ræða þekkta og/eða óþekkta krabbameinsvalda sem skýrt gætu þessa háu krabbameinstíðni.

E 4 Æxli í miðtaugakerfi barna á Íslandi árin 1981-2014. Tegundir, ein-kenni, meðferð og lifun

Ásta Í. Jónasardóttir¹, Trausti Óskarsson², Ólafur G. Jónsson¹, Halldóra K. Þórarinsdóttir¹, Sólveig S. Hafsteinsdóttir¹, Ólafur Thorarensen¹, Ásgeir Haraldsson¹
¹Læknadeild, Háskóli Íslands, ²Astrid Lindgren barnsjúkhus - Karolinska sjúkhuset
asgeir@lsh.is

Inngangur: Æxli í miðtaugakerfi eru sá flokkur krabbameina sem veldur flestum dauðsföllum barna. Mikilvægt er að greina æxlin snemma en lifun er afar mismunandi eftir æxlistegundum og staðsetningu innan miðtaugakerfisins.

Tilgangur rannsóknarinnar var að varpa ljósi á ýmsa þætti er tengjast nýgengi og gerð miðtaugakerfisæxla barna og meta útkomu eftir meðferð.

Efniviður og aðferðir: Öll tilfelli miðtaugakerfisæxla barna <18 ára frá 1.1.1981 til 31.12.2014 voru skoðuð og upplýsingum um tegund, staðsetningu og stærð æxla, einkenni og teikn sjúklinga, endurmein og fæðingar- og dánardag sjúklinga var safnað úr sjúkraskrá. Við tölfraðiúrvinnslu var notað nákvæmt Fisher-próf, fervikagreining, Kaplan-Meier-aðferð með log-rank prófi og fjölþáttgreining.

Niðurstöður: Alls greindust 113 börn með æxli í miðtaugakerfi á tímabilinu. Aldursstaðlað nýgengi var 4,2/100.000. Algengustu æxlistegundir voru lággráðu stjarnfrumuæxli (35%), heilastofnstróðæxli, mænukímfrumuæxli, PNET, heila- og mænuþelsæxli, frjófrumuæxli, craniopharyngioma og sjóntróðsæxli. Hlutfall mænukímfrumuæxla var 5%. Æxli voru oftast staðsett neðantjalds (32%), ofantjalds eða miðlægt í heila, sjaldnar í heilastofni eða mænu. Einkenni aukins innankúpuþrýstings voru algeng við greiningu, en sjúkdómseinkenni tengd staðsetningu voru einnig algeng. Fimm ára heildarlifun var 83,5%. Vefjagerð og staðsetning æxlis reyndust sjálfstæðir forspárþættir fyrir heildarlifun, en stærð æxlis og tímalengd einkenna fyrir greiningu höfðu ekki marktæk áhrif á heildarlifun.

Ályktanir: Niðurstöður rannsóknarinnar eru í samræmi við rannsóknir frá öðrum Vesturlöndum. Nýgengi, lifun og hlutföll tegunda og staðsetninga virðast svipuð og á Norðurlöndum, en mænukímfrumuæxli eru þó minna hlutfall allra miðtaugakerfisæxla hér á landi en annars staðar. Sterkustu forspárþættir fyrir heildarlifun barna með miðtaugakerfisæxli virðast vera vefjagerð og staðsetning æxlis.

E 5 Nýgengi krabbalíkisæxla í lungum hefur aukist þrefalt á síðustu áratugum

Ástríður Pétursdóttir¹, Björn Már Friðriksson¹, Jóhanna M. Sigurðardóttir², Helgi J. Ísaksson³, Steinn Jónsson⁴, Tómas Guðbjartsson⁵

¹Læknadeild, Háskóli Íslands, ²Skurðeild, Västerås-sjúkrahús, ³Rannsóknarstofa í meinafraði, Landspítali, ⁴Lungnadeild, Landspítali, ⁵Hjarta og lungnaskurðeild, Landspítali
astridurp@gmail.com

Inngangur: Krabbalíkisæxli (*carcinoids*) í lungum eru sjaldgæf tegund æxla sem oftast eru bundin við lungu en geta meinvarpast. Markmið þessarar rannsóknar var að kanna nýgengi og árangur meðferðar þessara æxla í vel skilgreindu þýði á 60 ára tímabili.

Efniviður og aðferðir: Afturskyggn rannsókn á öllum krabbalíkisæxlum í lungum á Íslandi 1955-2015. Vefjasýni voru endurskoðuð og æxlin stíguð skv. 7. útgáfu TNM-stigakerfisins. Lífshorfur voru reiknaðar með aðferð Kaplan-Meier og var meðaleftirlýgd 15,3 ár.

Niðurstöður: 96 sjúklingar (meðalaldur 54 ár, bil:16-86) greindust á tímabilinu, þar af 65 konur. Árlegt aldursstaðlað nýgengi jókst úr 0,18/100.000 tímabilið 1955-1964 í 0,75 2005-2015. Þriðjungur sjúklinga greindist án einkenna síðari þrjá áratugin en 17% þá fyrri ($p<0,01$). Hinir höfðu flestir hósta eða brjóstverki og þrír krabbalíkisheilkenni. Meðalstærð æxlanna var 2,6cm (bil:0,4-7,0) og 74 (84%) sjúklingar höfðu dæmigerða (typical) vefjagerð en 14 (16%) ódæmigerða. Átta sjúklingar fóru ekki í aðgerð og voru fjórir með útbreiddan sjúkdóm (stig IV), þar af tveir með dæmigerða vefjagerð. Hinir 80 sjúklingarnir gengust undir skurðaðgerð, oftast blaðnám(81%), lést enginn þeirra innan 30 daga frá aðgerð. Af skurðsjúklingum greindust 52 (65%) á stigi IA, 15 (19%) á stigi IB, 9 (11%) á stigi IIA. Þrír (4%) höfðu meinvörp í miðmætiseitlum (stig IIIA), allir með dæmigerða vefjagerð. Við eftirlit höfðu 5 sjúklingar (6%) látist úr sjúkdómnum. Fimm ára lífshorfur alls hópsins voru 87% og 92% fyrir sjúklinga með dæmigerða vefjagerð.

Ályktanir: Nýgengi krabbalíkisæxla í lungum hefur aukist rúmlega þrefalt á Íslandi síðustu 6 áratugi, aðallega vegna aukningar í tilviljana-greiningum. Sjúklingar með dæmigerða vefjagerð geta greinst með útbreiddan sjúkdóm en langflestir hafa sjúkdóm bundinn við lungað og lífshorfur þeirra eru mjög góðar.

E 6 Forcing strategy change: Time limited visual foraging reveals rapid template switches

Tómas Kristjánsson¹, Árni Kristjánsson¹, Ian M. Thornton¹

¹Department of psychology, University of Iceland
tok1@hi.is

Introduction: During difficult foraging tasks, such as when targets differ from distractors by a conjunction of features, humans do not switch between target categories, while they switch freely in easier feature-based foraging tasks. This is in line with research on animal behavior, but the question remains whether this reflects that humans cannot switch between target categories, without sacrifices in speed or accuracy, or simply choose not to, due to added difficulty of switching between target categories.

Method: Participants performed time-limited (5, 10, 15s) or unlimited foraging on iPads where they tapped as many stimuli, from two target categories, as they could before the time ran out while avoiding items from two distractor categories.

Results: With time limits, participants were able to switch more frequently between target types during conjunction foraging than they do when there is a longer time limit or no time limit. Furthermore, switch-costs were smaller with shorter time limits, even with constant set-size.

Conclusions: This suggests that although people do not generally switch between target categories in conjunction foraging, they are able to do so when the task demands such switches. We discuss the implications of such rapid switching for recent theories of working memory and attention.

E 7 Intrusive images among outpatients with social anxiety disorder

Andri Björnsson

Psychology, University of Iceland
asb@hi.is

Introduction: Recurrent intrusive images exist across mental disorders. However, the specific content of intrusive images varies depending on disorder. In this study, we explored whether individuals with social anxiety disorder (SAD) react to intrusive images with compulsive behaviors.

Method: Participants were 35 outpatients (M age = 28.3; SD = 11.5; 54% female) at an anxiety treatment center in Iceland diagnosed with SAD (according to the Mini International Neuropsychiatric Interview; MINI) as a primary diagnosis. Total scores on the Liebowitz Social Anxiety Scale were 82.7 on average, SD = 20.7. Participants were interviewed with a semi-structured interview to assess imagery in SAD, which was adapted to focus specifically on reactions to intrusive images.

Results: Sixty percent of the participants reported experiencing recurrent, clinically significant intrusive images in the last 6 months. Most participants reported the image as a brief video (76%). 68% of participants reported that the image was based on a memory. 85.7% of patients who had experienced a recurrent intrusive image reported at least one compulsive strategy in response to the intrusive image.

Discussion: This initial study is a first step toward establishing that obsessions and compulsions may exist in SAD as a maintaining process. There appear to be greater similarities between SAD and obsessive-compulsive spectrum disorders such as obsessive-compulsive disorder and body dysmorphic disorder than previously believed. Future directions and treatment implications are discussed.

E 8 Beliefs and appraisals of intrusive images among outpatients diagnosed with social anxiety disorder

Jóhann Harðarson, Andri Björnsson, Karen Guðmundsdóttir, Arnrun Tryggvadóttir
University of Iceland
johannhardar@gmail.com

Introduction: Recurrent intrusive images occur across mental disorders, although their specific content varies depending on the disorder. However, research on how patients appraise these images has mostly been limited to studies on obsessive-compulsive disorder (OCD). One question concerns whether cognitive behavioral models of OCD are relevant for appraisal processes of intrusive images in other disorders.

Methods: In this study, it was examined whether patients with social anxiety disorder (SAD) endorse three types of beliefs in relation to intrusive images that have been hypothesized as being specific to OCD (e.g., responsibility). In addition, appraisals of intrusive images in SAD were explored with content analyses. Participants were 35 outpatients (M age = 28.3; SD = 11.5; 54.3% female) at an anxiety treatment center in Iceland diagnosed with SAD, as a primary diagnosis. Participants were interviewed with a semi-structured interview to assess imagery in SAD, which was adapted to focus specifically on appraisals of intrusive images.

Results: Sixty percent of participants reported clinically significant intrusive images with all of those patients appraising the image as having a negative meaning. Most SAD patients endorsed beliefs and appraisals of intrusive images that have been hypothesized to be specific to OCD. However, content analysis revealed that the most significant appraisals seemed specific to SAD, such as beliefs of having a flawed self, and believing others to be critical or cruel.

Conclusion: There appear to be greater similarities between appraisal processes in SAD and OCD than previously believed. Future directions and treatment implications are discussed.

E 9 Cognition, functional outcome, clinical symptoms and quality of life in early psychosis: An exploratory study

Ólína Viðarsdóttir^{1,2}, Brynja Magnúsdóttir^{2,3}, David Roberts⁴, Elizabeth Twamley⁵, Berglind Guðmundsdóttir^{1,2}, Engilbert Sigurðsson^{1,2}

¹The University of Iceland, ²Landspítali University Hospital, ³Reykjavík University, ⁴The University of Texas Health Science Center at San Antonio, ⁵University of California, San Diego and VA San Diego Healthcare System
vidarsdo@landspitali.is

Introduction: Social cognitive dysfunction has been demonstrated in early psychosis and been identified as a mediator between neurocognition and functional outcome. We investigated two mechanisms of social cognition, social cognitive function and social bias and their relationship to neurocognition, functional outcome, clinical symptoms and quality of life.

Methods and data: Neurocognition (working memory, verbal memory, logic reasoning, processing speed, and executive functioning), social cognition (social cognitive function and social bias), clinical symptoms, functional outcome and quality of life were assessed in 68 individuals with primary psychotic disorder seeking service at a first episode psychosis service in Iceland (mean age: 24; 83% males). Raw scores from cognitive tests were transformed into Z-scores. Correlations analysis was used to examine the relationship between social cognition and neurocognition, clinical symptoms, functional outcome and quality of life.

Results: Two measures of social bias correlated with positive symptoms (r = .48-.49, p < 0.01). Correlations were found between social cognitive function and negative symptoms (r = -.29 - -.33, p < 0.05), as well as with multiple neurocognitive domains. Quality of life correlated with one measure of social bias (r = -.33, p = 0.05), but with none of the neurocognitive measures. Stronger correlations were found between functional outcomes and social cognition than for neurocognition.

Conclusions: Findings indicate that the two underlying mechanisms of social cognition, social bias and social cognitive function are impaired in this population and have a significant association with functional outcome and quality of life. Further analysis using regression methods will provide better understanding on the associations between factors.

E 10 Neonatal outcomes in infants of women with past exposure to sexual violence

Agnes Gísladóttir¹, Sven Cnattingius², Miguel A. Luque-Fernandez³, Þórður Þorkelsson⁴, Arna Hauksdóttir¹, Berglind Guðmundsdóttir⁵, Ragnheiður I. Bjarnadóttir⁶, Thor Aspelund¹, Bernard L. Harlow⁷, Unnur A. Valdimarsdóttir¹

¹Center of Public Health Sciences, University of Iceland, ²Unit of Clinical Epidemiology, Karolinska Institutet, ³Department of Non-Communicable Diseases, London School of Hygiene and Tropical Medicine, ⁴Neonatal Intensive Care Unit, Landspítali - The National University Hospital of Iceland, ⁵Mental health services, Landspítali - The National University Hospital of Iceland, ⁶Department of Obstetrics and Gynecology, Landspítali - The National University Hospital of Iceland, ⁷School of Public Health, Boston University
agnesg@hi.is

Introduction: Sexual violence is common, but further studies are needed on the potential influence of such exposure on subsequent perinatal outcomes. We aimed to investigate potential associations between past exposure to sexual violence (in adolescence or adulthood), and risks of adverse neonatal outcomes in later pregnancies.

Methods: Information on women attending a Rape Trauma Service (RTS) were linked to the Icelandic Medical Birth Registry. The exposed group included neonates born on average 6 years after their mothers attended the RTS (n = 1067). The non-exposed group included randomly selected neonates of mothers who had not attended the RTS, matched on maternal age, parity, and season of delivery (n = 9105). Poisson regression was used to estimate relative risks (RR) with 95% confidence intervals (CI).

Results: Compared to the non-exposed group, neonates of exposed mothers were on average shorter (50.9 cm vs. 51.5 cm, $p<0.01$) and lighter (3573.6 g vs. 3675.6 g, $p<0.01$), and had an increased risk of being born preterm (RR 1.49 [95% CI 1.13, 1.97]). Adjusting for socio-economic status reduced the RR of preterm birth to 1.30 [95% CI 0.98, 1.74]. Neonates in the exposed group had an increased risk of being transferred to the neonatal intensive care unit (RR 1.35 [95% CI 1.05, 1.73]). The risks of adverse outcomes were overall larger among neonates of mothers who were exposed to sexual violence as teenagers.

Conclusions: Offspring of mothers previously exposed to sexual violence are at increased risks of preterm birth and some adverse neonatal outcomes.

E 11 Diet and children with ADHD - a pilot intervention study focusing on compliance and symptoms

Bryndis Eva Birgisdóttir¹, Bertrand Lauth^{2,3}, Ólöf G. Geirsdóttir¹, Ingibjörg Karlsdóttir³, Elínborg Hilmarsdóttir¹, Freydis Hilmarsdóttir, Sigurveig P. Sigurðardóttir¹, Þórhallur Halldórsson¹, Inga Þórsdóttir¹

¹Faculty of Food Science and Nutrition, ²Faculty of Medicine, University of Iceland, ³Unit for Nutrition Research at Faculty of Food Science and Nutrition, ⁴Child and Adolescents Psychiatric Department, ⁵Department of Immunology, Landspítali University hospital of Iceland
beb@hi.is

Background and Aim: The potential effect of food on Attention deficit hyperactivity disorder (ADHD) symptoms has long been debated. The aim was to investigate compliance to two diets of interest, the healthy diet and the temporary few foods diet (few allergens), and evaluate their effects on ADHD symptoms.

Methods: Participants were children who had been diagnosed with ADHD at the two main psychiatric centers for children in Reykjavik, with 29 children randomized into three groups: healthy diet ($n=10$), few foods diet ($n=10$) and a control group ($n=9$). A three-day food diary and questionnaires gave background information and symptoms. Compliance checklists were designed for all five weeks. Full participation rate was 68%.

Results: Baseline diet was not in line with dietary recommendations. Compliance to the diets was generally good (70-80%), although most children found it hard to follow the few foods diet and some dropped out. Using ADHD rating scale (ARS) the parents' total score decreased similarly on both diets (35-27), or by 25% ($p<0.05$). Teachers found no change on ARS nor on *Achenbach's Teacher Rating Form* after the healthy diet, but significant improvement of symptoms were observed after the few foods diet ($p=.027$). No change in the control group.

Conclusion: With good support, compliance was generally good. Parents reported a decrease in symptoms on both diets, while teachers only reported improvements on the few foods diet. Diet of children with ADHD can be improved and nutritional status and food sensitivity should be examined at diagnosis. However, further studies are needed.

E 12 Feeding practices and IgE sensitivity at age 6 years- results from a longitudinal nutrition cohort

Birna Þórsdóttir¹, Ingibjörg Gunnarsdóttir¹, Anna G. Viðarsdóttir², Sigurveig P. Sigurðardóttir^{2,3,4}, Bryndis E. Birgisdóttir¹, Inga Þórsdóttir⁵

¹Faculty of Food Science and Nutrition, University of Iceland, ²Department of Immunology, Landspítali University Hospital, ³Faculty of Medicine, University of Iceland, ⁴The Allergy Outpatient Department, Landspítali University Hospital, ⁵School of Health Sciences, University of Iceland
bth50@hi.is

Introduction: Dietary factors may be important for food sensitization in early life. Our aim was to study diet in infancy and at 6 years in children IgE-sensitized to common food allergens and compare to their non-sensitized peers, using data from our national nutrition cohort born 2005.

Methods: Dietary data on the first 4 months of life was obtained using food history. At ages 9 and 12 months and 6 years, 3-day weighed food records were kept. At 6 years blood samples ($n=144$) were analyzed for serum IgE to six foods. Children with IgE ≥ 0.35 kUA/L were considered IgE-sensitized.

Results: Fourteen children (10%) were IgE-sensitized at 6 years. Their background characteristics did not differ from their non-sensitized peers, nor did the duration of exclusive or any breastfeeding. Compared to non-sensitized children, IgE-sensitized children were more likely to have received solid foods prior to age 4 months (57% vs. 23%, $p=0.006$), consumed less Icelandic fresh milk follow-on formula at 12 months (presented as median (25th; 75th percentile): 0 ml (0; 157) vs. 137 ml (0; 293), $p=0.043$) and more regular cow's milk 74 ml (23; 390) vs. 12 ml (0; 63), $p=0.002$). At 6 years IgE-sensitized children were less likely to use vitamin D supplements (23% vs. 56%, $p=0.026$).

Conclusion: Our results are in line with current recommendations of delaying introduction of solids beyond the first 4 months of life and using Icelandic fresh milk follow-on formula until at least age 1 year. Our findings on vitamin D supplement merit further research.

E 13 Quest for clean and healthy air: children's summer stays on farms in 20th century Iceland

Jónína Einarsdóttir, Geir Gunnlaugsson

Faculty of Social and Human Sciences, University of Iceland
je@hi.is

Introduction: Throughout most of the 20th century it was a common practice in Iceland to send young urban children to stay on farms while out of school during the summer, and considered good for their health and wellbeing. The aim of the study is to estimate the prevalence of and the experience from such stays among Icelandic adults.

Materials and methods: A stratified random sample of 2.000 adults was taken from Registers Iceland, and interviewed through telephone in December 2015.

Results: Mean age of 1295 (65%) respondents is 53.7 years (median 55, range 18-98); 950 (73%) are positive towards the custom, older respondents more favorable compared to younger ones ($p=0.0001$). Out of 529 (41%) who had the experience, 297 were boys (56%) and 232 girls (44%). Most of them said the custom was good (36%) or very good (46%). Mean number of summer stays was 4.6 (median 4, range 1-12), and mean age at first stay was 8.7 (median 9, range 0-17). In the first summer stay, the children stayed with family members (52%), family friends (21%) or others outside the family (27%). About 1/3 had worked a lot (14%) or rather much (22%); 252 (48%) had driven a tractor.

Conclusions: Despite children were sent young to stay yearly away from home during summer, and often with non-kin, Icelanders tend to look favourably on the 20th century custom to send young children to stay on farms during the summer. This applies in particular to those who experienced the custom themselves.

E 14 Prevalence and diversity of emotional abuse in childhood in Iceland

Jónína Einarssdóttir, Geir Gunnlaugsson

Faculty of Social and Human Sciences, University of Iceland
je@hi.is

Introduction: Parenting styles that include abuse can harm the development of the child's brain with short- and long-term impact on his/her health and behavior. The aim of the study is to examine prevalence and diversity of emotional abuse of children in Iceland, and evaluate how such experience influences felt quality of upbringing as an adult.

Materials and methods: A random sample of 1500 Icelandic citizens (18 years and older) was drawn from Registers Iceland. Telephone interviews were conducted in October and November 2010 by the Social Research Institute of University of Iceland. Participants were invited to express their perception of their upbringing, and answer questions regarding their experience of eight specific forms of emotional abuse in childhood.

Results: Of 966, 663 (69%) had experienced one or more of the eight forms of emotional abuse. Those younger than 30 years were 2.9 times more likely to have such experience compared to those who were older (95% CI 1.9 to 4.3), and males were more likely than females to report such experience (OR 1.5, 95% CI 1.2-2.0). The perception of upbringing to have been bad or acceptable compared to good was significantly related to the number of forms of emotional abuse applied ($p < 0.0001$) and the scope of its application ($p < 0.0001$).

Conclusions: More than 2/3 of Icelandic adults report emotional abuse as children, and both scope and diversity of forms impact negatively on felt quality of upbringing. Parenting styles can be changed, e.g. with education, social support, and legislation.

E 15 Ónæmisstjórnun ofnæmis í hrossum Cornell - Keldur sumarexems-rannsókn

Sigurbjörg Þorsteinsdóttir¹, Vilhjálmur Svansson¹, Sigríður Jónsdóttir¹, Lilja Þorsteinsdóttir¹, Sigríður Björnsdóttir², Bettina Wagner³

¹Veiru- og sameindadeild, Tilraunastöð HÍ í meinafræði að Keldum, ²Matvælastofnun, ³Dýrasjúkdómadeild, Cornell Háskóla
sibbath@hi.is

Inngangur: Sumarexem er ofnæmi í hestum, orsakað af ofnæmisvökum úr biti smámýs, (*Culicoides* spp.) sem lifir ekki á Íslandi. Tíðni sjúkdómsins er mun hærrí í útfluttum hestum en íslenskum hestum fæddum erlendis og því kjörð til að bera saman dýr af sama erfðauppruna, útsett fyrir ofnæmisvökum á mismunandi þroskaskeiðum. Rannsaka átti hvort sérvirk mótefni í broddmjólk mera sem bitnar hafa verið af smámýi veiti folöldum þeirra vörn gegn exemimu.

Efniviður og aðferðir: Bornir voru saman þrír árgangar af folöldum undan 15 hryssum og einum stóðhesti. Hryssurnar köstuðu á Íslandi 2011, voru fluttar til Cornell fylfullar ásamt stóðhestinum og köstuðu þar 2012 og 2013. Folöldin frá 2011 voru flutt út tveggja vetra. Hestunum er fylgt eftir með sýnatöku og reglulegri klínískri skoðun í a.m.k. þrjú ár frá útsetningu fyrir flugunni.

Niðurstöður: Átta af útfluttu hryssunum (53%) höfðu fengið sumarexem eftir annað sumarið. Fimm af folöldunum sem flutt voru út tveggja vetra sýndu mild einkenni annað sumarið en einungis eitt (7%) var með sumarexem á þriðja sumri. Folöldin sem fædd voru 2012 í Cornell sýndu engin einkenni fyrstu tvö sumrin en sex voru með mild einkenni þriðja sumarið og tvö af þessum aftur fjórða sumarið en einnig önnur fjögur. Niðurstöður

úr þriðja árgangnum eru í vinnslu.

Ályktanir: Niðurstöður benda til að hross sem útsett eru fyrir smámýi tveggja vetra séu í lítilli áhættu að fá sumarexem óháð útsetningu frá fæðingu. Mild einkenni sem sjást í eitt eða tvö sumur ætti ekki að greina sem sumarexem en gætu verið merki um ónæmisstjórnun.

E 16 Þróun aðferðar til að meðhöndla hross um munn gegn sumarexemi með byggi sem tjáir ofnæmisvaka

Sigríður Jónsdóttir¹, Fahad Raza², Sara B. Stefánsdóttir¹, Vilhjálmur Svansson¹, Eliane Marti³, Bettina Wagner², Einar Mäntylä⁴, Jón M. Björnsson⁴, Sigurbjörg Þorsteinsdóttir¹

¹Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, ²Dýrasjúkdómadeild Cornell háskóla, ³Dýrasjúkdómadeild Háskólans í Bern, ⁴ORF Líftækni
sij9@hi.is

Inngangur: Sumarexem er IgE miðlað húðofnæmi í hestum orsakað af biti smámýs sem lifir ekki á Íslandi. Tíðni sjúkdómsins er mjög há í útfluttum hestum. Ofnæmisvakarnir sem valda exeminu hafa verið einangraðir. Ójafnvægi milli Th1, Th2, og T-stýrifrúma er orsök exemsins og því ætti að vera hægt að þróa ónæmismedferð með örvun á Th1 og T-stýrifrúmunum. Markmið verkefnisins er að þróa aðferð til að meðhöndla hross um munn með byggi sem tjáir ofnæmisvaka.

Efni og aðferðir: Aðferðin var prófuð á hestum á Keldum og sumarexems-hestum í Cornell. Ofnæmisvakarnir Culn2 og Culn4 voru tjáðir í byggi. Sérhönnuð holmél voru notuð til að meðhöndla hesta á Keldum með möluðu Culn2 byggi (n=4) eða óbreyttu byggi (n=3). Sumarexemshestar í Cornell fengu Culn4 bygg (n=3) eða óbreytt bygg (n=3). Tekin voru blóð- og munnvatnssýni, mótefnasvar prófað í elisuprófi og lumminex, húðpróf og klínísk skoðun var gerð á hestunum í Cornell.

Niðurstöður: Meðhöndlun á heilbrigðum hestum örvaði Culn2 sértækt mótefnasvar, í blóði og munnvatni, aðallega IgG1 og IgG4/7. Hægt var að efla svarið átta mánuðum síðar. Mótefnin hindruðu að hluta bindingu IgE úr sumarexemshesti við Culn2. Meðhöndlun með Culn4 byggi í einungis þrjá mánuði sýndi minnkaða næmni sumarexemshesta í húðprófi gegn *Culicoides* extrakti og hliðrun á mótefnasvari frá IgE, IgG3, IgG5 í IgG1 og IgG4/7. Ekki var munur á hópunum í klínískri skoðun.

Ályktanir: Aðferðin virðist vænlegur kostur til að meðhöndla hesta með sumarexem en framkvæma þarf rannsóknir á fleiri sumarexemshestum, með fleiri ofnæmisvökum í lengri tíma svo hægt sé að fullyrða um árangur.

E 17 Þróun baculoveiruferja til bólusetninga gegn sumarexemi í hestum. Tilraunabólusetningar í folöldum

Lilja Þorsteinsdóttir, Sigurbjörg Þorsteinsdóttir, Vilhjálmur Svansson

Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum
liljatho@hi.is

Inngangur: Sumarexem er húðofnæmi í hestum sem orsakast af biti smámýs sem lifir ekki á Íslandi. Tíðni sjúkdómsins er há í útfluttum hestum. Baculoveirur eru skordýraveirur sem er notaðar til að tjá endur-röðuð prótein en einnig sem genaferjur. Markmið verkefnisins er að hanna baculoveiruferjur fyrir bólusetningu gegn sumarexemi.

Efniviður og aðferðir: Framleiddar voru fjórar veiruferjur, þrjár fyrir bólusetningatilaunir og ein fyrir *in vitro* tilaunir. Veiruferjan, rBac-gB-CMV.Culn2 notar glýkóprótein B (gB) úr equine herpesveiru 2 (EHV-2) undir stjórn polyhederin stýrils og CMV tjáningarkasettu með Culn2 ofnæmisvakageni. Hinar bólusetningaveiruferjurnar höfðu annaðhvort gB eða Culn2 undir polyhederin stýrlinum og *in vitro* ferjan aðeins

Culn2 tjáningarkasettu. Sex folöld voru bólusett í eitil og sex undir húð/í vöðva, tvö með hverri veiruferju. Bólusett var fimm sinnum og svo elft með *E.coli* framleiddu Culn2 próteini í Alum/MPL.

Niðurstöður: Fyrir bólusetningatilraunina var prótein tjáning skoðuð *in vitro* og rBac-gB-CMV.Culn2 ferjan tjáði gB í skordýrafrumum og Culn2 í hestafrumum. Hinar bólusetningaveiruferjurnar tjáðu ýmist gB eða Culn2 í skordýrafrumum og *in vitro* veiruferjan tjáði Culn2 í hestafrumum. Engin eða mjög lág IgG1, IgG4/7 og IgE svörun var sjáanleg eftir bólusetningarnar. Öll folöld sýndu sterka svörun eftir prótein eflinguna. Enginn munur var milli veiruferja eftir eitlabólusetninguna. Eftir bólusetninguna undir húð/í vöðva sýndu folöldin sem fengu rBac-gB-CMV. Culn2 sterkara IgG1 og IgG4/7 en lægra IgE svar miðað við hinar veiruferjurnar.

Ályktanir: Ekki er hægt að meta hvort bólusetningarnar hafi framkallað ónæmissvar hjá folöldunum. Til að reyna að svara því verður prófað að próteineffilbólusetja eingöngu tvö folöld og tvo fullorðna hesta.

E 18 Ofnæmisvakar framleiddir í byggi notaðir í prófun á sértæku mótefnasvari

Sæmundur B. Kristínarson¹, Sara B. Stefánsdóttir¹, Sigríður Jónsdóttir¹, Vilhjálmur Svansson¹, Jón M. Björnsson², Arna Rúnarsdóttir², Eliane Marti³, Sigurbjörg Þorsteinsdóttir¹

¹Tilraunastöð HÍ í meinafræði að Keldum, ²ORF Lífæðni, ³Dýrasjúkdómadeild Háskólans í Bern
sbk13@hi.is

Inngangur: Sumarexem í hestum er IgE miðlað húðofnæmi gegn ofnæmisvökum upprunnum úr flugu af ættkvíslinni *Culicoides*. Ofnæmisvakarnir hafa verið framleiddir og ónæmismeðferð er í þróun. Ofnæmisvakar framleiddir í *E. coli* eru ekki nothæfir í sum nauðsynleg ónæmispróf. Vakarnir framleiddir í skordýrafrumum henta betur en eru dýrir í framleiðslu. Byggfræ henta vel til framleiðslu á prótínum vegna kjöraðstæðna til að geyma stöðug prótín og framleiðslukostnaður lágur. Tveir endurraðaðir ofnæmisvakar upprunir úr *Culicoides nubeculosus*, Culn3 og Culn4, hreinsaðir úr byggi voru bornir saman við sömu prótín framleidd í *E. coli* og skordýrafrumum til að mæla sértækt mótefnasvar.

Efniviður og aðferðir: Mótefnasvörun var prófuð í ELISA. Heildar IgG og IgG undirflokkar voru mældir í sermi 12 hesta sem höfðu verið bólusettir með Culn3 og Culn4 framleiddum í *E. coli*. Einnig var mælt IgE í sermi 97 sumarexemshesta og 71 heilbrigðra hesta í Sviss.

Niðurstöður: Bólusettu hestarnir sýndu sértæka IgG svörun, aðallega IgG1, IgG4/7 og IgG3/5, gegn ofnæmisvökunum tveimur og var svörunin oftast mest á *E. coli* framleiddu vakana, sem bólusett var með, en svipuð milli skordýrafrumu og bygg framleiddu vakana. IgE svörun hestanna í Sviss var svipuð fyrir Culn4 úr öllum framleiðslukerfum. Fyrir Culn3 var svörun á *E. coli* og bygg sambærileg en bakgrunnur var hár hjá heilbrigðum hestum á skordýrafrumu framleidda vakann.

Ályktanir: Ofnæmisvakar framleiddir í byggi virðast vel nothæfir sem vakar í ELISA til þess að mæla sérvirka mótefnasvörun.

E 19 Forspárgildi hvíldarmælinga fyrir þol sjúklinga með langvinna lungnateppu eða langvinna hjartabilun

Marta Guðjónsdóttir¹, Egill Thoroddsen², Arna E. Karlsdóttir², Ásdís Kristjánsdóttir², Magnús R. Jónsson², Magdalena Ásgeirsdóttir², Karl Kristjánsson²

¹Department of Physiology, Faculty of Medicine, University of Iceland, ²Hjarta- og lungnasvið, Reykjalundur Rehabilitation Centre
marta.gud@hi.is

Inngangur: Sjúklingar með langvinna lungnateppu (LLT) eða langvinna hjartabilun (LHB) hafa skert þol og þjást af mæði og þreytu. Skert fráblástursgeta (FEV₁) hjá LLT og skert útstreymisbrot hjá LHB er talið skýra þetta að hluta en þó er fylgni þessara þátta við þol ekki sterk (Chest 2003;123:1416). Markmið rannsóknarinnar var að meta hvaða hvíldarmælingar gætu best spáð fyrir um þol þessara sjúklinga.

Aðferðir: 25 sjúklingar með LLT (FEV₁ < 50% af áætluðu) og 25 sjúklingar með LHB (útstreymisbrot ≤ 35%) tóku þátt í rannsókninni. Mæld var hæð, þyngd, fitufrír massi (FFM) og reiknaðir út líkamsþyngdarstuðull (BMI; kg/m²) og fitufrír massastuðull (FFMI; kg/m²). FEV₁, FVC, heildar-rúmmál lungna (TLC) og innöndunarrým (IC) var mælt. FEV₁ og FVC sem hlutfall af áætluðu gildi, FEV₁/FVC og IC/TLC hlutfall var reiknað. Einföld aðhvarfsgreining var gerð milli ofangreindra breyta við þol sem mælt var sem hámarkssúrefnisupptaka í þolprófi og reiknað sem hlutfall af áætluðu gildi.

Niðurstöður: Hjá LLT sjúklingunum hafði IC/TLC hlutfallið sterkasta fylgni við þol ($r^2=0,49$; $p<0,005$), FEV₁ af áætluðu gildi og FEV₁/FVC hlutfallið hafði miklu minni fylgni og ekki marktæka ($r^2=0,05$ og $0,12$). FFMI hafði marktæka fylgni ($r^2=0,255$; $p<0,05$) en BMI ekki ($r^2=0,05$). Enginn öndunarmælinganiðurstaða hafði marktæka fylgni við þol LHB sjúklinganna en það hafði hins vegar bæði BMI ($r^2=0,20$; $p<0,05$) og FFMI ($r^2=0,23$; $p<0,05$).

Ályktanir: Af þeim hvíldarmælingum sem gerðar voru í þessari rannsókn gefur ofurþan lungna metið með IC/TLC besta vísbendingu um þol sjúklinga með LLT en vöðvamassi metinn með FFMI besta vísbendingu um þol sjúklinga með LHB.

E 20 Æðapelsstarfsemi metin með EndoPAT tækni er ekki tengd niðurstöðu áhættureiknis Hjartaverndar

Ylfa Rún Sigurðardóttir¹, Bylgja Rún Stefánsdóttir², Thor Aspelund³, Guðmundur Þorgeirsson¹, Linda B. Kristinsdóttir¹, Vilmundur Guðnason², Karl Andersen¹

¹Háskóli Íslands, ²Hjartavernd
yrs2@hi.is

Inngangur: Meirihluti þeirra sem fá hjartaáfall tilheyrja hópi sem ekki reiknast í háahættu samkvæmt áhættureikni Hjartaverndar og leita þarf leiða til að bæta áhættumat og áhættulíkan. EndoPAT er tækni til mælinga á starfsgetu æðapels. Skoðuð voru tengsl milli æðapelsstarfsemi, mælt með EndoPAT, og niðurstaðna áhættureiknis Hjartaverndar í heilbrigðu þýði.

Efniviður og aðferðir: EndoPAT-mælingar voru framkvæmdar á 102 einstaklingum án fyrri sögu um hjarta- og æðasjúkdóma. EndoPAT-tæknin notast við þrýstingsnema á fingrum sem meta getu æðapels til að framkalla blóðflæðisaukingu í kjölfar blóðþurrðar. Áhættuþættir hjarta- og æðasjúkdóma voru metnir og færðir inn í áhættureikni.

Niðurstöður: Slakari æðapelsstarfsemi, á formi lægri blóðflæðisaukningarstuðuls (*reactive hyperemia index, RHI*), hafði ekki tölfraðilega marktæk tengsl við aukna áhættu. Sama mátti segja um hærri æðastífni (augmentation index, *AI*). Hærri grunnsvæfluvídd þrýstingsbylgju (*baseline pulse amplitude*) hafði hins vegar marktæk tengsl við hærri áhættu ($p = 0,02$). Meðal áhættuþátta var einungis hærri hjartsláttartíðni marktækt tengd lægra RHI-gildi ($r = -0,24$, $R^2 = 0,06$, $p = 0,01$). AI og grunnsvæfluvídd þrýstingsbylgju höfðu marktæk tengsl við ýmsa áhættuþætti.

Ályktanir: Skert æðapelsstarfsemi og hærri reiknuð áhætta á greiningu kransæðasjúkdóms næstu 10 árin, sem hvoru tveggja hefur forspárgildi um hjarta- og æðaföll, reyndust ekki hafa marktæk tengsl. Tengsl van-

starfsemi æðapels við áhættuþætti voru einnig takmörkuð. Niðurstaðan gæti stafað af því að nógildandi reiknuð áhætta og skert æðapelsstarfsemi byggja á ólíkum meinalífeðlisfræðilegum þáttum og EndoPAT-mælingar veiti því viðbótar upplýsingar. Frekari rannsókna er þörf svo komast megi að þýðingu og nothæfni EndoPAT-niðurstaðna.

E 21 Bráður nýrnaskaði eftir kransæðapræðingar á Íslandi

Daði Helgason¹, Þórir E. Long¹, Sólveig Helgadóttir², Runólfur Pálsson³, Tómas Guðbjartsson⁴, Gísli H. Sigurðsson², Ólafur S. Indriðason³, Ingibjörg J. Guðmundsdóttir², Martin I. Sigurðsson²

¹Læknadeild, Háskóli Íslands, ²Svæfinga- og gjörgæsludeild, Landspítali, ³Nýrnalækningaeining, Landspítali, ⁴Skurðlækningasvið, Landspítali, ⁵Hjartalækningaeining, Landspítali, ⁶Department of Anesthesiology, Duke University Hospital

dadihelga@gmail.com

Inngangur: Bráður nýrnaskaði (BNS) er þekktur fylgikvilli kransæðapræðinga og tengist skuggaefnisgjöf en fleiri áhættuþættir hafa áhrif. Við könnuðum tíðni og áhættuþætti BNS eftir kransæðapræðingar á Íslandi.

Efniviður og aðferðir: Þetta var afturskyggn rannsókn á öllum sjúklingum sem gengust undir kransæðapræðingu, með og án víkkunar á Landspítala 2008-2015. Gögn fengust úr Swedeheart/SCAAR-gagnagrunni, tölvukerfum Landspítala og upplýsingar um lyf úr lyfjagagnagrunni Embættis landlæknis. BNS var skilgreindur út frá breytingum í serum kreatíníni (SKr) samkvæmt KDIGO-skilmerkjum og áhættuþættir BNS metnir með fjölbreytugreiningu.

Niðurstöður: Framkvæmdar voru 13.983 kransæðapræðingar á 10.891 sjúklingum á tímabilinu. Grunnildi SKr fannst í 13.606 tilvikum er voru notuð við úrvinnslu. BNS greindist í 281 þeirra (2,1%); 218 (1,6%), 33 (0,2%) og 30 (0,2%) á KDIGO-stigum 1, 2 og 3. Tíðni BNS breyttist ekki marktækt á tímabilinu ($p=0,31$). Marktækir forspárþættir BNS reyndust m.a. vera hærri aldur (áhættuhlutfall (ÁH) 1,02 per ár, 95% öryggisbil (ÖB):1,00-1,04), Elixhauser-sjúkdómsþyngdarskali >0 (ÁH 1,56, 95%-ÖB:1,08-2,23), r-GSH <30 ml/mín./1,73 m² (ÁH 4,50, 95%-ÖB:2,37-8,26), blóðleysi (ÁH 2,10, 95%-ÖB:1,49-2,96), HBK $>10 \times 10^9/l$ (ÁH 2,26, 95%-ÖB:1,56-3,26), blóðsykur $>7,7$ mmól/l (ÁH 2,18, 95%-ÖB:1,49-3,19), blóðnatríum <135 mmól/l (ÁH 2,03, 95%-ÖB:1,24-3,24), trópónín-T hækkun fyrir præðingu (ÁH 3,92, 95%-ÖB:2,51-6,28), brátt hjartadrep með ST-hækkun (ÁH 1,77, 95%-ÖB:1,16-2,70), notkun ósæðardælu (ÁH 6,37, 95%-ÖB:3,42-11,71), skuggaefnismagn (ÁH 1,02 per 10 ml, 95%-ÖB:1,00-1,04) og dreifður kransæðasjúkdómur (ÁH 1,68, 95%-ÖB:1,19-2,40).

Ályktanir: Tíðni BNS eftir kransæðapræðingar var lág samanborið við erlendar rannsóknir og hélst svipuð á tímabilinu. Auk hefðbundinna áhættuþátta, s.s. sjúkdómsbyrðar, skertrar nýrnastarfsemi, magns skuggaefnis og blóðþurrðar í hjarta, voru einnig blóðnatríumlækkun, blóðleysi og aukinn fjöldi hvítra blóðkorna sjálfstæðir áhættuþættir fyrir BNS.

E 22 Langtímahorfur sjúklinga með bráða kransæðastíflu á Íslandi

Einar L. Snorrason¹, Thor Aspelund², Vilundur Guðnason², Karl Andersen²

¹Læknadeild, Háskóli Íslands, ²Heilbrigðisvísindasvið, Hjartavernd

els21@hi.is

Inngangur: Þrátt fyrir lækkað nýgengi blóðþurrðar hjartasjúkdóma hefur hlutfall hjartadreps án ST-hækkana (NSTEMI) aukist milli ára. Langtímalífur NSTEMI og STEMI sjúklinga hefur ekki verið rannsakað á Íslandi. Markmið þessarrar rannsóknar er að bera saman 5 ára lífun einstaklinga greinda með STEMI eða NSTEMI og kanna áhrif áhættuþátta á lífun.

Efniviður og aðferðir: Árið 2006 greindust 447 einstaklingar með bráða kransæðastíflu, þar af 280 með NSTEMI (I21.4) og 167 með STEMI (I21, I21.9(410)). Upplýsingar um áhættuþætti hjarta- og æðasjúkdóma og greiningar voru fengnar úr Sögukerfi Landspítalans. Endapunktur rannsóknarinnar var andlát af hvaða orsök sem er. Samsettur endapunktur var endurinnlögn vegna hjartadreps, hvikullar hjartaangar eða hjartabilunar. Í fjölþáttagreiningu var leiðrétt fyrir aldri, kyn, reykingarsögu, sykursýki, háþrýsting, fjölskyldusögu og blóðfituröskun.

Niðurstöður: Nýgengi NSTEMI árið 2006 var 91,3 á hverja 100.000 íbúa. Nýgengi STEMI árið 2006 var 55,9 á hverja 100.000 íbúa. Meðalaldur NSTEMI var 69,9 ára meðal karla og 78,3 ára hjá konum ($p<0,01$). Meðalaldur STEMI var 63,1 ára hjá körlum og 70,4 ára hjá konum ($p<0,01$). Að 5 árum liðnum voru 51,4% NSTEMI-sjúklinga á lífi og 76,6% STEMI sjúklinga á lífi (logrank: $p<0,01$). Aukning um hvert aldursár jók dánartíðni á tímabilinu um 10% fyrir NSTEMI (leiðrétt HR=1,10, $p<0,01$) og 12% fyrir STEMI (leiðrétt HR=1,12, $p<0,01$).

Ályktanir: Nýgengi NSTEMI var hærri en STEMI á Íslandi árið 2006. Konur höfðu verri langtímahorfur en karlar sem skýrist af hærri meðalaldri kvenna. Langtímalífur eftir bráða kransæðastíflu skýrist mest af aldri, eldri sjúklingum vegnar verst. Langtímalífur NSTEMI-sjúklinga var verri en lífun STEMI-sjúklinga, þrátt fyrir aldursleiðréttingu.

E 23 Brjóstverkir sem ekki eru vegna kransæðasjúkdóma:

Athugun á algengi, líðan, umfangi og kostnað við greiningu

Erla Svansdóttir¹, Hróbjartur Karlsson², Björg Sigurðardóttir³, Karl Andersen³, Elísabet Benedíkt⁴

¹Gæða- og sýkingarvarnadeild, Landspítali, ²Hjartalækningafræði, Dunedin Hospital, ³Hjartagátt, Landspítali, ⁴Gæða- og sýkingavarnadeild, Landspítali

erlasvan@lsh.is

Inngangur: Fjöldi fólks leitar árlega í bráðapjónustu vegna brjóstverkja, en hjá hluta þeirra finnst ekki kransæðatengd orsök fyrir verknum. Orsakir slíkra óskilgreindra brjóstverkja geta falist í stoðkerfisvanda, bakflæði, gollurhúsbólgu, eða sálfræðilegum þáttum, eins og heilsukvíða, streitu og síþreytu. Þegar ekki finnst kransæðatengd orsök fyrir brjóstverk við skoðun í bráðapjónustu eru einstaklingar oft sendir heim aftur án frekara inngríps eða meðferðar. Lítið er vitað um fjölda sjúklinga með óskilgreinda brjóstverki á Íslandi, né umfang greiningarvinnu vegna þeirra.

Efniviður og aðferðir: Þátttakendur eru sjúklingar á aldrinum 18-65 ára sem leita á Hjartagátt vegna brjóstverkja eða óþæginda fyrir brjosti. Mælingar samanstanda af: a) sjálfsmati á andlegri líðan, streitu, og líkamlegum einkennum; b) sjúkragögnum um meðferð; c) upplýsingum um notkun á lyfja- og lækningapjónustu; og d) áætlaðan meðferðarkostnað.

Niðurstöður: Samkvæmt skráningu komu N=819 sjúklingar á aldrinu 18-65 ára á Hjartagátt vegna brjóstverkja á tímabilinu frá október 2015 til maí 2016, og fengu 58% þeirra (n=476) greiningu á óskilgreindum brjóstverk. Athuganir meðal fyrstu n=208 þátttakendanna í rannsókninni (meðalaldur 51,5 ár, 44% konur (n=91)) sýna að 59% (n=122) fengu greiningu á óskilgreindum brjóstverk. Alls voru 32% þeirra (n=39) sendir í áreynslupróf, 44% (n=54) sendir í röntgenmyndatöku á lungum, 8% hjartaómaðir (n=10) og 7% undirgengust hjartaþræðingu (n=8). Vísbendingar voru jafnframt um talsverða andlega og líkamlega vanlíðan meðal þessa sjúklingahóps.

Ályktanir: Óskilgreindir brjóstverkir eru algengir meðal hlutfallslega ungra sjúklinga á Hjartagátt, og virðast tengdir við beitingu fjölda greiningarúrreða. Kostnaður við greiningu og meðhöndlun þessa hóps

er mikill og árangur meðhöndlunnar oft lítill. Hugsanlega mætti þróa sértækt meðferðarinnngrip fyrir þennan sjúklingahóp.

E 24 Intrusive Images among Patients in a Partial Hospital Program

Andri Björnsson¹, Inga Wessman², María Þorgeirsdóttir³, Þröstur Björgvinsson⁴

¹Psychology, University of Iceland, ²University of Iceland, ³University Hospital of Iceland, ⁴McLean Hospital/Harvard Medical School

asb@hi.is

Introduction: Recurrent intrusive images are common in nonclinical and clinical samples. Although image characteristics are similar across psychopathology, the theoretical and research literature has mainly focused on intrusive images in obsessive-compulsive disorder (OCD). The present study aimed to assess prevalence and characteristics of intrusive images among patients in a partial hospital program, and, further, take initial steps in examining whether intrusive images result in negative appraisals and compulsive strategies.

Method: Participants were recruited from a partial hospital program located in the Northeast of the United States of America. Twenty-eight patients were included in the study and were administered the Imagery Interview, the Mini-International Neuropsychiatric Interview (MINI), and self-report questionnaires. The sample mostly consisted of non-Hispanic whites, and included almost equal percentages of females and males with a mean age of thirty-eight.

Results and discussion: Twenty out of twenty-eight patients reported having recurrent intrusive images in the past 6 months. All patients with images appraised the intrusive image as having a negative meaning about themselves, other people, and/or the world or future. Eight out of the twenty patients with an intrusive image reported performing at least one compulsive strategy, and these patients reported significantly more symptom severity and less wellbeing compared to patients without an intrusive image. Therefore, targeting intrusive images and reactions to them may enhance treatment outcomes for patients with different mental disorders.

E 25 Parental psychological distress and the explanatory role of life stress and psychosocial resources

Rúnar Vilhjálmsson¹, Inger K. Hallström², Guðrún Kristjánsdóttir¹

¹Faculty of Nursing, UI, ²Child, Family and Reproductive Health, University of Lund

runaro@hi.is

Introduction: Although public discourse typically describes childbirth and child rearing as an enjoyable experience for parents, studies of parents with dependent children tend to show that they experience more psychological distress than other adults. Past research indicates that psychological distress varies across parental groups, and that life-stress and psychosocial resources are important factors explaining parental distress. The study compares symptoms of depression and anxiety in six parental groups, i.e., fullnest parents, empty nest parents, parents of preschool children, parents of 6-12 year olds, parents of teenagers, and parents of adult children still living at home.

Methods: The study is based on a random sample of 591 parents of children under 18 who were among adult participants in a national health survey of Icelanders conducted in the Spring of 2015 (response rate nearly 60%). The questionnaire asked about sociodemographic background, symptoms of anxiety and depression (SCL-90), life stress (domestic, financial, and work-related), and psychosocial resources (self-esteem,

mastery, and social support). The data were analyzed using multivariate statistical methods.

Results: The study found substantial and statistically significant differences in anxiety and depression between the different parental groups. Group differences were largely explained by variations in domestic, work related and financial stressors, and psychosocial resources (self-esteem, mastery, and social support).

Conclusion: Efforts to reduce parental distress have considerable public health potential, not only for parents but also for the psychosocial adjustment of their children. Such efforts should include attempts to ease common parental stressors, and bolster parental psychosocial resources where such resources are lacking.

E 26 The VisDys project: Vision and dyslexia

Heiða M. Sigurðardóttir

Department of Psychology, Icelandic Vision Lab, University of Iceland
heidasi@hi.is

Introduction: 100 years ago, severe reading problems were described as "letter-blindness" or "word-blindness". These early researchers acknowledged that such reading problems were not due to low-level visual deficits but attributed them to what might now be called deficits in high-level vision. They apparently believed that the deficits were restricted to letters and words and would not generalize to other visual objects. However, letters and words are visual objects and all objects have to go through extensive processing within the visual system before they can be recognized. We now have extensive knowledge of the steps taken to reach this goal, and this knowledge has guided our recent work on dyslexia.

Methods: Several visual tests were administered to groups of matched dyslexic and typical readers, as well as a non-clinical sample of people with varying degrees of a history of reading problems.

Results: People with poor performance for matching faces tended to have a greater history of reading problems. Difficulties with face matching consistently predicted dyslexia over and above that of matching novel objects, matching noise patterns that shared low-level visual properties with faces, and classifying stimuli as a face. People with dyslexia were also impaired at implicitly learning which simple objects tended to co-occur. This effect was not accounted for by intelligence, ability to remember individual shapes, or spatial attention paid to the stimuli, but other attentional problems may play a mediating role.

Conclusion: It is time to seriously consider the possibility that developmental dyslexia involves problems with experience-dependent high-level vision.

E 27 The key to increasing student motivation and engagement?

Introducing a practical assessment tool for motivation

Ásta B. Schram

The School of Health Sciences, UI
astabryndis@hi.is

Introduction: Achievement and learning is strongly related to motivation (Schunk, Pintrich, & Meece, 2008). Thus, it is important to know how to keep students motivated. The MUSIC Model of Motivation (www.themusicmodel.com) was developed after a thorough study of motivation theories and research and is comprised of five components that are strongly related to motivation and engagement in the classroom. The acronym spells the first/second letter of each component in the model,

Empowerment, Usefulness, Success, Interest and Caring. The MUSIC Model of Academic Motivation Inventory (MMAMI) was originally developed in English to assist teachers and researchers in assessing their students' motivation and in developing a classroom context that increases engagement (Jones, 2012). The various, albeit similar versions, have been validated through exploratory and confirmatory factor analyses in several contexts from elementary to university level (EFA/CFA; Jones & Wilkins, 2013, 2015; Jones & Skaggs, 2016; Jones & Sigmon, 2016).

Methods: For the Icelandic version, back-translation was used followed by expert meetings to gain semantic equivalence. To obtain translation invariance, EFA was employed, using principal axis factoring with promax rotation, and subsequently CFA with a different sample, to test for model fit.

Results: Results replicated the findings obtained with the original version and confirmed the five-factor structure, providing validity evidence for the scores produced by the Icelandic version.

Conclusion: The practicality of the inventory will be highlighted using an example of recent research from the School of Health Sciences, University of Iceland. The inventories and directions can be obtained on the MUSIC website, www.themusicmodel.com

E 28 Effect of rehabilitation on health status, stress, anxiety and depression in women with fibromyalgia

Marta Guðjónsdóttir¹, Gunnhildur L. Marteinsdóttir², Nína K. Guðmundsdóttir², Hlin Bjarnadóttir², Björg Þorleifsdóttir³, Ingólfur Kristjánsson²

¹Department of Physiology, Faculty of Medicine, University of Iceland, ²Department of rheumatic diseases, Reykjalundur Rehabilitation Centre, ³Faculty of Medicine, University of Iceland

martagud@hi.is

Background: Fibromyalgia (FM) is a debilitating condition characterised by widespread chronic pain, fatigue, psychosocial stress and depleted exercise tolerance.

Objective of this study was to explore the effect of a 6 week rehabilitation programme (6WR) on health status and psychological wellbeing among FM female patients and compare it to a group of healthy female controls.

Methods: 33 women with FM entered the study but 8 were excluded due to sleep apnoea or periodic leg movements. 25 patients and 12 controls (age- and BMI-matched: 46.8±8.7 vs 50.0±8.4 years and 31.6±5.3 vs 29.1±4.2 kg/m² respectively) completed the Fibromyalgia Impact Questionnaire (FIQ) and the Depression Anxiety and Stress Scale Questionnaire (DASS). Their functional exercise capacity was measured by the Six Minute Walk Test (6MWT).

Results: Before rehabilitation the patients scored higher than controls in FIQ (59.1±12.3 vs 5.1±5.8), DASS depression (10.3±6.9 vs 1.0±1.2), DASS anxiety (8.0±6.3 vs 1.4±2.6) and DASS stress (12.2±5.9 vs 2.6±3.2) and they walked shorter distance in 6MWT (564±58 vs 659±45 m; 86±10 vs 103±6 % predicted). Patients improved in FIQ, DASS depression and 6MWT during 6WR and were close to it in DASS anxiety and stress (p=0.065) whereas controls remain unchanged.

Conclusion: Health status, functional exercise capacity and psychological wellbeing is impaired among FM patients compared to controls. However, it improves significantly during the rehabilitation in our study.

E 29 Ambulatory and hospital care for children in times of austerity after the 2008 economic collapse

Geir Gunnlaugsson

Faculty of Social and Human Sciences, University of Iceland
geirgunnlaugsson@hi.is

Introduction: The economic collapse in Iceland in October 2008 resulted in deep cuts in costs of healthcare services. Here the aim is to review and describe ambulatory and hospital care of children given by general practitioners (GPs) and paediatricians, and evaluate the impact of the economic collapse.

Materials and methods: Data was retrieved from national databases on ambulatory and hospital care. Nine ICD-10 diagnoses for children 0-14 years old, known to have socioeconomic gradient, were selected for scrutiny in addition to survival rates of children with acute leukemia.

Results: In the period 2005-2013, no markant change is seen on the number of consultations by GPs per child and year (median 1.63, range 1.43-1.82). The median number of consultations of pediatricians who charge user-fees increased from an average of 0.53 visits per child before the collapse to 0.63 following the crisis. In 2005-2013, the incidence of nine selected ICD-10 diagnosis did not change that could be related to the economic collapse. Survival rates for childhood acute leukemia shows sign of improvement in the period 1989-2013.

Conclusions: Austerity measures following the economic collapse in 2008 in Iceland did not negatively impact on diverse indicators for ambulatory and hospital care of children. High quality healthcare services continued to be delivered to children amidst crisis of historic proportion, through for example continued policy of universal access that was mostly free of charge.

E 30 Placental protein 13 (PP13)-induced vasodilation in pregnant and non-pregnant rat arteries

Tijana Drobnjak¹, Sveinbjörn Gizurarson², Natalia Gokina³, Berthold Hupertz⁴, Maurizio Mandala⁵, George Osol⁶

¹Faculty of Pharmaceutical Sciences, UI, ²University of Iceland, ³University of Vermont, ⁴Medical University of Graz, ⁵University of Calabria, ⁶University of Vermont

tid4@hi.is

Introduction: PP13 was recently shown to be a potent vasodilator of small arteries, although the underlying mechanism of action is still not known. In this study its target in resistance vessels from two regional circulations (uterine and splanchnic) was investigated and the contribution of nitric oxide and prostaglandin signaling pathways to its vasodilatory actions was evaluated.

Materials and methods: Uterine arcuate (UA) and mesenteric arteries (MA, 200-300 mm diameters) were dissected from non-pregnant and mid-pregnant (day 15/22; n=27) Sprague Dawley rats. All vessel were cannulated and pressurized to 50 mmHg within an arteriograph and then precontracted with phenylephrine or synthetic thromboxane analog U46619. Increasing PP13 concentrations (10⁻¹³ - 10⁻⁸ M) were applied, and lumen diameter changes recorded in the presence of pharmacologic inhibitors.

Results: PP13 was showed to be a potent vasodilator, having similar efficacy and sensitivity in mesenteric and uterine resistance arteries: half-maximal responses (EC50) were observed at concentrations <1 pM, and efficacies ranging from 38-50%. PP13-induced vasodilation of both uterine and mesenteric arteries is initiated by endothelial rather than vascular smooth muscle cells. The relaxation does not involve prostacyclin recept-

ors (IP), but is dependent on the activation of both prostaglandin and nitric oxide (NO) signaling pathways.

Conclusion: The potency and efficacy of PP13 in dilating resistance vessels from both the uterus and mesentery encourages evaluation of PP13 as a possible therapy for diseases characterized by insufficient uteroplacental blood flow such as preeclampsia and maternal hypertension.

E 31 Maternal protein intake and offspring blood pressure 20 years later

Laufey Hrólfsdóttir¹, Ekaterina Maslova², Dorte Rytter³, H. Bodil Bech³, Bryndís E. Birgisdóttir⁴, Ingibjörg Gunnarsdóttir⁴, Charlotta Granström², B. Tine Henriksen⁵, F. Sjurður Olsen², Þórhallur I. Halldórsson⁴

¹Unit for Nutrition Research, Faculty of Food Science and Nutrition, UI, ²Centre for Fetal Programming, Statens Serum Institute, ³Department of Public Health, Section for Epidemiology, Aarhus University, ⁴Faculty of Food Science and Nutrition, Háskóli Íslands, ⁵Department of Pediatrics, Aarhus University Hospital

lah10@hi.is

Background: Results from two cohort studies in Scotland established in the 1950s and 60s (Aberdeen and Motherwell) suggested that high protein diet during pregnancy may adversely influence offspring blood pressure. Our objective was to examine this association in the Aarhus Birth Cohort (1988-89).

Methods: The Aarhus Birth Cohort is a prospective cohort of 965 women who gave birth in 1988-89 and whose offspring (n=434) participated in a clinical examination ~20 years later. Macronutrient intake was assessed in gestational week 30 using food frequency questionnaires (FFQ) and a 15-minute face-to-face interview. Multivariable adjusted linear regression was used to examine the associations between dietary carbohydrate substitution with protein and offspring blood pressure. Main analyses were adjusted for offspring's sex, mother's age, pre-pregnancy BMI, parity, smoking status during pregnancy and educational level.

Results: The mean (SD) total energy intake was 8.7 (2.3) MJ/d. The mean carbohydrate, fat and protein intake was 51, 31, and 16% respectively. After adjustment, mean offspring diastolic blood pressure increased when substituting carbohydrates with protein (highest compared to the lowest quintile of protein: $\Delta=2.4$ mmHg; 95% CI: 0.4, 4.4; p for trend 0.03). Similar, though not significant differences were found for systolic blood pressure ($\Delta=2.6$ mmHg; 95% CI: -0.0, 5.3; p for trend 0.08). Additional adjustment for offspring BMI and alcohol consumption did not appreciably alter effect estimates.

Conclusions: In line with previous findings, increasing maternal dietary protein intake at the expense of carbohydrate was associated with modest increase in offspring blood pressure in young adulthood.

E 32 Health and Wellbeing of children in compulsory schools in Iceland before and after economic collapse in 2008

Geir Gunnlaugsson¹, Hrefna Pálsdóttir², Jón Sigfússon², Inga D. Sigfúsdóttir²

¹Faculty of Social and Human Sciences, University of Iceland, and International Society for Social Paediatrics and Child Health, ²Icelandic Centre for Social Research and Analysis, and Reykjavík University

geirgunnlaugsson@hi.is

Background and aims: Health and wellbeing of children may suffer during times of crisis. Here the aim is to describe and analyse health and wellbeing of Icelandic adolescents in the period before and after October 2008 when the national banking system collapsed.

Methods: Data from surveys conducted in the period 1997-2014 by the Icelandic Centre for Social Research and Analysis (ICSRA) in compulsory

schools. It includes questions on the children's general health and well-being, happiness, health behaviour, school, financial situation, parental support, and sport.

Results: In February 2009, a few months after the collapse, about 90% of school children aged 10-12 years reported that they felt rather well or very well during lessons, girls more so than boys. Adolescents reported either improved satisfaction with their life situation or no change after the collapse compared with the year 2000. In 2014, 14-15 years old adolescents report more time spent with parents and better parental support, more happiness, less use of tobacco and alcohol, and increased participation in sports compared to the period before the collapse.

Conclusions: Despite some gender differences, Icelandic children reported generally improved health and well-being after the crisis or no change in the period under study, and they report significant improvement in happiness. One contributing factor might be the felt better parental support after the crisis compared to before it. Parents should be made aware of the importance for them 'to be there' for the health and well-being of their children.

E 33 Kidney Disease in APRT Deficiency Presenting in Childhood

Hrafnhildur L. Runólfsson¹, Runólfur Pálsson², Inger M. Ágústsdóttir³, Ólafur S. Indriðason², Viðar Ö. Eðvarðsson³

¹Landsþítali University Hospital, ²Division of Nephrology, Landsþítali University Hospital, ³Children's Medical Center, Landsþítali University Hospital

hrafhr@landspitali.is

Introduction: Adenine phosphoribosyltransferase deficiency (APRTd) is an inherited disorder of purine metabolism that causes nephrolithiasis and chronic kidney disease (CKD). Scarce data are available on APRTd presenting in childhood.

Methods: Patients with APRTd in the RKSC Registry presenting with clinical manifestations of the disorder before age 18 years were included. Estimated glomerular filtration rate (eGFR) was calculated using the modified Schwartz (children <18 years) and CKD-EPI equations (adults). CKD was defined as eGFR <60 ml/min/1.73 m² and acute kidney injury (AKI) according to the KDIGO criteria.

Results: Nineteen children presented at a median age of 1.6 (range, 0.2-16.5) years, 11 (58%) of whom experienced reddish-brown diaper spots, 7 (37%) had kidney stones, 8 (42%) had lower urinary tract symptoms and 3 (16%) had AKI. Diagnosis was delayed in 6 patients (32%) for a median of 29.2 (20.1-39.2) years. Twelve patients were placed on allopurinol at 2.1 (0.6-16.5) years of age. During follow-up of 18.9 (1.7-31.5) years, 3 of these 12 patients developed 4 kidney stone events and AKI occurred in 4. Six patients did not initiate pharmacotherapy until age 29.8 (20.5-42.4) years. At last follow-up, 5 of these 6 patients had experienced 11 kidney stone events, 3 suffered 6 episodes of AKI, 2 had stage 3 CKD while 1 progressed to end-stage renal disease.

Conclusions: A substantial proportion of patients with APRTd present in childhood. Diagnostic delay frequently results in progressive kidney disease. APRTd must be excluded in children with kidney stones, renal dysfunction or reddish-brown diaper spots.

E 34 Ónæmisglæðirinn LT-K63 eykur virkjun og lifun B-frumna í músaungum með aukna BAFFR og BCMA tjáningu

Stefanía P. Bjarnarson, Auður A. Aradóttir Pind, Ingileif Jónsdóttir

Ónæmisfræðideild, Landspítali

stefbj@landspitali.is

Inngangur: Ónæmiskerfi ungvíðis er vanþroskað sem veldur auknu næmi fyrir sýkingum og lélegri svörun við bólusetningum. Mótefnasvör eru daufr og lækka hratt sem stafar af takmarkaðri virkjun og lífun B frumna. Markmið rannsóknarinnar var að kanna áhrif ónæmisglæðisins LT-K63 á lykilvernetta fyrir virkjun og lífun B frumna í nýburamús-um eftir bólusetningu með próteintengdu fjölskrubóluefni gegn pneumókókkum (PPS1-TT).

Aðferðir: Nýburamús voru bólusettar með PPS1-TT eingöngu eða ásamt LT-K63. Eftir 4, 8, 14 og 21 daga var tjáning BAFFR á B frumuhópum í milta metin í flæðifrumusjá; nýmynduðum (NF; B220⁺CD23⁺CD21⁺), marginal zone (MZ; B220⁺CD23^{low}CD21^{high}) og follicular (FO; B220⁺CD23^{high}CD21^{int}) B-frumum, og tjáning BCMA á mótefnaseytandi blöstum (B220⁺CD138⁺) og plasmafrumum (B220^{neg}CD138⁺).

Niðurstöður: Tjáning á virkjunar-/lífunarviðtakanum BAFFR á NF, FO og MZ B frumum var aukin á 8. degi eftir bólusetningu nýburamúsa sem fengu LT-K63 með bóluefninu miðað við mýs sem fengu einungis PPS1-TT. Tíðni mótefnaseytandi blasta og frumna var aukin og fleiri tjáðu lífunarviðtakann BCMA 4, 8 og 14 dögum eftir bólusetningu með PPS1-TT+LT-K63 miðað við PPS1-TT eingöngu.

Ályktun: Rannsóknin sýnir að ónæmisglæðirinn LT-K63 stuðlar að aukinni virkjun, sérhæfingu og lífun B frumna með því að auka tjáningu á BAFFR á B-frumum og BCMA á mótefnaseytandi B frumum.

E 35 Ónæmisglæðirinn LT-K63 eykur tíðni T hjálparfrumna kímstöðva með að draga úr virkni stýrifrúma í mýsaungum

Stefanía P. Bjarnarson, Auður A. Aradóttir Pind, Ingileif Jónsdóttir
Ónæmisfræðideild, Landspítali
stefbj@landspitali.is

Inngangur: Ónæmiskerfi ungvíðis er vanþroskað, mótefnasvör hæg og skammlíf. Kímstöðvar eru aðalvirkjunarstaðir B-frumna til sérhæfingar í plasmafrumum eða minnisfrumum, sem eru takmarkaðar í nýburum vegna vanþroska kímstöðvafrumna. CD4⁺ T hjálparfrumur kímstöðva (T_{FH}) stýra kímstöðvarhvarfi vegna mikilvægi þeirra í virkjun B frumna og CD4⁺ stýrifrúmur kímstöðva (T_{FR}) geta bælt virkni þeirra ásamt öðrum T (Treg) og B (B10) stýrifrúmunum. Markmið rannsóknarinnar var að kanna áhrif ónæmisglæðisins LT-K63 á lykilvernetta fyrir virkjun B frumna í nýburamús-um eftir bólusetningu með próteintengdu fjölskrubóluefni gegn pneumókókkum (PPS1-TT).

Aðferðir: Tíðni lykilvernetta var metin í milta 4, 8, 14 og 21 dögum eftir að nýburamús voru bólusettar með PPS1-TT eingöngu eða ásamt LT-K63, með litun fyrir einkennissameindum og greiningu í flæðifrumusjá: T_{FH} (CD4, CXCR5, PD-1, Bcl-6), T_{FR} (CD4, CXCR5, Foxp3, Bcl-6), T stýrifrúmur (Tregs: CD3, CD4, Foxp3, IL-10) og B stýrifrúmur (B10: B220, CD1d, CD5, IL-10).

Niðurstöður: Tíðni T_{FH} og hlutfall T_{FH}/T_{FR} frumna jókst martækt á 4., 8. og 14. degi eftir bólusetningu nýburamúsa sem fengu LT-K63 með bóluefninu miðað við mýs sem fengu einungis PPS1-TT. Aftur á móti var marktækt lægri tíðni stýrifrúmunum, Tregs á degi 4 og 8 og B10 á degi 4, í PPS1-TT+LT-K63 bólusettum nýburamús-um miðað við mýs sem fengu einungis bóluefnið.

Ályktun: Rannsóknin sýnir að ónæmisglæðirinn LT-K63 eykur T_{FH} sem eru mikilvægar fyrir virkjun B fruma en dregur úr tíðni stýrifrúma T_{FR} , Treg og B10 stýrifrúmunna sem helst í hendur við aukið ónæmissvar gagnvart bóluefninu.

E 36 PKD-nýrnasýki í íslensku ferskvatni - áhrif tíðarfars á uppkomu sjúkdóms í laxfiskum

Fjóla Rut Svavarsdóttir¹, Mark A. Freeman², Þórólfur Antonsson³, Friðþjófur Arnason³, Árni Kristmundsson¹

¹Tilraunastöð HÍ í meinafræðum - Keldur, Fiskadeild, ²Ross University School of Veterinary Medicine, Basseterre, ³Veidimálastofnun, ⁴Fiskadeild,
frs13@hi.is

Inngangur: PKD-nýrnasýki (Proliferative kidney disease) er alvarlegur sjúkdómur í laxfiskum. Honum veldur smásætt sníkjudýr, *Tetracapsuloides bryosalmonae* (T.b.), sem þarf laxfisk og mosadýr til að ljúka lífsferli sínum. Helstu rannsóknir tengjast laxfiskaeldi erlendis, þar sem sjúkdómurinn er skaðvaldur en minna er vitað um áhrif hans í náttúrunni. PKD-nýrnasýki greindist fyrst á Íslandi haustið 2008 en samkvæmt nýlegum rannsóknum var orsakavaldurinn til staðar hér á landi a.m.k. 14 árum áður. Uppkoma PKD-nýrnasýki er beintengd vatnshita sem þarf að ná a.m.k. 12-14°C í nokkrar vikur svo fiskur sýni sjúkdómseinkenni. Einkennalaus fiskur í kaldara umhverfi getur þó verið smitaður sníkjudýrinu.

Efniviður og aðferðir: Efniviðurinn (bleikja og urriði) kom úr Elliðavatni, Vífilstaðavatni og Úlfjótssvatni árin 2008-2016. Einkenna PKD-nýrnasýki var leitað og nýrnasýni skimuð eftir sníkjudýrinu með sameindalíffræðilegum (PCR) og vefjameinafræðilegum aðferðum (HE-litun, IHC og ISH). Samhliða var vatnshitagögnun safnað úr vötnunum.

Niðurstöður: Rannsóknirnar voru umfangsmestar sumarið 2015 sem var tiltölulega kalt og lítil einkenni sjúkdóms þrátt fyrir hátt hlutfall smits í Elliðavatni og Vífilstaðavatni. Í Úlfjótssvatni sáust engin einkenni PKD-nýrnasýki og fór hlutfall smitaðra fiska vaxandi eftir því sem leið á sumarið. Hlýrri ár (t.d. 2009-2012) bar mikið á svæsum einkennum í Elliðavatni og Vífilstaðavatni samhliða rýrum bleikjuaflla.

Ályktanir: Samband tíðarfars og uppkomu PKD-nýrnasýki er sterkt, samanber niðurstöður úr Elliðavatni og Vífilstaðavatni. Úlfjótssvatn er kalt og því ekki forsenda fyrir sýkingu og enginn sjúkur fiskur greindist þar. Hlutfall smits í vatninu óx er leið á sumarið sem gefur til kynna að mosadýrið seyti gróum sníkjudýrsins seinna en við má búast í grynri og hlýrri vötnum.

E 37 Veirur í hrognkelsum

Sigríður Guðmundsdóttir¹, Heiða Sigurðardóttir², Niccolo Vendramin³, Nils-Jørgen Olesen³, Árni Kristmundsson²

¹Tilraunastöð HÍ í meinafræði, Keldum, Rannsóknadeild físksjúkdóma, ²Rannsóknadeild físksjúkdóma, Tilraunastöð HÍ í meinafræði, Keldum, ³European Union Reference Laboratory, National Veterinary Institute, Technical University of Denmark
siggag@hi.is

Inngangur: Hrognkelsaeldi hófst íslensku 2014 vegna mikill eftirspurnar erlendis frá, en seiðin eru notuð til að éta lús af laxi í sjókvíaeli. Í reglubundnu eftirliti 2015 greindist fyrst áður óþekkt Ranaveira og síðan VHSV (viral haemorrhagic septicaemia virus) sem veldur tilkynningaskyldum sjúkdómi. Öllum hrognkelsum í eldisstöðinni var eytt og upplýsingar sendar OIE, sem sendi svo tilkynningu til aðildarlandanna.

Efni og aðferðir: Flot af frumum með veiruskemmdum voru skimuð með þekktum veiruvísam í PCR prófum, litanir gerðar með sértækum mótefnum og næmi mismunandi frumgerða metið. Þá voru sýni send til raðgreininga. Í samvinnu við EURL voru settar upp smittilaunir í Kaupmannahöfn til að skoða VHSV í laxi og regnbogasilungi. Sýkt var með sprautun í kviðarhol (i.p.) eða böðun í veirulausn. Til samanburðar voru sýkingar með þekktum arfgerðum, Ia og IVa. Sýkinga- tilraunir með Ranaveiruna standa yfir á Keldum.

Niðurstöður og ályktanir: Ranaveira er skyldust veirum sem rækt-

uðust í Danmörku úr villtum þorski og sandhverfu. Ranaveira hefur ekki einangrast áður svo norðarlega. VHSV finnst í fjölda fisktegunda, í fersku og söltu vatni. Veiran skiptist í fjórar arfgerðir sem greinast í smærri hópa. Hrognkelsaveiran er nýtt afbrigði af arfgerð IV og er skyldust veirum sem finnst í Japan og nálægum löndum, við vesturströnd Bandaríkjanna og í vötnunum miklu á mótum Bandaríkjanna og Kanada. Þessi arfgerð skiptist í minni hópa og vera má að hrognkelsaveiran muni skipa nýjan hóp. Sýkingatilraunir i.p. sýndu að nýja afbrigðið fjölgar sér auðveldlega í hrognkelsum og laxi en lítt í regnboga. Smit varð ekki í laxi með böðun.

E 38 Súrefnismettun sjónhimnuæða í vægri, vitrænni skerðingu

Ólöf B. Ólafsdóttir¹, Hrafnhildur S. Sævarsdóttir², Sveinn H. Harðarson³, Valgerður D. Traustadóttir⁴, Kristín H. Hannesdóttir⁵, Einar Stefánsson⁴, Jón Snædal⁵

¹Talmeinafræði, Háskóli Íslands, ²Háskóli Íslands, ³Lifeölisfræðistofnun, Háskóli Íslands, ⁴Landspítali Háskólasjúkrahús, ⁵Öldrunarsvið, Landspítali Háskólasjúkrahús
obo4@hi.is

Markmið: Sýnt hefur verið fram á að súrefnismettun sjónhimnuæða í meðalsvæsum (e. moderate) Alzheimer er hækkuð samanborið við heilbrigða einstaklinga. Væg, vitræn skerðing (e. mild, cognitive impairment, MCI) er oft fyrsta klíniska einkenni heilabilunar. Markmið rannsóknarinnar var að skoða súrefnismettun sjónhimnuæða í einstaklingum með MCI.

Efni og aðferðir: Súrefnismettun sjónhimnuæða var mæld með súrefnismettunarmæli, Oxymap T1 (Oxymap ehf.) í 42 einstaklingum með MCI ásamt 42 heilbrigðum einstaklingum. Hóparnir voru paraðir hvað varðar aldur og kyn og bornir saman.

Niðurstöður: Súrefnismettun í slagæðlingum og bláæðlingum mældist hærri í MCI samanborið við heilbrigða einstaklinga (slagæðlingar: $93.1 \pm 3.7\%$ vs. $91.1 \pm 3.4\%$, $p=0.003$; bláæðlingar: $59.6 \pm 6.1\%$ vs. $54.9 \pm 6.4\%$, $p=0.001$). Munur í súrefnismettun milli slag- og bláæðlinga var hærri í MCI samanborið við heilbrigða einstaklinga ($33.5 \pm 4.4\%$ vs. $36.2 \pm 5.2\%$, $p=0.02$).

Ályktun: Súrefnisupptaka virðist minni í MCI samanborið við heilbrigða einstaklinga og því möguleiki á að súrefnisnotkun í sjónhimnu sé minni hjá einstaklingum með vitræna skerðingu. Hugsanlega getur því verið að breytingar séu komnar fyrir fram í Alzheimer en áður hefur verið sýnt fram á.

E 39 Aukin sjálfvirkni og betri áreiðanleiki súrefnismælinga í sjónhimnu

Sveinn H. Harðarson¹, Róbert A. Karlsson², Ólöf B. Ólafsdóttir³, Þórunn S. Elíasdóttir⁴, Toke Bek³, Einar Stefánsson³

¹Lifeölisfræðistofnun, Læknadeild, Háskóli Íslands, ²Oxymap ehf., ³Augndeild, Landspítali, ⁴Hjúkrunarfræðideild, Háskóli Íslands
sveinnha@hi.is

Inngangur: Tilgangur rannsóknarinnar var að þróa og prófa nýja og sjálfvirkari útgáfu af hugbúnaði til súrefnismælinga í sjónhimnu. Hugbúnaðnum er ætlað að draga úr vinnu við súrefnismælingar og úr breytileika.

Efniviður og aðferðir: Myndir úr Oxymap T1 súrefnismæli voru notaðar en þær gera kleift að mæla súrefnismettun í sjónhimnuæðum. Myndir af heilbrigðum sjálfbóðaliðum ($n=21$) voru notaðar til að kanna næmi og áreiðanleika mælinga. Mælingar voru einnig gerðar á sjúklingum með sykursýki sem ýmist höfðu sjónhimnusjúkdóm ($n=24$) eða ekki ($n=16$). Sykursjúku einstaklingarnir voru bornir saman við 54 heilbrigða einstak-

linga. Til úrvinnslu var notaður sjálfvirkur og hálf-sjálfvirkur hugbúnaður. Sjálfvirki hugbúnaðurinn flokkar mynddeiningar (pixla) á myndinni sjálfvirk í slag- eða bláæðlinga og gefur sjálfur upp meðaltal fyrir hvert auga.

Niðurstöður: Staðalfrávik endurtekinna mælinga á slagæðlingum var 0,98 prósentustig þegar mælt var með hálf-sjálfvirka hugbúnaðnum en 0,66 prósentustig þegar sjálfvirka aðferðin var notuð. Samsvarandi gildi fyrir bláæðlinga voru 1,99 prósentustig (hálf-sjálfvirk) og 1,50 prósentustig (sjálfvirk). Með sjálfvirku aðferðinni greindist aukin súrefnismettun við innöndun hreins súrefnis í slagæðlingum ($5,1$ prósentustig, $p<0,0001$) og bláæðlingum ($17,4$ prósentustig, $p<0,0001$). Svipuð hækkun greindist með hálf-sjálfvirka hugbúnaðnum. Súrefnismettun í bláæðlingum, mæld sjálfvirk er talin upp hér á eftir (meðaltal±staðalfrávik): $68,5 \pm 5,6\%$ (sjónhimnusjúkdómur, $p<0,05$ miðað við heilbrigða), $63,3 \pm 6,0\%$ (sykursýki án sjónhimnusjúkdóms) og $64,9 \pm 4,7\%$ (heilbrigðir).

Ályktanir: Sjálfvirk greining á súrefnismettun skilar endurtakanlegum mælingum og er næm fyrir breytingum á súrefnismettun. Sjálfvirka aðferðin greinir hærri súrefnismettun í bláæðlingum í sjónhimnu í sjúklingum með sjónhimnusjúkdóm vegna sykursýki. Sjálfvirka greiningu er mun hraðvirkari en eldri aðferðir og krefst minna mats af hálfu notandans.

E 40 Hrygggrauf á Íslandi: Faraldsfræði, heilsa og líðan meðal fullorðinna

Marrit Meintema¹, Sólveig Á. Árnadóttir², Sólveig Sigurðardóttir¹, Þjóðbjörg Guðjónsdóttir²

¹Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, ²Námsbraut í sjúkrahjálfun, Háskóli Íslands
marrit@greining.is

Inngangur: Hrygggrauf er einn algengasti meðfæddi gallinn á miðtauga-kerfinu. Einkennin eru margbreytileg og fylgikvillar margir sem kallar á þverfaglega nálgun í heilbrigðiskerfinu. Vegna hamlana og fylgiraskana eru einstaklingar með hrygggrauf í aukinni hættu á að próa með sér lífsstílstengda sjúkdóma. Markmið rannsóknarinnar var að framkvæma lýsandi faraldsfræðilega athugun á hrygggrauf og að meta heilsu og líðan fullorðinna með hrygggrauf á Íslandi.

Efniviður og aðferðir: Algengi hrygggraufar á árunum 1972-2011 var skoðað. Einnig svöruðu 25 fullorðnir með hrygggrauf könnuninni „Rannsókn á heilsu og líðan Íslendinga árið 2012“. Niðurstöður úr spurningakönnuninni voru bornar saman við niðurstöður frá Íslendingum sem tóku þátt í sömu könnun á árinu 2012 ($n=2159$). Þátttakendur voru einnig með hröðunarmæli á sér í sjö daga svo hægt var að mæla hreyfivirkni þeirra. Mittismál og ummál mjaðma voru mæld til að meta áhættu á lífsstíllssjúkdómum.

Niðurstöður: Nýgengi hrygggraufar á Íslandi hefur lækkað marktækt á seinustu 40 árum. Flestir þátttakendur með hrygggrauf mátu líkamlega og andlega heilsu sína sem góða eða mjög góða og svipaða eða betri en árinu áður. Þeir drukku minna áfengi en samanburðarhópur en höfðu tilhneigingu til að borða óhollan mat. Rannsóknin sýndi einnig að fullorðnir með hrygggrauf eyddu miklum tíma í kyrrsetu og stunduðu ekki 30 mínútna hreyfingu af miðlungs ákefð á dag. Flestir voru með aukið mittismál.

Ályktanir: Helsta ástæðan fyrir fækkun á nýgengi hrygggraufar á Íslandi er fóstureyðingar. Sjúkraþjálfarar ættu að fræða einstaklinga með hrygggrauf um mikilvægi fjölbreytts mataræðis og stuðla að hreyfingu sem tekur mið af færni, áhuga og takmörkunum einstaklings.

E 41 Áhrif skerðingar á beygju í mjöðm á setstöðu hjá einstaklingum með heilalömun

Atli Ágústsson

Rannsóknarstofa í Hreyfivísindum, Læknadeild, Háskóli Íslands

atli@hi.is

Inngangur: Tilgangur rannsóknarinnar er að kanna tíðni og áhrif ósamhverfrar skerðingar á beygju í mjaðmarlið hjá einstaklingum með heilalömun (cerebral palsy; CP). Klínísk reynsla bendir til þess að ósamhverfri skerðingu á mjaðmabeygju fylgi slæm setstaða í hjólastól en aðeins er vitað af einni forrannsókn á áhrifum slíkrar skerðingar, kynntri árið 1997.

Efniviður og aðferðir: Þverskurðarrannsókn þessi er byggð á gögnum frá National Health Care Program and Quality Registry fyrir einstaklinga með CP í Svíþjóð (www.cpunet.se). Gögnin koma úr skýrslum allra fullorðinna einstaklinga með CP í tveimur syðstu héruðunum Svíþjóðar. Alls voru metnir 714 fullorðnir einstaklingar, miðgildi 23 ár á matsdegi (spönnin 16 til 73 ára), 357 karlar og 357 konur. Gögn sem voru fenging úr grunninum voru: liðferlar í mjöðmum, flokkun á grófhreyfifærni, aldur, kyn, samhverfa bols, samhverfa mjaðmagrindar og hryggsskekkja. Kíkvaðratpróf og lógistísk aðhvarfsgreining eru notuð til að meta tengsl milli breyta. Marktektarmörk eru $p < 0,05$.

Niðurstöður: Um 9% einstaklinga með CP í þýðinu eru með ósamhverfa skerðingu á mjaðmabeygju ($<90^\circ$). Líkindahlutfall þess að einstaklingar sem eru með ósamhverfa skerðing á mjaðmabeygju séu einnig með skakka mjaðmagrind í sitjandi stöðu, eru 2,6 (OR; 95% CI: 1,6–2,1; $p=0,005$) þegar búið er að leiðrétta fyrir gróffærniflokkunar einstaklinganna. Sömu leiðis er líkindahlutfall þess að vera með ósamhverfa skerðingu á mjaðmabeygju og vera með ósamhverfan bol í sitjandi stöðu 2,1 (OR; 95% CI: 1,1–4,2; $p=0,031$).

Ályktanir: Ósamhverfri skerðingu á mjaðmabeygju hjá einstaklingum með heilalömun fylgir slæm setstaða í hjólastól. Huga þarf sérstaklega að hreyfigetu í mjaðmarliðum hjá þessum einstaklingum.

E 42 Raförvun í gegnum mænurætur til að draga úr sísþennu í neðri útlímum**Guðbjörg Ludvígsdóttir**

Endurhæfingardeild LSH Grensá, Læknadeild, HÍ, HR og LSH

gudbj@lsh.is

Inngangur: Sísþenna er algengur fylgikvilli eftir áverka á mænu og getur minnkað hreyfigetu og skert lífsgæði. Markmið þessarar rannsóknar var að meta áhrif raförvunar í gegnum mænurætur með yfirborðs-rafskautum á sísþennu.

Aðferðir: Rannsóknin var tvíþætt. Í fyrri hlutanum voru áhrifin af 30 mínútna meðferð metin hjá 8 þáttakendum. Síðan fékk einn þáttakandinn meðferðina daglega í 4 vikur og áhrifin metin reglulega á því tímabili. Raförvað er með 5 cm rafskauti sem fest er á bakið á milli brjósthryggjarliði 11 og 12. Tvö stærri rafskaut voru fest neðarlega á framanverðum kviðvegg. Rafstraumstyrkurinn var hafður aðeins lægri en svo að vöðvasamdráttur kæmi fram í neðri útlímum. Mat á áhrifum meðferðarinnar var gerð með ralífæðisfræðilegum og klínískum mælingum ásamt því að þáttakendur svöruðu spurningarlistum og athugasemdir þeirra voru skráðar. Mælingarnar voru gerðar fyrir, strax eftir og 2 klst eftir meðferðina. Sísþennan var metin með Ashworth skala, +/-ösklatitringi, viðbrögð við áreiti (Babinski), hreyfigeta, 10 metra göngupróf, Wartenberg sveifluþróf sem ákvarðar tölulega stærðargráðu sísþennunnar. Virkni vöðva var mælt með yfirborðsvöðvariti (EMG) og hreyfiferlar með liðhornamælum.

Niðurstöður: Niðurstöður rannsóknarinnar styðja þá kenningu að raförvun getur dregið verulega úr sísþennu hjá einstaklingum með mænuskaða. Hjá þeim sem svöruðu meðferðinni minnkaði sísþennan í meir en 2 klst. Dagleg meðferð lengdi áhrifin upp í 8 klst.

Ályktanir: Yfirborðsraförvun í gegnum mænurætur lofar góðu í meðferð sísþennu og getur bætt hreyfifærni og lífsgæði einstaklinga með mænuskaða. Áhrifin þarf að skoða betur og finna hvaða hópi meðferðin gagnast best.

E 43 Violence exposure and service utilization in the Icelandic population**Edda B. Þórðardóttir¹**, Berglind Guðmundsdóttir²¹Centre of Public Health Sciences, Faculty of Medicine, University of Iceland, ²Faculty of Medicine, University of Iceland

eddat@hi.is

Introduction: Violence is a global public health problem that has severe mental and physical health consequences, as well as substantial impairment in occupational or social functioning. To date, no epidemiological study has assessed the prevalence of violence in the Icelandic population. The aim of this study was to assess the lifetime and 12-month prevalence of physical violence (e.g. hitting and domestic violence) and sexual violence (defined as completed rape, attempted rape or unwanted sexual touching) in the Icelandic population and to service utilization.

Methods: Participants were 10,162 residents of Iceland, 18-84 years old, residing in both the capital and rural areas. Self-reported questionnaires were sent out in 2012 assessing physical and sexual violence exposure, demographic characteristics of participants (e.g. sex, age, education level, income), current physical or mental health problems related to the violence and service utilization.

Results: Response rate was 67% (6,783/10,162). Preliminary results indicate that the lifetime prevalence of physical violence is 11% among both genders. The lifetime prevalence of sexual violence was overall 11%, and more prevalent among women (19%) than men (3%). Currently, data analysis is underway and will be completed in December 2016.

Conclusion: The significance of this study includes providing health professionals and policy-makers with important information about the scope of violence against both men and women, which may be used to improve clinical and policy guidelines at both national and international levels. Results will be compared to Nordic and other international studies.

E 44 Structured nurse-led follow-up for patients after discharge from the intensive care unit: prospective quasi-experimental study**Rannveig J. Jónasdóttir¹**, Christina Jones², Gísli H. Sigurðsson³, Helga Jónsdóttir⁴¹Faculty of Nursing and Faculty of Medicine, UI, ²Faculty of Health & Life Sciences, University of Liverpool, ³Faculty of Medicine, UI, ⁴Faculty of Nursing, UI

rjj2@hi.is

Background: Critically ill patients requiring intensive care unit (ICU) stay frequently have incomplete recovery suggesting need for additional support. Patients have positive experiences of nurse-led follow-up after ICU but the effects of such services have not been sufficiently elucidated. The aim of this study is to describe a structured nurse-led follow-up of patients after ICU discharge and measure its effectiveness.

Methods: Prospective, quasi-experimental study of patients ($n=85$) receiving a structured nurse-led follow-up from ICU nurses comprising of surveillance with general ward visits, contact during first week after discharge from general ward to home, and an appointment three months

after discharge from ICU. The control group (n=83) received usual care. Outcomes were health status measured with SF-36v2, before ICU admission, and at three time points after ICU discharge, length of general ward stay and ICU readmission rate. A mixed effects model tested the effect of the intervention versus usual care on health status over time.

Results: There was no difference in health status between the groups. Females in the experimental group reported more bodily pain over time than females in the control group. The length of the general ward stay was shorter in the experimental group.

Conclusions: The structured nurse-led follow-up did not reveal an effect on the ICU patients studied. The heterogeneity of the groups, gender differences and variations in length of ward stay underscore the importance of studying a nurse-led follow-up of individualized care and recovery after ICU discharge.

E 45 The threat of Ebola in Iceland: Trust in healthcare services

Geir Gunnlaugsson, Jónína Einarsdóttir

Faculty of Social and Human Sciences, University of Iceland
geirgunnlaugsson@hi.is

Introduction: The Ebola epidemic in West Africa 2014-2016 had great impact globally. News abounded about the horrors of the epidemic, but also stories about expatriates transported to their countries of origin for care. As other countries, Iceland prepared to receive nationals infected with Ebola virus. The aim is to explore the views of Icelanders about Ebola and their trust in the healthcare services to deal with such health security threat.

Materials and methods: A randomly selected internet panel of the Social Science Research Institute, University of Iceland, was invited to answer a questionnaire in May-August 2016. Out of 1500 adults, 920 responded (61%).

Results: Ebola was considered a great global health threat by 550 (71%) respondents, significantly more so among residents outside the capital area; 86 (12%) were concerned or highly concerned that Ebola might cause an epidemic in Iceland. 504 (56%) respondents had trust in national health authorities to appropriately address such health security threat, more so among older and economically better off respondents; 147 (19%) expressed little or no trust. Similar results were found regarding trust in the primary healthcare services. On the other hand, 89% were in favour of a decision to be taken by the health authorities to quarantine a person, suspected to have Ebola, against his/her will.

Conclusions: While there are some differences in responses dependent on residence, education and age, high proportion of participants express lack of trust in Icelandic health authorities to deal adequately with a health security threat such as Ebola.

E 46 Clinical prediction model for the risk of having carotid atherosclerotic plaque. The REFINE-Reykjavik Study

Thor Aspelund, Emil Sigurðsson, Vilundur Guðnason
Medicine, University of Iceland

thor@hi.is

Introduction: The Refine Reykjavik study recruited and examined 6661 men and women of age 25 to 70, from the national rostrum between 2006 and 2011. Conventional cardiovascular risk factors were measured and everyone was subjected to ultrasound of the carotids. Previous studies have shown that plaques have a strong association with coronary ather-

osclerosis. One objective of this study was to create a prediction model for the presence of plaque based on conventional risk factors.

Methods: The variables used in the model for the carotid plaque risk were sex, age, systolic blood pressure, hypertension treatment, body mass index, family history of myocardial infarction, calculated LDL, physical activity, current or previous smoker. Logistic regression was used to estimate the association between the risk factors and plaque. Internal validation and discriminative ability was assessed using bootstrap resampling and split sampling.

Results: The model had high discrimination, as measured by the C-statistic, and was well calibrated. The C-statistic was 0.83 (0.80-0.84) in the original sample and 0.80 (0.77 to 0.84) in a 2/3 and 1/3 test split sample for validation. The model demonstrated good calibration, meaning that the observed and mean predicted risk of having plaque was similar within each decile of predicted risk.

Conclusion: A relatively simple risk model, based on risk factors easily attainable in general practice, can be used to discriminate between subjects with and without carotid plaque. This holds a promise that a risk model can be used as an aid in an earlier detection of subclinical cardiovascular disease.

E 47 Pre-diagnostic vitamin D levels in older individuals and cancer risk and progression

Jóhanna Torfadóttir^{1,2}, Unnur Valdimarsdóttir^{1,3}, Thor Aspelund^{1,4}, Laufey Tryggvadóttir^{5,9}, Tamara B. Harris⁶, Mary Frances Cotch⁷, Meir J. Stampfer^{3,8}, Lorelei A. Mucci^{3,8}, Edward L. Giovannucci^{3,8}, Vilundur Guðnason^{4,9}, Laufey Steingrimsdóttir²

¹Centre of Public Health Sciences, Faculty of Medicine, University of Iceland, ²Unit for Nutrition Research, Faculty for Food Science and Nutrition, University of Iceland, ³Departments of Nutrition and Epidemiology, Harvard T.H. Chan School of Public Health, Boston, ⁴The Icelandic Heart Association, ⁵The Icelandic Cancer Registry, ⁶Laboratory of Epidemiology and Population Sciences, Intramural Research Program, National Institute on Aging, National Institutes of Health, Bethesda, Maryland ⁷Division of Epidemiology and Clinical Applications, Intramural Research Program, National Eye Institute, National Institutes of Health, Bethesda, Maryland, ⁸Channing Division of Network Medicine, Department of Medicine, Brigham and Women's Hospital and Harvard Medical School, Boston, ⁹Faculty of Medicine, University of Iceland,

jet@hi.is

Background and aims: Vitamin D status may predict survival after a cancer diagnosis even if it is not associated with cancer risk. Our aim was to explore whether pre-diagnostic levels of vitamin D, in serum of older individuals (66 to 98 years of age) in Iceland were associated with risk of cancer and subsequent survival.

Methods: We used data from the Reykjavik-AGES Study initiated in 2002. Participants were 1,966 men and 2,837 women, cancer free at entry when 25-hydroxy-vitamin-D (25-OHD) was measured. Cox proportional hazard regression models were used to assess the association between serum 25-OHD and cancer diagnosis and all-cause mortality through 2014. Multivariable adjustments were made for potential confounders, including age at entry and age at diagnosis.

Results: Cancer was diagnosed in 919 participants during follow-up (mean = 8.1 years). Of these, 552 (60%) died during follow-up. In participants with cancer, there was a significant positive association between low 25-OHD (<30 nmol/L) and total mortality (HR = 1.38, 95% CI: 1.03-1.86) compared to levels of 25-OHD between 50 and 69.9 nmol/L. However, no association was observed between 25-OHD levels and total cancer diagnosis. Looking at the four most commonly diagnosed cancers, we observed positive association between low 25-OHD and lung cancer (HR = 1.72, 95% CI: 1.02-2.87).

Conclusions: Our data suggest that higher pre-diagnostic serum 25-OHD

levels may be associated with improved survival for cancer patients. Further studies are needed to rule out the potential effect of preclinical disease on vitamin D levels (reverse causation).

E 48 Propensity score analysis of coronary artery calcium by hormone replacement therapy: The AGES-Reykjavik Study

Thor Aspelund¹, Aðalsteinn Guðmundsson¹, Gunnar Sigurðsson², Vilundur Guðnason¹, Helgi Jónsson¹

¹Medicine, University of Iceland, ²Research Institute, Icelandic Heart Association
 thor@hi.is

Introduction: The long term effect of postmenopausal hormone replacement therapy (HRT) on atherosclerosis and cardiovascular health is controversial. Coronary Artery Calcium (CAC) is an established marker of atherosclerotic plaque burden. The objective was to assess the relationship between HRT and CAC.

Methods: Cross sectional assessment in population based AGES-Reykjavik of the Icelandic Heart Association. Participants were 2867 women (mean age 76±5 years) who had completed questionnaires on HRT use. The measurement of CAC by Computed Tomography was used as outcome variable and compared between women with history of HRT or had never used HRT. Propensity score analysis based on midlife data was used to adjust for possible confounding.

Results: 872 (30.4%) of the 2867 participants had used HRT and 312 (10.9%) were current users. After adjustment for age, other late life variables, and a propensity score based on midlife data for HRT use as observed in late life, the CAC showed significant negative associations with history and length of HRT use. This association was evident in all age categories. When the duration of HRT use was more than 15 years, the median coronary calcium was less than 50% of that observed in never users. The lowest CAC was observed in those who started HRT within five years after menopause.

Conclusion: Long term HRT shows a strong association with lower CAC in comparison with women who had never used HRT. The negative association between HRT and CAC was evident in all age groups of older women.

E 49 Brain activities of an Alzheimer's disease drug, is galanthamine a dual-active medication?

Natalia Kowal¹, Philip K. Ahring², Dinesh Indurthi², Mary Chebib², Thomas Balle², Elín S. Ólafsdóttir³

¹Pharmacy, Hagi, Faculty of Pharmaceutical Sciences, ²Faculty of Pharmacy, The University of Sydney, ³Faculty of Pharmaceutical Sciences, University of Iceland
 nmp@hi.is

Introduction: Galanthamine, a plant alkaloid isolated from snowdrop (*Galanthus* sp.), is approved as a drug for treatment of mild-to-moderate Alzheimer's disease. Galanthamine works primarily as an acetylcholinesterase inhibitor but it is also commonly referred to as a positive allosteric modulator (PAM) of neuronal $\alpha 7$ and $\alpha 4\beta 2$ subtypes of the nicotinic acetylcholine receptor (nAChR). Previous experiments reported to show nAChR PAM activity were primarily conducted on rat hippocampal neurons, PC12 cells naturally expressing different nAChRs and on the receptors expressed in HEK cells. Data available from receptors expressed in *Xenopus* oocytes are limited and show marginal PAM activity.

Methods: Different subtypes and stoichiometries of human neuronal nAChRs were expressed in *Xenopus* oocytes. Electrophysiological cur-

rents evoked by ACh alone or in combination with galanthamine were recorded using two electrode voltage clamp.

Results: In our hands, galanthamine was unable to produce significant PAM responses when tested on $\alpha 7$ and individual stoichiometries of $\alpha 4\beta 2$ and $\alpha 4\beta 4$ nAChRs expressed in *Xenopus* oocytes. However, in agreement with the literature we observed inhibition of ACh-evoked responses at high concentrations (10 – 100 μ M range).

Conclusions: Our results therefore question the perception of galanthamine as a nAChR PAM.

E 50 Isolation of exosomes from cell culture media using different precipitation methods

Berglind E. Benediktsdóttir, Björg S. Kristjánsdóttir

Faculty of Pharmaceutical Sciences, University of Iceland
 bergline@hi.is

Introduction: Exosomes offer many advantages as nanocarriers for drug delivery due to their size, stability and selectivity. One crucial factor for their use as nanocarriers in the clinical setting is a robust method for exosome isolation. Currently, a method has yet to be developed that results in efficient isolation of pure exosomes in high yield. Therefore, the first steps in identifying an applicable method was to determine the suitability of different precipitation methods for exosome isolation.

Materials and methods: Three cell lines, immortalized basal cell line BCI-N.1.1 and cancer cell lines A549 and D492, were used. Five different precipitation methods, based on the use of precipitation fluid (ExoQuick or ExoSpin) were studied with various changes such as centrifugation filters, different centrifugation speed and different ratio of precipitation fluid and cell culture medium. The isolated particles were then analyzed with dynamic light scattering (DLS) and transmission electron microscopy (TEM).

Results: Only one method, based on the use of ExoQuick used as instructed from the manufacturer, resulted in a visible precipitation from the BCI-N.1.1 cell culture medium. Particle size was 122-578 nm when measured with DLS and 50-80 nm when measured with TEM which is in line with the diameter of exosomes (40-120 nm). Other methods did not result in visible precipitations.

Conclusions: Methods based on exosome precipitation are not as robust as previously anticipated and there is clearly a need for further optimization. Alternatively, other isolation methods such as size-exclusion chromatography might be more suitable to isolate exosomes in more quantity.

E 51 Monitoring of Allopurinol Therapy in Patients with APRT Deficiency, Utilizing UPLC-MS/MS Assay

Unnur A. Þorsteinsdóttir¹, Finnur F. Eiríksson¹, Hrafnhildur L. Runólfsson², Viðar Ö. Eðvarðsson³, Runólfur Pálsson³, Margrét Þorsteinsdóttir¹

¹Faculty of Pharmaceutical Sciences, University of Iceland, ²Faculty of Medicine, University of Iceland, ³Landspítali - The National University Hospital of Iceland
 uth15@hi.is

Introduction: Adenine phosphoribosyltransferase (APRT) deficiency results in excessive urinary excretion of the poorly soluble 2,8-dihydroxyadenine (DHA), causing nephrolithiasis and chronic kidney disease. Allopurinol treatment effectively reduces DHA excretion and prevents renal complications. The aim of this study was to develop and optimize an UPLC-MS/MS assay for quantitative measurement of the active all-

oxypurinol metabolite, oxypurinol in human plasma, utilizing design of experiments (DoE). Additionally, an UPLC-MS/MS assay to assess APRT enzyme activity was developed.

Methods: Experimental screening was performed to reveal significant UPLC-MS/MS factors influencing the peak area for oxypurinol. Significant variables were optimized utilizing partial least square regression. Following optimization, a sample preparation method was developed for oxypurinol in plasma from 2 individuals with APRT deficiency taking allopurinol 300mg/day and 2 healthy controls. The APRT enzyme activity was evaluated by measuring the formation of AMP in erythrocyte lysates from 11 patients, 3 heterozygotes and 10 controls using an UPLC-MS/MS assay. Zygosity was confirmed with genetic testing (APRT sequencing).

Results: Significant difference was observed in plasma oxypurinol concentration between the 2 patients (94.9 and 150.9 µg/ml) and normal genotype healthy controls (BLQ). Further, significant changes were observed in the formation of AMP between patients, heterozygotes and normal genotype controls confirming the diagnosis of APRT deficiency.

Conclusions: An UPLC-MS/MS assay for quantitative measurement of oxypurinol in human plasma was successfully developed and optimized utilizing DoE. The plasma measurement method may be used for pharmacotherapy monitoring and evaluation of DHA tissue stores. Both UPLC-MS/MS assays may be used for the diagnosis of APRT deficiency.

E 52 Markers for Increased Thrombotic Risk Within the Complete Blood Count

Sæmundur Rögnvaldsson¹, Sigrún H. Lund¹, Malin Hultcrantz², Guðný Eiríksdóttir³, Tamara B. Harris⁴, Vilundur Guðnason³, Sigurður Y. Kristinsson¹

¹Faculty of Medicine, University of Iceland, ²Dept. of Hematology, Karolinska Institutet, ³The Icelandic Heart Association, ⁴National Institute of Aging
s.rognvaldsson@gmail.com

Introduction: The complete blood count (CBC) provides the parameters of hematocrit (Hct), white blood cell count (WBC), and platelet count (PLT). Studies have shown an increased thrombotic risk in healthy individuals with elevated Hct and HGB. However these studies did not include sufficient clinical data to adjust for confounders. We aim to assess whether elevation of these markers increase thrombotic risk in the general population.

Methods and data: CBC and baseline characteristics were obtained from 5755 elderly participants of the Reykjavik-AGES study at enrollment. Incidences of venous and arterial thrombosis 10 years before and after enrollment were acquired from the National Health Service. Hct, WBC and PLT in quintiles were used to determine exposure with the second quintile as reference. Cox proportional hazard regression was used for statistical analysis and adjusted for risk factors of thrombosis. Individuals with grossly abnormal measurements were excluded.

Results: Crude analyses of Hct revealed a dose dependent increased risk of arterial (HR1.2, CI[1.08-1.33], $p<0.001$) and venous (HR1.2, CI[1.8-1.34], $p=0.001$) thrombosis. After adjusting for confounders there was no association. Analysis of PLT did not show an effect on risk of thrombosis. Analysis of WBC showed a dose dependent increase in the risk of arterial (HR1.31, CI [1.18-1.45], $p<0.001$) and venous (HR1.16, CI[1.02-1.32], $p=0.027$) thrombosis.

Conclusions: In this large population based cross-sectional cohort study we observed no association of elevated Hct or PLT and risk of thrombosis. We found a dose-dependent increase in thrombotic risk with elevated WBC. We therefore conclude WBC to be a marker of thrombotic risk in the

general population.

E 53 A unique IL-10 driven defect involving transitional B cells in IgA deficiency

Andri L. Lemarquis¹, Rakel Natalie Kristinsdóttir², Helga Kristín Einarisdóttir², Björn R. Lúðvíksson²

¹Department of Immunology, and Rheumatology Research, Landspítali-The National University Hospital of Iceland, ²Department of Immunology, Faculty of Medicine/ University of Iceland
aleofifi@gmail.com

Introduction: Selective IgA deficiency (IgAD) is the most common primary immune deficiency in the western world. It's pathogenesis is due to a largely unknown deregulation in B cell maturation.

Methods: Different B and T cell populations from IgAD individuals and healthy controls (HC) were analysed and their function assessed using FACS and ELISA.

Results: IgAD individuals demonstrated a significant defect in IgA+ B cells and significantly lower number of transitional B cells (TC, CD19+CD24hiCD38hi) compared to HC. Both in peripheral blood and after CpG induced expansion. Furthermore a significantly higher fraction of IgAD TC was IL-10+ compared to HC following stimulation. Following IgA class switching promoting cultures of isolated B cells a unique population of CD20+IgD-IgM-IgG-IgA- B cells being "stuck" in its differentiation pathway was revealed in IgAD individuals. This specific defect was not due to dysfunctional iTregs since their numbers and function was found to be normal in IgAD. A major function of TC is their IL-10 secretion. Therefore the long lived IgA production was tested with and without the exogenous addition of IL-10 in a model mimicking the long lived induction and maintenance of IgA production. Long lived IgA production was achieved up to 3 weeks in HC as measured by ELISA but failed completely in IgAD individuals.

Conclusions: IgAD may be caused by a maturation defect in transitional cells or to antecedent maturation stages related to TLR9 stimulation, leading to an increase in IgG-IgA-IgD-IgM- B cells which may be due to proliferation without developmental progression.

E 54 Development of a Cyclodextrin-based Aqueous 0.2% (w/v) Cyclosporin A Eye Drop Formulations

Sunna Jóhannsdóttir¹, Zoltán Fülöp¹, Einar Stefánsson², Þorsteinn Loftsson¹

¹Faculty of Pharmaceutical Science, University of Iceland, ²Faculty of Medicine, University of Iceland
suj1@hi.is

Purpose: Cyclosporin A (CyA) is a lipophilic, cyclic polypeptide with anti-inflammatory properties. It is used in topical treatment of dry eyes and available in oil-based surfactant containing eye drops. Surfactants can irritate the eye surface and oil-based drops can result in blurred vision. Our aim was to develop aqueous oil-free CyA eye drops free of surfactants and prepare the eye drops for toxicological evaluation in rabbits.

Methods: The CyA/CD aggregation was studied using dynamic light scattering (DLS) and by solid drug fraction measurements. Physicochemical properties of the formulation were also determined. Toxicological studies in 16 rabbits were initiated.

Results: Five formulations were studied with different CD concentrations, all of them contained 12.5% (w/v) of α CD, and various amounts of γ CD (ranging from 0 – 12.5% w/v). Solid drug fraction was determined for

all formulations tested and it ranged from 50.4 – 56.4%. DLS studies showed that the formulation with the highest amount of CD had the most uniform particle size, around 670 nm. At lower γ CD concentrations, the particle size tends to be larger. Micron sized particles often appear in the formulation containing no γ CD or γ CD concentration equal or lower than 10% (w/v). Formulation containing 0.2% (w/v) CyA, 12.5% α CD and 12.5% γ CD was selected for *in vivo* toxicological studies, in rabbits.

Conclusion: These results show that the formulation that contained the highest amount of γ CD form aggregates at suitable size for eye drop preparation. *In vivo* studies are currently ongoing.

E 55 Algengi langvinns nýrnasjúkdóms áætlað út frá reiknuðum gaukslúnarhraða: Lýðgrunduð rannsókn

Amar J. Jónsson¹, Sigrún H. Lund², Runólfur Pálsson³, Ólafur S. Indriðason³

¹Landspítali, ²heilbrigðisvísindasvið, ³Nýrnalækningaeining, Landspítali
arnarjan@gmail.com

Inngangur: Staðlaðar kreatínín mælingar í sermi (SKr) hafa aukið nákvæmi jafna sem reikna gaukslúnarhraða (r-GSH) og hefur það bætt greiningu á langvinnu nýrnasjúkdómi (LNS). Markmið rannsóknarinnar var að áætla algengi LNS á Íslandi, byggt á r-GSH út rá stöðluðum SKr-mælingum.

Efniviður og aðferðir: Þetta var afturskyggn rannsókn þar sem allra SKr-mælinga var aflað frá öllum rannsóknarstofum á Íslandi á árunum 2008-2013, auk upplýsinga um aldur og kyn. Tölvualgrím útilokuðu bráðar breytingar á SKr. r-GSH var metinn með CKD-EPI jöfnunni. LNS var skilgreindur sem r-GSH <60 ml/mín./1,73 m² í þrjá mánuði eða lengur og stig-aður samkvæmt KDIGO-skilgreiningum. Stundaralgengi fyrir LNS á stigi 3-5 var reiknað út frá fólksfjölda Íslendinga ≥18 ára 31. desember, 2013.

Niðurstöður: Alls var 1.523.914 SKr-mælinga aflað fyrir 198.289 einstaklinga ≥18 ára. Miðgildi aldurs við fyrstu mælingu var 60 (spönn 18 - 107) ár og 46% voru karlmenn. Aldursstaðlað algengi hjá körlum var 975/100.000, 269/100.000, 86/100.000 og 33/100.000 fyrir stig 3A, 3B, 4 og 5 í sömu röð. Hjá konum var aldursstaðlað algengi 1314/100.000, 382/100.000, 86/100.000 og 21/100.000 fyrir stig 3A, 3B, 4 og 5 í sömu röð. Algengi stiga 3 til 5 jókst með vaxandi aldri, frá 31/100.000 hjá 18-39 ára, 261/100.000 hjá 40-59 ára, 1761/100.000 hjá 60-69 ára, 6.003/100.000 hjá 70-79 ára og 12.116/100.000 hjá ≥80 ára.

Ályktanir: Þessi lýðgrundaða rannsókn er byggð á stöðluðum SKr-mælingum og náði til meginhluta íslensku þjóðarinnar, gefur til kynna lægra algengi LNS á stigi 3 til 5 en fyrri rannsóknir á Íslandi.

E 56 Berklaskimun gigtarsjúklinga fyrir meðferð með TNF alfa hemlum á Íslandi 1999-2014

Þórir Már Björgúlfsson¹, Gerður Gröndal¹, Þorsteinn Blöndal², Björn Guðbjörnsson³

¹Gigtardeild, Landspítali, ²Berklaverndarstöð, Heilsugæsla Höfuðborgarsvæðisins, ³Rannsóknastofa í gigtarsjúkdómum, Landspítali
bjorngu@landspitali.is

Inngangur: Þekkt er að áhætta íktsýkissjúklinga sem fá líftæknilýfjameðferð á að fá berkla er margfalt aukin. Þess vegna á samkvæmt meðferðarleiðbeiningum að skima fyrir berklum fyrir meðferð með TNF-hemlum. Hér á landi er berklasmit sjaldgæft og almenningur er óbólusettur fyrir berklum, því er stuðst við húðpróf og lungnamyndatöku við skimun hérlandis. Meginmarkmið rannsóknarinnar var að kanna reynsluna af berklaskimun hér á landi hjá gigtarsjúklingum í undirbúningi fyrir með-

ferð með líftæknilýfjum og skoða hvort breyta þurfi skimunarferlum.

Efniviður og aðferðir: Þátttakendur eru allir með íktsýki, hryggikt eða sóragigt sem skráðir voru í ICEBIO á tímabilinu 1999-2014 vegna meðferðar með TNF-hemli. Upplýsingar voru sóttar í ICEBIO gagnagrunninn. Skráð var aldur, kyn, niðurstöður úr berklaprófi (TST), upphafsdagsetning og tegund TNF-hemla meðferðar og enn fremur önnur lyfjameðferð. Þá voru niðurstöðurnar samkeyrðar við upplýsingar í Berkli sem er landskrá um berklasmit á Íslandi.

Niðurstöður: Upplýsingar um 756 einstaklinga (meðalaldur 54 ár og 58% konur) voru skráðar úr ICEBIO. Húðpróf reyndist neikvætt hjá 614 (81%), 41 höfðu jákvætt TST (5,4%), níu voru taldir með falsk jákvætt húðpróf (1,2%) og upplýsingar um TST vantaði hjá 94 (12%). Í Berkli voru 119 einnig skráðir; 62 með sögu um jákvætt húðpróf og 54 höfðu fengið bólusetningu, á meðan 11 sjúklingar höfðu verið greindir með berkla (þar af voru fimm einstaklingar með neikvætt TST við skimun). Þrír sjúklingar veiktust af berklum eftir TNF-hemla meðferð.

Ályktanir: Niðurstöður þessar endurspeglar mikilvægi berklaskimunar fyrir meðferð með TNF-hemlum. Mikilvægt er að skrá niðurstöður skimunar og íhuga má að framkvæma ítarlegri berklaskimun með IGRA.

E 57 Kennsl borin á menn með óhefðbundnum aðferðum

Svend Richter, Sigríður R. Víðisdóttir

Tannlæknadeild, Háskóli Íslands
svend@hi.is

Inngangur: Réttartannlæknisfræði er óaðskiljanlegur hluti af réttarvísindum. Mikilvægi tanna í réttarrannsóknnum byggist á því hve tennur og kjálkar varðveitast vel, jafnvel í tilfellum óvenju mikils áverka, hita, rotnunar eða samþættingu þessara þriggja þátta. Tannlæknisfræðileg greining er, ásamt fingraförum og DNA, nákvæmasta aðferð við réttarauðkenningu. Tilfelli finnast þar sem hefðbundin ante mortem sjúkragögn s.s. tannkort og röntgenmyndir eru ekki til staðar eða að takmörkuðu leyti. Í slíkum tilfellum getur réttartannlæknir oft myndað sér nokkuð glögg mynd út frá almennum atriðum með svonefndri „dental profiling“, til að nálgast leitina af AM upplýsingum.

Efni og aðferðir: Vönduð vísindarit voru rýnd ásamt greiningum einstakra tilfella eða fjölmargra í stórslysnum heima og erlendis í 25 ár.

Niðurstöður: Þekktar eru greiningar af ljósmyndum, merkingu tanngerva, munngerva- og tannréttingabúnaði, rugae palatini, vara- og tannföllum og DNA greiningu tannkviku og munnvatns. Aldursgreiningar í börnum og ungmennum eru byggðar á tannþroska, en í fullorðnum af hrömunarbreytingum tanna. Kyngreining réttartannlækna byggist aðallega á kúpu þar sem kynjamunur tanna er óverulegur, einnig er oft hægt að greina milli hinna þriggja aðalkynþátta, svartra, hvíttra og mongóla. Önnur einkenni eins og Carabelli kúspur, skóflulaga framtennur og fjölkúspa forjaxlar geta vísað á mögulegt þjóðerni, einnig beingarðar. Sýruslit með bollum getur bent til ofneyslu súrra drykkja, átröskunar eða þindarslits. Mikil tannáta getur vísað til óhöflegar neyslu áfengis eða vímuefna og litun til reykinga eða tetracyklin skemmda.

Ályktanir: Þótt samanburðargreining og „dental profiling“ séu oftast notaðar í tannlæknisfræðilegum réttarrannsóknnum þá er oft hægt að styðjast við óhefðbundnar aðferðir til að bera kennsl á óþekktar menn.

E 58 Aldursgreining fullorðinna

Sigríður R. Víðisdóttir, Svend Richter

Tannlæknadeild, Háskóli Íslands

sr2@hi.is

Inngangur: Tennur eru mikið notaðar til að bera kennsl á menn og til aldursgreiningar í réttarrannsóknunum. Aldursgreining barna og ungmenna er nákvæmust, með staðalfrávik frá nokkrum mánuðum til 1-2 ár. Hjá fullorðnum er gerð multible regression analysis á formfræðilegum hrörnunarbreitingum tanna. Nákvæmnin er minni og SD er frá 8-15 ár. Hjá fullorðnum eru rannsakaðar hrömunarbreitingar á krónu eða rót. Á krónu er skoðað slit og litabreitingar en í rótum gegnsæi rötarenda, hrjúfleiði og eyðing á yfirborði. Einnig eru skoðaðar sneiðar af tannvef er greina annars stígs tannbeinsmyndun eða upphleðslu á cementi. Algengustu aðferðir við slitgreiningu eru frá Miles og Gustafsson. Úrdregnar tennur eru notaðar í aðferð Bang, Lamendin og Solheim. Aðferð við greiningu á röntgenmyndum er frá Kvaal et al 1995. Árið 2004 kom upp sakamál þar sem einstaklingur fannst látinn á Neskaupstað. Hann fannst bundinn og fargaður við bryggjuna þar. Engin skilríki fundust. ID/DVI nefnd ríkislögreglustjóra var fengin til að bera kennsl á einstaklinginn.

Efni og aðferðir: Hefðbundin réttartannlæknafæðileg rannsókn var samhlíða réttarkrúfningu og lögreglurannsókn. Röntgenmyndir voru teknar af öllum tönnum. Notuð var aðferð Kvaal og aldur einstaklingsins áætlaður. Tennur sem voru notaðar voru 15/25, 12/22 og 11/21 og 44/34, 43/33 og 42/32.

Niðurstöður: Við útreikning var hinn látni 32,2 ára með SEE 8.6 ár. Fingraför staðfestu að hinn látni var þritugur Lithái, fæddur 1974.

Ályktun: Aldursgreining fullorðinna er nákvæm vísindaleg aðferð við aldursgreiningu. Þó staðalfrávik sé meira hjá fullorðnum en börnum og ungmennum er þetta oft eina leiðin sem hægt er að nota með nokkurri nákvæmni og litlum tilkostnaði.

E 59 Samdráttarálag plastblendiefna: Áhrif tegunda og aðferða við ísetningu

Vilhlem G. Ólafsson

Tannlæknadeild, Háskóli Íslands
vgo@hi.is

Inngangur: Tilgangur rannsóknarinnar var að kanna samdráttarálag hefðbundinna og magnfyllingar- (*bulk-fill*) plastblendifyllingarefna á tannvef með því að mæla kúspaspennu.

Efniviður og aðferðir: Fimm tíu efri góms forjaxlar voru steypdir niður í plasthringi og þeim skipt niður í fimm hópa ($n=10$). Staðlaður MOD tannskurður var skorinn í hverja tönn. Tveggja þátta sjálfætandi bindiefni (OptiBond XTR) var borið á tannskurðinn og fyllingar gerðar með aðstoð sílikonmatrixu sem hér segir: Filtek Supreme Ultra í tveggja millimetra þykkum lögum (FSUI); Filtek Supreme Ultra með magnfyllingaraðferð (FSUB); SonicFill með magnfyllingaraðferð (SF); SureFil SDR flow með magnfyllingaraðferð, hulið tveggja millimetra þykku lagi af Filtek Supreme Ultra (SDR/FSU); Tetric EvoCeram Bulk Fill með magnfyllingaraðferð (TEBF). Spennunemar (*strain gages*) festir á kinn- og gómafleti mældu kúspaspennu (*microstrain*, $\mu\epsilon$) í rauntíma á meðan plastblendifyllingarefnum var komið fyrir og þau fjölíðuð. Gögn voru greind með *one-way ANOVA* prófi og hópar samanbornir með *Least-Squares Means* prófi.

Niðurstöður: Meðal kúspaspenna hópanna ($\mu\epsilon \pm SD$) var sem hér segir: FSUI: $730,6 \pm 104,8$, FSUB: $1264,2 \pm 1418,8$, SF: $539 \pm 75,9$, SDR-FSU: $506,3 \pm 69,3$, TEBF: $624,1 \pm 147,4$. Hópur FSUI mældist með marktækt hærri kúspaspennu en allir magnfyllingarplastblendihóparnir. Einnig mældist hópur TEBF með marktækt hærri kúspaspennu en hópur SDR/FSU. Nauðsynlegt var að útlíka hópur FSUB frá tölfræðilegri úrvinnslu sökum þess hversu frábrugðin meðaltal og stalaðfrávik hans voru miðað við aðra

hópa.

Ályktun: Ísetning allra magnfyllingarplastblenda leiddi til marktækt minni kúspaspennu en ísetning hefðbundins plastblendis í tveggja millimetra lögum, þó svo að nokkur breytileiki hafi mælst milli hópa magnfyllingarplastblenda. Notkun hefðbundins plastblendis í magnfyllingaraðferð er varasöm og getur leitt til kúspabrota.

E 60 Geislaálag í algengum tölvusneiðmyndum af kvið

Jónína Guðjónsdóttir¹, Guðlaug A. Jónsdóttir²

¹Geislafræði, Læknadeild, Háskóli Íslands, ²Læknadeild, Háskóli Íslands
joninag@hi.is

Inngangur: Tölvusneiðmyndir eru þær myndgreiningarrannsóknir sem valda mestu geislaálagi á Íslandi, sem og í öðrum löndum. Rannsóknunum hefur fjölgað mikið en jafnframt hafa framfarir í tölvusneiðmynda-tækni orðið til þess að í mörgum tilfellum er hægt að framkvæma tölvusneiðmyndarannsóknir með minni geislaskammti en áður. Geislaskammtar í flestum rannsóknum ættu því að fara lækkandi og brýnt er að fylgjast vel með geislaálagi. Af tölvusneiðmyndarannsóknunum eru kviðarrannsóknir meðal þeirra geislaþyngstu. Í þessari rannsókn voru geislaskammtar í algengum kviðarrannsóknum kannaðir.

Efniviður og aðferðir: Rannsóknin var gagnarannsókn gerð með leyfi siðanefndar Landspítala (47/2015). Hentugleikaúrtak 1094 sjúklinga var skoðað til þess að finna lengdargeislun í algengustu rannsóknum af kvið á Landspítala. Fyrir allar rannsóknir var skráð hvaða prógramm í tæki var notað, kyn sjúklings, aldur og lengdargeislun. Við úrvinnslu voru tekin með prógrömm sem voru notuð oftast en 50 sinnum. Prógrömm með sama nafni en fyrir mismunandi stóra sjúklinga voru skoðuð sem eitt þar sem slíkt var aðeins fyrir hendi í tæki A.

Niðurstöður: Fjórar gerðir rannsókna voru gerðar oftast en 50 sinnum, alls 908 sinnum. Lengdargeislun í almennri tölvusneiðmyndarannsókn af kvið reyndist vera $948,9$ mGycm í tæki A en $704,1$ mGycm í tæki B. Þetta samsvarar $14,2$ og $10,6$ mSv geislaálagi. Lengdargeislun í nýrnasteinayfirliti var 322 mGycm í tæki A en 490 mGycm í tæki B sem samsvarar $5,0$ og $7,3$ mSv geislaálagi. Marktækur munur ($p < 0,01$) var á lengdargeislun milli tækja og milli prógramma.

Ályktun: Geislaálag sjúklinga í tölvusneiðmyndarannsóknunum af kvið á LSH er í hærri lagi miðað við nýlegar tölur frá Evrópu.

E 61 Íslensk langtímarannsókn um þróun, framvindu og batahorfur stams

Jóhanna T. Einarsdóttir

Læknadeild/talmeinafræði, Heilbrigðisvísindasvið
jeinars@hi.is

Inngangur: Þrálátt stam getur haft mikil áhrif á líf og lífsgæði einstaklinga. Faraldsfræðilegar tölur um algengi og nýgengi stams eru á reiki en rannsóknir benda til að algengi stams sé um 1%. Flestir byrja að stama á leikskólaaldri en eingöngu hluti þeirra stamar fram eftir aldri. Fáar langtímarannsóknir hafa birst um stam en þættir sem eru taldir spá fyrir um framvindu stamsins eru kyn, fjölskyldusaga um stam, málkunnátta barnsins og einkenni stamsins.

Efniviður og aðferðir: Í þessari rannsókn voru 38 einstaklingar (greindir með stam) athugaðir í tvígang, í fyrri skiptið (árið 2005) á leikskólaaldri (2-5 ára) en í seinna skiptið (árið 2012) milli 9 og 13 ára. Í bæði skiptin var tal barnsins metið á myndbandsupptökum en auk þess fylltu foreldrar út spurningalista um þróun stamsins. Í seinna skiptið voru börnin enn fremur spurð um stamið og framvindu þess.

Niðurstöður: Út frá tali barnsins á myndbandsupptökum og svörum á spurningalistum í seinna skiptið kom í ljós að 9 börn, eða 24%, voru með þrálátt stam, 22, eða 58%, voru hættir og vafatilvik voru 7, eða 18%. Vafatilvik voru þau börn þar sem ekki kom stam á upptökum en börnin eða foreldrar þeirra sögðu að börnin stömuðu einstaka sinnum. Farið verður yfir þætti sem hafa áhrif á bata, svo sem kyn, ættarsögu, málkunnáttu, einkenni, sögu stamsins og breytileika.

Ályktanir: Velt verður vöngum yfir framvindu stams, hvað þýði að bata hafi verið náð og börnin séu hætt að stama.

E 62 Þátttaka í peningaspilum og algengi spilavanda meðal leikmanna íslenskra félagsliða í knattspyrnu

Daniel Ólason¹, Kristján Óskarsson¹, Tryggvi Einarsson², Hafrún Kristjánsdóttir²

¹Sálfræði, Heilbrigðisvísindasvið, ²Íþróttfræðisvið, Háskólinn í Reykjavík
dto@hi.is

Inngangur: Lítið er vitað um þátttöku íþróttafólks í peningaspilum og tíðni hugsanlegs spilavanda í þeim hópi. Í þessari rannsókn var könnuð þátttaka í peningaspilum og algengi spilavanda á meðal leikmanna íslenskra knattspyrnuliða sem skráð voru í Íslandsmót KSÍ.

Aðferð: Gögnum var safnað með rafrænum spurningalista og var haft samband við þátttakendur í gegnum Facebook síður félagsliða. Samkvæmt KSÍ voru 105 félagslið með um það bil 2.170 leikmenn 18 ára og eldri skráð í Íslandsmót. Alls fengust svör frá 725 leikmönnum á aldrinum 18-41 árs ($M = 23,2$), eða frá um 33% af heildarfjölda leikmanna. Meirihluti þátttakenda voru karlkyns (75,4%).

Niðurstöður: Um 66% leikmanna höfðu spilað peningaspil á síðustu 12 mánuðum og tæplega 21% spiluðu vikulega eða oftar. Knattspyrnugetraunir á erlendum vefsíðum voru vinsælasta tegund peningaspila meðal leikmanna en karlar spiluðu meira í nánast öllum gerðum peningaspila en konur. Spilavandi var metinn með Problem Gambling Severity Index (PGSI) og reyndust 3,3% karla og 0,6% kvenna eiga við spilavanda að stríða. Þátttaka í flestum gerðum peningaspila var algengari meðal leikmanna er áttu við nokkurn spilavanda að stríða og var munur milli spilavandahópa áberandi mestur fyrir knattspyrnugetraunir og póker. Athyglisvert var að um 7% leikmanna höfðu veðjað á úrslit eigin leikja á erlendum vefsíðum.

Ályktanir: Almenn séð benda niðurstöður rannsóknar til þess að mikilvægt sé að gera leikmönnum íslenskra knattspyrnuliða grein fyrir mögulegum skaðlegum afleiðingum reglubundinnar þátttöku í peningaspilum. Einnig kann veðmál leikmanna á úrslit eigin leikja auka hættuna á hag-ræðingu úrslita (*match fixing*).

E 63 Álagseinkenni, streita og almenn kvíðaeinkenni hjá íslenskum handboltamönnum

Stefán Stefánsson¹, Halldór Halldórsson², Þorsteinn Óskarsson²

¹Rannsóknarstofa í hreyfivísindum, Læknadeild, Háskóli Íslands, ²Sjúkraþjálfun, Háskóli Íslands
stefan@styrkurehf.is

Inngangur: Markmið rannsóknarinnar var að áreiðanleikaprófa íslenska þýðingu Sport Anxiety Scale-2 spurningalistans og kanna algengi og fylgni á milli álagseinkenna, íþróttatengdra kvíðaeinkenna og almennrar kvíðaröskunar hjá íslenskum handboltamönnum.

Efniviður og aðferðir: Spurningalistar voru sendir til 197 leikmanna í efstu tveimur deildum karla í handbolta með tveggja vikna millibili. OSTRC spurningalistinn kannar algengi álagseinkenna, SAS-2

spurningalistinn kannar íþróttatengd kvíðaeinkenni og GAD-7 spurningalistinn mælir einkenni almennrar kvíðaröskunar. Kappagildi var notað til að kanna samræmi fyrri og seinni mælingar SAS-2, Kí-kvaðrat próf til samanburðarhópa sem svöruðu OSTRC spurningalistanum og Wilcoxon's próf til samanburðar niðurstaða SAS-2 og GAD-7.

Niðurstöður: Heildarsamræmi íslenskrar þýðingar SAS-2 spurningalistans í endurteknum mælingum reyndist hóflegt (56,8%) og fylgnistuðull (ICC3,1) var 0,87. Alls fundu 55,4% þátttakenda fyrir álagseinkennum: 24,1% í mjóbaki, 22,9% í öxl og 21,7% í hné. Hærra hlutfall 30 ára og eldri skráðu álagseinkenni í mjóbaki samanborið við yngri aldurshópa ($p < 0,01$). Hærra hlutfall 18-25 ára skráðu álagseinkenni í hnám samanborið við en 30 ára og eldri ($p < 0,05$). Hærra hlutfall hornamanna skráðu álagseinkenni í öxl en línumenn ($p = 0,04$). Meðalstigaföldi á SAS-2 spurningalistanum var 23,1 stig og á GAD-7 4,2 stig. 9,6% þátttakenda fengu ≥ 10 stig á GAD-7 spurningalistanum, sem bent getur til almennrar kvíðaröskunar. Lítil fylgni fannst á milli álagseinkenna, SAS-2 og GAD-7.

Ályktanir: Íslensk þýðing SAS-2 virðist áreiðanlegt matstæki í endurteknum mælingum. Einkenni almennrar kvíðaröskunar eru sambærileg og hjá íslenskum atvinnumönnum í boltaíþróttum, en meiri en hjá almennu þýði. Tíðni álagseinkenna í hné og öxl eru sambærileg erlendum rannsóknum en tíðni mjóbakseinkenna er hærri í þessari rannsókn.

E 64 Hvert er hlutverk sjúkraþjálfara með íslenskum íþróttaliðum?

Briët Bragadóttir¹, Harpa Söring Ragnarsdóttir², Árni Árnason²

¹Rannsóknarstofa í hreyfivísindum, Námsbraut í sjúkraþjálfun, Háskóli Íslands, ²Námsbraut í sjúkraþjálfun, Háskóli Íslands
brietbr@simmet.is

Inngangur: Markmið þessarar rannsóknar var að kanna starf sjúkraþjálfara á Íslandi með íþróttafólki og íþróttaliðum. Fáar rannsóknir hafa farið fram á starfi sjúkraþjálfara með íþróttaliðum hér á landi og erlendis. Rannsókn sem þessi getur gefið vísbendingu um hvernig sjúkraþjálfarar á Íslandi haga starfi sínu með íþróttaliðum og íþróttafólki. Lögð var áhersla á viðveru, meðhöndlun, forvarnir, aðstöðu, þjálfun og samskipti.

Efniviður og aðferðir: Spurningalisti var sendur með tölvupósti til allra starfandi sjúkraþjálfara í Félagi sjúkraþjálfara á Íslandi. Svörun spurningalistans var 65%. Við tölfraði úrvinnslu var notast við Kí-kvaðrat og Fisherspróf til að reikna marktæki spurninga sem bornar voru saman.

Niðurstöður: 39% sjúkraþjálfara á Íslandi sem svöruðu spurningalistanum sinntu sjúkraþjálfun íþróttafólks og höfðu 17% sjúkraþjálfara íþróttalið/-fólk í sinni umsjá (þ.e. voru ráðnir til starfa af ákveðnu félagi eða liði). Helsta hlutverk sjúkraþjálfara í keppni var skoðun (95%), greining (95%), meðhöndlun (95%), ráðgjöf (92%), fræðsla vegna meiðsla (92%), undirbúningur íþróttamanns fyrir keppni (94%) og ákvarðanatöku eftir meiðslu (92%). Alls unnu 65% sjúkraþjálfara sjálfir eða í samráði við þjálfara liðsins að forvörnum gegn meiðslum og 40% sjúkraþjálfara komu að þjálfun íþróttaliðs/-manna utan þjálfunar slasaðra íþróttamanna. Alls sögðu 32% sjúkraþjálfara að þjálfarar eða aðrir reyndu að hafa áhrif á ákvarðanatöku sína varðandi slasaða íþróttamenn. Þegar borið var saman starf sjúkraþjálfara hjá körfubolta-, knattspyrnu- og handknattleikslíðum fannst enginn marktækur munur.

Ályktun: Með svörun spurningalistans hefur fengist ákveðin mynd af starfi sjúkraþjálfara með íþróttaliðum og íþróttafólki á Íslandi sem gefur vísbendingar um starf sjúkraþjálfara á þessu sviði.

E 65 Algengi álagseinkenna hjá CrossFit-iðkendum á Íslandi: spurningalistakönnun

Sigrún Agnarsdóttir Johnson¹, Silja Rós Thedórsdóttir²¹Eirberg, ²Atlas endurhæfing
saj33@hi.is

Inngangur: CrossFit er ung og sívaxandi íþrótt, bæði á Íslandi og um heim allan. Fáar rannsóknir eru til um íþróttina og höfundar vita ekki til þess að nein rannsókn hafi verið gerð um meiðsli eða álagseinkenni í CrossFit á Íslandi. Tilgangur rannsóknarinnar var að: 1) kanna algengi álagseinkenna í hnjám, mjóbaki og öxlum hjá CrossFit-iðkendum á Íslandi yfir sjö daga tímabil, 2) kanna tengsl álagseinkenna við magn æfinga og verkjaupplifun, 3) kanna möguleg tengsl núverandi álagseinkenna og fyrri einkenna.

Efniviður og aðferðir: Rannsóknin var þversniðsrannsókn yfir 7 daga tímabil. Spurningalisti var sendur út á hópinn "CROSSFIT á ÍSLANDI" á Facebook og svöruðu 253 (8,9%) einstaklingar honum. Spurningalistinn fól í sér fjóra hluta: (1) grunnupplýsingar, (2) álagseinkenni í hnjám, (3) mjóbaki og (4) öxlum síðustu sjö daga.

Niðurstöður: 147 (58,1%) þátttakendur höfðu fundið fyrir álagseinkennum í hné, mjóbaki eða öxl. Algengast var að fólk fyndi álagseinkenni í öxl (36,1%), því næst í mjóbaki (28,4%) og hné (22,0%). Álagseinkenni sem byrjuðu eftir að CrossFit-iðkun hófst voru einnig algengust í öxl (20%). Engin marktæk tengsl fundust á milli fjölda æfinga á viku og tíðni álagseinkenna. Fyrri álagseinkenni reyndust áhættuþáttur fyrir álagseinkennum í öxl (RR=2,3, 95%CI=1,6-3,2), mjóbaki (RR=3,3, 95%CI=2,0-5,4) og hné (RR=3,1, 95%CI=1,9-5,1).

Ályktun: Alengt var að þátttakendur í CrossFit fyndu fyrir álagseinkennum þá viku sem rannsóknin stóð yfir, sérstaklega í öxl. Saga um álagseinkenni var áhættuþáttur fyrir endurtekin álagseinkennum. Frekari rannsóknir er þörf til að meta magn og alvarleika álagseinkenna í CrossFit yfir lengri tíma.

E 66 Regluleg hreyfing í borgarnáttúru skilar heilsusamlegri útkomu en sama hreyfing í manngerðu umhverfi

Gunnþóra Ólafsdóttir¹, Paul Cloke², Elissa Epel³, Jue Lin⁴, Zoé Van Dyck⁵, Björg Þorleifsdóttir⁶, Þór Eysteinnsson³, Marta Guðjónsdóttir³, Hans Beck⁶, Arna E. Karlsdóttir⁶, André Schulz⁷, Elizabeth Cook⁷, Joshua Cheon⁴, Claus Vögele⁵¹Rannsóknamiðstöð Ferðamála, Háskóli Íslands, ²Landfræðideild, Háskólinn í Exeter, ³Læknadeild, Háskólinn í Kaliforníu (UCSF), ⁴Efna- og eðlisfræðideild, Háskólinn í Kaliforníu (UCSF), ⁵Rannsóknastofnun um heilsu og lífsstíl, Háskólinn í Lúxemborg, ⁶Hjarta- og lungnarannsóknastofa, Reykjalundur, ⁷Rannsóknakjarni klínískrar lífefnafræði, Landspítali gunnthora@hi.is

Inngangur: Rannsóknir sýna að regluleg hreyfing lengir litningaenda (*telomere*) og við það dregur úr hrörnun, minnkar áhætta á sjúkdómum og lífslíkur aukast. Rannsóknir hafa einnig sýnt að hreyfing í náttúruríku umhverfi getur haft góð áhrif á líkamlega og andlega heilsu. Markmið þessarar rannsóknar var að kanna hvort umhverfið þar sem hreyfingin fer fram hafi áhrif á viðhald litningaenda og geti þannig skipt sköpum fyrir heilsuna.

Efniviður og aðferðir: 60 Íslendingar (50% konur, meðalaldur 25,9 ±3,4 ár) tóku þátt í 5 mánaða lífsstílsbreytingu (vetur-sumar) sem fól í sér að stunda reglulega þolþjálfun úti í borgarnáttúrunni (n=20), eða inni í heilsuræktarstöð (n=20) eða breyta ekki lífsstíl sínum (n=20). Mælingar voru gerðar á lengd litningaenda, magni á litningaendaensími (*telomerase*) og hvatbera DNA (mtDNA) fyrir og eftir lífsstílsbreytinguna, sem og aðrar lífeðlisfræðilegar og sálfræðilegar breytur sem mældar voru mánaðarlega.

Niðurstöður: Litningaendar lengdust marktækt í öllum hópum

($p < .001$), sem mögulega tengist árstíðasveiflum, en tilhneigingin var meiri hjá þolþjálfunarhópnum. Eftir lífsstílsbreytinguna mældist litningaendaensímið hjá innihópnum marktækt minna en hjá náttúru- og viðmiðunarhópnum sem bendir til minni getu til viðhalds og/ eða áframhaldandi lengingar litningaenda. Einnig fundust veikar vísbendingar um að lengingin væri mest hjá þeim einstaklingum í inni- og viðmiðunarhópi, sem höfðu langa litningaenda fyrir. Því var öfugt farið hjá náttúruhópnum.

Efniviður og aðferðir: Klínísku leiðbeiningarnar á formi skriflegra, myndrænna, netupplýsinga og veggspjalda voru innleiddar á taugalækningadeild og endurhæfingardeild Grensás á Landspítala. Eftirfarandi ferli var notað við innleiðinguna: a) valdir voru lykilhjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar til að styðja við innleiðinguna; b) fræðslufundur voru haldnir með öllu starfsfólki; c) hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar fengu kennslu og starfsþjálfun. Til þess að meta áhrif innleiðingarinnar á skráningu og meðferð sjúklinga voru upplýsingar fengnar úr rafrænu skráningarkerfi hjá sjúklingum fyrir (N=44) - og eftir innleiðingu (N=34). Blönduð rannsóknaraðferð var notuð til þess að meta árangur innleiðingar hjá hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum fyrir (N=33) og eftir innleiðingu (N=25).

með eftirfarandi mælitækjum (1) Hvetjandi og letjandi þættir innleiðingar og (2) Gæðavísar um hjúkrun heilablóðfallssjúklinga í endurhæfingu. Eigindlegi hluti rannsóknarinnar fól í sér rýnihópaviðtöl við 8 hjúkrunarfræðinga og 8 sjúkraliða eftir innleiðingu.

Niðurstöður: Inntak leiðbeininganna var í góðu samræmi við þær aðferðir sem beitt var í hjúkrun sjúklinganna. Notkun þeirra stuðlaði að samræmdari vinnubrögðum, jók áherslu á að efla hreyfi- og sjálfsbjargargetu sjúklinga og að skima fyrir vandamálum meðal annars andlegri vanlíðan. Á kvarðanum 1-10 voru leiðbeiningarnar gagnlegar ($M=7,7$), innleiðingin tókst vel ($M=7,4$) og meiri hluti þátttakenda var virkur í innleiðingunni ($M=7,1$).

Ályktanir: Klínisku leiðbeiningarnar eru gagnlegar í hjúkrun heilablóðfallssjúklinga í endurhæfingu og innleiðingin tókst vel.

E 92 Hvernig geta styrkleikamiðaðar meðferðarsamræður við fjölskyldur ungra kvenna með átröskun eftir geðhjúkrunarþjónustu?

Erla Kolbrún Svavarsdóttir¹, Margrét Gísladóttir²

¹Heilbrigðisvísindasvið, Hjúkrunarfræðideild, Háskóli Íslands, ²Landsþítali eks@hi.is

Bakgrunnur: Græðandi áhrif meðferðasamræðna sem eiga sér stað milli geðhjúkrunarfræðinga og fjölskyldna sem eru að fást við langvinna geðsjúkdóma eða geðraskanir hafa nýverið fengið aukna athygli meðal geðhjúkrunarfræðinga, rannsækenda og stjórnenda í heilbrigðisþjónustunni. Þó rannsóknaniðurstöðum hafi fjölgað sem sýna fram á ávinning af því að sinna fjölskyldum einstaklinga með geðraskanir, þá er stuðningur við fjölskyldur einstaklinga með geðraskanir eða geðsjúkdóma engangveginn fullnægjandi á mörgum heilbrigðisstofnunum. Umönnunaraðilar unglinga og ungra einstaklinga með átraskanir upplifa oft streitu, vandlíðan sektarkennd, skömm og reiði auk þess sem þau eru tilfinningalega viðkvæm og varnarlaus. Þess vegna eru þessir umönnunaraðilar oft í þörf fyrir stuðning frá heilbrigðisstarfsfólki vegna þess að rannsóknarniðurstöður hafa sýnt fram á mikilvægir fjölskyldustuðnings í bataferli einstaklingsins. Markmið þessarar rannsóknar var að þróa og að prófa styrkleikamiðaðar meðferðarsamræður fyrir fjölskyldur unglinga og ungra einstaklinga með átraskanir.

Aðferðir: Meðferðin samanstendur af 5 meginþáttum: þ.e. (1) að draga fram veikindasögu, (2) spyrja meðferðarspurninga, (3) auðkenna styrk, seiglu og úrræði, (4) bjóða upp á gagnræyndar upplýsingar og (5) styrkja hjálpleg viðhorf og vinna með hindrandi viðhorf sem og að þróa meðferðarsamband og að auðkenna stuðningsnet fjölskyldunnar.

Niðurstöður: Niðurstöður úr þessari hálf-stöðluðu tilraunarrannsókn meðal 18 umönnunaraðila unglinga eða ungra kvenna með átröskun, sýndu marktækt hærri fjölskyldustuðning og marktækt hærri sjálfsöryggi varðand viðhorf til átröskununar yfir tímabilið sem rannsóknin stóð yfir, það er eftir að umönnunaraðilarnir höfðu fengið styrkleikamiðaðar meðferðarsamræður í 5 skipti.

Ályktun: Styrkleikamiðaðar meðferðarsamræður geta gagnast fjölskyldum unglinga og fjölskyldum ungra einstaklinga með átraskanir.

E 93 Notkun viðbótarmeðferða á íslenskum hjúkrunarheimilum

Þóra J. Gunnarsdóttir, Ingibjörg Hjaltadóttir

Hjúkrunarfræðideild, Háskóli Íslands
thoraj@hi.is

Inngangur: Íbúar á íslenskum hjúkrunarheimilum hafa margvísleg andleg og líkamleg vandamál og flóknar hjúkrunarþarfir. Rannsóknir hafa sýnt að þunglyndi og hegðunarvandi er margvíslegur meðal íbúa. Margar viðbótarmeðferðir virðast hafa jákvæð áhrif til að draga úr vanlíðan og efla gæði lífs meðal eldra fólks. Markmið þessarar rannsóknar var að fá upplýsingar um hvaða viðbótarmeðferðir eru veittar á íslenskum hjúkrunarheimilum, hverjir veita meðferðirnar og hversu stórt hlutfall í búa er talið geta haft not fyrir þær. Einnig var spurt hvort hjúkrunarheimilið þurfi stuðning til að efla viðbótarmeðferðir.

Efniviður og aðferðir: Spurningalisti með 14 spurningum um notkun viðbótarmeðferða var þróaður og sendur til allra hjúkrunarheimila á Íslandi, eða 59 talsins. Fjörutíu og átta heimili svöruðu, eða 81%.

Niðurstöður: Niðurstöðurnar sýndu að af þeim sem svöruðu bjóða 43 (90%) hjúkrunarheimili uppá viðbótarmeðferðir. Margar ólíkar starfsstéttir koma að því að skipuleggja og veita þessa meðferð en helst eru það hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar. Algengustu meðferðirnar eru: heitir bakstrar, leikfimi, samvera í hóp og nævera með einstaklingi. Fjörutíu og fjögur prósent eða 21 hjúkrunarheimili áætla að nær allir af íbúum geti nýtt sér þessar meðferðir. Hjúkrunarstjórnendur vildu flestir allir eða 43 (90%) þiggja aðstoð við eflingu viðbótarmeðferða, til dæmis í formi fræðslu eða samvinnu við aðrar stofnanir.

Ályktanir: Á flestum íslenskum hjúkrunarheimilum eru veittar viðbótarmeðferðir en hjúkrunarstjórnendur þessara heimila óska eftir að fá frekari upplýsingar, aðstoð og leiðbeiningar til að efla notkun þeirra enn frekar. Áhugavert væri að skoða frekar hvernig þessi notkun nýtist íbúum hjúkrunarheimila.

E 94 Samþætting í heimaþjónustu: Eigindleg rannsókn á samvinnu hjúkrunar- og félagsþjónustu

Margrét Guðnadóttir¹, Kristín Björnsdóttir¹, Sigríður Jónsdóttir²

¹Hjúkrunarfræðideild, Háskóli Íslands, ²Velferðarráðuneyti maggagudna@gmail.com

Inngangur: Unnið hefur verið að markvissri samþættingu í heimaþjónustu í Reykjavík frá árinu 2009 til að styrkja umönnunarstarf og gera öldruðum kleift að búa lengur heima með viðeigandi stuðningi. Fjölbreyttar þarfir aldraðra kalla á aðkomu fjölmargra starfsstétta og undirstrikar mikilvægi samvinnu í heimaþjónustu. Sýnt hefur verið fram á að samþætting auki gæði þjónustu með bættu flæði upplýsinga og einföldun daglegrar meðferðar og umönnunar í heimahúsi. Samvinna er forsenda samþættrar þjónustu en hún krefst skilvirkar upplýsingamiðlunar og skýrrar hlutverkaskipunar. Tilgangur rannsóknarinnar var að varpa ljósi á samvinnu milli starfsfólks hjúkrunar- og félagsþjónustu í fullsamþættri heimaþjónustu. Einnig að greina stöðu, hindranir og hvata samþættingar með hliðsjón af fræðilíkönunum.

Efniviður og aðferð: Rannsóknin var eigindleg þar sem byggt var á einstaklingsviðtölum og rýnihópum ($N=39$). Leitast var við að varpa ljósi á skilning starfsmanna í heimahjúkrun og félagsþjónustu á samvinnu og samþættingu heimaþjónustu. Í rýnihópasamtölum var leitast við að skýra frekar samvinnu og framgang samþættingar. Eigindleg innihaldsgreining og rammagreining voru nýttar við gagnagreiningu.

Niðurstöður: Samkvæmt skipuriti heimaþjónustunnar er fullri samþættingu lokið. Hún er þó ekki fullgerð miðað við upplifun starfsfólks og fræðileg líkön. Það skortir upp á samvinnu og samtal starfshópa og því einnig skilning og traust meðal starfsmanna.

Ályktanir: Samvinna ólíkra starfshópa er virkt ferli sem krefst undirbúnings, skipulags og eftirfylgni. Skilningur á hlutverkum innan teymis,

virðing og traust er grundvallarforsenda árangursríkrar samvinnu. Starfsfólki verður að vera ljós ávinningur samvinnu innan teymis. Það krefst stöðugs upplýsingaflæðis og styrkrar leiðsagnar stjórnenda. Þetta eru veigamikil atriði sem bæta þarf til að samþætting náist að fullu.

E 95 Ófullnægjandi notkun lækniþjónustu eftir fjölskyldutekjum

Rúnar Vilhjálmsson

Hjúkrunarfræðideild, Háskóli Íslands
runarv@hi.is

Inngangur: Gott aðgengi að heilbrigðisþjónustu er grundvallarmarkmið í vestrænum heilbrigðiskerfum. Samt sem áður sýna innlendar og erlendar rannsóknir að verulegur munur er á aðgengi að heilbrigðisþjónustu eftir tekjum. Í þessari rannsókn er lagt mat á fjórar skýringar á ófullnægjandi notkun heilbrigðisþjónustu eftir tekjum. Skýringarnar tengjast fjárhagserfiðleikum, útgjaldabyrði vegna heilbrigðisþjónustu, kerfisþröskuldi í heilbrigðisþjónustunni og fátæktarmenningu.

Efniviður og aðferðir: Rannsóknin byggir á tveimur landskönnunum meðal þjóðskrárúrtaks 18-75 ára Íslendinga (Heilbrigði og aðstæður Íslendinga I og II). Þátttakendur svöruðu báðum könnunum með árs millibili og voru könnunargögnin samtengd (panel snið). Unnið var úr gögnum með marghlíða (multivariate) greiningaraðferðum.

Niðurstöður: Rannsóknin leiddi í ljós að fjárhagserfiðleikar, útgjaldabyrði vegna heilbrigðisþjónustu, óánægja með fyrri lækniheimsóknir, og upplifð óvissa, skýrðu að fullu þann mun sem fram kom á aðgengi að lækniþjónustu eftir fjölskyldutekjum. Allar fjórar skýringar sem settar hafa verið fram á ófullnægjandi heilbrigðisþjónustu lágtekjufólks fengu nokkurn stuðning í rannsókninni.

Ályktanir: Vinna þarf markvisst að því að draga úr muni á aðgengi einstaklinga að lækniþjónustu eftir tekjum, í samræmi við markmið félagslegra heilbrigðiskerfa um sem jafnast aðgengi að heilbrigðisþjónustu. Í því sambandi þyrfti meðal annars að huga að aðgerðum til tekjujöfnunar og lækunar kostnaðar sjúklinga vegna heilbrigðisþjónustu, og ráðstöfunum sem miða að jákvæðri reynslu sjúklinga af heilbrigðisþjónustunni.

E 96 Sleepiness is more related to snoring than obstructive sleep apnea in the general population

Erna S. Arnardóttir¹, Erla Björnsdóttir², Össur I. Emilsson³, Bryndís Benediktsdóttir², Þórarinn Gíslason²

¹Sleep Research Unit, Faculty of Medicine, University of Iceland, ²Department of Resp Medicine and Sleep, Landspítali, ³Faculty of Medicine, University of Iceland
ernasif@landspitali.is

Objectives: To compare the role of habitual snoring vs. obstructive sleep apnea (OSA) on subjective sleepiness and other sleep symptoms in a general population cohort.

Methods: A general population sample of 40-65 year old Icelanders was invited to participate in a study protocol that included a type 3 sleep study and a questionnaire. Habitual snoring was defined as reported snoring ≥ 3 nights a week and excessive sleepiness as ≥ 10 on the Epworth Sleepiness Scale (ESS).

Results: Among 400 participants, not previously diagnosed with OSA, 59.0% had no OSA (apnea-hypopnea index [AHI] <5), 25.0% had mild OSA (AHI 5-14.9) and 16% had moderate-to-severe OSA (AHI ≥ 15) (previously reported in Arnardóttir et al 2016 ERJ). Overall, 42% of the subjects were defined as habitual snorers. They had higher ESS scores on average than nonsnorers (7.7 $\pm$ 4.0 vs. 6.4 $\pm$ 4.0, $p=0.003$) and were more likely to

have excessive sleepiness (31.6% vs. 20.6%, $p=0.02$). Habitual snorers were also more likely to report waking up with a dry mouth (24.1% vs. 14.9%, $p=0.03$) and nocturnal gastroesophageal reflux compared to nonsnorers (10.0% vs. 3.8%, $p=0.02$). These differences were not found in relation to OSA categories as previously reported. Regression analyses adjusting for age, gender and BMI confirmed the findings.

Conclusion: Subjective sleepiness in the general population is associated with reported habitual snoring but not to objectively measured OSA severity. Habitual snorers are also more likely to have symptoms related to respiratory effort such as a dry mouth and nocturnal reflux, differences not found based on the AHI.

E 97 The prevalence of insomnia, excessive daytime sleepiness and snoring across two generations

Bryndís Benediktsdóttir¹, Erla Björnsdóttir², Erna Sif Arnardóttir¹, Þórarinn Gíslason¹

¹Medical Faculty, University of Iceland, ²Department of Respiratory Medicine and Sleep, Landspítali- University Hospital,
brynbent@hi.is

Objectives: To compare the prevalence of insomnia, excessive daytime sleepiness (EDS) and snoring across two generations.

Methods: A general population sample aged 40-70 years ($n=6534$, females 54.4%) from the Nordic countries and Estonia and their offsprings aged 18-50 years. ($n=7582$, females 57.9%) answered The Nordic Sleep questionnaire on insomnia, EDS and snoring. Insomnia was defined as reporting difficulty initiating sleep (DIS), difficulty maintaining sleep (DMS) or early morning awakening (EMA) ≥ 3 nights/week. Snoring was defined as reported snoring ≥ 3 nights/week and EDS as feeling drowsy/sleepy during daytime ≥ 3 days/week.

Results: Insomnia and EDS were more frequent among females than males ($p<0.001$) in both generation, but snoring more frequent among males in both generations ($p<0.001$). Among the parents, 41.3% reported insomnia vs. 32.5% of offsprings. The most frequently reported symptom of insomnia in both generations was DMS (parents 33.8% vs. offsprings 22.1%). EDS was reported by 20.2% of parents and 34.9% of offsprings. Habitual snoring was reported by 26.3% of parents and by 11.2% of offsprings. Offsprings of parents with insomnia, EDS and snoring significantly more often reported these symptoms compared to offsprings of parents without these symptoms ($p<0.001$). The overrepresentation of EDS and snoring across generations was not explained by BMI.

Conclusion: A large multinational study on two generations shows an overrepresentation of insomnia, EDS and snoring among offsprings of parents with these symptoms compared to offsprings of parents without them.

E 98 Obstructive sleep apnea and cancer: a nationwide epidemiological survey

Þórarinn Gíslason¹, Elías F. Guðmundsson², Laufey Tryggvadóttir³

¹Landspítali University Hospital, Respiratory Medicine and Sleep, ²Pulmonary deptm, Landspítali, ³University of Iceland, Icelandic Cancer Society
thorarig@landspitali.is

Objectives: Several epidemiological studies have reported an increased cancer incidence among subjects with obstructive sleep apnea (OSA) and in animal models intermittent hypoxia has been related to markers of cancer activity. Our aim is to report nationwide data on the

prevalence and incidence of cancer among all diagnosed Icelandic OSA patients (total population 320,000).

Methods: Altogether 8,833 Icelanders 20 years and older (6311 males and 2522 females) had ever been diagnosed with clinically significant OSA from 1987 until December 2014. All subjects ever diagnosed with cancer in this group until 2014, were identified in the population-based Icelandic Cancer Registry. Standardized incidence ratios (SIR) were estimated.

Results: Among the OSA patients altogether 512 had been diagnosed with cancer when they were diagnosed with OSA and were excluded from the analyses. In the 88,542 person years of follow-up after OSA diagnosis there were 869 incident cancer cases (10.4%). The most common incident cancer in females was breast cancer (n=68, 28%) and prostate cancer in males (n=200, 32%). OSA patients with cancer had similar body mass index, OSA severity and age at OSA diagnosis as those not diagnosed. In the ongoing age- and gender specific risk analysis, subjects under 65 years of age were at increased cancer risk (SIR: 1.2(1.1;1.4)), especially melanoma that accounted for 3% of incident cases in females and males (8 and 19 cases, respectively, SIR(1.8(1.1;2.9))).

Conclusions: Nationwide Icelandic data show that OSA has a moderate risk association with some cancer types among subjects less than 65 years of age.

E 99 Sexuality and intimacy following cancer: a systematic review of couple-based interventions, synthesis and results

Jóna I. Jónsdóttir, Helga Jónsdóttir, Marianne Klinke

Nursing department, University of Iceland,
jonaijon@lsh.is

Background and Purpose: Few studies use couple based interventions to address sexual problems and intimacy problems after cancer. The aim of this review was to describe and synthesize the characteristics and results of these studies.

Methods: A systematic literature review of intervention studies including; randomized controlled studies, quasi experimental studies, and correlational pre-post studies. The Johanna Briggs Institute (JBI) reviewer's handbook guided the review and the PRISMA statement used to optimize transparent reporting of methods and results. An electronic search was conducted in PubMed, CINAHL, and PsychINFO from 2009-2016. Additional information was retrieved by scrutinizing reference lists, conducting citation tracking, and contacting authors. Two reviewers independently assessed the studies and the risk of bias was determined by using JBI-MASARI.

Results: Fourteen studies were included. Delivery, intensity and content of couple based interventions varied between studies. Interventions were delivered face-to-face, by telephone or via the internet/web. Sessions ranged from 1-8 with duration from 2-24 weeks. Most studies offered >3 sessions. Interventions addressed unique concerns and/or provided education or encompassed various mixtures of those. There was no consensus in the use of outcome measures across studies. Interventions were provided by peers or by professionals from different backgrounds such as nursing, psychology or social work.

Conclusion: There was no clear consensus about how couple based interventions were best structured and how their effectiveness should be ascertained. Results provide tentative evidence for how research and clinical practice may be refined when the goal is to alleviate sexual and intimacy concerns in couples following cancer.

E 100 Sleep length and the association to respiratory symptoms and obesity among middle aged adults

Pórarinn Gíslason¹, Erla Björnsdóttir¹, Erna S. Arnardóttir², Bryndís Benediktssdóttir²

¹Respiratory Medicine and Sleep, Landspítali University Hospital, ²Medical Faculty, University of Iceland
thorarig@landspitali.is

Study objectives: Sleep length has been found to be associated with obesity and various adverse health outcome variables. Obesity is related to respiratory symptoms. The possible association between of sleep length with and respiratory symptoms has not been described.

Methods: Participants (n=5850, 52.4% females) were adults in the third follow-up of the European Community Respiratory Health Survey (ECRHS III, www.ecrsh.org). Age range 40-68 years. Information was collected on general and respiratory health and sleep length.

Results: The mean (±SD) reported nighttime sleep duration was 6.9 ± 1.0 hours. Short sleepers (< 6 hours per night) were n= 387 (7.6%) of the sample and long sleepers (≥9 hours per night) were n=271 (4.3%). Short sleep was significantly associated with all respiratory symptoms (wheezing, waking up with chest tightness, shortness of breath, coughing, phlegm and bronchitis) also after adjusting for age, gender, body mass index (BMI), center, marital status, exercise and smoking. Short sleepers had a significantly higher BMI as compared to normal and long sleepers (p<0.001). Therefore, analyses were stratified for two groups:– obese subjects (n=2572) with BMI ≥ 30 and/or reported hypertension, diabetes or cardiovascular disease (n=2572); and a group including subjects with BMI < 30 and no co-morbidities (n=3238). Short sleep was related to the majority of respiratory symptoms among subjects in both groups whereas long sleep was related only a few symptoms among the more obese and symptomatic subjects.

Conclusion: Respiratory symptoms are more common among short sleepers independent of obesity and cardiovascular co-morbidity.

E 101 Fæðumynstur á meðgöngu - gagnsemi skimunar á fyrsta þriðjungi meðgöngu

Ingibjörg Gunnarsdóttir^{1,2}, Laufey Hrólfsdóttir¹, Hildur Harðardóttir^{3,4}, Bryndís E. Birgisdóttir^{1,2}, Þórhallur I. Halldórsson^{1,2}

¹Rannsóknastofa í næringarfræði við Háskóla Íslands og Landspítala, ²Matvæla og næringarfræðideild, Háskóla Íslands ³Landspítali, Kvennadeild, ⁴Læknadeild Háskóla Íslands
ingigun@hi.is

Inngangur: Næring á meðgöngu tengist heilsu móðurinnar á meðgöngu sem og þroska, vexti og heilsu barnsins til lengri tíma. Aðferðir til að kanna mataræði eru tímafrekar og þörf á einföldum mælikvörðum á hollustu fæðu sem unnt er að beita í klínísku starfi. Markmið rannsóknarinnar var að kanna hvort fæðumynstur snemma á meðgöngu, sem metið er með stuttum spurningalista um fæðuval, tengist kvillum á meðgöngu eða fæðingu.

Efniviður og aðferðir: Konur sem mættu í ómskoðun í 11.-14. viku meðgöngu á Landspítala frá 1.október 2015 - 30.september 2016 og samþykktu þátttöku í rannsókninni (~ 80%) svöruðu stuttum rafrænum spurningalista um fæðuval, menntun, hjúskaparstöðu, reykingar, fjölda fyrri barna, búsetu, hæð og þyngd (n=2117). Upplýsinga um kvilla á meðgöngu og í fæðingu var aflað úr sjúkraskrá.

Niðurstöður: Þegar þátttakendur voru spurðir hvort þeir forðuðust almennt ákveðnar fæðutegundir eða heilu fæðuflokkana, svöruðu um 20%

því játandi. Algengast var að þátttakendur forðuðust mjólkurvörur (9%), en um 4% sögðust forðast fisk og sama hlutfall forðast kjöt. Í heildina nota um 85% barnshafandi kvenna í rannsókninni einhver bætiefni, en 35% þátttakenda tók lýsi reglulega. Um 12% þátttakenda borða fisk <1x í mánuði og nota jafnframt < 1skammt á dag af mjólkurvörur og teljast í hættu að þróa joðskort á meðgöngunni.

Ályktanir: Góð þátttaka í rannsókninni bendir til þess að fýsilegt sé að skima fyrir fæðuvali í upphafi meðgöngu, með það fyrir augum að finna konur sem fullnægja ekki þörf sinni og fóstursins fyrir lykilnæringarefni eða eru taldar í áhættu á kvillum í meðgöngu vegna óheilsusamlegs mataræðis.

E 102 Meðgöngusýkingu eftir innleiðingu nýrra klínískra leiðbeininga um skimun fyrir sýkingu á meðgöngu

Margrét H. Ívarsdóttir¹, Hildur Harðadóttir^{1,2}, Ómar S. Gunnarsson², Arna Guðmundsdóttir³

¹Læknadeild Háskóla Íslands, ²Kvennadeild Landspítala, ³Lyflækningsvið, Landspítali mhi4@hi.is

Inngangur: Á Íslandi var tíðni meðgöngusýkingu (MGS) 4,4% árin 2007-8. Í febrúar 2012 tóku gildi nýjar klínískar leiðbeiningar um skimun fyrir MGS með lægri viðmiðum en áður. Búið var við að algengi MGS myndi aukast verulega.

Efniviður og aðferðir: Allar konur með MGS sem fæddu einbura á LSH frá 1.3. 2012–1.3. 2014 (n=345) og sambærilegur viðmiðunarhópur (V) (n=612). Skráður var aldur móður, kynþáttur, hæð, þyngd, sykurþolpróf, meðferð, meðgöngulengd, fæðingarmáti, fæðingarpýngd, fylgikvillar á meðgöngu, fæðingu og nýburaskeiði. Lýsandi tölfræði var beitt.

Niðurstöður: MGS greindist hjá 5,2% (345 / 6631). Insúlínmeðferð þurftu 33,9% en hjá 66,1% dugði mataræðisbreyting og hreyfing. Konur með MGS voru þyngri en V (88,2 kg vs 76,3; p=4*10⁻¹⁴). Fæðing var framkölluð hjá 51,6% og 22,7% (p=0.0001) hjá MGS og V en ekki var munur á keisarskurðartíðni. Hjá MGS og V var langvinnur háþrýstingur hjá 7,8% og 2% (p=0,00001) og vanvirkur skjaldkirtill hjá 5,5% og 2,1% (p=0,005). Konur með MGS voru ekki líklegri til að fá meðgönguháþrýsting eða meðgöngueitrun. Nýburar kvenna með MGS voru líklegri til að vera þungbúar (7,3% og 3,6%; p=0,012), fæðast fyrir tímann (7,5% og 2,9%; p=0,0011), þurfa skammtímaeftirlit á vöðudeild (17,4% og 11,1%; p=0,0061), fá nýburagulu (6,7% og 3,3%; p=0,015) og blóðsykurfall (3,48% og 0,16%; p=0,00002). Ekki var munur á tíðni axlarklemmu (p=0,2) og viðbeinsbrota (p=0,85).

Ályktanir: Algengi MGS hefur aukist úr 4,4% í 5,2%. Konur með MGS eru þyngri, hafa frekar langvinnan háþrýsting og þurfa oft framköllun fæðingar. Börn þeirra eru líklegri til að vera þungbúar, fyrirbúar, fá gulu og blóðsykurfall.

E 103 Endurspeglast notkunarleysi getnaðarvarna í endurteknum fóstureyðingum?

Sóley S. Bender

Hjúkrunarfræðideild, Háskóli Íslands
ssb@hi.is

Inngangur: Í lögum frá 1975 um fóstureyðingar segir að auðvelda eigi almenningi útvegum getnaðarvarna, m.a. með því að sjúkrasamlög taki þátt í kostnaði þeirra. Slíkt hefur aldrei komið til framkvæmda. Ýmsar getnaðarvarnir eru dýrar og eftir hrun hækkuðu þær í verði. Tilgangur

rannsóknarinnar var að skoða hvort breyting hafi orðið á endurteknum fóstureyðingum á tímabilinu 2000-2015.

Efniviður og aðferðir: Skráð gögn í Landshögum og gagnaskrá Embættis landlæknis um fóstureyðingar voru skoðuð með tilliti til endurtekinna fóstureyðinga á tímabilinu 2000-2015. Greint var hlutfall endurtekinna fóstureyðinga eftir því hvort viðkomandi hafði einu sinni, tvisvar eða þrisvar áður farið í fóstureyðingu.

Niðurstöður: Á fyrri hluta tímabilsins (2000-2007) var meðaltal endurtekinna fóstureyðinga 31% en 36% á því seinna (2008-2015). Langflestar af þeim sem höfðu áður farið í fóstureyðingu á tímabilinu 2000-2015 höfðu einu sinni áður slíka reynslu að baki. Það hlutfall var á bilinu 67-75%, 74% árið 2000 og 67% árið 2015. Það voru 16-25% sem höfðu á tímabilinu farið tvisvar áður í fóstureyðingu. Hlutfallið fór hækkan, úr 19% árið 2000 og í 25% árið 2015. Á bilinu 5-10% kvenna höfðu farið þrisvar sinnum áður í fóstureyðingu. Lítillsháttar hækkan var á síðara hluta tímabilsins.

Ályktanir: Á heimsvísu eru um 40% þungana taldar vera óráðgerðar. Um helmingur þeirra má rekja til þess að getnaðarvarnir brugðust. Stafar það meðal annars af því að þær voru ekki notaðar rétt. Það bendir til þess að ráðgjöf um getnaðarvarnir hafi verið ábótavant. Niðurstöður þessarar rannsóknar benda til vissra erfiðleika við notkun getnaðarvarna sem ráðgjöf um getnaðarvarnir og niðurgreiðsla getnaðarvarna gæti haft áhrif á.

E 104 Ráðgjöf um getnaðarvarnir á Kvennasviði Landspítala í 20 ár

Sóley S. Bender

Hjúkrunarfræðideild, Háskóli Íslands
ssb@hi.is

Inngangur: Samkvæmt lögum frá 1975 um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir, fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir þá skal starfrækja ráðgjöf um getnaðarvarnir á spítölum landsins. Slík ráðgjöf hefur verið starfrækt í tuttugu ár á Kvennasviði Landspítalans, 1997-2017. Tilgangur rannsóknarinnar var að skoða þróun þjónustunnar yfir tuttugu ára tímabil.

Efniviður og aðferðir: Skoðaðar voru komur kvenna í ráðgjöfina á árunum 1997-2017 með tilliti til fjölda, tegundar getnaðarvarna og alders. Gagnasöfnun byggðist á skráðum gögnum.

Niðurstöður: Fyrstu árin fer komur hægt fjölgandi frá 135 árið 1997 og nær hámarki á árunum 2002-2003, um 400 komur. Fjöldi koma hefur verið háður opnunartíma. Frá upphafi hafa unglingsstúlkur verið fjölmennasti hópurinn. Ráðandi getnaðarvarnir fyrstu tíu árin voru getnaðarvarnapillan og hormónasprautan. Oft voru ódýrari getnaðarvarnir fyrir valinu. Á seinna helmingi tímabilsins verður val kvenna um getnaðarvarnir fjölbreyttara. Notkun lykkjunnar er mismikil milli ára, um 5-20% af öllum getnaðarvörnum. Almenn er lítill notkun á hormónahringnum og hormónaplástrinum.

Ályktanir: Sú þróun hefur átt sér stað á árunum 1997-2013 að tíðni fóstureyðinga meðal unglingsstúlkna 15-19 ára hefur farið verulega lækkan. Árið 1997 var tíðnin 20,4 per 1000 en var komin niður í 12,7 per 1000 árið 2014. Margvíslegir skýringarþættir geta legið þar að baki eins og greitt aðgengi að neyðarpillunni árið 2000 og ráðgjöf um getnaðarvarnir. Líklegt má telja að ráðgjöfin stuðli að meðferðarhaldni en slíkt krefst frekari rannsókna. Niðurstöður sýna að ódýrari getnaðarvarnir verða oft fyrir valinu. Mikilvert er að niðurgreiða getnaðarvarnir til að konur hafi val um fleiri tegundir getnaðarvarna og geti á öruggan hátt haft stjórn á barneignum.

E 105 Alvarleg gula hjá nýburum: nýgengi og áhættuþættir

Ása U. Bergmann Þorvaldsdóttir, Þórður Þórkelsson

Barnaspítali Hringins, Háskóli Íslands

asaunmur@gmail.com

Inngangur: Nýburagula orsakast af auknu magni gallrauða (*bilirubin*) í blóði. Ef þéttni blóðrauða í blóði nýbura verður mjög há er hættu á að hann nái að fara yfir blóð-heilaþröskuld, sem getur valdið alvarlegum heilaskemmdum.

Efni og aðferðir: Gerð var afturskyggn tilfella viðmiðarannsókn á fullburða nýburum (meðgöngulengd ≥ 37 vikur) sem fæddust á Landspítalanum 2008-2014 og mældust með gallrauða $\geq 350 \mu\text{mol/L}$ í blóði. Fyrir hvert tilfelli var fundið eitt viðmið í þjóðskrá, parað á fæðingardeg. Nýgengi alvarlegrar nýburagulu (gallrauði $\geq 350 \mu\text{mol/L}$) var reiknað sem fjöldi tilfella árlega miðað við heildarfjölda fullburða barna sem fæddust á Landspítalanum.

Niðurstöður: 128 börn uppfylltu skilyrði rannsóknarinnar. Nýgengi alvarlegrar gulu yfir allt tímabilið var 0.58%. Börn með alvarlega gulu voru fædd eftir styttri meðgöngulengd en viðmiðin (<0.0001), voru líklegri að vera með mar við fæðingu ($p=0.0068$), að hafa lést meira fyrstu fimm dagana eftir fæðingu ($p=0.0125$) og að hafa útskrifast af spítalanum <36 klukkustunda gömul ($p=0.0015$).

Ályktanir: Styttri meðgöngulengd eykur líkur á alvarlegri gulu hjá nýburum, jafnvel fullburða börnum. Börn sem útskrifast snemma heim og eru undir eftirliti ljósmóður í heimahúsi eru líklegri til að fá alvarlega gulu en börn sem fylgst er með á sjúkrahúsi. Mikið þyngdartap fyrstu dagana eftir fæðingu, sem yfirleitt er vegna ónógrar fæðuinntöku, eykur einnig líkur á alvarlegri gulu. Hugsanlegt er að hægt sé að minnka líkur á alvarlegri gulu með því að bæta eftirlit með gulu hjá börnum í heimahúsi, til dæmis með notkun húðmæla og að fylgjast betur með næringarinntöku þeirra, til dæmis með því að vigta þau í heimahúsi.

E 106 Sulforaphane hindrar mæði-visnuveiru sýkingu í makrófögum

Stefán R. Jónsson, Valgerður Andrésdóttir

Tilraunastöð HÍ í meinafræði að Keldum

stefanjo@hi.is

Inngangur: Stöðugt vopnakaþphlaup er milli lífvera og veira. Veirur nýta sér mörg af próteinum hýsilsins sér til framdráttar og hafa hýsilfrumur komið sér upp margvíslegum vörnum gegn veirusýkingum. Nokkrar veirur nýta sér tjáningu Nrf2 sem er lykilprótein í andoxunarferlinu. Nýlega kom í ljós að aukning í tjáningu Nrf2 með plöntuefninu Sulforaphane (SFN) hindraði HIV-1 sýkingu í makrófögum en ekki T frumum. Var því athugað hvort að hægt væri að hindra mæði-visnuveiru (MVV) sýkingu í kinda makrófögum með því að auka tjáningu Nrf2 með SFN. Einnig var athugað hvort að munur væri á áhrifum aukinnar Nrf2 tjáningar í makrófögum og choroid plexus (SCP) frumum.

Efni og aðferðir: Kinda makrófagar og SCP frumur voru meðhöndlaðar með $5 \mu\text{M}$ SFN og sýktar með KV1772 sólarhring síðar. Tekin voru sýni daglega og á þriggja daga fresti var SFN og AZT bætt í ræktirnar. Veiruframleiðsla var mæld með RT-qPCR.

Niðurstöður: Meðhöndlun með SFN hindraði MVV sýkingu í makrófögum. Mun minni áhrif voru af SFN í SCP frumum. SFN hafði ekki áhrif á lífvænleika frumnanna.

Ályktanir: Niðurstöðurnar sýna að hægt er að hindra MVV sýkingu í makrófögum, sem eru náttúrulegar markfrumur veirunnar, með með-

höndlum með SFN.

E 107 IL-10 phosphorylates STAT 3 but does not show synergistic effects with common gamma chain cytokines

Fannar P. Theódórs, Andri L. Lemarquis, Helga K. Einarssdóttir, Björn R. Lúðvíksson

Department of Immunology, Landspítali

fat2@hi.is

Introduction: Selective IgA deficiency (sIgAD) is characterized by the inability of B lymphocytes to produce IgA.

It has been shown *in vitro* that IgA B cells can produce IgA after combined IL-10 and IL-4 stimulation compared to much weaker response with IL-10 and IL-2 stimulations, even though both IL2 and 4 signal through the common gamma chain.

Aim of this study is to profile B and T cell signaling with these cytokines with Phospho flow, a new method of researching intracellular pathways by measuring phosphorylation of signalling molecules.

Material and methods: Peripheral mononuclear cells (PBMCs) were stimulated with selected cytokines for 30 minutes and then stained for phosphorylated intracellular proteins of the JAK/STAT and MAP kinase pathways: STAT1, STAT3, STAT5, STAT6 and ERK1/2, P38.

Results: No interplay was seen following co-stimulation of different cytokines with IL-10. IL-21, a cytokine known to be important in the induction of IgA production, showed signaling through STAT3 like IL-10. Stimulation by INF- γ , a cytokine known for its pro-inflammatory properties, showed phosphorylation through STAT1 and PMA through P38 and ERK1/2.

Conclusions: Even though a synergistic augmentative effect on IgA secretion is seen with common gamma chain cytokines in addition to IL-10 no differences in phosphorylation were observed at an early timepoint.

The differences may be seen at later timepoints and at different maturation stages of B cells and are important to clarify since by further understanding the signaling pathways important in IgA class switching can provide therapeutic insights using novel drugs targeting intracellular pathways.

E 108 The Loss of A-Type Current in the *Mitf* Mutant Olfactory Bulb Projection NeuronsHallur Reynisson^{1,2}, Diahann A. M. Atacho², Eiríkur Steingrímsson³, Pétur H. Petersen², Þór Eysteinnsson¹¹Department of Physiology, University of Iceland, ²Department of Neuroscience, University of Iceland, ³Department of Biochemistry and Molecular Biology, University of Iceland

hallurlitli@gmail.com

Introduction: The *Mitf* transcription factor has been shown to be expressed by projection neurons of the olfactory bulb (OB). However its putative function in neural circuits of the OB is still unknown. It has been shown that *Mitf* mutant mice show hypersensitivity to novel scents after habituation. In this study we examine the electrophysiological characteristics of olfactory bulb projection neurons (OBPN) from wild type and *Mitf* mutant mice to better understand this increase in olfactory discrimination.

Materials and methods: Olfactory bulbs were removed from C57Bl/6J (WT) and *Mitf* *mi-vga9/mi-vga9* (MUT) mice for primary neuronal culture. Projection neurons were selected based on morphology and size for whole-cell patch clamping to assess changes in membrane currents and spiking activity.

Results: Voltage clamp data shows that the MUT OBPNs peak A-Type current magnitude is reduced to about half of their WT counterpart. The reversal potential is also shifted by about 10 mV in the positive direction. Current clamp data recorded under passive conditions showed a four-fold increase in the MUT OBPNs firing frequency whilst a 110 pA current pulse from ~70mV evoked spike trains which had a 2.11 times shorter response time, with a 1.35 fold increase in firing frequency, implying a decreased A-Type current.

Conclusions: The MUT OBPNs show a reduced A-Type current, which results in a faster firing frequency and shorter response time to current injections. The MUT IV curve shift suggests a reduction in ion channels mediating positive outward current. This change in OBPN sensitivity may explain the increased olfactory discrimination of *Mitf* mutant mice

E 109 A rare germline coding variant affects ATG7 function

Margrét H. Ögmundsdóttir¹, Valerie Fock¹, Kristín Bergsteinsdóttir¹, Vivian Pogenberg², Ramile Dilshat¹, Sigrún Kristjánsdóttir³, Christian Bindesboll⁴, Einar S. Björnsson⁵, Anne Simonsen⁴, Matthias Wilmanns², Jón G. Jónasson³, Eiríkur Steingrímsson¹

¹Biomedical Center, Department of Medicine, University of Iceland, ²EMBL Hamburg, ³Department of Pathology, Landspítali-University Hospital, ⁴Institute of Basic Medical Sciences, University of Oslo, ⁵Department of Gastroenterology and Hepatology, Landspítali-University Hospital
mho@hi.is

Introduction: Autophagy is an intracellular degradation process which can be beneficial for cancer cells under challenging conditions. However, mouse studies suggest that autophagy may protect against tumor initiation, especially in the liver. Whether key autophagy genes also play a role in cancer initiation in humans has been unclear.

Materials and Methods: Genetic association analysis of patients with hepatocellular and bile duct cancer were employed for analyzing whether variants in key autophagy genes associate with these types of cancer. Tumor tissue samples were analyzed and hepatocellular cell cultures and mouse embryonic fibroblasts were utilized for functional experiments.

Results: Through genetic association analysis of patients with hepatocellular and bile duct cancer, we identified a rare germline missense variant in the essential autophagy gene *ATG7*. The autophagy substrate p62 accumulates more in tumors of carriers than non-carriers. We identified two *ATG7* isoforms expressed in the liver, one of which lacks the ability to promote autophagosome formation through lipidation of the core autophagy protein LC3. Expression of the variant in both *ATG7* isoforms leads to altered protein function *in vitro*.

Discussions: Our data indicate a role of *ATG7* in the development of human cancer and demonstrate important functional properties of *ATG7*.

E 110 Effects of thrombin and activated protein C on endothelium. Role of AMP-kinase and biased signaling

Sigurður T. Karvelsson¹, Hallbera Guðmundsdóttir¹, Haraldur Halldórsson¹, Guðmundur Þorgeirsson²

¹Inst. Pharmacol. Toxicol, University of Iceland, ²Department of Medicine, University of Iceland
stk13@hi.is

Introduction: Some receptors can be activated by different ligands leading to different cellular responses, so-called biased signaling. The PAR1 receptor can be activated by both thrombin and activated protein C (APC). In endothelial cells, thrombin has barrier disruptive and in-

flammatory effects while APC mediates barrier enhancement and reduces inflammation. Our aim is to define the differences in signaling following activation of PAR1 in cultured endothelial cells by thrombin and APC, particularly to examine the role of AMP-activated kinase (AMPK) in mediating the anti-inflammatory effects of APC.

Materials and methods: Human umbilical vein endothelial cells were grown in EGM medium and used at passage 2-3. Expression of adhesion molecules (ICAM, VCAM and selectin) was studied using qPCR and western blotting. Phosphorylation of Akt, AMPK, myosin light chain (MLC) and MAPkinases was determined by western blotting.

Results: Thrombin (1u/ml) caused immediate but transient activation of AMPK, Erk1/2 and p38 and a slower activation of JNK, as well as an immediate inhibition of Akt. Thrombin also caused increased phosphorylation of MLC and increased expression of adhesion molecules. APC caused all the same effects, but to a much lesser degree. Pretreatment with APC or with a low dose of thrombin reduced the response to a high dose of thrombin. Pretreatment with activators of AMPK also reduced the response to thrombin as did treatment with inhibitors of p38 and JNK.

Conclusions: These result are more compatible with APC having preconditioning effects partly mediated by AMPK, rather than causing biased signaling.

E 111 Útgjöld íslenskra heimila vegna heilbrigðismála

Rúnar Vilhjálmsson

Hjúkrunarfræðideild, Háskóli Íslands
runarv@hi.is

Inngangur: Heilbrigðisútgjöld heimila geta haft veruleg áhrif á aðgengi að heilbrigðisþjónustu. Markmið rannsóknarinnar var að kanna heilbrigðisútgjöld heimilanna og hvort tilteknir hópar verðu hærri upphæðum og hefðu meiri kostnaðarbyrði en aðrir.

Efniviður og aðferðir: Byggt er á landskönnuninni Heilbrigði og lífshættir Íslendinga, sem fram fór vorið 2015 meðal þjóðskrárártaks Íslendinga á aldrinum 18-75 ára. Svarendur fengu póstsendan spurningalista en var einnig gefinn kostur á að fylla spurningalistann út á netinu. Alls tóku tæplega 1600 (N=1599) einstaklingar þátt í heilbrigðiskönnuninni og voru heimtur tæp 60%. Meðal annars var spurt um sundurliðaðan kostnað heimilis vegna heilbrigðismála, auk ítarlegra bakgrunnsspurninga.

Niðurstöður: Mikill munur var á heilbrigðisútgjöldum heimilis eftir hópum. Hæst útgjöld í krónum höfðu heimili miðaldra og eldra fólks, sambúðarfólks, stórra fjölskyldna, fólks með hærri tekjur, langveikra og öryrkja. Þegar heimilisútgjöld vegna heilbrigðismála voru hins vegar skoðuð sem hlutfall af ráðstöfunartekjum heimilis kom í ljós að útgjaldabyrði var hæst á heimilum ungs fólks og námsmanna, atvinnulausra, fólks utan vinnumarkaðar, lágtekjufólks, langveikra og öryrkja.

Ályktanir: Félagsleg heilbrigðiskerfi miða að því að halda niðri heilbrigðisútgjöldum heimila til að tryggja gott aðgengi að heilbrigðisþjónustu. Há heilbrigðisútgjöld og útgjaldabyrði ýmissa hópa hérlandis er verulegt áhyggjuefni. Vinna þarf markvisst að því að draga úr heildarútgjöldum einstaklinga og heimila vegna heilbrigðismála og treysta um leið stoðir hins félagslega heilbrigðiskerfis Íslendinga.

E 112 Klínísk rökhusun og ákvarðanatata sjúkráþjálfara við hreyfingu á alvarlega veikum sjúklingum; eigindleg rannsókn

Ólöf R. Ámundadóttir¹, Gísli H. Sigurðsson¹, Helga Jónsdóttir², Elizabeth Dean³

¹Læknadeild, Háskóli Ísland, ²Hjúkrunarfræðideild, Háskóli Ísland, ³Department of

Physiotherapy, University of British Columbia
olofra@landspitali.is

Inngangur: Sjúkraþjálfarar gegna mikilvægu hlutverki í meðferð alvarlega veikra sjúklinga á gjörgæsludeildum og jákvæð áhrif þess að auka hreyfingu og upprétta stöðu gjörgæslusjúklinga eru vel þekkt. Markmið þessarar eiginlegru rannsóknar var að lýsa ferli klínískrar rökhugsunar og ákvarðanatöku sjúkraþjálfara við hreyfingu á alvarlega veikum sjúklingum á gjörgæsludeild.

Efniviður og aðferðir: Þægingdaúrtak 12 sjúkraþjálfara sem störfuðu á skurð-, lyfja- og gjörgæsludeildum Landspítala og tóku þátt í gæsluvöktum sjúkraþjálfara. Gagnasöfnun fólst í áhorfsathugun og hálfstöðluðu djúpvíðtali. Gögnin voru greind með eiginlegri efnisgreiningu.

Niðurstöður: Greining gagna leiddi í ljós 6 flokka og fjóra umlykjandi þætti sem höfðu áhrif á klíniska rökhugsun og ákvarðanatöku sjúkraþjálfara við hreyfingu á alvarlega veikum sjúklingum. Flokkarnir kallast: Sjúklingur, Gjörgæsla, Sjúkraþjálfari, Flutningur, Þjálfun (aðferð, ákefð, tími og tíðni) og Áætluð niðurstaða. Umlykjandi þættirnir fjórir kallast: Öryggi og vellíðan, Skoðun og meðferð samtvinnuð, Einstaklingsbundin meðferð byggð á viðbrögðum sjúklings og Hindranir og lausnir.

Ályktanir: Niðurstöður rannsóknarinnar varpa ljósi á klíniska rökhugsun og ákvarðanatöku sjúkraþjálfara við hreyfingu á alvarlega veikum sjúklingum. Nálgun sjúkraþjálfaranna í rannsókninni að hreyfingu alvarlega veikra sjúklinga var einstök og byggðist á ástandi sjúklings, einstaklingsbundnum þörfum hans og svörun við hreyfingunni, auk aðstæðubundinna atriða. Þekking á ferli klínískrar rökhugsunar sjúkraþjálfara við hreyfingu á alvarlega veikum sjúklingum varpar ekki einungis ljósi á hugsanaferli sjúkraþjálfaranna sjálfra við þetta verkefni, hún getur einnig nýst til að kenna starfshátt, nýliðum og nemum.

E 113 Stuðningur við hjúkrunarfræðinema í klínísku námi á sængurkvennadeild

Arnheiður Sigurðardóttir

Heilbrigðisvísindasvið, Hjúkrunarfræðideild, Háskóli Íslands
arnheid@hi.is

Inngangur: Tilgangur starfendarannsóknarinnar var að varpa ljósi á hvaða verkefni hjúkrunarfræðinema verða vitni að eða taka þátt í að framkvæma í klínísku námi á meðgöngu og sængurkvennadeild Landspítala. Einnig var athugað hvort námstækifærablað og verkefnabók um brjóstagjöf sem lögð eru fyrir nemendur á námstímanum gæti stutt nemendur í námi þar sem töluverður tími getur liðið á milli þess sem nemendur sækja bóklega tíma, fara á vettvang og taka próf.

Efniviður og aðferðir: Innleitt var dagbókar námstækifærablað þar sem nemendur voru beðnir um að skrá hvað þeir gerðu eða urðu vitni að á vettvangi og lögð var fyrir nemendur verkefnabók um brjóstagjöf. Gögnum var safnað með könnun í Uglu þar sem 58 hjúkrunarfræðinema skráðu dagbókarskráningu sína af námstækifærablað og lögðu mat á gagnsemi verkefnabókar um brjóstagjöf. Gagnasöfnun hófst að hausti 2015 og lauk að vori 2016. Dagbókarfærslum alls 58 hjúkrunarfræðinema var safnað, þær flokkaðar og greindar.

Niðurstöður: Niðurstöður sýna að hjúkrunarfræðinema eru að takast á við margvísleg verkefni í klínísku námi sínu. Nemendur voru virkir í að skrá atburði og upplifanir sem þeir töldu áhugaverðar. Nemendur sögðu að vinna við verkefnabókina gæfi reynslu þeirra á deild meiri dýpt og hjálpaði þeim að setja efnið í betra samhengi.

Ályktanir: Niðurstöður eru í samræmi við skrif fræðimanna sem fjallað hafa um árangursríkar aðferðir til stuðnings og virkni nemenda í námi.

E 114 Þróun á stuttri útgáfu *Balanced Inventory of Desirable Responding*

Ragnhildur Ásgeirsdóttir, Vaka Vesteinsdóttir, Fanney Þórsdóttir

Sálfræðideild, Háskóli Íslands
ragnhild@hi.is

Inngangur: *Balanced Inventory of Desirable Responding* (BIDR) kvarðinn er eitt mest notaða mælitækið á félagslega æskilegri svörun, sem er tilhneiging fólks til að gefa fegraða mynd af sér í sjálfsmati. Tilgangur þessarar rannsóknar var að þróa styttri útgáfu af BIDR-kvarðanum.

Efniviður og aðferðir: BIDR-kvarðinn samanstendur af tveimur undirkvörðum, sjálfsblekkingu og ímyndarstjórnun, sem innihalda hvor um sig 20 fullyrðingar sem svarað er á 7 punkta kvarða (1=Ekki satt, 4=Að einhverju leyti satt, 7=Mjög satt). Framkvæmdar voru þrjár rannsóknir. Í fyrstu rannsókninni (N=579) voru próffræðilegir eiginleikar kvarðans athugaðir með notkun staðfestandi þáttagreiningar (*confirmatory factor analysis*; CFA) og svarferlallíkana (*item response theory*; IRT). Í annarri rannsókninni (N=471) voru metin áhrif fyrirmæla þar sem þátttakendur voru beðnir um að fegra svör sín og í þriðju rannsókninni (N=20) var farið ítarlega í gegnum hvert atriði með viðtölum (*cognitive interviews*) til að bera kennsl á möguleg vandamál varðandi orðalag eða innihald atriða.

Niðurstöður: Niðurstöður þessara þriggja rannsókna leiddu til þróunar 24 atriða kvarða, BIDR-Short.24. Við val á atriðum var stuðst við þáttahleðslur (≥ 30), sundurgreiningarhæfni (*item discrimination*; $> .64$), innihaldsréttmæti sem var metið með fegrunarfyrirmælum og að atriði hafi ekki innihaldið sérstaklega viðkvæm mállefni, tvöfaldar neitanir eða annað sem olli vandræðum við svörun. CFA á BIDR-Short.24 benti til bættra mátgæða miðað við lengri útgáfu og IRT greining benti til þess að BIDR-Short.24 greini álíka vel á milli þeirra sem hafa mismikið af þessari tilhneigingu og lengri útgáfan.

Ályktanir: Niðurstöður benda til þess að próffræðilegir eiginleikar BIDR-Short.24 séu viðunandi en þörf er á frekari rannsóknum á kvarðanum.

E 116 Survival after pulmonary resections for non-small cell lung cancer has improved

Hannes Halldórsson¹, Ástríður Pétursdóttir^{1,2}, Björn Már Friðriksson^{1,2}, Guðrún Nína Óskarsdóttir², Steinn Jónsson^{1,3}, Magnús K. Magnússon^{1,4}, Tómas Guðbjartsson^{1,2}

¹University of Iceland, Faculty of medicine ²Landspítali University Hospital, Department of cardiothoracic surgery, ³Department of pulmonology Landspítali University Hospital, ⁴Biomedical center and department of pharmacology and toxicology University of Iceland
hannes29@gmail.com

Objectives: We studied the outcome of pulmonary resection for non-small cell lung cancer (NSCLC) in a well defined population over a 24 year period, with special focus on survival.

Materials and methods: All NSCLC-patients that underwent pulmonary resection in Iceland 1991-2014 were reviewed for demographics, TNM-stage, complication rates and overall survival, over six 4-year periods. Overall survival was estimated (Kaplan-Meier) and Cox-logistic regression used to identify prognostic factors of survival. Median follow-up was 31 months.

Results: 693 operations were performed on 655 individuals (52% females); 523 lobectomies (76%), 84 pneumonectomies (12%) and 86 sub-lobar

resections (12%). Adenocarcinoma (76%) and squamous cell carcinoma (28%) were the most common histology types. The mean age increased from 63 to 66 yrs. in 1991-1994 to 2011-2014, respectively ($p < 0.001$), and the proportion of stage I-II tumors from 74% to 87% in the same periods ($p = 0.01$), with no change in incidental diagnosis (33%) ($p = 0.80$). Both 1 and 3-year survival increased significantly from 1991-1994 to 2011-2014 ($p = 0.003$); 69% to 91% at 1-year and from 43% to 72% at 3 yrs. Independent prognostic factors for mortality were advanced TNM-stage ($HR = 1.38$) and age ($HR = 1.03$), ischemic heart disease ($HR = 1.25$) and year of treatment, with most favorable survival seen in 2011-2014 ($HR = 0.51$; 95% $CI = 0.33-0.80$; $P = 0.003$).

Conclusion: Survival of patients operated for NSCLC has improved significantly in Iceland. This is not explained by increased incidental detection or number of patients diagnosed in lower stages. Improved preoperative staging and fewer understaged patients may contribute to this result.

E 117 Hemispatial neglect: Clinical course and sensitivity of diagnostic tasks

Marianne E. Klinke¹, Haukur Hjaltason², Guðný B. Tryggvadóttir³, Helga Jónsdóttir¹

¹Faculty of Nursing, School of Health Sciences, ²Neurological Department, Landspítali, ³The Social Science Research Institute, University of Iceland
marianne@hi.is

Objectives: Describe (i) the course of clinical symptoms in stroke patients with moderate to severe hemispatial neglect (HN) from acute setting to home, (ii) the sensitivity of clinical diagnostic tasks over time, and (iii) agreement between the researcher's and patients' HN assessment.

Methods: Prospective longitudinal study. Out of 79 consecutive patients with HN after a first right hemisphere stroke we included 23 patients with moderate/severe HN. The Catherine Bergego Scale (CBS) was used as a benchmark for HN and to measure agreement between the researcher's and patients' HN assessment. Diagnostic HN tasks included star cancellation, line crossing, line bisection, fluff test, figure copying, and clock drawing. Data were collected at; t1: sub-acute stroke, t2: during rehabilitation, and t3: after discharge.

Results: (i) HN improved over time but 20 still had symptoms at t3, four continued to be severely affected. Frequent concomitant challenges included paralysis, impaired skin sensation, visual deficits, and extinction. (ii) Combining the star cancellation and figure copying yielded the highest sensitivity at all time-points. (iii) Patients' HN scores differed from the researcher's at t1. The difference was insignificant at t3. Nevertheless, eight patients rated themselves as more affected by HN than the researcher did, and two patients considerably overestimated their abilities.

Conclusion: This study is the first to include only patients with moderate to severe HN at baseline and to show their concomitant stroke challenges. HN persisted to some degree in most patients. The star cancellation and figure copying were superior test combinations to detect HN at all time-points.

E 118 Malnutrition in patients with COPD; association with lung function and length of hospital stay

Áróra Ingadóttir^{1,2}, Anne M. Beck³, Christine Baldwin⁴, Ólöf G. Geirsdóttir^{1,5}, Alfons Ramel¹, Þórarinn Gíslason⁶, Ingibjörg Gunnarsdóttir^{1,2}

¹Unit for Nutrition Research, Landspítali University Hospital & Faculty of Food Science and Nutrition, University of Iceland, ²Department of Clinical Nutrition, Landspítali University Hospital, ³Department of Nutrition and Health, Faculty of Health and Technology, Metropolitan University College, Copenhagen N, ⁴Division of Diabetes and Nutritional Sciences, King's College London, ⁵The Icelandic Gerontological Research Center, Landspítali University Hospital & University of Iceland, ⁶Faculty of Medicine, University of Iceland, and Department of Respiratory Medicine and Sleep, Landspítali University Hospital
aroraros@lsh.is

Introduction: Diagnosis criteria of malnutrition were proposed by the European Society for Clinical Nutrition and Metabolism (ESPEN) in 2015. The aims of this study were to compare the prevalence of malnutrition using a validated screening tool and new criteria proposed to ESPEN in patients with COPD, and to assess the ability of different components of the ESPEN criteria to predict lung function and length of stay (LOS).

Methods: Subjects were COPD patients ($n = 121$) admitted to Landspítali in the period March 2015- March 2016. Patients were screened for risk of malnutrition using Icelandic screening tool (ISS). Body composition was measured with a bioelectrical impedance analyser (BIA). Lung function was measured with spirometry.

Results: In total, 36.4% of the patients were at risk of malnutrition using the ISS. The prevalence of malnutrition according to the ESPEN criteria was 20.7%. $FEV_1\%$ of predicted was significantly lower in subject with BMI below age related cut off (mean 37.2 ± 17.3 vs. 49.6 ± 21.3 , $p = 0.006$). Significantly lower $FEV_1\%$ of predicted was seen in subjects with low fat free mass index (FFMI) (mean 35.6 ± 21.9 vs. 50.1 ± 18.9 , $p = 0.001$). There was a trend towards longer LOS in subjects with low FFMI (median 10.0 vs. 8.0, $p = 0.067$).

Conclusion: Our study is the first to describe the prevalence of malnutrition in hospitalized COPD patients using the ESPEN criteria from 2015. It might be suggested that age related BMI and FFMI should be used as an independent criteria for diagnosis of malnutrition in COPD patients.

E 119 Parameters affecting ACL loading at two time points of early stance of dynamic task performance

Haraldur B. Sigurðsson¹, Þórarinn Sveinsson², Kristín Briem²

¹Faculty of Medicine, University of Iceland, ²Department of Physical Therapy, University of Iceland
harbs@hi.is

Introduction: Anterior cruciate ligament (ACL) injuries most commonly occur during the first 100ms of stance during dynamic activities, during which two discrete events of biomechanical significance are seen: the first peak vertical ground reaction force (vGRF) and the peak negative sagittal plane power (SPP). Little is known about how biomechanical data compare between these two timeframes. The purpose of the study was to contrast variables associated with ACL injury risk during each instance.

Methods: 125 athletes aged 9-11 year old were recruited from local sports clubs. Their movements were recorded while they performed cutting maneuvers to the right and left, using an 8 camera Qualisys system and two AMTI force plates. Statistical analyses contrasting data at the two instances were performed using the paired samples t-test, and correlation coefficients used to analyze associations between relevant variables.

Results: The first peak vGRF occurred at a mean (SD) of 45ms (15ms) after initial contact and the peak negative SPP at 80ms (45ms). Significant

differences (all $p < 0.0001$) were found between the two time points for all knee angles and moments, the largest for the flexion angle which was 9.8° (4.2) larger at SPP. Post-hoc analyses showed strong associations between outcome variables between joints and time points.

Conclusions: Both the first peak vGRF and minimum SPP occur within the first 100 ms of stance and may therefore both be relevant for ACL injury risk during early stance. Further investigation is warranted to identify at which instance greater strain is placed on the ligament.

E 120 Dietary habits across the lifespan and risk of monoclonal gammopathy of undetermined significance

Marianna Þórðardóttir¹, Ebba K. Lindqvist², Sigrún H. Lund¹, Rene Costello³, Jóhanna E. Torfadóttir⁴, Bryndís E. Birgisdóttir⁴, Debra Burton⁵, Laufey Steingrimsdóttir⁴, Neha S. Korde⁵, Sham Mailankody⁵, Guðný Eiríksdóttir⁴, Lenore J. Launer⁷, Tamara B. Harris², Ola Landgren⁵, Vilundur Guðnason⁶, Sigurður Y. Kristinsson¹

¹Faculty of Medicine, University of Iceland, ²Department of Medicine, Karolinska University Hospital and Karolinska Institutet, ³National Cancer Institute, National Institutes of Health, ⁴Unit for Nutrition Research, University of Iceland, ⁵Division of Hematologic Oncology, Memorial Sloan-Kettering Cancer Center, ⁶Icelandic Heart Association, ⁷National Institute on Aging, National Institute of Health
mthoridar@hi.is

Background: All multiple myeloma (MM) cases are preceded by the premalignant state, monoclonal gammopathy of undetermined significance (MGUS). The etiology of MGUS is to a large extent unknown. Our aim was to explore the effect of diet and dietary patterns on MGUS.

Methods: This study was based on participants from the AGES-Reykjavik Study (N=5,764). Participants gave information on frequency of intake of common foods throughout the lifespan. We screened all participants for MGUS. Principal component analysis was used to extract dietary patterns. Logistic regression was used to test association between diet and dietary patterns and MGUS.

Results: A total of 300 (5.2%) MGUS cases were identified. We found that high consumption of fruits in adolescence and whole-wheat bread in mid-life were inversely associated with MGUS (OR = 0.63, 95% CI 0.52 - 0.97 and OR = 0.76, 95% CI 0.59 - 1.00, respectively). Additionally, we found that constant high consumption of rye bread and potatoes throughout the lifespan were inversely associated with MGUS (OR = 0.70, 95% CI 0.55 - 0.95 and OR = 0.63, 95% CI 0.45 - 0.96, respectively) when compared to constant low consumption. High adherence to an early life pattern high in salted/smoked meat and fish and liver sausage, and high adherence to a midlife pattern high in potatoes and whole-wheat bread were inversely associated with MGUS (OR=0.89, 95% CI 0.79-1.00 and OR=0.88, 95% CI 0.79-0.98, respectively).

Conclusion: Our findings suggest that food intake can alter the risk of developing MGUS.

E 121 Öryggi barna í innkaupakerrum: árangursríkt inngrip til forvarna

Árni Eiríksson

Rannsóknarstofa í atferlissgreiningu, Sálfræðideild, Háskóli Íslands
athe1@hi.is

Inngangur: Markmið rannsóknarinnar var að athuga áhrif inngrips sem var ætlað að minnka líkur á að börn þyngri en 15 kg væru sett ofan í innkaupakerrur og minnka þar með líkur á slysum og meiðslum vegna falls úr innkaupakerrum.

Efniviður og aðferðir: Árið 2010 var gerð tilraun í fjórum verslunum og athuguð áhrif inngrips á líkum þess að foreldrar settu börn ofan í innkaupakerrur. Notað var margfalt-grunnskeiðssnið með afturhvarfi

til að meta áhrifin. Inngripið var mynd af barni standandi ofan í innkaupakerru innan í bannhring, sem fest var á innanverða kerruna til móts við þann sem ýtir kerrunni. Leiðbeinandi texti var fyrir ofan mynd. Nú er hafin rannsókn í þeim tilgangi að bera saman áhrif inngrips án texta og tákmynd er notuð. Í rannsókninni á áhrifum tákmyndar er stuðst við ósamhlíða margfalt grunnskeiðssnið. Í tilraunum á áhrifum mismunandi inngripsins án texta eða eingöngu með texta verður stuðst við margfalt grunnskeiðssnið með afturhvarfi.

Niðurstöður: Helstu niðurstöður upprunalegu rannsóknarinnar voru að markhegðunin næstum hvarf með inngripinu. Í kjölfar þessarar rannsóknar hafa Rannsóknastofa í atferlissgreiningu og Tryggingafélagið Sjóvá hafið samstarf um merkingu innkaupakerra í matvöruverslunum. Langtíma mælingar á upprunalega inngripinu að einu og tveimur árum liðnum sýna að markhegðunin helst mjög lág.

Ályktanir: Greinileg virkni inngripsins síðan 2010 bendir til þess að hægt er að hafa áhrif á markhegðunina og ef niðurstöður viðbótar-rannsókna benda til þess að tákmyndir virki jafnvel og upprunalega inngripið, jafnvel án texta, er mögulegt að nota sama inngrip óháð landi og tungumáli.

E 122 Tengsl 5 mínútna Apgars og fæðingarþyngdar við námsárangur í íslensku og stærðfræði í grunnskóla

Guðrún I. Þorgeirsdóttir¹, Þórður Þórkelsson², Ingibjörg E. Þórisdóttir³, Inga D. Sigfúsdóttir³, Þóra Steingrimsdóttir⁴, Ásgeir Haraldsson²

¹Læknadeild, Háskóli Íslands, ²Barnspítali Hringins, Landspítali, ³Háskólinn í Reykjavík, ⁴Kvennadeild, Landspítali

Inngangur: Apgar er stigunarkerfi sem metur ástand nýbura 1 og 5 mínútum eftir fæðingu. Markmið rannsóknarinnar var að kanna tengsl Apgars og fæðingarþyngdar við námsárangur í íslensku og stærðfræði í 4. og 7. bekk grunnskóla. Rannsóknin er forrannsókn fyrir hluta af rannsókninni „Lifecourse“ í Háskólanum í Reykjavík.

Efni og aðferðir: Fengnar voru upplýsingar úr „Lifecourse“ gagnagrunninum um öll fullburða börn fædd og búsett í Reykjavík árið 2000, sem tóku samræmd próf í 4. eða 7. bekk. Parað t-próf, óparað t-próf og fjölbreytu-línuleg aðhvarfsgreining voru notuð við tölfraðiútreikninga.

Niðurstöður: Apgar hafði marktæk línuleg tengsl við stærðfræðieinkunnir (2,8; $p=0,004$), reikning og aðgerðir (hallatala 2,2; $p=0,02$), tölur og talnaskilning (hallatala 1,9; $p=0,04$), og rúmfræði í 4. bekk (hallatala 3,1; $p=0,001$); og stærðfræði (hallatala 1,9; $p=0,04$), reikning og aðgerðir (hallatala 2,0; $p=0,03$), íslensku (hallatala 2,1; $p=0,04$) og lestur í 7. bekk (hallatala 2,3; $p=0,01$). Ekki var marktækur munur á einkunnum milli Apgarflokkanna tveggja. Fæðingarþyngd hafði marktæk línuleg tengsl við stærðfræði (hallatala 0,006; $p=0,03$), reikning og aðgerðir (hallatala 0,005; $p=0,04$), tölur og talnaskilning (hallatala 0,005; $p=0,04$), stafsetningu (hallatala 0,007; $p=0,01$), og ritun í 4. bekk (hallatala 0,005; $p=0,03$); og íslensku (hallatala 0,006; $p=0,003$), stafsetningu (hallatala 0,005; $p=0,05$) og málnotkun í 7. bekk (hallatala 0,005; $p=0,05$).

Ályktanir: Rannsóknin sýndi tengsl milli 5 mínútna Apgars og einkunna, einkum í stærðfræði. Rannsóknin sýndi einnig tengsl milli fæðingarþyngdar >2500g og námsárangurs. Lægri fæðingarþyngd hafði meira forspárgildi fyrir lélegum námsárangri hjá stúlkum en drengjum. Það er óvenjulegt samanborið við aðrar rannsóknir og þarf að rannsaka nánar á stærra þýði.

E 123 Áhrif meðgöngulengdar á námsárangur

Elin Þ. Elíasdóttir¹, Ragnhildur Hauksdóttir¹, Inga D. Sigfúsdóttir², Ingibjörg E. Þórisdóttir², Þórður Þórkelsson^{1,3}, Þóra Steingrimsdóttir⁴

¹Læknadeild Háskóla Íslands, ²Háskólinn í Reykjavík, ³Barnaspítali Hringins, ⁴Kvennadeild, Læknadeild Háskóla Íslands

ethe10@hi.is

Inngangur: Fyrirburar eru í aukinni áhættu á að greinast með ýmsa langvinna sjúkdóma. Einnig hefur verið sýnt fram á að fyrirburar fá lægri einkunnir en fullburða samnemendur. Hugmyndir eru uppi um að meðgöngulengd hafi einnig áhrif á einkunnir fullburða barna. Fyrri rannsóknir hafa sýnt fram á að fyrirburar fái lægri einkunnir en fullburða börn en fáar rannsóknir taka til línulegra áhrifa meðgöngulengdar.

Efniviður og aðferðir: Unnið var með gagnasafn frá LIFECOURSE-rannsókninni sem aflað var frá Fæðingaskrá landlæknis, Námsmatsstofnun og Hagstofnuni. Skoðaðar voru einkunnir 1146 barna í samræmdum prófum.

Niðurstöður: Með vaxandi meðgöngulengd hækkar einkunn í stærðfræði en ekki íslensku. Þegar gögnunum var lagskipt eftir kyni kom í ljós að áhrifin voru einungis til staðar hjá strákum þar sem marktæk hækkun var á einkunn í íslensku og stærðfræði með lengri meðgöngu bæði í 4. og 7. bekk. Hjá stelpum voru áhrif meðgöngulengdar á heildareinkunn aldrei marktæk. Áhrifa meðgöngulengdar gætti einnig hjá fullburða börnum (fæddum eftir 37 – 42 vikna meðgöngu) en þar kom fram marktæk hækkun á einkunn í íslensku og stærðfræði með aukinni meðgöngulengd bæði í 4. og 7. bekk. Þegar betur var að gáð voru áhrif meðgöngulengdar á einkunnir fullburða barna einungis til staðar hjá strákum.

Ályktanir: Þessi rannsókn styrkir niðurstöður nýlegra rannsókna sem benda til þess að meðgöngulengd fullburða barna hafi áhrif á námsárangur. Skýr kynjamunur kom fram í áhrifum meðgöngulengdar þar sem áhrifanna gætti einungis hjá strákum og er áhugavert að skoða það nánar.

E 124 Forvarnir gegn tannáttu og áhrif óstöðugs efnahagsástands á tannlæknaþjónustu fyrir börn og unglinga á Íslandi

Eva G. Sveinsdóttir

Tannlæknadeild, Háskóli Íslands

tannalfur@gmail.com

Inngangur: Árið 2008 hófst á Íslandi djúp efnahagslæð sem hafði alvarleg áhrif á efnahag landsins í heild sem og allra Íslendinga. Markmið rannsóknarinnar var að kanna hvaða áhrif efnahagskreppan hafði á eftirspurn eftir tannlæknaþjónustu fyrir börn og unglinga, 0-18 ára, að mati tannlækna, ásamt því að afla upplýsinga um hvers kyns fyrirbyggjandi meðferðir sem tannlæknar veita börnum og unglingum í dag.

Efniviður og aðferðir: Rafrænn spurningalisti var sendur til allra félagsmanna Tannlæknafélags Íslands (TFÍ) í janúar 2013. Af þeim tannlæknum sem vinna með börn bárust svör frá 161 tannlækni (64%).

Niðurstöður: Af þeim 161 tannlækni sem tóku þátt í rannsókninni töldu 119 (74%) að tannátutiðni barna og unglinga hefði hækkað og 150 (93%) töldu að minnkandi endurgreiðsla frá Sjúkratryggingum Íslands (SÍ) til tannlækninga barna og unglinga á undanförunum árum hefði haft áhrif á tannheilsu sumra eða flestra barna. Meirihluti tannlækna taldi eftirspurn foreldra eftir flestum þáttum tannátuforvanna og meðferða af völdum tannáttu, að frátaldrí bráðameðferð af völdum tannverkja, hafa minnkað. Samkvæmt tannlæknunum komu börn og unglingar að meðaltali á 9,4 mánaða (sd 2,8) fresti til tannlæknis, en lengst liðu að meðaltali 12,1 mánuður (sd 2,8) á milli tannlæknaheimsókna. Að meðaltali var 31% (sd 20,7) vinnutímans varið í forvarnir gegn tannáttu.

Ályktun: Niðurstöðurnar benda til að á sama tíma og þörfin fyrir tann-

læknaþjónustu fyrir börn og unglinga jókst, hafi eftirspurn foreldra eftir slíkri þjónustu minnkað. Þetta gæti hinsvegar verið tímabundið ástand, sem breytist með batnandi efnahagsástandi og aukinni endurgreiðslu SÍ til tannlækninga barna og unglinga.

E 125 Lífsgæði fatlaðra barna: Ólíkt mat barna og foreldra þeirra

Snæfríður Þóra Egilson¹, Linda Björk Ólafsdóttir¹, Þóra Leósdóttir², Evald Sæmundsen²

¹Félags- og mannvísindadeild, Háskóli Íslands, ²Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins sne@hi.is

Inngangur: Rannsóknin beindist að upplifun 1) barna með einhverfu og 2) barna með hreyfihömlun á lífsgæðum sínum, sem og því hvernig foreldrar barnanna meta lífsgæði þeirra.

Aðferð: Byggt var á lýsandi samanburðarþversniði og var gögnum safnað með barna- og foreldraútgáfu lífsgæðamatslistans KIDSCREEN-27. Alls bárust upplýsingar um 96 börn með einhverfu og 27 börn með hreyfihömlun.

Niðurstöður: Börn með einhverfu og börn með hreyfihömlun mátu lífsgæði sín í meðallagi (>45) á fjórum af 5 lífsgæðavíddum. Hjá börnum með einhverfu voru lægstu skorin innan víddanna *Vinatengsl*, þar sem lífsgæðin voru minni en almennt gerist, og *Hreyfiathafnir og heilsa*. Hjá börnum með hreyfihömlun var lægsta skorið í víddinni *Hreyfiathafnir og heilsa*. Hins vegar mátu foreldrar barna í báðum hópum lífsgæði barna sinna talsvert lægri á öllum lífsgæðavíddum nema í *Fjölskylda og frjáls tími*. Þrátt fyrir marktækan mun á svörum barna og foreldra voru þau sammála um hvaða dró mest úr lífsgæðum barnanna. Þannig töldu foreldrar barna með einhverfu atriði innan víddanna *Vinatengsl* og *Hreyfiathafnir og heilsa* hafa veruleg neikvæð áhrif á lífsgæði barna sinna. Eins töldu foreldrar barna með hreyfihömlun víddina *Hreyfiathafnir og heilsa* hafa neikvæðustu áhrifin.

Ályktanir: Börn með einhverfu og börn með hreyfihömlun voru almennt sátt við stöðu sína í lífinu þótt erfiðleikar tengdir félagslegri þátttöku og líkamlegri virkni væru til staðar. Foreldrar töldu hins vegar mun fleiri umhverfis- og einstaklingsbundna þætti draga úr lífsgæðum barna sinna en börnin töldu sjálf. Rannsóknin undirstrikar mikilvægi þess að leita til barnanna sjálfra um upplýsingar um líf þeirra og líðan.

E 126 A role for MUC5B promoter polymorphism in idiopathic pulmonary fibrosis Introduction

Amaranta Ursula Armesto Jiménez

Stem Cell Research Unit, Faculty of Medicine, University of Iceland

aua12@hi.is

Introduction: The MUC5B promoter (G-to-T) polymorphism is associated with idiopathic pulmonary fibrosis (IPF). In heterozygous the T-allele is associated with a 6-8 fold increased risk of IPF and there is also an increased expression of MUC5B in the airways of carriers of this risk allele.

Methods: We have previously used human basal epithelial cell lines (VA-10 and BCi-NS1.1) to model in air-liquid interphase (ALI) culture both cellular differentiation and epithelial histoarchitecture of the upper airways. Here, we have transduced these cell lines, as well as A549, with a promoter reporter construct containing the 4 kb promoter region of MUC5B with the wildtype or the T-risk allele present to gain insights into the molecular and cellular effects of IPF. We are also using CRISPR DNA-editing to engineer the T-risk allele in heterozygous or

homozygous forms into the cell lines.

Results: Using a bioinformatics approach we have identified several transcription factor binding sites at the polymorphic promoter site, including a possible CEBP-beta site. Furthermore, we have seen a marked increase in MUC5B expression after induction with interleukin(IL)-13, and under these conditions there is also a marked increase in CEBP-beta expression. BCI_NS1.1 cells transduced with the T-risk allele had a 33,6% increase in luciferase signal, when compared to wild-type. This signal was further amplified to 54,21% after transient overexpression of CEBP-beta.

Conclusions: Our results indicate that the T allele has a stimulatory effect on MUC5B expression, that could be mediated by C/EBP-beta.

E 127 Pathogen inactivated platelet lysates boost osteogenic and chondrogenic differentiation of MSC and mesenchymal progenitor cells

Ólafur E. Sigurjónsson¹, Sandra Jonsdóttir-Buch², Kristbjörg Gunnarsdóttir²

¹Surgical Services, The Icelandic Blood Bank, Landspítali Hospital, ²Department of Medicine, University of Iceland

oes@hi.is

Introduction: MSC are interesting due to their multipotent differentiation and immunomodulatory abilities. Embryonic derived mesenchymal progenitor cells (hES-MP) have the same characteristics as MSC. Addition of animal-serum is currently required for the survival and growth of hES-MP and MSC. Using animal-serum to grow cells intended for human medical therapy is not safe and serum-free alternatives need to be found. Here we show that using platelet lysates made from pathogen inactivated platelets (hPL-PI) during differentiation of MSC and hES-MP supports both chondrogenesis and osteogenesis allowing serum-free growth conditions from expansion throughout differentiation.

Methods: MSC and hES-MP002.5 were grown and differentiated towards chondrogenic and osteogenic lineages in the presence of fetal bovine serum (FBS) or hPL-PI. Chondrogenic differentiation was evaluated over five weeks and histology and gene expression evaluated weekly. Osteogenic differentiation was performed over four weeks with alkaline phosphatase activity, mineralization and gene expression evaluated weekly.

Results: Histology resembling articular cartilage was observed for MSC and hES-MP at the end of chondrogenic differentiation when differentiated in the presence of hPL-PI. *SOX9*, the master transcription factor of chondrogenesis, was significantly upregulated in cell differentiated in hPL-PI compared to FBS. During osteogenic differentiation the activity of alkaline phosphatase, amount of calcium deposits and gene expression was significantly higher in MSC and hES-MP differentiated in hPL-PI compared to FBS.

Conclusions: Using hPL-PI based differentiation media encourages osteogenic and chondrogenic differentiation of MSC and hES-MP to a greater degree than FBS based media.

E 128 Embryonic stem cell derived mesenchymal progenitors (hES-MP) exhibit superior growth but inferior immunosuppression to MSC

Ólafur E. Sigurjónsson¹, Sandra Jonsdóttir-Buch², Kristbjörg Gunnarsdóttir²

¹Surgical Services, The Icelandic Blood Bank, Landspítali Hospital, Landspítalinn, ²Department of Medicine, University of Iceland

oes@hi.is

Introduction: Mesenchymal stem cells (MSCs) are promising candidates for cellular therapy due to their abilities to regenerate bone and cartilage

and their immunosuppressive characteristics. A problem regarding the use of MSC in cellular therapy is the need for using fetal bovine serum (FBS) during *ex-vivo* expansion of the cells prior to use. Lysates derived from platelets have been suggested as an alternative, mainly due to the abundance of various growth factors and cytokines that are found within the granules of platelets. We have previously demonstrated that lysates from expired platelet concentrates (hPL^{ex}) can be used for the expansion and differentiation of human bone marrow derived MSC. Here we demonstrate that platelet lysates produced from expired platelet concentrates can be used successfully for the expansion and differentiation of hES-MP cells.

Methods: hES-MP cells were expanded in DMEM-F12 cell culture media supplemented with either 10% FBS or 10% hPL^{ex}. hES-MP cells were analyzed for expansion, expression of surface markers and osteogenic, adipogenic and chondrogenic differentiation as well as their ability to suppress immune-response in an MLR assay.

Results: When expanded with hPL^{ex} hES-MP cells maintained their mesenchymal characteristics had an equivalent growth and differentiation features compared to cells expanded in FBS. However hES-MP cells demonstrated superior growth to MSC while lacking the immunosuppressive abilities.

Conclusion: Our findings suggest that platelet lysates produced from expired platelet concentrates can be used as an alternative to fetal bovine serum for the expansion of hES-MP cells.

E 129 Transcriptional control of pluripotent state transitions

Erna Magnúsdóttir, Kristján Hölm Grétarsson

Faculty of medicine, University of Iceland

erna@hi.is

Introduction: Mouse embryonic stem cells can recapitulate the pluripotent state transitions occurring in the early embryo, where the epiblast cells transition from naive to primed pluripotency. How this transition is orchestrated is a key question in stem cell biology. We are working on identifying transcriptional regulators that partake in these transitions.

Methods: We use mouse embryonic stem cells cultured in medium that facilitates naive pluripotency and differentiate them with Activin and FGF2 to induce primed pluripotency. We have generated loss of function cells for transcriptional regulators, and assess their involvement in the transition by comparing wild type control cells to the loss of function cells during this transition. We monitor morphology, gene expression and reporter activity.

Results: We have identified a transcriptional regulator that is key in facilitating the transition from naive to primed pluripotency, and show that in its absence the induction dynamics of primed pluripotency markers is slowed down. We are in the process of testing lineage commitment to the three germ layers as well as primordial germ cells and assessing genome wide binding patterns of the factor.

E 130 MITF, TFEB and TFE3 in melanoma - Regulation and interaction

Josué Ballesteros, Ásgeir Ö. Arnþórsson, Kimberley Anderson, Katrín Möller, Margrét H. Ögmundsdóttir, Eiríkur Steingrímsson

Department of Biochemistry and Molecular Biology, Biomedical Center, Faculty of Medicine, University of Iceland, Reykjavík, Iceland
jab7@hi.is

Introduction: The transcription factor MITF is crucial for melanocyte development and survival and a lineage specific oncogene in melanoma. The closely related TFEB and TFE3 proteins are involved in the biogenesis and function of lysosomes and autophagosomes, regulating the cellular clearance pathways.

Methods and data: Using co-immunoprecipitation studies, expression analysis and confocal imaging of these factors, we have investigated the interaction, cross-regulatory relationship and nuclear localization of MITF, TFE3 and TFEB in melanoma cells. Like MITF, TFEB and TFE3 are expressed in melanoma cells and they regulate each other's expression.

Results: We demonstrate that MITF, TFEB and TFE3 interact in melanoma cells. Transactivation assays show an overlap in the ability to activate expression of autophagy, lysosomal and melanosomal genes but interestingly, some genes are exclusively regulated by one of the factors. Using RACE studies we identified a shorter melanocyte-specific isoform of TFEB. MITF-M is mostly nuclear, whereas TFEB and TFE3 are located in the cytoplasm. Nutrients, mTOR and GSK3 β signaling impact the subcellular localization of all the factors in melanoma cells.

Conclusion: The relationship between MITF, TFEB and TFE3 is complex and involves gene expression, interaction and signaling. It is important to unravel this relationship in melanoma since these factors and autophagy are considered therapeutic targets in cancer.

E 131 Algengi og eðli kyngingarvanda á hjúkrunarheimilum

Signý Gunnarsdóttir

Læknadeild, Háskóli Íslands
signyg@gmail.com

Inngangur: Heilkenni sem leggjast frekar á eldra fólk hafa mörg hver áhrif á kyngingu. Skert kyngingargeta getur bæði haft í för með sér áhrif á versnandi heilsu og dregið úr lífsgæðum. Markmið rannsóknarinnar var að athuga algengi og eðli kyngingarvanda á hjúkrunarheimilum og úrræði við vandanum.

Efniviður og aðferðir: Gagna var safnað með fyrirlögn á The Eating Assessment Tool (EAT-10) skimunarlistanum. 63 þátttakendur af 114 íbúum hjúkrunarheimilisins tóku þátt, 44 konur og 19 karlar, meðalaldur 83,6 ár (miðgildi 85 ár). Ef heildarskor á EAT-10 var ≥ 3 var talið að kyngingarvandi gæti verið til staðar. Yale Swallow Protocol var lagt fyrir 19 af 27 þátttakendum sem fengu ≥ 3 á EAT-10 til að skima fyrir ásvelgingarhættu.

Niðurstöður: Niðurstöður sýndu að 27 (42,9%) íbúar fengu ≥ 3 á EAT-10 ($M=8,48$; $sf=5,85$; $spönn=3-30$). Algengustu einkenni kyngingarvandans voru hósti (38,1%), erfiðleikar með vökva og töflur (31,7%) og erfiðleikar við að kyngja fastri fæðu (30,2%). 11 af þeim 19 þátttakendum sem gengust undir frekara kyngingarmat, stóðust það ekki og voru álitnir í ásvelgingarhættu.

Ályktanir: Niðurstöður benda til að kyngingarvandi sé til staðar á hjúkrunarheimilum og að einnig séu þar einstaklingar í ásvelgingarhættu. Fáir einstaklingar með kyngingarvanda ekki viðeigandi greiningu og úrræði getur það bæði verið hættulegt heilsu hans og einnig skert lífsgæði.

E 132 Leiðir til að seinka flutningi á stofnun:

Stuðningi við fjölskyldur fólks með heilabilun

Kristín Björnsdóttir, Margrét Guðnadóttir

Hjúkrunarfræðideild, Háskóli Íslands
kristbj@hi.is

Inngangur: Í þessu erindi verður sagt frá niðurstöðum rannsókna um stuðning við fólk með heilabilun sem býr heima og aðstandendur þess. Markmið hennar er að greina eðli starfshátta (practice) í þjónustu við fólk með heilabilun sem býr heima og setja fram tillögu að nánari útfærslu heimaþjónustu fyrir þessar fjölskyldur. Rannsóknin er samstarfsverkefni fjögurra landa, Kanada, Hollands, Noregs og Íslands.

Efniviður og aðferðir: Rannsóknaraðferðir í verkefninu er eigindleg (etnógrafísk) þar sem unnið er með gögn úr vettvangsathugunum, viðtölum og skrifuðum gögnum. Í þessu erindi verða niðurstöður fyrsta hluta verkefnisins kynntar. Í því fólst orðræðugreining á skriflegum gögnum (heimasiðum og bæklingum félagsamtaka, göngudeilda og dagþjálfana), vettvangsathugunum þar sem þjónusta fer fram ($N=8$) og viðtölum við lykilstarfsmenn sem tengjast þjónustu við fólk með heilabilun sem býr heima ($N=20$). Við greiningu gagna beindist athyglin að stefnumörkun stjórnvalda í málaflokknum og fyrirkomulagi og útfærslu á opinberum stuðningi við þessar fjölskyldur.

Niðurstöður: Fram kom að á Íslandi liggur ekki fyrir opinber stefnumörkun í þessum málaflokk. Hins vegar hefur átt sér stað umfangsmikil uppbygging á þjónustu og stuðningi við fjölskyldur þar sem einstaklingur býr við heilabilun sem sagt verður frá. Þessi þjónusta einkennist af þétt riðnu neti þjónustupátta þar sem teymisvinna og samhæfing eru lykilhugtök. Enn er þó töluvert verk að vinna því þessi þróunarvinna hefur að takmörkuðu leyti náð til heimaþjónustu.

Ályktanir: Það er aðkallandi að efla þekkingu um árangursríka heimaþjónustu fyrir fjölskyldur einstaklinga með heilabilun.

E 133 Notkun fæðubótarefna hjá öldruðum á Íslandi og tengsl fjölvítamína við dauðsföll

Birta Ólafsdóttir¹, Ingibjörg Gunnarsdóttir¹, Hjálmarfríður Nikulásdóttir², Guðný Eiríksdóttir², Tamara B. Harris³, Lenore J. Launer³, Vilundur Guðnason², Þórhallur I. Halldórsson¹, Kristjana Einarsson¹

¹Rannsóknastofa í næringarfræði, Matvæla- og næringarfræðideild, Háskóli Íslands, ²Hjartavernd, ³National Institute on Aging
bio3@hi.is

Inngangur: Gott næringarástand og mataraði ríkulegt af vítamínum og steinefnum er almennt talið geta verið fyrirbyggjandi gegn krónískum sjúkdómum. Óvissa ríkir hinsvegar um hugsanlegan heilsuávinning fæðubótarefna, sérstaklega í skömmtum hætti en efri mörk daglegrar neyslu. Markmið rannsóknarinnar var að skoða notkun fæðubótarefna meðal aldraðra og skoða tengingu notkunar fjölvítamína við tíðni dauðsfalla og dauðsfalla af völdum hjarta- og æðasjúkdóma.

Efniviður og aðferðir: Upplýsingar um notkun á fæðubótarefnum voru fengnar úr Öldrunarrannsókn Hjartaverndar sem framkvæmd var á árunum 2002-2006. Þátttakendur voru 5764 og á aldrinum 66-98 ára við upphaf rannsóknarinnar. Upplýsingar um innihaldsefni fæðubótarefna fengust frá Matvælastofnun.

Niðurstöður: Flestir þátttakendur (80%) notuðu einhverskonar fæðubótarefni. Fáir (<1%) fóru yfir efri mörk daglegrar neyslu vítamína og steinefna með neyslu fæðubótarefna, með undantekningu um B6-vítamín (22%) og sink (14%). Notendur fæðubótarefna voru almennt hraustari en þeir sem ekki notuðu fæðubótarefni. Á eftirfylgdartímanum (miðgildi 5,3 ár) lést 1221 þátttakandi, þar af 525 vegna hjarta- og æðasjúkdóma. Ekki fannst marktækt samband milli fjölvítamínnotkunar og dánartíðni

(HR=0,91, 95% CI=0,80-1,03) eða dánartíðni vegna hjarta- og æðasjúkdóma (HR=0,87, 95% CI=0,72-1,05) með leiðréttri lífunargreiningu.

Ályktanir: Lítið hlutfall þátttakenda fór yfir efri mörk daglegrar neyslu á flestum vítamínum og steinefnum en þó fóru 22% yfir mörk fyrir B6-vítamín og 14% yfir mörk fyrir sink. Það þarf þó að hafa í huga að þessi neysla bætist ofan á það sem einstaklingar fá úr mataræði. Niðurstöður gefa ekki til kynna að tengsl séu á milli notkunar fjölvítamína og tíðni dauðsfalla eða dauðsfalla vegna hjarta- og æðasjúkdóma meðal aldraðra Íslendinga.

E 134 Virkni og afþreying á íslenskum hjúkrunarheimilum

Ingibjörg Hjaltadóttir, Þóra J. Gunnarsdóttir

Hjúkrunarfræðideild, Heilbrigðisvísindasvið
ingihj@hi.is

Inngangur: Íbúar á íslenskum hjúkrunarheimilum búa oft við bæði skerta andlega og líkamlega færni. Þunglyndi og hegðunarvandi hrjáir verulegan hluta þeirra en rannsóknir benda til að með virkni og afþreyingu við hæfi sé hægt að draga úr einkennum og auka lífsgæði. Markmið þessarar rannsóknar var að kanna hvaða virkni og afþreying er í boði á íslenskum hjúkrunarheimilum, hverjir sjá um að framkvæma hana og hversu stórt hlutfall íbúa er talinn geta haft not fyrir afþreyingu og virkni.

Efniviður og aðferðir: Spurningalisti með 19 spurningum um notkun á virkni og afþreyingu var þróaður og sendur til allra hjúkrunarheimila á Íslandi, eða 59 talsins, 52 heimili svöruðu, eða 96%.

Niðurstöður: Niðurstöðurnar sýndu að öll hjúkrunarheimili sem svöruðu bjóða uppá afþreyingu og virkni. Margar ólíkar starfsstéttir koma að því að skipuleggja og veita þessa þjónustu en helst eru það hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar. Algengasta virkni og afþreying sem boðið er uppá er: lestur úr bókum, að syngja saman, horfa saman á sjónvarp og fara í göngutúra. Þrjátíu og þrjú prósent eða 17 hjúkrunarheimili áætla að nær allir af íbúum geti nýtt sér virkni og afþreyingu. Hjúkrunarheimilin vildu flest öll eða 49 (94%) þiggja aðstoð við eflingu á virkni og afþreyingu til dæmis í formi fræðslu eða samvinnu við aðrar stofnanir.

Ályktanir: Íslensk hjúkrunarheimili leitast við að uppfylla þarfar íbúana fyrir virkni og afþreyingu og hafa áhuga á stuðningi til þess. Mikilvægt er að skoða hversu vel virkni og afþreying er aðlöguð að þörfum hvers einstaklings og hvaða leiðir eru bestar til að efla það starf.

E 135 Dagleg hreyfing og kyrrseta aldraðra: Staðlað mat í heilsuefandi heimsóknnum

Sólveig Á. Árnadóttir, Súsanna Karlisdóttir

Námsbraut í sjúkraþjálfun, Háskóli Íslands
saa@hi.is

Inngangur: Frá árinu 2000 hafa heilsuefandi heimsóknir verið fastur hluti af þjónustu við aldraða á svæði Heilbrigðisstofnunar Norðurlands (HSN) á Akureyri. Markmið rannsóknarinnar var að mæla og greina hreyfingu og kyrrsetuhegðun eldri borgara sem þiggja slíka þjónustu.

Efniviður og aðferðir: Unnið var með heildarúrtak þeirra sem þáðu heilsuefandi heimsókn á þjónustusvæði HSN á Akureyri árið 2013 (N=354, 75-95 ára, 56% konur). Úrtakið endurspegladi 28% af heildarfjölda 75-95 ára íbúa á svæðinu. Sjúkraþjálfari og iðjuþjálfari skiptu á milli sín heimsóknunum og lögðu fyrir staðlaða spurningalistann Mat á líkamsvirkni aldraðra, MLA (*Physical Activity Scale for the Elderly*, PASE).

MLA kortleggur hreyfingu í frístundum, við heimilisstörf og atvinnu; og veitir innsýn í kyrrsetuhegðun. Reiknuð voru MLA-stig sem endurspeglu líkamlega áreynslu og geta verið frá núll upp í 400+ (mikil áreynsla/hreyfing). T-próf og Mann-Whitney U próf voru notuð við tölfræðigreiningu og marktektarmörk sett við $p < 0,05$.

Niðurstöður: MLA-heildarstig voru frá 0-213 ($M=73 \pm 40,8$). Meirihlutinn tengdist heimilisstörfum ($M=58 \pm 32,1$), lítill hluti tengdist frístundum ($M=11 \pm 13,3$) og óverulegur hluti tengdist atvinnu ($M=4,5 \pm 16$). Konur voru með færri MLA-stig en karlar og giftar konur hreyfðu sig minna í frístundum en aðrar konur ($p=0,001$). Aldurshópurinn 85-95 ára var með færri MLA-stig en 75-84 ára nema tengt hreyfingu í frístundum. Kyrrsetuathafnir tóku >4 klst/dag hjá 63,6% þátttakenda og 2-4 klst/dag hjá 33,6%.

Ályktanir: Lítil hreyfing og veruleg kyrrseta er áberandi meðal aldraðra sem fá heilsuefandi heimsóknir. Í heimsóknunum gefst hins vegar einstakt tækifæri til að leggja staðlað mat á daglega hreyfingu og greina tækifæri til umbóta á þessu mikilvæga sviði heilsuverndar aldraðra.

E 136 Meðferð geðklofa með clozapíni hér á Íslandi

Oddur Ingimarsson¹, James H. MacCabe², Magnús Haraldsson¹, Halldóra Jónsdóttir¹, Engilbert Sigurðsson¹

¹Háskóli Íslands, ²Institute of Psychiatry
odduri@gmail.com

Inngangur: Clozapín er eina geðrofslyfið sem hefur ábendingu fyrir meðferð geðklofa sem svarar illa meðferð með geðrofslyfjum. Markmið rannsóknarinnar er að lýsa notkun clozapíns á Íslandi og þá sérstaklega með tilliti til kyrringafæðar (*neutropenia*).

Efniviður og aðferðir: Gerð var textaleit í sjúkraskrá 1191 sjúklings sem höfðu samþykkt þátttöku í rannsókn á erfðabreytileika og geðrofsjúkdómum að orðum sem tengjast clozapín notkun og helstu aukaverkunum. Samtals fannst 201 sjúklingur með geðklofa þar sem hægt var að staðfesta notkun á clozapíni og 410 sjúklingar með geðklofa sem höfðu aldrei notað það.

Niðurstöður: Meðalaldur við upphaf clozapín meðferðar var 37,8 ár. Eftir 20 ára meðferð voru ennþá 71,2% sjúklinga á clozapín meðferð. Um það bil 17% sjúklinga á clozapíni voru einnig á forðasprautum. Við áætlum að 16% sjúklinga með geðklofa hafi reynt clozapín-meðferð. Meðferð með meira en einu geðrofslyfi var mjög algeng eða í 66% tilvika. Kyrringafæð var hins vegar ekki algengari hjá þeim sem voru á clozapín borið saman við sjúklinga á öðrum geðrofslyfjum.

Ályktanir: Clozapín er öflugasta meðferðin sem til er við geðklofa en er líklega vannýtt. Alvarleg kyrringafæð fær of mikla athygli miðað við aðrar aukaverkanir sem clozapín getur valdið en enginn í rannsóknarhópnum reyndist hafa hlotið varanlegan skaða af völdum kyrringafæðar. Líklega tengist stór hluti af kyrringafæð hjá sjúklingum á clozapíni ekki clozapíni meðferð. Það er tífalt líklegra að láta í bílslysi hér á landi en vegna kyrringafæðar hjá þeim sem nota clozapín til lengri tíma (40 ár).

E 137 Athygliskekkjupjálfun á villigötum? Rannsókn á næmi athyglisverkefna fyrir athygliskekkju

Árni Kristjánsson¹, Andri Björnsson², Ólafía Sigurjónsdóttir³

¹Rannsóknastofa í Sjónvísindum ²Sálfræði, Háskóla Íslands, ³Háskóla Íslands
ak@hi.is

Inngangur: Athygliskekkjupjálfun er ný meðferðarleið við kvíðaröskunum sem miðar að því að leiðrétta athygliskekkju í átt að neikvæðum

áreitum. Neikvæð áreiti eins og andlit með reiðisvip fanga athygli þeirra sem eru kvíðnir, og miðar meðferðin að því að þjálfa skjólstæðinga í að beina athyglinni frekar að jákvæðari áreitum. Þó margar rannsóknir bendi til þess að slík meðferð minnki félagskvíða benda aðrar til þess að áhrif af slíkri meðferð séu lítil eða engin. Því er mikilvægt fyrir frekari framþróun á slíkum aðferðum að leggja mat á næmi verkefnanna sem notuð eru.

Efniviður og aðferð: 24 háskólanemar tóku þátt í rannsókn með innan-hópasniði þar sem mælt var hversu mikill munur á frammistöðu kæmi fram á fjórum athyglisverkefnum eftir því hvort andlitin sem notuð voru sem áreiti voru ógnandi eða hlutlaus.

Niðurstöður: Enginn munur kom fram í Dot-probe- og vísbendisverkefnum (sem oftast eru notuð í athyglisskekkjupjálfun) eftir svipbrigðum, en hins vegar reyndist athyglisblikksverkefnið (*Attentional Blink*) mjög næmt fyrir mun á beiningu athyglinnar að andlitum eftir svipbrigðum þeirra. Einnig komu fram athyglisverður tímamismunur á athygliáhrifunum sem gætu veitt aukna innsýn í athyglisskekkju og boðið upp á nýjar meðferðarleiðir.

Umráða: Þrátt fyrir að ýmsar rannsóknarniðurstöður bendi til þess að athyglisskekkjupjálfun geti minnkað félagskvíða er ljóst það gerist ekki alltaf og benda niðurstöður okkar til þess að hægt sé að þróa áhrifaríkari meðferðir með aðferðum sem eru næmari fyrir athyglisskekkju að ógnandi áreitum. Niðurstöðurnar sýna fram á mikilvægi rannsókna í hugfræði og skynjunarvísindum fyrir þróun á meðferðarúræðum við kvíða.

E 138 Áhrif áfalla á lífsleiðinni á sjálfsvígshugsanir, sjálfsskaða og sjálfsvígstilraunir

Hildur G. Ásgeirsdóttir¹, Unnur A. Valdimarsdóttir¹, Tinna L. Ásgeirsdóttir², Þórdís K. Þorsteinsdóttir³, Sigrún H. Lund¹, Ullakarin Nyberg⁴, Arna Hauksdóttir¹

¹Læknadeild, Háskóli Íslands, ²Hagfræðideild, Háskóli Íslands, ³Hjúkrunarfræðideild, Háskóli Íslands, ⁴St. Göran Norra Stockholms Psykiatrí

hga@hi.is

Inngangur: Streita og áföll auka áhættu á geðröskunum sem geta leitt til alvarlegri útkoma. Markmið rannsóknarinnar var að rannsaka áhrif mismunandi áfalla á lífsleiðinni á sjálfsvígshugsanir, sjálfsskaði og sjálfsvígstilraunir.

Efniviður og aðferðir: Vorið 2014 var 1642 einstaklingum á aldrinum 20-69 ára boðin þátttaka forrannsókn rannsóknarinnar Heilsusaga Íslendinga. Þátttakendur svöruðu ítarlegum rafrænum spurningalista, meðal annars um upplifun áfalla á lífsleiðinni (LSC-R), andlega liðan (PHQ-9), og sjálfsvígshugsanir, sjálfsskaða og sjálfsvígstilraunir. Logistísk aðhvarfsgreining var notuð til að meta tengsl milli áfalla og sjálfsvígshegðunar.

Niðurstöður: Svarshlutfall rannsóknar var 66% (922/1398), 56% voru konur og meðalaldur þátttakenda 49 ár. Tíðni sjálfsvígshegðunar var hærri meðal karla en kvenna (17% vs. 11%) og hærri meðal yngsta aldurs hóps (18-35 ára) samanborið við elsta aldurshópinn (56 ára+) (19% vs. 9%). Aukin áhætta var á sjálfsvígshegðun meðal þeirra sem höfðu upplifað áföll í æsku (OR 5,71, 3,36-9,91), höfðu áfallasögu um ofbeldi (OR 4,91, 2,87-8,55), og kynferðislegt ofbeldi (OR 3,84, CI 1,86-7,77), borið við þá sem ekki höfðu upplifað slík áföll. Áhættan var hærri meðal karla en kvenna. Önnur skilgreind áföll (DSM-V) juku hættu á sjálfsvígshegðun karla (OR 2,90, 1,21-8,11) en ekki kvenna.

Ályktanir: Niðurstöður rannsóknarinnar gefa til kynna að áfallasaga getur aukið áhættu á sjálfsvígshugsunum og -hegðun, sérstaklega meðal

karla. Frekari rannsóknir ættu að kanna hvort skimun fyrir áfallasögu gæti verið æskileg við mat á áhættuhópum sjálfsvíga, sérstaklega meðal karla.

E 139 Athyglisskekkja og ótti við mengun og smit

Ragnar P. Ólafsson, Aldís Friðriksdóttir, Sigrún Sveinsdóttir, Árni Kristjánsson

Sálfræðideild, Háskóli Íslands

ragnarpo@hi.is

Inngangur: Rannsóknir benda til þess athygli fólks með kvíðaraskanir sé valvís þannig að áreitum, sem það telur vera ógnandi eða kvíðavekjandi, er bæði veitt athygli fyrr og lengur, í samanburði við hlutlaus áreiti. Slík athyglisskekkja kann að vera til staðar hjá fólki sem óttast mengun og smit. Í þessari rannsókn var gert ráð fyrir að þátttakendur sem óttast mengun og smit myndu sýna athyglisskekkju í kjölfar mynda sem snúast um mengun eða viðbjóð en ekki í kjölfar hlutlausra eða almennt óttablandinna mynda. Gert var ráð fyrir að skekkjan kæmi frekar fram þegar tími milli markáreita væri stuttur en langur.

Efniviður og aðferð: Þátttakendur voru háskólanemar með mikinn (n=15) eða lítinn (n=17) ótta við mengun og smit, sem svöruðu spurningalistum auk þess að leysa athyglisverkefni (*attentional blink*) í tölvu þar sem hlutlausar, almennt óttablandnar, mengun/smit og viðbjóðstengdar myndir voru sýndar. Tími milli markáreita var 200, 500 og 800 ms.

Niðurstöður: Þátttakendur með ótta við smit og mengun sýndu verri frammistöðu á athyglisverkefninu í kjölfar viðbjóðstengdra mynda þegar 200 ms voru á milli markáreita. Líðan þeirra versnaði einnig í kjölfar verkefnisins og hafði sú breyting sterka fylgni við spurningalistamælingu á ótta við smit og mengun. Engin slík tengsl komu fram hjá þátttakendum með lítinn ótta við mengun og smit.

Ályktanir: Niðurstöðurnar styðja athyglisskekkju tengda viðbjóðskenndum áreitum hjá fólki sem óttast mengun og smit. Þessi skekkja kemur fram snemma í úrvinnslu sjónrænna upplýsinga.

E 140 Einkenni sjúklinga sem fá nauðungarlyfjagjafir á geðdeildum Landspítala

Eyrún Thorstensen^{1,2}, Jón Snorrason², Helga Bragadóttir^{1,2}

¹Hjúkrunarfræðideild, Háskóli Íslands, ²Landspítali

eyruntho@landspitali.is

Inngangur: Meðferð á geðdeildum getur falið í sér ákveðna þvingun þegar nauðsynlegt er að tryggja öryggi sjúklinga og starfsfólks. Þvingandi meðferðir á Íslandi tengjast helst nauðungarvistunum og þvingaðri meðferð eins og nauðungarlyfjagjöf. Nauðungarlyfjagjöf þar sem sjúklingi er haldið kyrrum af starfsfólki á meðan lyf eru gefin í vöðva geta verið íþyngjandi bæði fyrir sjúklinga og starfsfólk. Rannsóknir víða um heim hafa beinst að aðferðum til að draga úr notkun þvingandi meðferða. Á Íslandi eru engar fyrri rannsóknir til um nauðungarlyfjagjafir á geðdeildum.

Efniviður og aðferðir: Tilgangur rannsóknar er að varpa ljósi á umfang nauðungarlyfjagjafa og einkenni þeirra sjúklinga sem fá slíka meðferð. Rannsóknin er megindleg lýsandi afturvirk fylgnirannsókn og voru rannsóknargögn fengin úr sjúkraskrá. Úrtak rannsóknarinnar voru allir sjúklingar sem lögðust inn á legudeildir geðsviðs Landspítala á tímabilinu janúar 2014 til desember 2015 (N=2015). Úrtakinu var skipt í tvo hópa. Í hópi 1 voru þeir sem fengu nauðungarlyfjagjöf (n=192, 9,5%) og í hópi 2 þeir sem ekki fengu slíka meðferð (n=1833, 90,5%).

Niðurstöður: Heildarfjöldi nauðungarlyfjagjafa var 999 talsins. Munur

á einkennum kom fram milli hópanna en hlutfall karla var hærra í hópi 1 en í hópi 2 ($p=0,026$) og hlutfall sjúklinga með geðrofssjúkdóm (F20-29) var hærra í hópi 1 en í hópi 2 ($p<0,0001$). Marktækt fleiri innlagnir og legudagar að meðaltali voru hjá sjúklingum í hópi 1 en í hópi 2 ($p<0,0001$).

Ályktanir: Niðurstöður rannsóknar benda til ákveðinna einkenna og þar með áhættuþátta hjá sjúklingum varðandi nauðungarlyfjagjafir. Rannsóknin veitir mikilvægar upplýsingar fyrir skipulag og stjórnun geðheilbrigðisþjónustunnar og þar með gæði hennar.

E 141 Astmi og ofnæmi: Frá fæðingu til fullorðinsára

Arndís R. Stefánsdóttir, Björn Árdal, Björn R. Lúðvíksson, Ásgeir Haraldsson

Læknadeild, Háskóli Íslands

asgeir@lsh.is

Inngangur: Ofnæmissjúkdómar eru algengt, vaxandi heilsufarsvandamál og eru 30-40% fólks með einn eða fleiri ofnæmissjúkdóma. Markmið rannsóknarinnar var að meta breytingar og algengi á ofnæmissjúkdómum hjá einstaklingum sem fylgt hefur verið eftir í tæpa 30 ár.

Efniviður og aðferðir: 179 einstaklingum hefur verið fylgt eftir í tæpa þrjá áratugi með skoðunum á aldrinum tveggja, fjögurra, átta, 15 ára, 21 árs og nú 29 ára. Sjúkdómarnir voru greindir með stöðluðum spurningalistum, líkamsskoðun og húðprófum og upplýsinga aflað um lyfjanotkun, fjölskyldusögu og umhverfisþætti.

Niðurstöður: Af 112 þátttakendum, 29 ára, voru 56 (50%) með einn eða fleiri ofnæmissjúkdóma, oftast vægan sjúkdóm. Algengi exems var 14% en var hæst 31% við tveggja ára aldur. Nú greindust 23% einstaklinga með astma (helmingur með áreynsluastma), voru 28% við fjögurra ára aldur og 13% við 8 ára aldur. Ekkert barn greindist með ofnæmiskvef við tveggja ára aldur. Alls voru nú 30% þátttakenda með ofnæmiskvef en 33% við 21 árs aldur og enginn við tveggja ára aldur. Marktæk tengsl voru milli ofnæmiskvefs og astma ($p=0,006$). Þátttakendur með jákvæða fjölskyldusögu voru marktækt líklegri til að vera með astma ($p=0,03$) eða ofnæmiskvef ($p=0,02$). Þriðjungur var með jákvætt húðpróf, oftast fyrir grasi ($n=27$) og köttum ($n=23$). Af þeim þátttakendum sem áttu barn með ofnæmissjúkdóm var tæplega helmingur með ofnæmissjúkdóm.

Ályktanir: Ofnæmissjúkdómar eru algengir á Íslandi eins og í nágrannalöndum. Algengi exems er hátt í barnæsku en lækkar með aldri ólíkt algengi ofnæmiskvefs og astma sem eykst með aldrinum. Langtímarannsóknir á algengi ofnæmissjúkdóma eru mikilvægar til að auka þekkingu á þróun þeirra.

E 142 Árangur skorufyllinga í 6-ára fullorðinsjöxlum barna

Jónas Geirsson

Tannlæknadeild, Háskóli Íslands

jonasge@hi.is

Inngangur: Í baráttunni gegn tannskemmdum í börnum er notast við ýmis meðul. Fræðsla og forvarnir skipa þar háan sess. Stór þáttur í forvarnarstarfi tannlækna gegn tannskemmdum eru skorufyllingar tanna þar sem bitskorum jaxla er lokað með plastblendisefnum. Tilgangur rannsóknarinnar er að skrá upplýsingar um árangur af slíkri forvarnarstarfsemi.

Efniviður og aðferðir: Kannaður var árangur forvarna í formi skorufyllinga í fremri fullorðinsjöxlum (6 ára jöxlum) með afturskyggðri hóprannsókn. Skoðaðar voru sjúkraskrár og röntgenmyndir með tilliti

til skorufyllinga og tannskemmda barna fædd 1998; frá 6 ára til 18 ára og barna fædd 2003; frá 6 ára til 12 ára. Athugað var hvort skorufylltir fletir í ofangreindum tönnum á þessum tímabilum hefðu haldist óskemmdir eða þurft á tannfyllingarmeðferð að halda.

Niðurstöður: Í hópi barna fædd 1998 var 51 einstaklingur þar sem samtals voru skorufylltir 176 fremri fullorðinsjaxlar. Eftir 12 ár voru 18 tennur með plastblendisfyllingar vegna tannskemmda í hliðarflötum og 6 tennur með fyllingu í bitfleti vegna tannskemmda þar. Í hópi barna fædd 2003 voru 33 einstaklingar þar sem skorufylltir voru samtals 108 fremri fullorðinsjaxlar. Eftir 6 ár voru tvær tennur með plastblendisfyllingar í hliðarflötum og engin í bitflötum.

Ályktanir: Af þessari könnun má draga þá ályktun að sú forvarnaraðgerð að skorufylla jaxla í börnum sé árangursrík aðferð gegn skemmdum í bitflötum tanna.

E 143 Orka í skólamáltíðum og nesti skólabarna á Norðurlöndum

Ragnheiður Jóníusdóttir¹, Ingibjörg Gunnarsdóttir², Anna S. Ólafsdóttir¹

¹Menntavísindasvið, Háskóli Íslands, ²Rannsóknastofa í næringarfræði við Matv, Háskóli Íslands

raggajun@hi.is

Inngangur: Samkvæmt núgildandi ráðleggingum ætti hádegismatur ásamt morgunnesti að veita um það bil þriðjung af daglegri meðalorkuþörf. Hæfilegt er að hádegismatur veiti 500-600 kcal/dag og aldrei minna en 400 kcal miðað við minnsta skammt. Meðalorkuþörf 11 ára barna er að áætluð 2000 kcal/dag miðað við kyn, líkamspunga og mismunandi hreyfingu.

¹Icelandic Cancer Registry, Icelandic Cancer Society, ²University of Iceland, Faculty of Medicine, ³Landspítali University Hospital, Department of Pathology, ⁴University of Iceland, Cancer Research Laboratory, Biomedical Centre, School of Health Sciences, ⁵Landspítali University Hospital, Department of Oncology, ⁶University Hospital Department of Genetics and Molecular Medicine, ⁷University Hospital, Laboratory of Cell Biology, ⁸University of Iceland, Biomedical Centre, School of Health Sciences ⁹University of Toronto, Womens College Research Institute
laufeyt@krabb.is

Introduction: The impact of an inherited *BRCA2* mutation on the prognosis of women with breast cancer has not been well documented. We studied the effects of oestrogen receptor (ER) status, other prognostic factors and treatments on survival in a large cohort of *BRCA2* mutation carriers.

Methods and data: We identified 285 breast cancer patients with a 999del5 *BRCA2* mutation and matched them with 570 non-carrier patients. Clinical information was abstracted from patient charts and pathology records and supplemented by evaluation of tumour grade and ER status using archived tissue specimens. Univariate and multivariate hazard ratios (HR) were estimated for breast cancer-specific survival using Cox regression. The effects of various therapies were studied in patients treated from 1980 to 2012.

Results: Among mutation carriers, positive ER status was associated with higher risk of death than negative ER status (HR=1.94; 95% CI: 1.22–3.07, P=0.005). The reverse association was seen for non-carriers (HR=0.71; 95% CI: 0.51–0.97; P=0.03).

Conclusions: Among *BRCA2* carriers, ER-positive status is an adverse prognostic factor. *BRCA2* carrier status should be known at the time when treatment decisions are made.

E 169 Liðan skurðsjúklinga á sjúkradeild á Landspítala og Sjúkrahúsinu á Akureyri

Herdís Sveinsdóttir^{1,2}, Katrín Blöndal^{1,2}, Sigríður Zoëga^{1,2}, Brynja Ingadóttir^{1,2}, Hafís Skúladóttir³, Anna Lilja Filipsdóttir⁴, Erna Björk Þorsteinsdóttir², Eyrún Harpa Hlynisdóttir², Guðrún Björg Erlingsdóttir¹, Margrét Sigmundsdóttir^{1,2}, Jóhanna Sigríður Sveinsdóttir², Kolbrún Kristiansen², Heiða Hríngsdóttir⁴, Steinunn Hauksdóttir⁴, Eygló Ingadóttir⁵

¹Hjúkrunarfræðideild Háskóli Íslands, ²Skurðlækningasvið, Landspítala, ³Háskólinn á Akureyri, Heilbrigðisvísindasvið, ⁴Sjúkrahúsið á Akureyri, Skurðlækningadeild, ⁵Menntadeild Landspítala
herdis@hi.is

Inngangur: Rannsóknin er hluti rannsóknar sem hefur það markmið að lýsa einkennum, fræðslu, bata, heilsutengdum lífsgæðum og svefnmynstri sjúklinga sem gangast undir valdar skurðaðgerðir á LSH og á SAK og dveljast á sjúkrahúsinu yfir nótt eða lengur. Lýsandi niðurstöður frá sjúkrahússdöl verða kynntar og greindar út frá kyni.

Efniviður og aðferðir: Sjúklingum sem fóru í valdar aðgerðir á tímabilinu 15. janúar 2016 til 15. júlí 2016 var boðin þátttaka. Gagna var aflað með

spurningalistum sem innihéldu m.a. HADS og SF-v36. Gögn um aðgerð voru sótt í sjúkraskrá.

Niðurstöður: 608 sjúklingar tóku þátt í rannsókninni, þar af voru 510 af Landspítala og 293 karlar. Meðalaldur var 64.1 (±12.6) ár. Einkenni sem ollu >30% sjúklinga vanlíðan voru verkir, þreyta, erfiðleikar með hreyfingu, úthaldsleysi og svefnleysi. Þátttakendur voru almennt ánægðir með fræðslu (93.4%) og þótti hún gagnleg (93.3%) en >10% sjúklinga hefðu viljað frekari upplýsingar um sjúkdóminn, aðgerðina, fylgikvilla aðgerðar, hreyfingu eftir aðgerð, verki, verkjameðferð og aukaverkanir verkjameðferðar, skurðsárið og næringu. 42 sjúklingar voru með mögulegan kvíða og 30 voru með mjög líklegan kvíða. Vísbendingar voru um mögulegt þunglyndi hjá 57 sjúklingum og 37 voru mjög líklega þunglyndir. Samanborið við karla voru konur almennt með meiri einkennum, meiri verki, kvíða og þunglyndi, vildu frekari fræðslu og voru síður ánægðar með stuðning og umönnun en karlar.

Ályktun: Skurðsjúklingar finna fyrir margvíslegum einkennum á meðan á sjúkrahúsdvöl stendur sem geta haft áhrif á bata og seinkað útskrift. Mikilvægt er að meta einkennum markvisst og veita viðeigandi meðferð. Bæta þarf fræðslu til sjúklinga, einkum kvenna.

E 170 Brottnám á blöðruhálskirtli með aðstoð aðgerðarþjarka á Íslandi: Áhrif legu og bólstrunar sjúklinga í aðgerð

Ragnheiður Jónsdóttir¹, Eiríkur O. Guðmundsson², Herdís Alfreðsdóttir², Þórdís K. Þorsteinsdóttir¹

¹Hjúkrunarfræðideild, Háskóli Íslands, ²Landspítali Háskólasjúkrahús
ragnhej@landspitali.is

Inngangur: Blöðruhálskirtilsbrottnám með aðstoð aðgerðarþjarka (RALP) á Íslandi hófust í janúar 2015. Í RALP-aðgerðum liggja sjúklingar steypptir, handleggir meðfram síðum og fótleggir oft í stoðum. Gagnreynda þekkingu um áhrif legu/bólstrunar í RALP-aðgerðum á möguleg tauga-, húð- og augnvandamál skortir.

Efniviður: Öllum sjúklingum sem gengust undir brottnám á blöðruhálskirtli með aðstoð aðgerðarþjarka á Íslandi á tímabilinu janúar 2015 – janúar 2016 var boðin þátttaka í rannsókninni.

Aðferðir: Þátttakendur svöruðu fjórum spurningalistum: fyrir aðgerð, á fyrsta degi, 7. degi og þremur mánuðum eftir aðgerð. Skurð- og svæfingahjúkrunarfræðingar skráðu upplýsingar um legu sjúklinga. Gögnum var safnað í RedCap og greind með lýsandi- og ályktunartölfræði um sambönd milli breyta.

Niðurstöður: Framkvæmdar voru 65 aðgerðir á tímabilinu og samþykktu 62 einstaklingar þátttöku (95% svarstíðni). Meðalaldur var 64 ár (bil 48-73 ár), meðal BMI var 27 kg/m² (bil 21-39), meðaltími í steyptri legu 100 mín (bil 64-162 mín), meðalgráður steypu 26° (bil 23°-30°), meðalvökvagjöf í aðgerð 857 ml (bil 200-1500 ml). Á fyrsta degi voru verkir í kvið (85%) og öxlum (36%) algengastir, þremur mánuðum eftir aðgerð hafði tíðnin lækkað (14%, 14%). Niðurstöður tvíhliða aðhvarfsgreininga sýndu að lengd og gráður steypu legunnar, BMI, ASA-flokkun og aldur höfðu marktæk áhrif á útkomur sjúklinga.

Ályktanir: Rannsóknin gefur vísbendingar um að halli og tími steyptrar legu í RALP geti haft áhrif á verki sjúklinga eftir aðgerð. Gagnreynd þekking um áhrif legu/bólstrunar á verki eftir aðgerð er mikilvæg skurðteyminu til að stuðla að sem mestu öryggi sjúklinga.

E 171 Langtímaárangur skurðaðgerða við sjálfsprottinu loftbrjosti á Íslandi 1991-2015

Tinna Harper Arnardóttir^{1,2}, Guðrún F. Tómasdóttir¹, Arnar Geirsson¹, Tómas Guðbjartsson^{1,2}

¹Hjarta- og lungnaskurðeild, Læknadeild, Háskóli Íslands, ²Læknadeild, Háskóli Íslands
tinna.harper@gmail.com

Inngangur: Sjálfsprottið loftbrjóst getur greinst endurtekið og þarf þá oft að grípa til skurðaðgerðar. Markmið rannsóknarinnar var að kanna tíðni og langtímaárangur þessara aðgerða hér á landi með áherslu á fylgikvilla og tíðni enduraðgerða vegna endurtekens loftbrjóst.

Efniviður og aðferðir: Afturskyggn rannsókn á 362 sjúklingum (meðalaldur 29,4 ár, 77,8% karlar) sem gengust undir 431 aðgerð við sjálfsprottinu loftbrjosti á Íslandi 1991-2015. Upplýsinga var aflað úr sjúkraskrá og m.a. skráð tegund aðgerðar, 30 daga dánartíðni og hvort greinst hefði endurtekið loftbrjóst sem krafðist enduraðgerðar. Meðaleftirlitstími var 153 mánuðir og miðast eftirlit við 1. mars 2016.

Niðurstöður: Að meðaltali voru framkvæmdar 17±6,3 aðgerðir á ári og sveiflaðist tíðnin frá 8 til 31 aðgerðar á ári. Meðalaðgerðartími var 60 mínútur og voru algengustu ábendingarnar annað (38,5%) og fyrsta loftbrjóst (30,3%). Í 99,1% tilfella var gerður fleygskurður, en í 56,9% tilfella var bætt við fleiðruertingu og hjá 13,1% hlutabrottnámi á brjóstholsfleiðru. Hlutfall aðgerða með brjóstholssjá (VATS) jókst úr 67% fyrstu 5 árin í 97% þau síðustu. Algengustu fylgikvillar eftir aðgerð voru viðvarandi loftleki (11,8%) og endurtekið loftbrjóst (9,0%). Enginn sjúklingur lést innan 30 daga frá aðgerð. Alls þurftu 27 einstaklingar enduraðgerð vegna loftbrjóst (6,3%), þar af einn með þekktan lungnasjúkdóm, og var tíðnin hærri eftir brjóstholsspeglun en eftir brjóstholsskurð (8,0% á móti 3,4%, $p<0,01$). Tímalengd frá aðgerð að endurteknu loftbrjosti var að miðgildi 4 mánuðir (bil: 0-47).

Ályktanir: Árangur skurðaðgerða við sjálfsprottinu loftbrjosti er góður á Íslandi. Þó er endurtekið loftbrjóst vandamál, en líkt og erlendis er tíðni endurtekens loftbrjóst tvöfalt hærri eftir brjóstholsspeglun en opna skurðaðgerð.

E 172 Endurinnlagnir eftir skurðaðgerðir vegna lungnakrabbameins - frumniðurstöður

Björn Friðriksson¹, Guðrún N. Óskarsdóttir², Hannes Halldórsson¹, Hrönn Harðardóttir^{1,3}, Arnar Geirsson², Steinn Jónsson^{1,3}, Tómas Guðbjartsson^{1,2}

¹Háskóli Íslands, Læknadeild, ²Landspítali, Hjarta og lungnaskurðeild, ³Lungnadeild Landspítala
bmf3@hi.is

Inngangur: Bráðar endurinnlagnir eftir skurðaðgerðir vegna lungnakrabbameins hafa ekki verið rannsakaðar áður hér á landi. Tilgangur rannsóknarinnar var að skoða endurinnlagnir, forspárþætti þeirra og dánartíðni þessa sjúklingahóps.

Efniviður og aðferðir: Afturskyggn rannsókn á sjúklingum sem gengust undir aðgerð vegna lungnakrabbameins á Íslandi árunum 1991-2014. Endurinnlagnir var skilgreind sem bráðainnlagn á sjúkrahús innan 90 daga frá útskriftardegi. Lógistísk aðhvarfsgreining var notuð til að meta forspárþætti innlagnar innan 30 og 90 daga en einnig dánartíðni innan 90 daga og 6 mánaða.

Niðurstöður: Á ofangreindu tímabili fór 641 einstaklingur í 670 aðgerðir og útskrifaðist af spítalanum í kjölfarið; 570 fóru í blaðnáð, 81 í lungnabrottnám og 82 í fleyg/geiraskurð. Tíðni endurinnlagna eftir 30 og 90 daga var 9,7% og 16,4%. Flestar endurinnlagnir (59%) voru innan 30 daga

frá útskrift, og voru oftast vegna fylgikvilla tengdum aðgerðinni (63%). Áhættuþættir endurinnlagnar innan 30 daga voru saga um lungnateppu (HL 1,98, 95%-ÖB: 1,09-3,55) og minniháttar fylgikvilli í legu (HL 3,3, 95%-ÖB: 1,9-6,1). Stig lungnakrabbameins (HL 1,43, 95%-ÖB: 1,22-1,70), meiriháttar fylgikvilli í legu (HL 5,40, 95%-ÖB: 2,11-13,26), endurinnlagnir innan 30 daga (HL 3,66, 95%-ÖB: 1,71-7,53) og ASA-skor (HL 1,66, 95%-ÖB: 1,03 - 2,70) voru sjálfstæðir forspárþættir dauða innan 6 mánaða.

Ályktanir: Endurinnlagnir eru algengar eftir skurðaðgerðir vegna lungnakrabbameins, eða 10% á fyrsta mánuði eftir aðgerð. Flestar endurinnlagnir má rekja til fylgikvilla eftir aðgerð sem oft tengjast undirliggjandi lungna- eða hjartasjúkdómum. Aukið eftirlit að útskrift lokinni gæti fækkað endurinnlögnum hjá þessum sjúklingahópi.

E 173 Stigun lungnakrabbameins með miðmætisspeglun á Íslandi 2003-2012

Jónína Ingólfssdóttir¹, Þóra Sif Ólafsdóttir¹, Hrönn Harðardóttir^{2,3}, Steinn Jónsson^{2,3}, Tómas Guðbjartsson^{1,3}

¹Hjarta- og lungnaskurðeild, ²Lungnadeild, Landspítali, ³Læknadeild Háskóla Íslands
jonina.ingolfsdottir@gmail.com

Inngangur: Miðmætisspeglun er talin kjörrannsókn til að meta útbreiðslu lungnakrabbameins í eitla efra og fremra miðmætis, enda þótt rannsóknaraðferðir eins og jáeindaskönnun og berkju-/vélindaómspeglun hafi fækkað þessum aðgerðum undanfarin ár. Markmið rannsóknarinnar var að kanna árangur miðmætisspeglunar á Íslandi og meta neikvætt forspárgildi við greiningu miðmætiseitilmeinvarpa lungnakrabbameins.

Efniviður og aðferðir: Allir sjúklingar ($n=125$, meðalaldur 66 ár, 49% karlar) með lungnakrabbamein sem ekki var af smáfrumgerð sem gengust undir miðmætisspeglun á Landspítala 2003-2012. Farið var yfir sjúkraskrár, reiknað út 30 daga dánarhlutfall og farið yfir vefjasvör. Neikvætt forspárgildi miðmætisspeglunar var reiknað hjá 66 sjúklingum sem í kjölfarið gengust undir brjóstholsskurðaðgerð með lækningu að markmiði.

Niðurstöður: Miðmætisspeglunum fjölgaði úr 2 árið 2003 í 24 árið 2012 ($p<0,001$). Meðal aðgerðartími var 31 mínúta og 64% sjúklinga útskrifuðust innan sólarhrings frá aðgerð. Að meðaltali voru tekin sýni úr 2,9 miðmætiseitlum (bil: 1-5). Hjá 42 sjúklingum (34%) fundust meinvörp í að minnsta kosti einum eitli, en hjá hinum eitilvefur eða ósérhæfðar vefjabreytingar. Í þremur tilfellum (2%) fékkst ekki vefjasýni úr eitlum. Alls fengu 5% sjúklinga einhvern fylgikvilla í eða eftir aðgerð og voru þeir helstu hæsi (2,4%), skurðsýking (0,8%) og lungnabólga (0,8%). Neikvætt forspárgildi miðmætisspeglana reyndist 91,9%, en 5/66 sjúklingar reyndust hafa meinvörp í miðmætiseitlum (N2-eitlastöð) við aðgerð sem ekki höfðu greinst við miðmætisspeglun. Enginn sjúklingur lést innan 30 daga frá aðgerð.

Ályktanir: Árangur miðmætisspeglana er mjög góður hérlandis sem endurspeglast í lágrí tíðni fylgikvilla og 0% 30 daga dánartíðni. Neikvætt forspárgildi er í samræmi við erlendar rannsóknir.

MÁLSTOFUR

M 1 Áhrif pneumókokka bólusetningar á pneumókokka úr nefkoki heilbrigðra leikskólabarna á Íslandi

Sigríður Júlía Quirk¹, Helga Erlendsdóttir², Andries van Tonder³, Gunnsteinn Haraldsson¹, Ásgeir Haraldsson⁴, Martha Á. Hjálmarsdóttir¹, Stephen D. Bentley⁵, Angela B. Brueggemann³, Karl G. Kristinsson²

¹HÍ, Læknadeild, ²Sýklafræðideild, Landspítali háskólasjúkrahús, ³Háskólinn í Oxford, Nuffield Department of Medicine, ⁴Barnspítali Hringins, Landspítali háskólasjúkrahús, ⁵Pathogen Genomics, Wellcome Trust Sanger institute

sjq1@hi.is

Tíu-gilda pneumókokka bóluefnið (Synflorix®) var innleitt í ungubarna bólusetningar á Íslandi í apríl 2011. Markmiðið var að kanna hvort breytingar yrðu á hjúperðum og klónum pneumókokka í nefkoki heilbrigðra leikskólabarna í kjölfar bólusetninganna.

Nefkoksstrokum var safnað árlega (í mars, 2009-2014), frá börnum úr 15 leikskólum höfuðborgarsvæðinu, til að athuga algengi pneumókokka. Heilraðgreining var gerð á öðrum hverjum stofni, hjúperðir og arfgerðir (MLST) lesnar úr heilraðgreiningargögnum og arfgerðir tengdar klónahópum (CC). Tvö þrígga ára tímabil (2009-2011) áður en bólusetningar hófust (FB) og eftir innleiðingu þess (2012-2014) (EB) voru borin saman.

Sýni voru tekin úr 2.884 heilbrigðum leikskólabörnum og ræktuðust pneumókokkar frá 2013 þeirra (69,8%). Beratiðni hélst óbreytt á milli ára. Alls voru 975 stofnar heilraðgreindir og greindust 29 hjúperðir, 43 klónahópar (CC), 5 stakir og 98 arfgerðir. Hlutfall bóluefnishjúperða lækkaði úr 53% FB í 28% EB. Algengasti klónahópurinn á báðum tímabilum var CC439, 59 stofnar FB og 68 EB. Af CC439 voru FB 79% stofnar af bóluefnishjúperðinni 23F, en EB tilheyrðu 72% stofnanna hjúperðum utan bóluefnisins, 23A, 23B. Næst algengastur var CC199, 56 stofnar FB, (73% af hjúperð 19A og 27% 15B/C) og 53 stofnar EB (51% af hjúperð 19A og 49% 15B/C). Flestir stofnar með minnkað næmi fyrir penisillíni tilheyrðu hjúperð 19F, CC236, 36 stofnar FB og 15 EB, þá hjúplausir stofnar CC344, 12 stofnar FB og 16 EB.

Eftir að bólusetningar hófust fækkaði pneumókokkastofnum af bóluefnishjúperðum hjá heilbrigðum börnum, en um leið fjölgaði hjúperðum sem ekki tilheyrðu bóluefninu. Ekki varð marktæk breyting á dreifingu klónahópa.

M 2 Áhrif pneumókokka bólusetningar á pneumókokka ræktuðum úr miðeyrum og neðri öndunarvegum á Íslandi

Sigríður Júlía Quirk¹, Andries van Tonder², Gunnsteinn Haraldsson¹, Martha Á. Hjálmarsdóttir¹, Ásgeir Haraldsson³, Helga Erlendsdóttir⁴, Stephen D. Bentley⁵, Angela B. Brueggemann³, Karl G. Kristinsson⁴

¹HÍ, Læknadeild, ²Háskólinn í Oxford, Nuffield Department of Medicine, ³Barnspítali Hringins, Landspítali háskólasjúkrahús, ⁴Sýklafræðideild, Landspítali háskólasjúkrahús, ⁵Pathogen Genomics, Wellcome Trust Sanger institute

sjq1@hi.is

Bólusetningar barna með pneumókokka bóluefnum leiða til fækkunar á stofnum af bóluefnishjúperðum, aukningu hjúperða sem ekki eru í bóluefni en sjaldnar til hjúpskipta innan klóna. Markmiðið var að meta áhrif pneumókokkabólsetninga barna á hjúperðir og klóna sem ræktuðust úr miðeyrum (ME) og neðri öndunarvegum (NÖV).

Annar hver pneumókokkastofn úr ME og NÖV-sýnum frá Sýklafræðideild Landspítalans, var valinn í heilraðgreiningu í Illumina HiSeq2000 raðgreini. Erfðamengin voru samsett með Velvet. Hjúperðir og arfgerðir voru fengnar úr heilraðgreiningargögnum. Tímabilið

(2009-2011) áður en bólusetningar hófust (FB) var borið saman við tímabilið eftir innleiðingu bólusetninga (2012-2014) (EB).

Fjöldi raðgreindra stofna úr ME var 462, flestir frá börnum, og 283 úr NÖV, flestir frá fullorðnum. Í heildina greindust 32 hjúperðir, 112 arfgerðir og 54 klónahópar (CC). Stofnar af hjúperð 19F, flestir ST3014/CC236, voru algengastir bæði tímabilin, en fækkaði EB í ME gagnstætt NÖV ($p < 0,001$). Hjúperð 23F, aðallega ST311/CC439, fækkaði EB í ME ($p = 0,002$). Bóluefnishjúperðirnar 6Bii, 7F, 9V og 18C greindust ekki EB. Algengi bóluefnishjúperða var óbreytt í NÖV. Hjúperð 15B/C, flestir CC199, fjölgaði í ME EB ($p < 0,0001$). Stofnum af hjúperð 6C fjölgaði í ME EB ($p = 0,0003$), flestir tilheyrðu ST386/CC315 sem fannst ekki FB. Eftir bólusetningu fannst einn stofn af hjúperð 23B, ST162, klóninn tilheyrði áður bóluefnishjúperð 9V. Hjúperð 3, ST180/CC180, fjölgaði EB í NÖV ($p = 0,03$).

Stofnum af bóluefnishjúperðum fækkaði í miðeyrasýnum frá börnum eftir bólusetningu en hjúperðum sem tilheyrðu ekki bóluefninu fjölgaði. Engin breyting varð á algengi þeirra í neðri öndunarvegum fullorðinna. Merki um hjúpskipti greindust hjá einum stofni.

M 3 Pneumókokkar með minnkað næmi fyrir penisillíni á Íslandi eftir bólusetningar

Martha Á. Hjálmarsdóttir^{1,2,3}, Helga Erlendsdóttir^{1,2,3}, Ásgeir Haraldsson^{1,2,4}, Karl G. Kristinsson^{1,2,3}

¹Sýklafræðideild Landspítalans, ²Læknadeild Háskóla Íslands, ³Lífisindasetur Háskóla Íslands, ⁴Barnspítali Hringins

hjalmar@hi.is

Inngangur: Pneumókokkar með minnkað næmi fyrir penisillíni (PÓP) hafa verið mun algengari á Íslandi en í öðrum löndum í norðanverðri Evrópu og var ónæmi vaxandi árin áður en bóluefni gegn pneumókokkum var innleitt í barnabólusetningar, 2011. Markmið rannsóknarinnar var að greina þróun ónæmis í kjölfar bólusetninga.

Efniviður og aðferðir: Allir pneumókokkastofnar sem ræktuðust frá klínískum sýnum á sýklafræðideild Landspítala 2011-2015. Skimað var fyrir penisillínónæmi með oxasillíni í skífunaemisprófum og lágmarksheftistyrkur gegn pensillíni var mældur hjá oxasillín ónæmum stofnum.

Niðurstöður: Á tímabilinu greindust 2455 pneumókokkastofnar þar af voru 784 (32,0%) PÓP. Hjúperð 19F var ríkjandi hjá PÓP, eða 70,3% og voru langflestir stofnanna fjölónæmir og af sama klónahópi. Í heild tilheyrðu 86,4% PÓP bóluefnishjúperðum. Árið 2011 var fjöldi pneumókokkastofna 786, þar af 336 PÓP (42,7%), bæði fleiri og herra hlutfall en áður hefur sést. Árið 2015 var fjöldi pneumókokkastofna 241, þar af 53 (22,0%) PÓP, sem er minni fjöldi en hefur sést síðan í byrjun níunda áratugarins en lægra hlutfall PÓP sást um aldamótin. PÓP fækkaði því sexfalt meðan heildarfjöldi lækkaði þrefalt. Fækkun PÓP sást fyrst hjá yngstu börnunum, síðan hjá eldri börnum, þá yngri fullorðnum en ekki hjá þeim sem voru eldri en 65 ára.

Ályktun: Einstakir klónar höfðu mikil áhrif á útbreiðslu ónæmis á Íslandi. Þegar bólusetningar barna hófust var ónæmi, sem þá var orsakað af 19F klóninum, meira en nokkurn tíma fyrr. Með bólusetningunum fækkaði ónæmum pneumókokkum verulega, sérstaklega í miðeyrasýnum frá börnum þar sem klóninn er nú nánast horfinn. Hjarðónæmi gegn bóluefnishjúperðum sást hjá öllum aldurhópum nema þeim elsta.

M 4 Hjarðónæmi hjá óbólusettum börnum í leikskólum eftir upphaf bólusetninga gegn pneumokokkum með tígildu bóluefni

Samúel Sigurðsson¹, Helga Erlendsdóttir², Birgir Hrafnkelsson³, Karl G. Kristinsson², Ásgeir Haraldsson⁴

¹Læknadeild, Háskóli Íslands, ²Sýklafræðideild, Landspítali, ³Raunvísindadeild, Háskóli Íslands, ⁴Barnspítala Hringins, Landspítala

samuelsigurds@gmail.com

Inngangur: Bólusetning með tígildu próteintengdu bóluefni (PHiD-CV) hófst árið 2011 fyrir fæðingarárgang 2011. Bólusetting er við 3, 5 og 12 mánaða aldur. Eldri börn voru ekki bólusett.

Tilgangur: Skoða áhrif á berahlutfall og hjúperðir pneumókokka hjá óbólusettum börnum í leikskólum á Stór-Reykjavíkursvæðinu fyrir og eftir upphaf bólusetningarinnar.

Aðferðir: Rannsóknin er árleg þversniðsrannsókn þar sem nefkokssýni hafa verið tekin í mars frá árinu 2009 til 2015 úr börnum frá 15 mismunandi leikskólum. Sýnin voru ræktuð sértækt fyrir pneumókokkum og hjúperðir þeirra greind. Aðeins fæðingarárgangar 2010 og eldri voru teknir með í þessari rannsókn. Sýni sem voru tekin 2011 og fyrr (PreVac) voru borin saman við sýni tekin 2013 og síðar (PostVac). Sýni tekin árið 2012 voru ekki tekin með, skilgreind sem millibils ár. Til að jöfn aldursdreifing héldist milli hópa voru aðeins börn $\geq 3,5$ að aldri tekin með.

Niðurstöður: 926 börn voru í PreVac og 1026 í PostVac hópnum, berahlutfall var svipað, 62,4% og 64,0%. Í 5,1% og 6,0% tilvika ræktuðust tvær hjúperðir. Enginn marktækur munur fannst á aldri (4,90 á móti 4,95, $p=0,15$) eða kyni. Virkni bóluefnisins gegn bóluefnishjúperðum fyrir PostVac borið saman við PreVac hópinn var 57% (45-66%). Fyrir hjúperðir tengdar bóluefnishjúperðunum var 41% (9-62%) fækkun á 6A en ekki marktæk fækkun á 19A.

Umráður: Marktæk lækun í berahlutfalli á bóluefnishjúperðum fannst í heilbrigðum óbólusettum börnum í leikskólum. Þess vegna má draga þær ályktanir að PHiD-CV bóluefnið valdi hjarðónæmi hjá eldri óbólusettum börnum í leikskólum gegn bóluefnishjúperðum og hugsanlega einnig hjúperð 6A.

M 5 Áhrif bólusetninga gegn pneumokokkum á notkun sýklalyfja á Íslandi

Elías S. Eypórsson¹, Ásgeir Haraldsson¹, Birgir Hrafnkelsson², Helga Erlendsdóttir³, Karl G. Kristinsson¹, Tinna L. Ásgeirsdóttir⁴

¹Læknadeild, ²Raunvísindadeild, Háskóli Íslands, ³Sýklafræðideild, Landspítali, ⁴Hagfræðideild, Háskóli Íslands

ese10@hi.is

Inngangur: *S. pneumoniae* er algengur meinvaldur í öndunarvegasykingum, svo sem miðeyrnabólgu, skútubólgu og lungnabólgu, og er jafnframt ein algengasta bakterían sem veldur slíkum sýkingum. Árið 2011 var pneumokokkabóluefninu Synflorix® bætt við almennar bólusetningar barna á Íslandi. Markmið rannsóknarinnar var að meta hvort upptaka Synflorix® hafi valdið minni notkun sýklalyfja á Íslandi.

Efniviður og aðferðir: Einstaklingsgögn voru fengin úr heilsugæsluskra, lyfjagagnagrunni og bólusetningaskrá Landlæknisembættisins fyrir árin 2005-2014. Íbúaföldi eftir aldri og almanaksári var fengin hjá Hagstofu Íslands. Sýklalyfjaútskriftir voru paraðar saman við komur á heilsugæslu og útskriftargreiningin notuð til að flokka sýklalyf í öndunarfæra- eða þvagfærasýklalyf. Fjöldi sýklalyfjaútskrifta af hvorum flokki fyrir sig var síðan metinn fyrir hvern aldurshóp sem fall af tíma með alhæfðu línulegu líkani með neikvæðri tvíkostadreifingu. Tímabilin fyrir og eftir upphaf bólusetninga voru táknúð með vísibreytu. Tvær breytur voru skilgreindar sem tákna leitni, annars vegar fyrir allt tímabilið og hins vegar fyrir

tímabilið eftir bólusetningu. Leiðrétt var fyrir árstíðarsveiflum, sjálffylgni og fjölda einstaklinga í aldurshópi eftir árum.

Niðurstöður: Sýklalyfjaútskriftir voru að meðaltali 0,54 útskriftir á persónu-ár fyrir bólusetningu og 0,50 útskriftir á persónu-ár eftir bólusetningu. Ekki fannst marktæk breyting í leitni útskrifta á öndunarfærasýklalyfjum fyrir og eftir bólusetningu í neinum aldurshópi. Sama niðurstaða fékkst þegar einungis voru skoðuð þau tilvik þar sem vitað var að sýklalyfjaútskrift var í kjölfar komu á heilsugæslu með útskriftargreininguna miðeyrnabólga, skútubólga eða lungnabólga. Þvagfærasýklalyf voru einnig óbreytt.

Ályktanir: Upptaka Synflorix® bóluefnisins í almennar bólusetningar barna hafði ekki áhrif á fjölda sýklalyfjaútskrifta á Íslandi.

M 6 Áhrif bólusetninga gegn pneumokokkum á fjölda rörisetninga barna á Íslandi

Elías S. Eypórsson¹, Ásgeir Haraldsson¹, Birgir Hrafnkelsson², Helga Erlendsdóttir³, Karl G. Kristinsson¹, Tinna L. Ásgeirsdóttir⁴

¹Læknadeild, Háskóli Íslands, ²Raunvísindadeild, Háskóli Íslands, ³Sýklafræðideild, Landspítali, ⁴Hagfræðideild, Háskóli Íslands

ese10@hi.is

Inngangur: *S. pneumoniae* er algengur meinvaldur í miðeyrnabólgu. Í ákveðnum tilvikum þegar börn eru með langvarandi vökva í miðeyra eða hafa endurteknar miðeyrnabólgu er talin ástæða fyrir rörisetningu í hljóðhimnu. Slíkt er aðallega gert af háls-, nef og eyrnalæknum utan spítala. Árið 2011 var pneumokokkabóluefninu Synflorix® bætt við almennar bólusetningar barna á Íslandi. Markmið rannsóknarinnar var að meta áhrif upptöku Synflorix® á fjölda rörisetninga hjá börnum.

Efniviður og aðferðir: Einstaklingsgögn voru fengin úr heilsugæsluskra, lyfjagagnagrunni og bólusetningaskrá Landlæknisembættisins fyrir árin 2005-2015 auk einstaklingsgagna um rörisetningar frá Sjúkratryggingum Íslands. Íbúaföldi eftir aldri og almanaksári voru fengin hjá Hagstofu Íslands. Fjöldi rörisetninga á 1000 persónu-ár hjá börnum yngri en þriggja ára var reiknaður og borin saman milli ára og fyrir og eftir bólusetningu. Einnig var hlutfall hvers fæðingarárgangs 2005-2012, sem hafði farið í eina eða fleiri rörisetningu fyrir þriggja ára aldur, reiknað og hlutföllin milli ára borin saman.

Niðurstöður: Engin marktæk breyting varð á fjölda eða hlutfalli rörisetninga fyrir og eftir bólusetningu. Framkvæmdar voru á bilinu 83-102 rörisetningar á 1000 persónu-ár sem lækkaði ekki eftir bólusetningu. Hlutfall fæðingarárgangs sem hafði fengið eina eða fleiri rörisetningu var á bilinu 26-29% og var hæst á árunum eftir bólusetningu.

Ályktanir: Upptaka Synflorix® bóluefnisins í almennar bólusetningar barna hafði ekki áhrif á fjölda rörisetninga á Íslandi. Fjöldi rörisetninga og fjöldi barna sem hafa fengið rör er óvenju hár á Íslandi samanborið við nágrannalönd. Frekari rannsókn er þörf til að meta orsök þessa misræmis.

M 7 Hefur notkun ceftriaxone breyst á bráðamóttöku Barnspítala Hringins?

Sigmar A. Guðmundsson¹, Elías S. Eypórsson², Helga Erlendsdóttir², Ingileif Sigfúsdóttir³, Karl G. Kristinsson², Ásgeir Haraldsson²

¹Barnalækningar og sýklafræði, Læknadeild, Háskóli Íslands, ²Læknadeild, Háskóli Íslands, ³Barnspítali Hringins, Landspítali - Háskólasjúkrahús

asgeir@lsh.is

Inngangur: *Streptococcus pneumoniae* (pneumókokkar) eru algengar bakteríur í nefkoki barna en geta valdið alvarlegum sýkingum. Í lok síðustu

aldar fjölgaði sýkingum af völdum fjölonæmra pneumókokka. Því þurfti að nota breiðvirk sýklalyf, oftast ceftriaxone, gegn alvarlegum sýkingum og eyrnabólgu sem mögulega orsökuðust af fjölonæmum pneumókokkum. Í kjölfarið jókst notkun ceftriaxone mikið.

Árið 2011 hófust bólusetningar með 10-gildu próteintengdu pneumókokkabóluefni á Íslandi. Markmið rannsóknarinnar var að meta mögulega breytingu á notkun ceftriaxone á bráðamóttöku Barnaspítala Hringssins eftir upphaf bólusetninga gegn pneumókokkum.

Efniviður og aðferðir: Rannsóknin var afturskyggn. Borin voru saman tímabilin fyrir (2008-2010) og eftir (2011-2015) upphaf bólusetninganna. Upplýsingar fengust úr tveimur gagnasöfnum, annars vegar var leitað eftir hjúkrunarmedferð með ceftriaxone, hins vegar var leitað eftir öllum útskriftargreiningum fyrir eyrnabólgu. Gagnasöfnin voru sameinuð og flokkuð eftir aldri, kyni, greiningum og meðferð. Tölfræðiútreikningar voru gerðir með R og var notast við t-próf og lógistíska aðhvarfsgreiningu með innifalinni poisson greiningu.

Niðurstöður: Komum vegna eyrnabólgu fækkaði ómarktækt um 47,2/ári úr 614 í 566,8/ári (95%ÖB -45,9-140,3, $p=0,1944$). Hlutfallsleg áhætta á ceftriaxone meðferð var minni á seinna tímabilinu (RR=0,589, 95%ÖB 0,56-0,66, $p<0,001$), óháð útskriftargreiningu og leiðrétt fyrir aldri. Hlutfallsleg áhætta á ceftriaxone meðferð fyrir sjúklinga með eyrnabólgu var einnig minni (RR=0,35 (95%ÖB 0,297-0,416, $p<2 \times 10^{-16}$), einnig leiðrétt fyrir aldri.

Umræður: Lítil og ómarktæk fækkun varð á komum vegna eyrnabólgu milli tímabila. Notkun ceftriaxone á Bráðamóttöku Barnaspítala Hringssins minnkaði marktækt, bæði heildarnotkun og notkun við eyrnabólgu. Niðurstöðurnar sýna að verulega dró úr notkun ceftriaxone eftir upphaf bólusetninga.

M 8 Faraldsfræði Haemophilus influenzae fyrir og eftir bólusetningu á Íslandi

Hildigunnur Sveinsdóttir^{1,2}, Jana B. Björnsdóttir², Helga Erlendsdóttir², Martha Á. Hjalmsdóttir², Ásgeir Haraldsson², Karl G. Kristinsson², Gunnsteinn Haraldsson²

¹Sýklafraeðideild LSH, ²Læknadeild Háskóla Íslands, Lífvisindasetur Háskóla Íslands
his37@hi.is

Árið 2011 var próteintengda pneumókokkabóluefnið Synflorix® tekið inn í almenna bólusetningu barna á Íslandi. Burðarprótein bóluefnisins er prótein D (PD) úr *H.influenzae*. Genið *hpd* sem skráir fyrir PD er vel varðveitt, en er þó ekki til staðar í öllum stofnum. Markmiðið var að kanna faraldsfræði *H.influenzae* í heilbrigðum leikskólabörnum og eyrnasýkingum. Einnig að kanna hlutfall *hpd* neikvæðra stofna og hvaða áhrif bólusetning með PD burðarpróteini hefur.

H.influenzae stofnar voru einangraðir úr nefkoxssýnum sem var safnað úr heilbrigðum leikskólabörnum (2009, 2012-2016) og sýnum úr miðeyra sem bárust á sýklafraeðideild Landspítala (2012-2015). Leitað var að *hpd* með PCR með sértækum primerum, til að staðfesta *hpd* neikvæða stofna var leitað að fuculose-kínasa geninu. Leitað var að hjúpuðum stofnum með *bexA* primerum og þeir hjúpgreindir með hjúpgerðarsértækum primerum.

Frá 3097 leikskólabörnum og fengust 2271 *H.influenzae* stofnar (heilðarberatiðni 73,3%). Beratiðni sveiflaðist frá 61,5-86,9% milli ára en lækkaði ekki í kjölfar bólusetninga. Hlutfall *hpd* neikvæðra stofna var 6,1% (4,6-7,4%). Hlutfall hjúpaðra stofna var 0-2,2%, hjúpgerð f var algengust. Sýnum frá sýkingum í miðeyra af völdum *H.influenzae* fækkaði í kjölfar bólusetninga úr 235 árið 2012 í 85 árið 2015. Hlutfall *hpd* neikvæðra stofna var 7,2% (5,9-8,6%) og breyttist ekki marktækt eftir bólusetningu. Hlutfall hjúpaðra stofna var 0-2,4%, algengasta hjúpgerðin var e.

Bólusetning með Synflorix hefur lítil áhrif á beratiðni *H.influenzae* hjá heilbrigðum leikskólabörnum á Íslandi en sýkingum í miðeyra af völdum *H.influenzae* fækkaði. Hlutfall hjúpaðra stofna var svipað milli ára. Hlutfall *hpd* neikvæðra stofna breyttist ekki eftir að bólusetningar hófust.

M 9 Líkamsþyngd og algengi sykursýki hjá fólki 50 til 70 ára 1967-2012 í rannsóknum Hjartaverndar á almennu þýði

Thor Aspelund, Elías F. Guðmundsson, Bolli Þórsson, Vilmundur Guðnason
Hjartavernd
thor@hi.is

Inngangur: Aukin líkamsþyngd og vaxandi algengi sykursýki er alþjóðlegt vandamál og er jafnvel talað um heimsfaraldur.

Efniviður og aðferðir: Hóprannsóknir Hjartaverndar hafa byggst á slembivali af íbúum höfuðborgarsvæðisins. Þátttaka karla og kvenna hefur verið góð eða 70% til 80%. Til eru þverskurðar gögn frá 1967 til 2012, með nokkurra ára bili, um líkamsþyngd og algengi sykursýki (af tegund 2) hjá fólki 50 til 70 ára. Hér er gerð grein fyrir þróun líkamsþyngdar og algengi sykursýki karla og kvenna 50-70 ára 1967-2012. Aldursleiðréttar niðurstöður eftir kyni voru birtar.

Niðurstöður: Meðallíkamsþyngdarstuðull karla jókst úr 25,9 í 28,7 og kvenna frá 25,2 til 27,2. Aldursstöðluð meðalþyngd karla fór úr 78,6 kg í 92,8 kg. Aukning í meðalþyngd karla leiðrétt fyrir aldri og hæð var 11,1 kg á tímabilinu. Meðalþyngd kvenna fór úr 65,3 kg í 75,4 kg. Aukning í meðalþyngd kvenna leiðrétt fyrir aldri og hæð var 8,8 kg. (Aldursstöðluð meðalþyngd karla og kvenna jókst um 5,5 cm á tímabilinu.) Algengi sykursýki jókst frá 5,8% hjá körlum í 12,0% og hjá konum úr 2,7% í 4,1%. Hækkun var marktækt meiri hjá körlum bæði fyrir þyngd og sykursýki.

Ályktanir: Meðallíkamsþyngdarstuðull hefur stöðugt aukist undanfarna áratugi, einkum eftir 1980, og marktækt meira hjá körlum en konum. Sykursýki eykst í hlutfalli við vaxandi ofþyngd.

M 10 Þróun sykurneyslu á Íslandi - mögulegir áhrifa- og skýringabættir

Laufey Steingrimsdóttir¹, Hólmfríður Þorgeirsdóttir², Daði Már Kristófersson³

¹Matvæla- og næringarfræðideild, Háskóli Íslands, ²Embætti Landlæknis, ³Háskóli Íslands, Hagfræðideild
laufey@hi.is

Rannsóknir benda eindregið til þess að áhrif óhóflegs sykurs á heilsu og líkamsþyngd séu alvarlegri en lengi var talið. Hér verður greint frá þróun í neyslu sykurs á Íslandi undanfarna áratugi, og leitast við að greina mögulega skýringabætti á þróuninni.

Notuð voru gögn um fæðuframboð af vef Embættis landlæknis, ásamt niðurstöðum landskannanna á mataræði frá 1990, 2002 og 2012.

Samkvæmt tölum um fæðuframboð var neysla á sykri nánast óbreytt í fjölda áratuga allt til síðustu aldamóta, eða um 53 kg/mann/ár, en hefur lækkað jafnt og þétt síðan. Á árunum 2001-2005 var neyslan 50,3 kg/mann/ár, 47,1 kg árið 2008, 45,4 kg árið 2011 og 41,8 kg árið 2014.

Neysla gosdrykkja samkvæmt fæðuframboði náði hámarki á árunum 2001 til 2005, 154 lítrar/mann/ár, og var frá 152 til 146 lítrar á mann til ársins 2013. Árið 2014 hafði neyslan lækkað í 133 lítra á mann.

Samkvæmt landskönnun á mataræði 1990 var meðalneyslan á viðbættum sykri, reiknuð sem hlutfall orku (E%), 8,4E%. Árið 2002 hafði sykurneyslan lækkað í 10,6E%, en lækkað aftur í 8,9E% árið 2011.

Verðlag, aðgengi og fræðsla, hafa áhrif á neyslu gosdrykkja og annarra sykraðra vara. Gosdrykkjaneysla er mun meiri á Íslandi en öðrum

Norðurlöndum, og hér er verið langlægst. Virðisaukaskattur og vörugjöld á gosdrykkjum og sykri hafa þó verið breytileg, og allt árið 2014 var vörugjald á gosdrykkjum, 21kr á lítra. Vörugjöld voru afnumin á sykrudum matvælum 1. janúar 2015, og virðisaukaskattur á matvæli hækkaði jafnframt úr 7% í 11%. Samband verðlags og neyslu verða rakin í fyrirlestrinum.

M 11 Áhrif skattlagningar á holdafar. Kerfisbundin samantekt

Linda Björk Árnadóttir

Lýðheilsufraeðingur

lindabjorkarnadottir@gmail.com

Offita í heiminum hefur nærri tvöfaldast á síðustu 30 árum. Ein af meginástæðum þess er talin aukin neysla á orkuríkri en næringarsnauðri fæðu ásamt hreyfingarleysi. Meðal Norðurlandabjóðanna er hlutfall offitu hæst á Íslandi, eða 21%. Á heimsvísu eru meira en 1,9 milljarðar fullorðinna einstaklinga í ofþyngd eða offitu. Rannsóknir gefa til kynna að mikil neysla sykraðra drykkja sé ein af lykilorsökum ofþyngdar og offitu. Markmið meistaraverkefnisins var að taka saman á kerfisbundinn hátt niðurstöður rannsókna á mögulegum áhrifum skattlagningar á sykrudum drykkjum á holdafar einstaklinga. Leitað var í gagnasöfnum að rannsóknum sem birtar höfðu verið fram til janúar 2015 um framangreint efni.

Niðurstöður þessa yfirlits benda til þess að ef 20% skattur yrði lagður á sykraða drykki gæti sú aðgerð leitt til þyngdartaps á bilinu 0,4 kg til 1,7 kg að meðaltali á ári hjá fullorðnum einstaklingum eftir skattlagningu samkvæmt fjórum af rannsóknunum. Alls 5 rannsóknir sýndu fram á að tíðni offitu geti einnig lækkað á bilinu 1,3-3%. Vísbendingar eru um að áhrif skattlagningar gætu aukist umtalsvert við hærri skattstig. Öllum rannsóknunum ber saman um að tengsl á alagningu skatta á sykraða drykki yrðu mest á neyslu ungs fólks og karlmanna – sérstaklega ungra karla, en þær veita þó ekki einhlítt svar við því hversu mikil neysluáhrifin yrðu.

M 12 Hærrí álögur á gosdrykki - áhrifarík leið til að draga úr sykurneyslu

Hólmfríður Þorgeirsdóttir, Elva Gísladóttir

Embætti Landlæknis

holmfridur@landlaeknir.is

Sykurneysla er óhóflega mikil hér á landi og eru sykraðir gosdrykkir sú fæðutegund sem leggur mest til sykurneyslunnar. Mikil neysla á sykurríkum vörum eykur líkur á offitu og tannskemmdum og mikil neysla á sykrudum gos- og svaldrykkjum getur auk þess aukið líkur á sykursýki af tegund 2. Niðurstöður rannsókna hafa sýnt að verðstýring með sköttum eða vörugjöldum á sykraða gosdrykki geti verið áhrifarík leið til að minnka neyslu. Áhrifin séu mest þar sem þörfin er brýnust, það er hjá börnum og ungmennum og þeim sem drekka mest af gosdrykkjum. Niðurstöður rannsókna frá Berkley í Kaliforníu og Mexíkó þar sem þessi leið var farin staðfesta þetta. Sömu leiðis minnkaði sykur- og gosdrykkjaframboð hér á landi árið 2014, eina heila árið sem vörugjöld voru við lýði.

Áður hafa verið vörugjöld hér á landi á sykri, gosdrykkjum og sælgæti en þau verið almenns eðlis frekar en að heilsusjónarmið lægju til grundvallar og því ekki líkleg til að hafa áhrif til bættrar lýðheilsu. Í nýrri aðgerðaáætlun Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar um langvinna sjúkdóma í Evrópu er ein af forgangsáðgerðum að hvetja til heilbrigðra neysluvenja með skattlagningu á óhollum vörum á borð við gosdrykki. Embætti landlæknis leggur til að stjórnvöld hækki álögur á gosdrykki þannig að þeir séu að minnsta kosti skattlagðir í samræmi við almenna skattheimtu í landinu, það er 24% virðisaukaskatt í stað 11%. Jafnframt að nýta þá fjármuni sem koma inn til að lækka álögur á grænmeti og ávexti og eyrnamerkja hluta af álögunum fyrir forvarnastarf. Þannig gætu stjórnvöld skapað aðstæður sem hvetja til heilbrigðari lífnaðarháttar og aukins jöfnuðar til heilsu.

M 13 Nýgengi kransæðastíflu á Íslandi í aldurshópnum 25-74 ára á tímabilinu 1981-2009

Elías F. Guðmundsson, Thor Aspelund, Jóhanna Gunnlaugsdóttir, Vilmundur Guðnason

Hjartavernd

elias@hjarta.is

Inngangur: Nýgengi kransæðastíflu hefur farið lækkanði á Íslandi undanfarna áratugi. Lækkunina má að miklu leyti skýra með hagstæðri þróun áhættupáttar. Áreiðanlegar rannsóknir á nýgengi krefjast vandaðrar skráningar á tilfellum og hefur Ísland tekið þátt í MONICA-rannsókninni frá árinu 1981, sem er fjölþjóðleg rannsókn á kransæðastíflu. Markmið þessarar rannsóknar var að meta breytingar í nýgengi kransæðastíflu á Íslandi í aldurshópnum 25-74 ára á tímabilinu 1981-2009.

Efniviður og aðferðir: Gögnin voru fengin úr hjartaáfallaskrá Landlæknisembættisins sem er í umsjá Hjartaverndar og nær til allra tilfella kransæðastíflu á landinu meðal karla og kvenna á aldrinum 25-74 ára. Skráningin fór fram samkvæmt stöðluðum skilmerkjum. Reiknað var aldursstaðlað nýgengi með tölfræðiforritinu Joinpoint sem getur tímasett marktækar breytingar í tíðni. Leiðrétt var fyrir ólíkri aldursssamsetningu milli ára samkvæmt aldursssamsetningu á Íslandi árið 2009.

Niðurstöður: Nýgengi kransæðastíflu lækkaði um 66,5% á tímabilinu bæði hjá körlum og konum, eða að jafnaði um 3,7% á ári samkvæmt mati úr Joinpoint-líkani. Ekki varð marktæk breyting í hraða lækkunar á tímabilinu sem var til skoðunar. Nýgengi meðal kvenna var mun lægra en meðal karla yfir allt tímabilið, eða rúmlega þrisvar sinnum lægra.

Ályktanir: Nýgengi kransæðastíflu á Íslandi lækkaði mikið á tæplega þriggja áratuga rannsóknatímabili. Mikilvægt er að viðhalda áreiðanlegum skráningum á kransæðastíflu og að fylgjast áfram með þróun áhættupáttar.

ÁGRIP VEGGSPJALDA

V 1 Blóðnatríumlækkun á bráðamóttökum Landspítala:

Lyf sem orsakavaldur

Guðrún Sigurðardóttir¹, Pétur S. Gunnarsson¹, Anna I. Gunnarsdóttir¹, Elín I. Jacobsen², Runólfur Pálsson³, Ólafur S. Indriðason³

¹Lyfjafræðideild Háskóla Íslands, ²Landspítala, ³læknadeild Háskóla Íslands
gus71@hi.is

Inngangur: Ýmis lyfseðilsskyld lyf eru talin algeng orsök blóðnatríumlækkunar. Markmið rannsóknarinnar var að kanna tíðni blóðnatríumlækkunar (natríum í sermi (SNa) <135mmól/L) hjá sjúklingum sem leituðu á bráðamóttökum Landspítala (BMT) og tengsl natríumlækkunar við lyfjanotkun.

Aðferðir: Þetta var afturskyggn faraldsfræðirannsókn þar sem gagna var aflað úr rafrænu sjúkraskrárkerfi Landspítala fyrir alla sjúklinga 18 ára og eldri sem komu á BMT árið 2014. Upplýsinga um lyf sjúklinga með blóðnatríumlækkun og einstaklinga í þöruðum viðmiðunarhópi sjúklinga á BMT sem höfðu eðlilegt SNa var aflað úr lyfjagagnagrunni landlæknis og lyfjanotkunin borin saman með McNemar-prófi. Hóparnir voru paraðir með tilliti til aldurs, kyns, nýrnastarfsemi og ákveðinna sjúkdómsgreininga. Kaplan-Meier-aðferð var notuð við lifunargreiningu og log-rank próf við samanburð hópa.

Niðurstöður: Alls komu 40.365 einstaklingar á BMT (58.137 heimsóknir). SNa var mælt í 26.474 heimsóknum 19.159 einstaklinga. Blóðnatríumlækkun fannst í 2287 komum 1785 einstaklingum; 62,5% þeirra voru konur. Tíðni blóðnatríumlækkunar jókst með aldri og var 12,8% hjá einstaklingum >70 ára. Í samanburði við viðmiðunarhópinn höfðu fleiri sjúklingar með blóðnatríumlækkun fengið ávísun á tíazíð (25,6% vs. 19,6%, $p<0,001$), amiloríð (11,0% vs. 7,4%, $p<0,001$), aldósterónblokkar (8,7% vs. 5,5%, $p<0,001$), PPI-lyf (42,1% vs. 36,9%, $p<0,001$). Ekki var marktækur munur á notkun SSRI-lyfja (21,7% vs. 21,3%, $p=0,74$). Eins árs lifun sjúklinga með blóðnatríumlækkun var marktækt verri en viðmiðunarhóps (78,3% vs 84,6%, $p<0,001$).

Ályktanir: Blóðnatríumlækkun er algeng meðal sjúklinga á BMT, einkum hjá eldra fólki og konum. Tíazíð, aldósterónblokkar og PPI-lyf eru líklegir orsakavaldar blóðnatríumlækkunar og ætti að fara varlega við ávísun þeirra, þar sem aukin dánartíðni tengist blóðnatríumlækkun.

V 2 Drugs that can cause respiratory depression with concomitant use of opioids

Bylgja D. Sigmarsson¹, Pétur S. Gunnarsson², Þórunn K. Guðmundsdóttir², Sigríður Zoëga³

¹Pharmacy, Landspítali – University Hospital, ²Faculty of Pharmaceutical Sciences, UI, ³Faculty of Nursing, UI
bds5@hi.is

Background: Respiratory depression is a serious life threatening condition and a known adverse event of opioids. Little is known about the use, the opioid antidote naloxon in Iceland, and the additive effects of other potentially respiratory depressive drugs administered with opioids.

Methods: A review and analysis of drugs that can cause respiratory depression based on information from the scientific literature, medicine databases and clinical guidelines. A retrospective study was performed using data collected from the electronic medical records system of Landspítali University Hospital for all patients, 18 years and older that

had parenteral naloxon administered in the years 2010-2014. Information about the type of opioid and other respiratory depressive drugs was collected and the data was further investigated in regards to age, gender and type of service.

Results: The most potential drugs and drug classes that can cause respiratory depression when used concomitantly with opioids are benzodiazepines and other anxiolytics, hypnotics and sedatives, antipsychotics, antiepileptics, antihistamines and anesthetics. When use was examined (n=138) morphine was the most frequent opioid given (49%). Concomitant use of opioids and other respiratory depressive drugs was seen in 63% of cases, and benzodiazepines were the most frequent drugs given with opioids (33%).

Conclusion: The concomitant use of benzodiazepines and other sedative drugs with opioids is frequent, despite the known risk of additive respiratory depression as described in the literature. Other patient risk factors such as medical condition, general health and consciousness should be considered in context with drugs used.

V 3 Majority of patients with psoriatic arthritis are not eligible for controlled clinical trials

Eydís Rúnarsdóttir¹, Anna I. Gunnarsdóttir^{1,2}, Pétur S. Gunnarsson^{1,2}, Þorvarður J. Löve³, Björn Guðbjörnsson³

¹Lyfjafræðideild HÍ, ²Sjúkrahúsapóteki Landspítala, ³læknadeild HÍ, rannsóknarstofu í gigtarsjúkdómum, Landspítala
annaig@landspitali.is

Objective: To elucidate the proportion of patients with psoriatic arthritis (PsA) who would meet inclusion criteria of the controlled clinical studies that were performed leading up to the registration of the TNF inhibitors (TNFi).

Methods: Data from 329 patients with PsA were obtained from ICEBIO and medical records at the University Hospital of Iceland and Laekna-setrid (a private out-patient clinic). The patients were classified according to whether they met inclusion criteria of the clinical trials that were used as data for the registration of each respective TNFi. The reasons for exclusion were also explored.

Results: 34% of the patients with complete data available met the inclusion criteria, while 66% of patients did not. Insufficient clinical data in respect to exclusion and inclusion criteria were available for 13% of the cases. The proportion of patients who met the inclusion criteria was highest among those who received adalimumab and etanercept (53%). Patients who received infliximab had the highest exclusion rate (77%). The main reason why patients did not meet the inclusion criteria was that their PsA disease was not sufficiently active (45%).

Conclusions: Our results demonstrate that two thirds of patients with PsA in Iceland who are treated with biologics would not have qualified for the pharmacotherapy trials performed leading up to the registration of the medications. Further studies with regards to whether outcomes are different between those who met the inclusion criteria and those who did not remain to be performed.

V 4 Development of Drugs for Local Treatment of Oral Conditions

Peter Holbrook¹, Þórdís Kristmundsdóttir²

¹Faculty of Odontology, UI, ²Faculty of Pharmaceutical Sciences, UI
phol@hi.is

Objectives: There is an unmet need for topical treatments of specific oral conditions, particularly in the oral mucosa.

Methods: Medications commonly prescribed for oral mucosal administration are often intended for transdermal application. Many conditions affecting the oral mucosa require long-term treatments and some treatments are systemically applied. Clinical resistance and patient intolerance of such treatments may develop. There is thus a need to address these problems with drug development. Research at the University of Iceland has developed new formulations for topical treatments of oral mucosal conditions and carried out appropriate clinical trials. The main area of this research has been the inhibition of matrix metallo-proteinase activity using topical doxycycline, initially in order to treat aphthous ulceration. The anti-microbial compound monocaprin was also tested for activity against herpes virus and, in combination with doxycycline, was developed in an active formulation for treating cold sores. Monocaprin also has anti-candidal activity that has been evaluated among geriatric patients with denture stomatitis.

Results: Topical application of doxycycline was effective in promoting healing of mucosal lesions. Monocaprin reduced counts of *Candida* rapidly and significantly. Results of these clinical studies have been very promising when compared to the conventional treatments available.

Conclusions: Stability of the active components has recently been effectively addressed and current research is aimed at different types of drug delivery systems in order to optimize drug delivery to the local mucosal site. This includes drug release time and muco-adhesive capacity of the formulation, thereby attempting to develop more disease-specific drug delivery systems.

V 5 Association of fat mass-and obesity-associated (FTO) variant with stearoyl-CoA desaturase activity following a high-carbohydrate meal

Harpa Óskarsdóttir¹, Helgi Schiöth², Guðrún Skúladóttir³

¹Faculty of Medicine, Department of Physiology, ²Department of Neuroscience, Functional Pharmacology, ³Department of Physiology, University of Iceland
hao17@hi.is

Introduction: The human fat mass-and obesity-associated (FTO) gene has been associated with obesity, and data suggests that individuals homozygous for the FTO rs9939609 high-risk A allele weigh more on average than individuals homozygous for the FTO rs9939609 low-risk T allele. The exact mechanism of how it affects obesity has not been established. The enzyme stearoyl-CoA desaturase (SCD) plays an important role in the de novo lipogenic pathway, and its activity has been positively correlated with obesity. The aim of this study was to investigate the association between plasma SCD activity indices and rs9939609 variant of the FTO gene before and after a high-carbohydrate meal.

Materials and methods: A total of 44 healthy individuals (median age 26 years, range 20-36) were divided into two groups, one homozygous for the FTO rs9939609 high-risk allele (AA; n=18), and another homozygous for the low-risk allele (TT; n=26). Fatty acid analysis was performed in plasma phospholipid samples from fasting individuals and again 2 hours following a high-carbohydrate breakfast to assess the SCD activity index (16:1n-7/16:0 ratio). The changes in SCD activity indices following a high-

carbohydrate meal were compared between the two groups by F-test and unpaired Welch's t.

Results: The SCD-16 activity index was significantly elevated ($P < 0.05$) following a high-carbohydrate breakfast in the AA group compared to the TT group.

Conclusion: The results indicate that the SCD-16 activity index in subjects homozygous for the high-risk A allele is more affected than those homozygous for the low-risk T allele following a high-carbohydrate meal.

V 6 Fast Diagnostic Track For Suspected Lung Cancer: A Patient Centered Approach

Hrönn Harðardóttir¹, Unnur A. Valdimarsdóttir², Steinn Jónsson³

¹School of Health Sciences, UI, ²Center for Public Health Sciences, UI, ³Landspítali – University Hospital
hromh@landspitali.is

Introduction: A Fast Diagnostic Track (FDT) for patients with clinical or radiographic changes suggestive of lung cancer was launched at Landspítali, Iceland, in 2008. Patients go through 24-hours of diagnostic work-up, leading to a definite lung cancer diagnosis and staging. The aim of this study is to describe the clinical procedures and characteristics of patients going through the FDT.

Results: The increase in life expectancy and retention of some teeth throughout life has increased the need for understanding of oral health matters by health-care professionals. Saliva and numerous dietary factors are important in cariology and tooth erosion in most age groups. The periodontal-systemic connection is an area requiring collaboration between health-care disciplines. A necessary oral and dental treatment for patients with special needs requires inter-disciplinary collaboration. Collaboration between dentistry and pharmacy covering basic teaching and some research has led to drug developments and clinical trials that illustrate possible benefits. Teaching of oro-dental material to other students is minimal. Furthermore, guidelines prepared for assisting health-care workers with oral and dental health issues have had less impact than was expected.

Conclusions: The oral cavity is part of the body and there is a clear need to produce effective teaching material on oral and dental diseases and their treatments that could be used to enhance the learning of students in the other health care disciplines.

V 33 Gaumstol eftir heilablóðfall: Kerfisbundið fræðilegt yfirlit yfir íhlutanir

sem beita má í daglegri umönnun

Marianne E. Klinker¹, Þóra B. Hafsteinsdóttir², Haukur Hjaltason³, Helga Jónsdóttir¹

¹Hjúkrunarfræðideild, HÍ, ²Department of Rehabilitation, Rudolf Magnus Institute, University Medical Center Utrecht, ³Taugadeild Landspítala

marianne@hi.is

Inngangur: Gaumstol hefur neikvæð áhrif á árangur endurhæfingar. Nauðsynlegt er að skapa tækifæri fyrir sjúklinga með gaumstol til að endurhæfast utan hefðbundins þjálfunartíma en skortur er á gagnreyndum íhlutunum sem hjúkrunarfræðingar geta beitt. Tilgangur var: (1) Að varpa ljósi á íhlutanir sem hjúkrunarfræðingar geta beitt í daglegri umönnun sjúklinga sem fengið hafa gaumstol í kjölfar heilablóðfalls. (2) Að flokka íhlutanir eftir styrk þeirra.

Efniviður og aðferðir: Kerfisbundið fræðilegt yfirlit. Leitað var í rafrænum gagnaböndum; PubMed, CINAHL and PsychINFO að greinum birtum frá 2006 til 2014. Handvirk leit fór fram í völdum tímaritum og skoðaðar tilvísanir í aðrar greinar og framkvæmd "citation tracking". Handbók Joanna Briggs og PRISMA voru notuð til greina og setja fram niðurstöður. Tveir höfundar lögðu mat á gæði rannsóknanna. Styrkur íhlutana var flokkaður frá A-D.

Niðurstöður: Niðurstöður 41 rannsókna sýndu 11 íhlutanir sem hjúkrunarfræðingar geta notað: (1) titringur á hálsvöðva á gagnstæðri hlið við gaumstolið (C); (2) tilfinningalega mikilvæg áreiti og umbun D); (3) þátttaka fjölskyldu og magn þjálfunar (C); (4) örvun og þjálfun útlíms (C); (5) þjálfun með beitingu myndunaraflsins (D); (6) þjálfun með spegli (C); (7) þjálfun með tónlist (D); (8) notkun augnlepps á helmingi hægra sjónsviðs (D); (9) þjálfun með því að láta augun fylgja hlut sem rennt er til hliðar (B); (10) þjálfun með notkun tölvu og sýndarveruleika (C); og (11) sjónskönnunarþjálfun (D). Íhlutun (9) lofar sérlega góðu til að draga úr gaumstoli.

Ályktanir: Val á meðferðarúrræðum þarf að byggja á gagnreyntri þekkingu jafnframt því að taka tillit til einstaklingsbundinna birtingarmyndna gaumstols.

V 34 Hyper-acute ischemic stroke patients admitted to Landspítali: Development and implementation of a nursing care plan

Marianne E. Klinker¹, Brynhildur Jónasdóttir², Guðrún Jónsdóttir², Kristín Ásgeirsdóttir², Sólveig Haraldsdóttir², Björn Logi Þórarinnsson²

¹Faculty of Nursing, School of Health Sciences, ²Neurological department, Landspítali marianne@hi.is

Introduction: Stroke is the second leading causes of disability in Europe which makes it a key issue to improve outcomes. Existing evidence supports the pivotal role of the neurological nurse to facilitate accurate management of hyper-acute stroke. Time dependency is a crucial factor for initiating thrombolytic treatments that hugely may improve patients' outcome.

Objectives: We set out to clarify the nurses' roles in the interdisciplinary hyper-acute stroke team and to develop and implement clinical support tools to manage patients potentially eligible for—and who receive—thrombolytic treatment.

Methods: The development of the nursing care plan was divided into several interrelated phases: (1) Review of the literature for best evidence-based practises related to nursing management of the hyper-acute stroke patient, (2) Identification of facilitating and inhibiting factors, (3) Consensus discussions in an interdisciplinary forum, (4) Develop of an educational package and supportive clinical tools, and (5) Developing a schedule for (re)evaluations to enable fine-tuning of the care plan.

Results: The care plan comprised a clinical pathway for decision-making and a predetermined Stroke Order Set of nursing actions related to; neurological assessment, monitoring and reacting to vital signs, cardiac monitoring, bedrest, intravenous access, intravenous fluids, administration of thrombolytic treatment (TpA), observation of side-effects, and more.

Conclusion: To increase the number of patients who receive timely treatment and optimal monitoring in hyper-acute stroke, we will use this preliminary care plan as a bench-mark to refine the role and responsibilities of the neurological nurse in the care for patients with hyper-acute stroke.

V 35 Viðhorf Íslendinga til reksturs og fjármögnunar heilbrigðisþjónustunnar

Rúnar Vilhjálmsson

Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands runarv@hi.is

Inngangur: Rannsóknir benda til að heilbrigðisþjónusta skipti almenning miklu máli og að flestir telji að hið opinbera eigi að gegna lykilhlutverki í heilbrigðisþjónustunni. Þessi viðhorf eru mest áberandi í félagslegum heilbrigðiskerfum eins og því íslenska. Þessi rannsókn athugaði viðhorf Íslendinga til reksturs og fjármögnunar einstakra þátta heilbrigðisþjónustunnar með 9 ára millibili.

Efniviður og aðferðir: Byggt er á tveimur landskönnunum um heilbrigðismál meðal slembiúrtaks 18-75 ára Íslendinga. Sú fyrri fór fram haustið 2006 og sú seinni vorið 2015. Heimturt í báðum könnunum voru um 60%. Þátttakendur voru meðal annars spurðir hvort þeir teldu að hið opinbera (ríki, sveitarfélög) eða einkaaðilar ættu að reka (starfrækja) sjúkrahús, heilsugæslustöðvar, hjúkrunarheimili, heimahjúkrun, endurhæfingarstöðvar, lýðheilsustarfsemi, læknaðstofur, tannlækningar barna, og tannlækningar fullorðinna. Þá voru svarendur spurðir hvort hið opinbera ætti að leggja meira fé, minna fé, eða óbreytt fé til heilbrigðismála miðað við það sem nú er.

Niðurstöður: Mikill meirihluti svarenda í báðum könnunum taldi að það ætti fyrst og fremst að vera hið opinbera sem ræki sjúkrahús, heilsugæslustöðvar, hjúkrunarheimili, heimahjúkrun, lýðheilsustarfsemi og tannlækningar barna. Mestur var stuðningur við opinberan rekstur sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva. Þá taldi yfirgnæfandi meirihluti að hið opinbera ætti að verja meira fé til heilbrigðismála. Samanburður kannananna sýnir jafnframt að tilhneiging er til aukins fylgis Íslendinga við opinbera fjármögnun og opinberan rekstur heilbrigðisþjónustunnar.

Umræða: Mikill stuðningur er við félagslegt heilbrigðiskerfi meðal Íslendinga. Samanburður á viðhorfum almennings annars vegar og þróun heilbrigðiskerfisins hins vegar leiðir í ljós vaxandi gjá, með auknum útgjöldum sjúklinga og auknum einkarekstri í heilbrigðisþjónustunni.

V36 Frestun lækniþjónustu meðal Íslendinga

Rúnar Vilhjálmsson

Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands runarv@hi.is

Inngangur: Meginmarkmið í félagslegum heilbrigðiskerfum er að afgangi að þjónustunni sé sem jafnast og að þeir sem þurfi þjónustuna fái hana. Tilgangur rannsóknarinnar var að athuga frestun lækniþjónustu meðal Íslendinga, ástæður frestunar, og afdrif þeirra sem frestuðu.

Efniviður og aðferðir: Byggt er á landskönnun meðal þjóðskrárúrtaks Íslendinga á aldrinum 18-75 ára sem fram fór vorið 2015. Þátttakendur voru

1599 og heimtur tæp 60%. Spurt var: Þurftir þú að fara til læknis einhvern tíma á síðastliðnum 6 mánuðum, en hættir við það eða frestaðir því. Þeir sem svöruðu játandi voru spurðir um ástæður frestunar, hvert þeir höfðu ætlað að fara, og hvort þeim hefði batnað eða versnað af veikindunum í framhaldinu.

Niðurstöður: Alls höfðu 22% svarenda frestað eða fellt niður læknisheimsókn sem þörf var fyrir á sl. 6 mánuðum. Algengustu ástæður festunar voru: að vera of upptekinn í öðrum verkefnum (48%), að telja að læknisheimsókn hefði ekki gert mikið gagn (45%), að geta ekki fengið tíma hjá lækni nægilega fljótt (42%), og kostnaður þjónustunnar (41%). Þá höfðu flestir sem frestuðu ætlað að fara á heilsugæslustöð (48%) og næst flestir til sérfræðings (39%). Langflestir sem frestuðu sögðu að vandi sinn hefði verið óbreyttur fyrstu vikuna eftir frestun (53%), 26% töldu vandann hafa skánað, og 15% að sér hefði batnað.

Umræða: Ýmsar ástæður liggja að baki frestun læknisþjónustu. Meðal þess sem skiptir máli er skipulag þjónustunnar (að fá tíma fljótlega) og kostnaður sjúklingsins. Mikilvægt er að haga þjónustunni þannig að bið verði sem skemmst og að sjúklingurinn hafi sem minnstan kostnað af henni.

V 37 Tengsl teymisvinnu og starfsánægju í hjúkrun á bráða legudeildum á sjúkrahúsum á Íslandi

Helga Bragadóttir

Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands, Landspítala
helgabrag@hi.is

Inngangur: Á undanförmum árum hefur athyglinni í auknum mæli verið beint að teymisvinnu í heilbrigðisþjónustu og mikilvægi hennar fyrir öryggi sjúklinga og vellíðan starfsmanna. Markmið rannsóknar var að varpa ljósi á teymisvinnu og starfsánægju í hjúkrun á íslenskum sjúkrahúsum.

Efniviður og aðferðir: Rannsóknin var meginindleg þversniðsrannsókn með skriflegum spurningalista um teymisvinnu og bakgrunnsbreytur *Nursing Teamwork Survey-Icelandic*. Kvarði spurningalistans er fimmgildur Likert-kvarði (1-5) þar sem hærra stig bendir til betri teymisvinnu. Spurningalistar voru sendir til 925 starfsmanna hjúkrunar á öllum legudeildum lyflækninga, skurðlækninga og gjörgæslu á íslenskum sjúkrahúsum samtals 27 deildum á 8 sjúkrahúsum.

Niðurstöður: Svarhlutfall var 70% (N=632). Flestir þátttakendur voru kvenkyns (98,4%), hjúkrunarfræðingar (54,7%), sjúkraliðar (35,5%) og af lyflækningadeildum (35,8%) kennslusjúkrahúsa (79,6%). Meðalgildi teymisvinnu var 3,89 (SF=0,48). Þegar tengsl bakgrunnsbreyta við teymisvinnu og starfsánægju voru metin sýndu niðurstöður marktækt tengsl milli teymisvinnu og tegundar deildar, hlutverks, starfsreynslu á deild og mönnunar ($p \leq 0,05$), auk þess milli starfsánægju á deild annars vegar og starfsreynslu á deild og mönnunar hins vegar ($p \leq 0,05$). Gerð var lógístísk aðhvarfsgreining (logistic regression) þar sem breyturarnar mönnun, starfsreynsla á deild og teymisvinna skýrðu um 26% af breytileika starfsánægju á deild (Nagelkerke $R^2=0,257$, $c^2(5, N=568)=83,015$, $p<0,001$). Niðurstöðurnar benda til þess að samband sé á milli bakgrunnsbreyta, teymisvinnu og starfsánægju. Betri teymisvinna er marktækt tengd meiri starfsánægju.

Ályktanir: Teymisvinna í hjúkrun á bráðalegudeildum íslenskra sjúkrahúsa tengist starfsánægju og þekkt er að bæði teymisvinna og starfsánægja hefur með gæði þjónustu og öryggi sjúklinga að gera. Því ætti góð teymisvinna að vera forgangsverkefni stjórnenda og klínískra hjúkrunarfræðinga.

V 38 Sjálfsmat á hæfni hjúkrunarfræðinga sem sjá um bráðatilvik á

landsbyggðinni: Lýsandi þversniðsrannsókn

Íris Kristjánsdóttir¹, Herdís Sveinsdóttir²

¹Bráðamóttöku Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja, ²skurðlækningasviði Landspítala, hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands
herdis@hi.is

Inngangur: Bráðamóttökum landsbyggðarinnar er ætlað að veita skammtíma bráðaþjónustu fyrir sjúklinga sem hafa slasast eða veikst alvarlega og þurfa á háþæknimeðferð að halda sem ekki er hægt að veita á minni stöðum. Tilgangur rannsóknarinnar var að kanna hvernig hjúkrunarfræðingar landsbyggðarinnar, sem taka á móti og sinna bráðveikum og slösuðum sjúklingum, meta hæfni sína.

Efniviður og aðferðir: Gagna var aflað vorið 2016. Notast var við íslenska þýðingu mælitækisins Nurse Competence Scale (IS-NCS) sem inniheldur 73 spurningar sem er skipt niður í sjö hæfnisflokka. Spurningalisti var sendur til 87 hjúkrunarfræðinga sem vinna á landsbyggðinni og taka á móti/sinna að lágmarki 10 bráðveikum eða slösuðum sjúklingum á mánuði. Svörin var 60%. Gögnin voru greind með lýsandi tölfræði.

Niðurstöður: Hjúkrunarfræðingar sem voru með minni en 5 ára starfsaldur mátu hæfni sína lægsta í öllum sjö hæfnisflokkunum. Hjúkrunarfræðingar með yfir 20 ára starfsaldur í hjúkrun mátu hæfni sína hæsta í öllum flokkum utan kennslu- og leiðbeinindahlutverka og greiningarhlutverka þar sem hjúkrunarfræðingar með 15,01-20 ára starfsaldur mátu sig örlítið hærri. Marktækur munur var á heildarhæfni hjúkrunarfræðinga með yfir 10 ára starfsaldur í hjúkrun miðað við hjúkrunarfræðinga með styttri starfsaldur. Hjúkrunarfræðingar sem höfðu lokið viðbótarnámi í hjúkrun mátu sig almennt marktækt hærri í heildarhæfni en hjúkrunarfræðingar með B.Sc. próf.

Ályktun: Heildarhæfni hjúkrunarfræðinga hækkar með hækkandi starfsaldri og aukinni menntun. Því er ekki síður mikilvægt að halda í starfandi hjúkrunarfræðinga en að ráða inn nýja. Jafnframt er mikilvægt að hjúkrunarfræðingar sækji sér viðbótarmenntun á sínu sérsviði.

V 39 Fjórthjólalýs: Komur á bráðadeild Landspítala 2000-2015

Þorsteinn Jónsson¹, Eva Ívarsdóttir¹, Brynjólfur Mogensen²

¹Hjúkrunarfræðideild, ²læknadeild Háskóla Íslands
thorsj@hi.is

Inngangur: Fjórthjól komu á markað upp úr 1970 og voru upphaflega ætluð bændum. Fljótlega þróaðist notkun fjórthjóla yfir í að vera leik- og faratæki. Erlendis eru fjórthjólalýs algeng en þau hafa lítið verið rannsökuð á Íslandi. Tilgangur rannsóknarinnar var að kanna faraldsfræði slasaðra sem leituðu á bráðadeild eftir fjórthjólalýs árin 2000-2015.

Aðferð: Rannsóknin var afturskyggn og náði til þeirra sem lentu í fjórthjólalýsi og leituðu á bráðadeild á tímabilinu 1. janúar 2000 til og með 31. desember 2015. Unnið var með gögn úr sjúkraskrákerfi SÖGU og NOMESCO. Breytur sem unnið var með: Kyn, aldur, komutími, tími slyss, slyssaður, athöfn, orsök, ICD-10 greining, legutími, þjóðerni, ökumaður, farþegi. Við mat á áverkum var stuðst við áverkastigun AIS og ISS.

Niðurstöður: Alls leituðu 454 einstaklingar á bráðadeild Landspítala eftir fjórthjólalýs. Meirihluti voru karlmenn (78%). Meðalaldur var 32 ár og börn voru 18% slasaðra. Að meðaltali voru 30 slys á ári og gerðust flest yfir sumarmánuðina. Flest slysin voru tengd frítíma (76%). Algengast var að slysin ættu sér stað í dreifbýli og var fall af fjórthjóli og velta algengustu orsakir slysa. Flestir hlutu minniháttar áverka og voru áverkar á útlími algengastir. Hlutfall þeirra sem lögðust inn á spítala var 15% og einn lést í innlögnum. Hlutfall erlendra ferðamanna jókst með árunum og voru þeir 9% allra þeirra sem lentu í fjórthjólalýsi á rannsóknartímabilinu.

Ályktanir: Fræðsla um öryggisþætti og akstur fjórhjóla er mikilvæg, sérlega í tengslum við fjölgun erlendra ferðamanna. Niðurstöður rannsóknarinnar eru mikilvægur þáttur í að greina umfang fjórhjólasyssa á Íslandi.

V 40 Fyrsta meðferð brunasára: Gæði klínískra leiðbeininga og samantekt á rannsóknum

Ragnhildur Bjarnadóttir¹, Sigþór Jens Jónsson¹, Lovísa Baldursdóttir², Herdís Sveinsdóttir³

¹Landspítala, ²gjörgæsludeild Landspítala, ³hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands
herdis@hi.is

Inngangur: Bruni er alvarlegur áverki og meðferð hans oft flókin. Mikilvægi sárameðferðar er ótvírætt þar sem hún hvetur til gróanda, dregur úr heilsufarskvillum og fækkar dauðsföllum. Verkefni hins almenna hjúkrunarfræðings í litlu heilbrigðiskerfi eru margþætt og þurfa hjúkrunarfræðingar að hafa víðtæka þekkingu á viðurkenndri gagnreyndri fyrstu meðferð brunasára.

Markmiðið var tvíþætt: (1) Greina hvert sé besta vinnulag við kælingu, mat, hreinsun og meðhöndlun blaðra við fyrstu meðferð brunasára miðað við þá þekkingu sem finna má í rannsóknum og klínískum leiðbeiningum. (2) Leit og mat á gæðum klínískra leiðbeininga um fyrstu meðferð brunasára.

Efniviður og aðferðir: Leit að rannsóknum og klínískum leiðbeiningum fór fram í PubMed og Google Scholar auk þess sem handvaldar voru klínískar leiðbeiningar af heimasíðum bruna- og sárasamtaka og spítala. Notast var við AGREE-II-mælitækið við mat á gæðum klínískra leiðbeininga.

Niðurstöður: Yfir heildina litið komu gæði klínískra leiðbeininganna illa út við mat höfunda, en einungis ein fékk yfir 50% af hæstu mögulegri stigagjöf. Þeir þættir sem komu verst út voru nákvæmni við mótun og sjálfstæði stýrihóps. Niðurstöður fræðilegrar samantektar á kælingu, mati, hreinsun og meðhöndlun blaðra sýndi að rétt vinnulag við fyrstu meðferð bætir sárgróanda, framvindu meðferðar og bataferli sjúklinga.

Ályktun: Niðurstöður varpa ljósi á vinnulag við fyrstu meðferð brunasára ásamt því að benda á þá þætti sem varast þarf við gerð klínískra leiðbeininga til að útkoman endurspegli bestu gagnreyndu þekkingu hverju sinni. Hvatt er til mótunar klínískra leiðbeininga hér á landi til að auka samræmi og nákvæmni í meðferð brunasjúklinga.

V 41 Áhrif óhefðbundinna meðferðarúrræða á styrkleika tíðaverkja

Herdís Sveinsdóttir¹, Auður Kristjánsdóttir², Valgerður Kristjánsdóttir³

¹Hjúkrunarfræðideild HÍ, ²krabbameinsdeild, ³geðdeild Landspítala
herdis@hi.is

Inngangur: Hefðbundin meðferð, eins og NSAID-lyf og hormónalyf dregur úr tíðaverkjunum hjá sumum konum en alls ekki öllum. Þá geta sumar konur ekki notað þessi lyf vegna aukaverkana og frábendinga. Tilgangur þessa fræðilega yfirlits var að kanna hvaða áhrif óhefðbundin meðferðarúrræði, það er nálastungumeðferð, þrýstipunktameðferð, ilmkjarnaolíumeðferð með nuddi, hitameðferð og hreyfing, hefðu á styrk tíðaverkja.

Efniviður og aðferðir: Samþætt fræðilegt yfirlit. Rannsóknar var leitað í þremur gagnagrunnum, PubMed, Google Scholar og Science Direct auk þess að leitað var í heimildaskrá fundinna rannsóknagreina. Þrjátíu nothæfar rannsóknir fundust og voru þær unnar á tímabilinu 2001-2015.

Niðurstöður: Leiddu í ljós að óhefðbundin meðferð hafi að einhverju leyti áhrif á styrkleika tíðaverkja þó að niðurstöðurnar hafi verið ótvíræðar.

Rannsóknir sýndu ekki fram á ágæti nálastungna á styrkleika tíðaverkja þrátt fyrir að einhver jákvæð áhrif hafi komið fram. Þrýstipunktameðferð og ilmkjarnaolíumeðferð með nuddi virðist vel til fallin til að minnka styrkleika tíðaverkja. Einnig virðist hitameðferð hafa jákvæð áhrif á styrkleika tíðaverkja en þó vantar fleiri rannsóknir á því sviði. Hreyfing virðist hafa einhver áhrif á styrkleika tíðaverkja en þar er einnig vöntun á fleiri rannsóknum, og önnur úrræði gætu verið gagnlegri en hreyfing.

Ályktun: Óhefðbundin meðferð virðist vera gagnleg til að draga úr tíðaverkjum. Fara þarf þó varlega í að draga þessar ályktanir og yfirfæra niðurstöðurnar á stærri hóp kvenna þar sem margir annmarkar voru á þeim rannsóknum sem skoðaðar voru. Þörf er á stærri og viðameiri rannsóknum á fjölbreyttum hópi kvenna svo alhæfa megi um hvort óhefðbundin meðferð sé kostur fyrir konur með tíðaverki.

V 42 Ánægja með þjónustu Neyðarmóttöku nauðgana á Íslandi og langtíma sálfræðilegar afleiðingar þolenda kynferðisofbeldis

Anna M. Hrólfsdóttir¹, Ingunn Hansdóttir^{2,3}, Edda B. Þórðardóttir^{4,5}, Agnes B. Tryggvadóttir¹, Bryndís L. Jóhannsdóttir², Gunnhildur Gunnarsdóttir², Berglind Guðmundsdóttir^{1,5}

¹Geðsviði Landspítala, ²sálfræðideild Háskóla Íslands, ³SÁÁ, Samtök áhugafólks um áfengis og vímuefnavandann, ⁴Miðstöð í lýðheilsuvísindum, ⁵læknadeild Háskóla Íslands
anna.margrethrolfs@gmail.com

Inngangur: Kynferðisofbeldi getur haft alvarlegar sálfræðilegar afleiðingar í för með sér, svo sem áfallastreituröskun, þunglyndi og misnotkun ávana-bindandi efna. Markmið þessarar rannsóknar var tvíþætt, að kanna ánægju skjólstæðinga með þjónustu Neyðarmóttöku fyrir þolendur kynferðisofbeldis á Landspítala sem og hindranir sem geta komið í veg fyrir að einstaklingar nýti sér sálfræðimeðferð. Í öðru lagi að meta langtíma sálfræðilegar afleiðingar tveimur til sex árum eftir fyrstu komu til Neyðarmóttökunnar.

Efniviður og aðferðir: Rafrænn spurningalisti var sendur til einstaklinga sem leituðu til Neyðarmóttökunnar á árunum 2010-2014 (n=108)(svarhlutfall 57%) en einnig var stuðst við gögn úr sjúkrasögu þátttakenda. Auk bakgrunnspurninga og spurninga um ánægju og hindranir við þjónustunýtingu voru spurningalistar sem mátu áfallastreitu, svefnvandamál, áfengis- og vímuefnamisnotkun, félagslegan stuðning, þunglyndi, kvíða og streitu.

Niðurstöður: Um 44% þátttakenda var mjög eða frekar ánægður með þjónustu Neyðarmóttökunnar og 85% sögðust myndu mæla með þjónustunni við aðra. Þeir sem ekki nýttu sér frekari þjónustu Neyðarmóttökunnar sögðu helstu ástæðuna vera of mikið tilfinningalegt uppnám eða að þau treystu sér ekki til að takast á við atburðinn á þeim tímamarki. Um helmingur þátttakenda sem leituðu á Neyðarmóttökuna sýndu klínískt marktæk einkenni áfallastreitu og voru merki um áfengismisnotkun sem og marktæk svefnvandamál. Hópurinn í heild sýndi meðalalvarleg einkenni þunglyndis, kvíða og streitu og greindu flestir frá góðum félagslegum stuðningi í kjölfar atburðar.

Ályktanir: Niðurstöður sýna að kynferðisofbeldi hefur langtímaafleiðingar og helmingur úrtaksins upplifir enn einkenni áfallastreitu og eru lífsgæði þeirra skert vegna svefnvandamála, og einkenna þunglyndis, kvíða og streitu.

V 43 Áhrif íhlutunar fyrir svæfingu og skurðaðgerð á kvíða dagaðgerðasjúklinga: Samþætt fræðilegt yfirlit

Valgerður Grímsdóttir¹, Herdís Sveinsdóttir^{2,3}

¹Svæfingadeild, aðgerðasviði Landspítala, ²Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands, ³Skurðlækningasviði Landspítala

herdis@hi.is

Inngangur: Undanfarna áratugi hafa framfarir í heilbrigðisþjónustu leitt til fjölgunar dagaðgerða, lækunar kostnaðar og aukinnar skilvirkni. Nú eru 50-80% skurðaðgerða dagaðgerðir sem fela það í sér að sjúklingar útskrifast heim samdægurs eftir aðgerð. Um fjórðungur dagaðgerðasjúklinga finnur fyrir miklum kvíða. Kvíði fyrir aðgerð getur verið hamlandi og haft áhrif á líðan og bata sjúklinga. Því er mikilvægt að meta og greina kvíðann og finna leiðir til þess að fyrirbyggja og draga úr honum.

Tilgangur: Að skoða hvort og hvaða íhlutanir geta dregið úr kvíða full-orðinna dagaðgerðasjúklinga.

Efniviður og aðferðir: Samþætt fræðilegt yfirlit. Leitað var rannsókna sem höfðu birst á tímabilinu janúar 2005 til febrúar 2016, um áhrif íhlutana fyrir svæfingu og aðgerð á kvíða dagaðgerðasjúklinga í gagnagrunnum PubMed/Medline, CHINAL, Scopus og Web of Science.

Niðurstöður: Leitin skilaði 129 greinum og 10 rannsóknir fullnægðu skilyrðum leitarinnar. Níu voru slembistýrðar og ein var hálsflemsbistýrð. Í 9 þeirra voru könnuð áhrif einnar íhlutunar og í einni voru könnuð áhrif fjögurra íhlutana. Í 5 rannsóknum voru könnuð áhrif tónlistar, í þremur áhrif slökunar, í einni hverra eftirtalinnar voru könnuð áhrif fræðslusímata, fræðslumyndbands, viðtals með áherslu á hluttekningu og áhrif náttúrumyndbands með og án tónlistar. Í 7 rannsóknum höfðu íhlutanir marktak jákvæð áhrif á kvíða. Vísbendingar eru um að tónlist, slökunar-meðferð, fræðsla með myndbandi og viðtal með áherslu á hluttekningu geti dregið úr kvíða og bætt líðan dagaðgerðasjúklinga.

Ályktun: Sjúklingamiðuð hjúkrunarmeðferð sem er veitt fyrir svæfingu og byggist á tónlist, slökun, fræðslu með myndbandi og viðtali með hluttekningu getur dregið úr kvíða hjá dagaðgerðasjúklingum.

V 44 Athygli: Munur á frammistöðu og athygli reyndra og óreyndra í vítaspyrnum

Hallur Hallsson, Ómar I. Jóhannesson, Árni Kristjánsson

Sálfræðideild Háskóla Íslands

hah10@hi.is

Inngangur: Athygli markmanna í vítaspyrnum hefur töluvert verið rannsökuð. Niðurstöðum augnhreyfingarannsókna og eigindlegra rannsókna ber þó ekki saman. Markmenn segjast veita mjöðmum og öxlum athygli við forspá um stefnu bolta en augnhreyfingarannsóknir sýna að augun séu á stoðfæti spyrnumanns. Rannsóknir benda einnig til að því fyrir í spyrnuferlinu sem klippt er á vítaspyrnumyndband því erfiðara sé að spá rétt fyrir um boltastefnu.

Aðferð: Fimmtán reyndir knattspyrnumarkmenn og 15 þátttakendur með litla reynslu af knattspyrnu sáu 120 vítaspyrnumyndbönd og áttu að spá fyrir um stefnu boltans. Tilraunin skiptist í: i) Grunnlinumælingu fyrir frammistöðu í að spá fyrir um boltastefnu þar sem klippt var á myndband við boltasnertingu leikmanns; ii) Samskonar verkefni nema einnig átti að tilgreina hvort tölvugerðu áreiti var veitt athygli sem birtist ýmist á öxl, mjöðm, eða fyrir framan bolta; iii) Spá um boltastefnu þar sem klippt var á myndbandið 80-120 ms áður en bolta var spynt.

Niðurstöður: Reyndir markmenn spáðu betur fyrir um boltastefnu. Sterk jákvæð fylgni var milli frammistöðu og svartíma. Báðir hópar tóku eftir áreitum fyrir framan boltann en ekki á spyrnumanni. Tölvuáreiti höfðu

ekki áhrif á frammistöðu né að klippa fyrir á vítaspyrnumyndbönd.

Ályktanir: Ólíklegt að reyndir markmenn veiti mjöðmum og öxlum spyrnumanns athygli við forspá um stefnu bolta. Að þurfa að taka ákvörðun 80-120 ms áður en bolta er spynt kom ekki niður á frammistöðu sem bendir til að ákvörðunin sé tekin snemma. Þessar niðurstöður gefa vísbendingar um hvernig megi þjálfa markmenn í vítaspyrnum með sjónathyglisþjálfun.

V 45 Kvíði í íþróttum: Tengsl almennra kvíðaeinkenna og íþróttatengds kvíða hjá leikmönnum í körfubolta og fótbolta

Hallur Hallsson¹, Bára F. Hálfánardóttir², Bjarki Björnsson², Gunnlaugur B. Baldursson², Ragnar P. Ólafsson¹

¹Sálfræðideild Háskóla Íslands, ²Háskóla Íslands

hah10@hi.is

Inngangur: Nokkur umræða hefur verið um kvíða og þunglyndi hjá íþróttafólki en lítil greinamunur gerður á eðli kvíðans. Þekkt er að kvíði geti bætt frammistöðu með því að auka einbeitingu og ákefð. Tilgangur rannsóknarinnar var að skoða tengsl almennra kvíðaeinkenna og íþróttatengds kvíða. Einnig að mæla þunglyndiseinkenni, mat þáttakenda á eigin viðhorfi og annarra til kvíða og þunglyndis og hvort og þá hvert þeir myndu leita aðstoðar.

Aðferð: Spurningalistar voru lagðir fyrir 117 körfuboltaíðkendur (18 til 37 ára; $M=24$ ár) og 184 fótboltaíðkendur (18 til 41 ára, $M=24$ ár) í efstu deild þessara íþróttará Íslandi. Spurt var um almenn kvíða- og þunglyndiseinkenni (Hospital Anxiety Depression Scale), íþróttakvíða (The Sport Anxiety Scale-2), og viðhorf til þunglyndiseinkenna (The Depression Stigma Scale) ásamt útgáfu þess kvarða fyrir kvíðaeinkenni sem var búin til fyrir þessa rannsókn. Spurt var hversu auðvelt eða erfitt það yrði að leita sér aðstoðar vegna kvíða eða þunglyndis og til hvaða aðila fólk myndi snúa sér.

Niðurstöður: Sterk tengsl voru milli íþróttakvíða og almennra kvíðaeinkenna hjá bæði körfubolta- ($r=0,74$) og fótboltaíðkendum ($r=0,71$) en miðlungs sterk milli íþróttakvíða og depurðareinkenna ($r=0,53$ og $r=0,43$). Eigin fordómar voru minni en áætlaðir fordómar annarra í báðum hópum. Þátttakendur voru líklegri til að leita til vinar eða fjölskyldumeðlims en fagaðila.

Ályktun: Almenn kvíðaeinkenni og íþróttakvíði eru tengdar en aðgreinanlegar hugsmíðar. Líkur eru á að íþróttafólk leiti frekar til vana og vanda-manna en fagaðila vegna kvíða- og þunglyndisvanda. Fræða þarf íþróttafólk um að fordómar gegn kvíða og þunglyndi eru sennilega minni en þeir telja þá vera.

V 46 Vöðvastyrkur og -virkni miðlæga og hliðlæga hluta aftanlærisvöðva eftir endurgerð fremra krossbands í hné

Árni Guðmundur Traustason^{1,2}, Katrín Björgvinsdóttir², Kristín Briem²

¹Rannsóknarstofu í hreyfivísindum, ²námsbraut í sjúkralþjálfun, Háskóla Íslands

arnitraustason@gmail.com

Inngangur: Slit á fremra krossbandi (FK) eru alvarleg meiðsl og algengt að einstaklingar fari í aðgerð þar sem nýtt krossband er gert úr miðlægu aftanlærisvöðva (*hamstring graft* (HG)). Styrkur aftanlærisvöðva í kjölfar HG aðgerðar hefur nokkuð verið rannsakaður en lítið vitað um áhrif aðgerðarinnar á sértæka vöðvavinnu miðlæga- (MH) og hliðlæga (HH) hluta aftanlærisvöðva til skamms eða lengri tíma. Tilgangur rannsóknarinnar var því að kanna vöðvastyrk MH og HH hjá íþróttafólki sem gengist höfðu undir HG ígræðslu í kjölfar FK slits, með hliðsjón af mældri vöðva-virkni.

Efniviður og aðferðir: Áttán karlar og 17 konur úr afrekslífróttum tóku þátt í rannsókninni. Styrktur beggja fótleggja var mældur við 40° og við 80° beygju, með mismunandi stöðu sköflungs til að meta miðlæga og hliðlæga hluta aftanlærsvöðva sérhæft. Vöðvarafritsmælingar voru gerðar samtímis styrkmælingum og spurningalisti notaður til að meta hnéeinkenni og athafnagetu. Fjölpáttadreifnigreining og t-próf voru notuð til tölfræðiúrvinnslu.

Niðurstöður: Konur og karlar mældust með marktækt lakari styrk áverka-megin samanborið við hinn fótlegginn í 80° hnébeygju, en einungis konur mældust líka með marktækt lakari styrk í 40° stöðunni (víxlhrif; $p < 0,05$). Styrkur var lakari með innsnúning samanborið við útsnúning á sköflungi, en þetta var meira áberandi við 80° hnébeygju (víxlhrif; $p < 0,05$). Vöðvarafritsmælingar sýndu lægri virkni miðlæga vöðvans í 80° samanborið við 40° hjá konum, ekki körlum (víxlhrif; $p < 0,001$).

Ályktun: Áhrif þess að nota vef úr MH virðist ekki hafa mikil áhrif á sér-tæka vöðvavinnu, en ástæða virðist til að huga betur að endurhæfingu kvenna eftir áverka og endurgerð FK í hné.

V 47 Áhrif 6 vikna endurhæfingar á heilsufar og svefn meðal kvenna með vefjagigt

Björg Þorleifsdóttir¹, Gunnhildur L. Marteinsdóttir², Nína K. Guðmundsdóttir², Ingólfur Kristjánsson², Hlín Bjarnadóttir², Marta Guðjónsdóttir¹

¹Lifeölisfræðistofnun, læknaeild Háskóla Íslands, ²gigtarsviði Reykjalundar
btho@hi.is

Inngangur: Vefjagigt (*fibromyalgia*) einkennist af útbreiddum langvinnum verkjum, þreytu, andlegri streitu og minnkuðu úthaldi auk svefntruflana. Markmið þessarar rannsóknar var að kanna áhrif sex vikna endurhæfingar á heilsufar og svefn meðal kvenna með vefjagigt og bera saman við sambærilegan hóp kvenna með tilliti aldurs og líkamsþyngdarstuðuls (BMI).

Efniviður og aðferðir: Þátttakendur í rannsókninni voru 25 konur með sjúkdómsgreininguna vefjagigt og uppfylltu þátttökuskilyrði að öðru leyti og 12 heilbrigðar konur í samanburðarhópi (aldur: $46,8 \pm 8,7$ vs $50,0 \pm 8,4$ ár og BMI: $31,6 \pm 5,3$ vs $29,1 \pm 4,2$ kg/m²). Við upphaf og lok rannsóknartímabils svöruðu þær spurningalistum um heilsufar og líkamlega færni (Fibromyalgia Impact Questionnaire), svefnleysi (Insomnia Severity Index) og viðhorf þeirra til svefns (Dysfunctional Beliefs and Attitudes about Sleep). Nætursvefn var mældur með virknimæli (actigraph) vikulangt auk svefnskrár sem þátttakendur héldu, í annarri og fimmtu viku tímabilsins.

Niðurstöður: Vefjagigtarhópurinn mat heilsufar sitt marktækt verra, svefnleysið meira og þeir höfðu neikvæðara viðhorf til svefns miðað við samanburðarhóp. Nætursvefninn reyndist áþekkur meðal hópanna tveggja, svo sem svefnlengd (*sleep duration*), vökutími að nóttu (*wake after sleep onset*) og svefnnýtni (*sleep efficiency*). Eftir 6 vikna tímabil hafði heilsufar og líkamleg færni vefjagigtarhópsins aukist marktækt, svefnleysið minnkað og svefnviðhorf var marktækt jákvæðara, en tveir síðar-nefndu þættirnir breyttust ekki hjá samanburðarhópnum. Hjá hvorugum hópnum breyttist nætursvefn marktækt á tímabilinu.

Ályktanir: Heilsufar, svefnleysi og viðhorf til svefns var verra hjá vefjagigtarhópnum miðað við samanburðarhóp, en framför varð á þeim þáttum við endurhæfingu. Á milli hópanna var hins vegar enginn marktækur munur á svefnþáttum mældum með virknimælum og þeir breyttust ekki á tímabilinu.

V 48 Parental psychological distress and the explanatory role of life stress and psychosocial resources

Guðrún Kristjánsdóttir¹, Inger K. Hallström², Rúnar Vilhjálmsson³

¹Faculty of Nursing, UI and Women's and Children's services, Landspítali, ²Child, Family and Reproductive Health, Lund University, Faculty of Medicine, ³Faculty of Nursing, UI
gkrist@hi.is

Introduction: Numerous studies indicate that stressors associated with parenthood can adversely affect parental well-being and children's psychosocial development. The aim of the present study is to analyse socio-demographic differences in parental role strain in the general population.

Methods: The study is based on a random sample of 591 Icelandic parents of children under 18 years of age, who were among adult participants in a national health survey of Icelanders conducted in the Spring of 2015 (response rate nearly 60%). The questionnaire asked about socio-demographic background and ongoing stressors in the parental role. The data were analyzed using multivariate statistical methods.

Results: Parental role strain was related to young parental age at first birth, female gender, non-married status, age of youngest child, age range of children, and number of children in the household. Furthermore, chronic illness or disability of a child was markedly related to higher parental role strain, although the relationship was partly reduced with parental employment. The parent's own chronic illness was also related to increased parental role strain.

Conclusion: Preventing and addressing parental role strain not only contributes to improved parental mental health, but also helps create a family environment that enhances the psychosocial development of children.

V 49 Áverkar samhliða fremri krossbandaslítm í hné; niðurstöður myndgreininga árin 2000-2011

Kristín Briem^{1,2}, Vébjörn Fivelstad², Sigurjón B. Grétarsson²

¹Rannsóknarstofu í hreyfivísindum, ²námsbraut í sjúkrahjálfun, Háskóla Íslands
kbriem@hi.is

Inngangur: Afleiðingar áverka á fremra krossband (FK) í hné eru alvarlegar til lengri tíma lítið. Auknar líkur eru á slitgigt næstu áratuginna, sérstaklega ef aðrir hlutar hnéliðarins verða fyrir áverka samhliða FK slitinu en tilgangur þessarar rannsóknar er að rannsaka tíðni slíkra áverka á langbein og liðþófa.

Efniviður og aðferðir: Rannsóknin er afturskyggn þar sem farið var yfir gagnagrunn sem hýsir allar segulómunarmyndgreiningar sem framkvæmdar voru á öllum einstaklingum sem taldir voru hafa slitið FK á Íslandi árin 2000-2011. Áverkar á langbein og liðþófa voru flokkaðir og tíðni þeirra könnuð með veltitölum í Töflureikni.

Niðurstöður: Af 2298 myndgreiningum uppfylltu 1556 þeirra skilyrði rannsóknarinnar sem voru að um nýtt FK-slit væri að ræða. Karlar voru 65% af úrtaki. Miðgildi fyrir aldur karla var 27 ár og kvenna 23 ár. Meðalfjöldi áverka á hvert hné var 2,32. Nýr áverki var á liðþófa í 76% tilfella þar af var nýr áverki á miðlægan liðþófa í 61% tilfella og þann hliðlæga í 48% tilfella. Nýr áverki var á langbein í 62% tilfella en af þeim var beinmar algengast (í 60% tilfella).

Ályktanir: Áverkar á langbein og liðþófa samhliða sliti á FK eru mjög algengir og mikilvægt að hafa langtíma afleiðingar þeirra í huga þegar skjólstaðingurinn er upplýstur um áverkann og hvað hann ber mögulega í skauti sér. Konur eru almennt yngri að aldri þegar þær slíta FK og þrátt

fyrir að meiri líkur séu á því að þær slíti FK er heildarfjöldi þeirra sem slíta FK að miklum meirihluta karlar.

V 50 Samanburður á styrk grindarbotnsvöðva hjá keppnisíþróttakönnum og óþjálfuðum könum

Ingunn Lúðvíksdóttir¹, Hildur Harðardóttir^{2,3}, Þorgerður Sigurðardóttir³, Guðmundur Freyr Úlfarsson⁴

¹Menntavísindasviði Háskóla Íslands, ²kvennadeild Landspítala, ³læknadeild, ⁴umhverfis- og byggingaverkfræðideild Háskóla Íslands
hhard@landspitali.is

Inngangur: Regluleg þjálfun hefur í för með sér heilsufarslegan ávinning en viðvarandi hátt æfingaálag getur haft neikvæðar afleiðingar.

Efniviður og aðferðir: Meginmarkmið var að bera saman styrk grindarbotnsvöðva (G) meðal keppnisíþróttakvenna (K) og óþjálfðra kvenna (Ó), skoða tíðni þvagleka og þekkingu við að spenna G rétt. Framskyggn samanburðarrannsókn þar sem borinn var saman styrkur G hjá K og Ó. Ó stunduðu enga reglubundna þjálfun en K stunduðu keppnisíþrótt (handbolta, fótbolta, körfubolta, fimleikum, tennis, badminton, crossfit) > 3 ár. Allar voru heilsuhraustar og höfðu ekki fætt. Styrkur G var mældur hjá þátttakendum og athugað hvort þær kynnu að spenna G rétt. Þátttakendur svöruðu spurningalista (hæð, þyngd, aldur, hreyfing, þekkingu á G, þvagleki). Niðurstöður hópanna voru síðan bornar saman.

Niðurstöður: Þátttakendur voru 34; 18 K og 16 Ó. Þær voru sambærilegar í aldri og hæð, en líkamsþyngdarstuðull (LPS) var 22,8 og 25 kg/m² ($p < 0,05$) hjá K og Ó. K og Ó stunduðu líkamsþjálfun í 11,4 og 1,3 klst./viku ($p < 0,05$). Meðaltalsstyrkur G hjá K og Ó var 44,5 hPa og 42,7 hPa ($p = 0,721$). Þvagleka fengu 61,1% K ($n = 11$) en 12,5 % Ó ($n = 2$). Undir miklu æfingaálagi fengu allar K þvagleka. Hjá 22% K varð þvagleki við hnerra/hósta. Þekking á G var betri hjá K en Ó og þær voru líklegri til að gera grindarbotnsæfingar reglulega.

Ályktanir: Ekki var marktækur munur á styrk G á milli K og Ó. Hátt hlutfall K með þvagleka kom á óvart og að þær séu líklegri að fá þvagleka. Grindarbotnsvöðva þarf að þjálfra sérstaklega.

V 51 Sex-related differences in knee valgus moment during a cutting maneuver by athletes aged 9-11

Haraldur B. Sigurðsson¹, Þórarinn Sveinsson², Kristín Briem²

¹Faculty of Medicine, ²Department of Physical Therapy, University of Iceland
harbs@hi.is

Introduction: The knee valgus moment is a risk factor for future anterior cruciate ligament (ACL) injury, and contributes directly to ACL load. Risk of ACL injury is higher for females and under fatigue. Little is known about sex related differences in knee valgus moment in athletes aged 9-11, their limb differences, or how they are affected by fatigue.

Methods: Soccer and team handball athletes ($N = 125$) were recruited from local sports clubs, and had reflective markers placed on key anatomic locations. Athletes performed 5 repetitions on each leg of a cutting maneuver, then underwent a 5-min fatigue protocol before repeating the task. Data were collected using an 8 camera motion capture system (Qualisys) and two AMTI force plates, sampling at 200Hz. Statistical analysis was performed with a mixed models ANOVA for main effects and interactions of age, sex, fatigue, and side.

Results: Overall, females had a significantly lower mean (SD) knee valgus moment than males (0.08 (0.24) vs. 0.15 (0.26) Nm/kg; $p = 0.018$). A sex by side interaction was found for the knee valgus moment ($p < 0.001$) due to

greater inter-limb differences seen for male compared to female participants. Moderate correlations were found between the valgus and internal rotation moments of the knee ($r = 0.53$; $p > 0.001$) and between hip and knee frontal plane moments ($r = 0.53$; $p < 0.001$).

Conclusions: Sex dependent differences in knee valgus moment and sex-specific side asymmetries exist from an early age. This may have implications for injury prevention studies where interventions may be targeted towards young athletes.

V 52 Árstíðabundinn munur á svefntruflunum og andlegri líðan

Arndís Valgarðsdóttir¹, Ingunn Hansdóttir¹, Erla Björnsdóttir², Lárus S. Guðmundsson³, Björg Þorleifsdóttir⁴

¹Sálfræðideild, heilbrigðisvísindasviði Háskóla Íslands, ²Landspítala, ³lyfjafræðideild Háskóla Íslands, ⁴Lifeðlisfræðistofnun, læknadeild Háskóla Íslands
arndis@undraland.com

Inngangur: Svefntruflanir eru algengt vandamál og geta dregið úr vellíðan, lífsgæðum og starfsgetu, haft slæm áhrif á heilsufar og alvarlegar félagslegar og efnahagslegar afleiðingar. Rannsóknir hafa sýnt að árstíðabundnar birtusveiflur hafa neikvæð áhrif á svefngæði og svefntíma og á veturnasvefntruflanir. Markmið rannsóknarinnar er að kanna árstíðabundinn mun á svefnlengd, svefntruflunum, andlegri líðan og lífsgæðum Íslendinga.

Efniviður og aðferðir: Þátttakendur voru á aldrinum 18-70 ára og notast var við lagskipt slembiúrtak. Fjöldi þátttakenda var 1225 að vetri og 938 að sumri. Hlutfall kvenna var 59,1% að vetri og 59,4% að sumri. Mælitæki voru sjálfsmatskvaðinn *Basic Nordic Sleep Questionnaire* sem metur eðli og alvarleika svefntruflana, andleg líðan var metin með *Depression Anxiety Stress Scales* sem metur þunglyndi, kvíða og streitu og *HL-prófið* var notað til að meta heilsutengd lífsgæði. Svefnlengd og svefnvenjur voru metnar með spurningum um hátt- og fótaferðartíma á virkum dögum jafnt sem frídögum.

Niðurstöður: Svefntruflanir og andleg líðan var marktækt verri að vetri en sumri. Þátttakendur áttu erfiðara með að sofna, að sofa í einum dúr og svefninn var minna endurnærandi yfir vetrartímann. Konur vöknðu oft- ar upp, svefn þeirra var minna endurnærandi og kvíði og streita þeirra var meiri að vetri samanborið við karla. Ekki var árstíðamunur á svefnlengd eða lífsgæðum. Tengsl milli svefntruflana, andlegrar líðan og lífsgæða sýndu að því meiri sem svefntruflanir voru, því verri var andleg líðan og lífsgæði fólks.

Ályktanir: Svefntruflanir eru meiri að vetri en að sumri og algengari hjá könum. Vanlíðan fólks, þunglyndi, kvíði og streita, var mest ef svefn var ekki endurnærandi.

V 53 Að greinast með Alzheimerssjúkdóm: Áhrif á líðan og lífsgæði

Arndís Valgarðsdóttir¹, Daníel Ólason¹, Erla S. Grétarsdóttir², Kristín Hannesdóttir³, Jón Snædal⁴

¹Sálfræðideild, heilbrigðisvísindasviði Háskóla Íslands, ²geðsviði Landspítala, ³AstraZeneca, ⁴Landakoti, Landspítala
arndis@undraland.com

Inngangur: Skert innsæi er algengt hjá Alzheimerssjúklingum og getur valdið því að sjúklingar gera sér illa grein fyrir sjúkdómnum og ofmeti eigin getu. Í rannsóknum á Alzheimerssjúkdómnum hefur því tíðkast að afla upplýsinga frá aðstandendum og fagfólki en upplýsingar frá sjúklingunum sjálfum að mestu skort. Rannsóknir á lífsgæðum, þunglyndi, verkjum og getu til athafna meðal Alzheimerssjúklinga hafa leitt í ljós

töluvert ósamræmi í svörum sjúklinga og aðstandenda. Til að hægt sé að bæta þjónustu og meðferð þarf að öðlast skilning á áhrifum þess að greinast með sjúkdóminn á líðan og lífsgæði fólks. Þegar tekist er á við veikindi og aðra erfiðleika getur lífsafstaða og bjargráðastíll skipt miklu máli. Markmið rannsóknarinnar er að kanna á heildstæðan hátt upplifun fólks sem nýlega hefur fengið greiningu á Alzheimerssjúkdómi og meta þær afleiðingar sem sjúkdómurinn hefur haft á líðan og lífsgæði þeirra.

Efniviður og aðferðir: Rannsóknin er megindleg. Sjúklingar svöruðu spurningalistum um líðan og lífsgæði sín og aðstandendur svöruðu listum um sömu þætti hjá þeim.

Niðurstöður: Niðurstöður fyrir 50 þátttakendur benda til að skertu innslæi fylgi þunglyndi og minni lífsgæði sjúklinga og meiri streita hjá aðstandendum. Sjúklingar mátu líðan sína betri og lífsgæði og verklega færni meiri en aðstandendur. Forðandi bjargráðastíll, kvíði og þunglyndi höfðu neikvæða fylgni við bjartsýni.

Ályktanir: Skert innslæi virðist hafa slæm áhrif á andlega líðan og lífsgæði Alzheimerssjúklinga. Lítið samræmi var í svörum hópanna og aðstandendur telja sjúklingana verr stadda en þeir gera sjálfir. Svartsýnir sjúklingar aðhyllast frekar forðandi bjargráðastíll og eru þunglyndari og kvíðnari en þeir sem eru bjartsýnir.

V 54 Samspil félagslegs stuðnings, áfallastreitu og notkunar ávanabindandi efna meðal einstaklinga sem hafa fengið áfall

Anna M. Hrólfsdóttir¹, Edda B. Þórðardóttir², Bryndís B. Ásgeirsdóttir³

¹Landspítali, ²Miðstöð í lýðheilsuvísindum, læknadeild Háskóla Íslands, ³sálfræðideild Háskólans í Reykjavík

anna.margrethrolfs@gmail.com

Inngangur: Það er vel þekkt að einstaklingar með áfallastreituröskun (ÁSR) leiti í ávanabindandi efni, líkt og áfengi eða sigarettur, til þess að vinna bug á einkennum sínum. Það er hins vegar lítið vitað um hvaða áhrif félagslegur stuðningur hefur á þetta samband. Markmið rannsóknarinnar var að kanna samspilið á milli félagslegs stuðnings, ÁSR-einkenna og notkunar ávanabindandi efna meðal einstaklinga sem höfðu sögu um áfall.

Efniviður og aðferðir: Spurningalistar voru póstsendir í janúar 2011 til 643 einstaklinga frá Breiðdalsvík, Flateyri, Súðavík og Raufarhöfn. Spurt var um bakgrunn, félagslegan stuðning og einkenni áfallastreitu en þau voru metin með *The Posttraumatic Diagnostic Scale*. Gagnaöflun stóð yfir frá janúar til lok júní 2011 og samanstóð úrtakið af 490 einstaklingum, 247 konur og 241 körlum á aldrinum 18 til 90 ára (meðalaldur var 43 ár). Við greiningu gagnanna var notast við tvíþátta lógistíska aðhvarfsgreiningu.

Niðurstöður: Í ljós kom að einstaklingar sem fundu fyrir félagslegum stuðningi í kjölfar áfalls voru ólíklegri til þess að mæta greiningu á einkennum ÁSR samanborið við þá sem engan stuðning fengu. Þar að auki voru ÁSR-einkenni forspárþáttur fyrir daglegum reykingum ásamt því að hafa farið í meðferð vegna vímuefnavanda. Hins vegar fannst ekkert samband milli félagslegs stuðnings við daglegar reykingar né áfengisnotkun.

Ályktanir: Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að félagslegur stuðningur í kjölfar áfalls sé sérstaklega mikilvægur til þess að minnka líkur á þróun ÁSR. Þar að auki getur ÁSR aukið líkur á að einstaklingar leiti í ávanabindandi efni í kjölfar áfalls.

V 55 Áhrif þreytu á lífafræði hnés og búks í gabbhreyfingu hjá stúlkum og drengjum

Hjálmar J. Sigurðsson^{1,2}, Kristín Briem², Þórarinn Sveinsson²

¹Rannsóknarstofu í hreyfivísindum, ²Námsbraut í sjúkrapjálfun, Háskóli Íslands
thorasse@hi.is

Inngangur: Kvenkyns íþróttamenn eru mun líklegri til að slíta fremra krossband en karlar og þreyta eykur líkur á sliti. Markmið þessarar rannsóknar er að meta áhrif þreytu á hreyfingar hnés og búks í breiðskurðarsniði í gabbhreyfingu hjá börnum fyrir kynþroska.

Efniviður og aðferðir: Alls voru 128 einstaklingar (76 stúlkur og 52 drengir) fengnir til þátttöku hjá íþróttaliðum á Reykjavíkursvæðinu. Eftir upphitun gerðu þau gabbhreyfingu, þar sem stigið var á kraftplötu á meðan 8 myndavélar voru notaðar til að taka upp hreyfingar í þrívídd. Eftir að þátttakendur voru þreyttir á skautabretti voru mælingar endurteknar. Fyrri helmingurinn af standfasanum er skoðaður.

Niðurstöður: Hámarks láréttur gagnkraftur hækkaði við þreytu (7,71 N/kg og 8,18 N/kg; $p < 0,001$). Við upphaf standfasa voru hnén í meiri fráfærslu þegar þátttakendur voru þreyttir ($0,1^\circ$ og $1,0^\circ$; $p = 0,019$) og einnig var hún meiri hægra megin ($1,0^\circ$ og $0,1^\circ$; $p = 0,008$). Hreyfing í hné jókst meira hægra megin við þreytu ($p = 0,018$) og áhrifin af þreytu voru meiri hjá stúlkum ($p = 0,025$). Hámarks fráfærsla jókst einnig meira hægra megin í þreytu ($p = 0,011$). Hliðarsveigja á bók að stöðufæti var meiri vinstra megin en hægra megin ($10,1^\circ$ m.v. $8,7^\circ$; $p < 0,001$). Við upphaf standfasa var hallinn á bók meiri eftir þreytu ($2,1^\circ$ og $3,0^\circ$; $p = 0,049$). Hreyfing á bók í átt að stöðufæti minkaði við þreytu ($8,9^\circ$ og $9,9^\circ$; $p = 0,006$).

Ályktanir: Þreyta hefur áhrif á hreyfimunstur hjá ókynþroska einstaklingum og eykur álag á hnéliðinn í gabbhreyfingu. Þetta bendir til þess að það sé best að byrja forvarnaræfingar gegn krossbandaslitum um og fyrir unglingsárin.

V 56 The effects of omega-3 PUFA on human natural killer cells in vitro

Andrea Jóhannsdóttir^{1,2,3}, Ingunn H. Bjarkadóttir^{1,2,3}, Jóna Freysdóttir^{1,2,3}, Ingibjörg Harðardóttir⁴

¹Department of Immunology and ²Centre for Rheumatology Research, Landspítali, ³Faculty of Pharmaceutical Sciences, ⁴Biochemistry and Molecular Biology and ⁵Department of Immunology, Faculty of Medicine, Biomedical Center
ih@hi.is

Introduction: Dietary omega-3 polyunsaturated fatty acids (PUFA) enhance resolution of inflammation and induce an early increase in natural killer (NK) cell numbers. As depletion of NK cells hampers resolution onset we hypothesize that NK cells may be involved in the effects of omega-3 PUFA on resolution of inflammation. The aim of this study was to determine the effects of the omega-3 PUFA eicosapentaenoic acid (EPA) and docosahexaenoic acid (DHA) on human NK cell activity *in vitro*.

Materials and methods: Human NK cells were incubated with/without EPA or DHA prior to their stimulation with IL-12 and IL-15. Expression of surface receptors was determined by flow cytometry and cytokine concentration in the supernatants was measured by ELISA.

Results: EPA and/or DHA increased NK cell expression of the chemokine receptor CCR7 and the homing receptor CD62L and decreased NK cell secretion of the pro-inflammatory cytokines TNF- α , IL-13 and GM-CSF compared with that by NK cells cultured without fatty acids.

Conclusions: The omega-3 PUFA-induced increase in NK cell expression of CCR7 and CD62L may make the NK cells better able to travel to lymph nodes where they may have indirect effects on the inflammatory process through Th1 cells. Furthermore, as neutrophil apoptosis and removal

notaður er til að meta kæfisvefn en það eru ekki allir sammála um hver viðmiðunargildi AHI í börnum eigi að vera. Markmið rannsóknarinnar er að meta algengi kæfisvefns í börnum 12-18 ára sem skráð eru í Heilsuskóla Barnaspítalans. Einnig að bera saman nýjan vísi sem metur öndunarerfiði við hina hefðbundnu vísa. Spurningalistinn er borinn saman við AHI og og nýja vísinn.

Efniviður og aðferðir: Þýðið voru einstaklingar skráðir í Heilsuskóla Barnaspítalans á aldrinum 12-18 ára á meðan rannsóknartímabilinu stóð. Notað var svefnmælitæki til greiningar, ásamt því að leggja fyrir þátttakendur spurningalista um svefnvenjur barna og skoðaðar voru bakgrunnsbreytur í sjúkraskrá.

Niðurstöður: Algengi kæfisvefns er á bilinu 11-90% í þessu úrtaki barna eftir því hvaða viðmiðunargildi AHI var notað. Engin fylgni var á milli breyta úr sjúkraskrá og AHI eða spurningalista og AHI. Marktækt samband fannst á milli nýja vísins og LPS (líkamsþyngdarstuðuls) barnanna.

Ályktanir: Algengi kæfisvefns í úrtakinu er hátt. Stór hluti barnanna er með kæfisvefn. Skilgreingar á kæfisvefni mælt með AHI í börnum eru á reiki. Með hækkandi líkamsþyngdarstuðli barnanna hækkaði nýi vísirinn um öndunarerfiði.

V 82 Felt neglect in childhood and experience of physical and psychological abuse

Geir Gunnlaugsson, Jónína Einarssdóttir

Faculty of Social and Human Sciences, University of Iceland
geirgunnlaugsson@hi.is

Introduction: Child neglect is regularly reported to the Icelandic Government Agency for Child Protection, but data is lacking on its prevalence in the population. The aim of the study is to estimate the prevalence of felt neglect in childhood among Icelandic adults, and analyse their experience of physical and emotional abuse as children.

Materials and methods: In a random sample from Registers Iceland of 1500 adult Icelandic citizens, 966 (64%) answered questions in a telephone interview on felt neglect in childhood and their experience of physical and emotional abuse.

Results: 105/966 (11%) respondents felt they had been neglected in childhood, five answered "do not know" and six denied to answer. Experience of neglect was varied but gave evidence to difficult family situation and be given great responsibility as children. Those who felt neglected were more likely to report experience of physical and emotional abuse in childhood, both in scope and content, compared to those who reported no such experience ($p=0.0001$).

Conclusions: About one in ten Icelandic adults consider themselves to have been neglected in childhood, and report experience of diverse physical and emotional abuse. Parents need appropriate support and information to help them use positive upbringing practices for their children to benefit in terms of improved short- and long-term health and wellbeing.

V 83 Kviðverkir á bráðamóttöku Barnaspítala Hringins - framhaldsrannsókn

Viðar Róbertsson¹, María B. Magnúsdóttir^{1,2}, Sigurður Þorgrímsson^{1,2}, Úlfur Agnarsson^{1,2}, Þráinn Rósmundsson^{1,2}, Ásgeir Haraldsson^{1,2}

¹Læknadeild Háskóla Íslands, ²Barnspítala Hringins, Landspítala
vir6@hi.is

Inngangur: Kviðverkir eru algengt vandamál hjá börnum og oft leita börn með kviðverki endurtekið læknishjálpar. Markmið rannsóknarinnar var

að meta hvort börn sem komu með kviðverki á bráðamóttöku Barnaspítala Hringins (BBH) árið 2010 hafi þurft frekari þjónustu spítalans.

Efniviður og aðferðir: Rannsóknin var afturskyggn og náði til allra barna sem komu vegna kviðverkja á BBH árið 2010 og áttu að minnsta kosti eina endurkomu af einhverjum orsökum á rannsóknartímabilinu 2010-2015. Upplýsingar um aldur, kyn, komutíma og ICD-10 greininganúmer voru skráðar og einstaklingar flokkaðir í hópa eftir sjúkdómsgreiningum.

Niðurstöður: Af 1118 börnum sem komu með kviðverki á BBH árið 2010 áttu 947 (84,7%) endurkomu á rannsóknartímabilinu. Samtals voru endurkomur 7282. Stúlkur áttu 4551 (62,5%) endurkomu en drengir 2731 (37,5%) ($p=0,109$). Algengasta ástæða endurkomu var greiningahópurinn "Einkenni, teikn og afbrigðilegar klínískar og eða rannsóknarniðurstöður sem ekki eru flokkuð annars staðar" (12,9%). Þar á eftir fylgdu "Meltingarfarerásjúkdómar" (12,6%) og "Smitsjúkdómar" (6,9%). Börn í greiningarhópnum "Óskýrðir kviðverkir" árið 2010 voru 436, þar af áttu 369 (84,9%) endurkomu á rannsóknartímabilinu. Þessi hópur átti flestar endurkomur á rannsóknartímabilinu (42,3%). Stúlkur voru eldri ($p<0,001$) og áttu fleiri endurkomu en drengir ($p=0,017$).

Ályktanir: Ljóst er að kviðverkir eru umfangsmikið vandamál barna. Börn sem koma á BBH vegna kviðverkja þurfa oft á áframhaldandi þjónustu LSH að halda. Mest er sjúkdómsbyrði barna með óskýrða kviðverki. Ekki er óalgengt að börn sem greinast með óskýrða kviðverki fái sértæka sjúkdómsgreiningu við endurkomu. Mikilvægt er að komast að sértækri sjúkdómsgreiningu sem fyrst svo hægt sé að veita þessum börnum viðeigandi meðferð.

V 84 Áverkadauði barna á Íslandi 1980-2010: Lýðgrunduð rannsókn

Þórdís K. Þorsteinsdóttir¹, Steinunn Eiríksdóttir², Arna Hauksdóttir², Brynjólfur Mogensen²

¹Hjúkrunarfræðideild, ²Miðstöð í lýðheilsuvísindum, læknadeild Háskóla Íslands
thordist@hi.is

Inngangur: Áverkar hafa verið ein aðal dánarorsök barna í heiminum en dregið hefur úr algengi. Erlendar rannsóknir hafa sýnt að tíðnin sé algengari meðal drengja, höfuðáverkar algengasti áverkinn og aldurshópurur, lýðfræðileg staða og slysstaður virðist hafa áhrif. Markmiðið var að rannsaka faraldsræði áverkadauða íslenskra barna, frá 0-17 ára, frá 1980 til 2010.

Efniviður og aðferðir: Rannsóknin var lýsandi og lýðgrunduð og byggði á gögnum dánarmeinaaskrár og Hagstofu Íslands. Greind voru tilvik yfir tímabilið, áverkaflokkur, aldur, kyn, slysstaður (dreifbýli/þéttbýli) auk fjölda fullorðinna og systkina á heimilinu. Algengi, þróun yfir tíma og hlutföll eftir bakgrunnsþáttum voru reiknuð með Poisson aðhvarfsgreiningu, kí-kvaðrat prófi og líkindahlutfalls prófi eftir því sem við átti.

Niðurstöður: Á tímabilinu létust 263 börn af völdum slysaáverka. Drengir voru 69,2%. Algengustu dánarorsakir voru höfuðáverkar (41,1%), drukknanir (17,5%), fjölaáverkar (14,1%), áverkar á brjóstholi (7,6%) og köfnun (6,8%). Flestir voru 15-17 ára (41,1%). Fleiri dauðsföll áttu sér stað í dreifbýli (58,5%), og meirihluti bjó með tveimur fullorðnum (77,2%) og tveimur eða færri systkinum (89,4%). Það dró úr nýgengi yfir rannsóknartímabilið þar sem hlutfall fyrir drengi fyrir 100.000 íbúa á ári lækkaði úr 1,9 á fyrsta þriðjungi rannsóknartímabilsins í 0,5 á seinasta þriðjungi ($p<0,05$). Fækkan á nýgengi var ekki tölfræðilega marktæk fyrir stúlkur. Frá 2001 til 2010 voru drengir 55% og stúlkur 45%.

Ályktanir: Áverkadauðsföllum meðal barna á Íslandi fækkaði yfir rannsóknartímabilið, sérstaklega á meðal drengja. Þó niðurstöður rannsóknarinnar séu góðs viti þarf að stefna að því að draga enn frekar úr áverkadauðsföllum barna.

V 85 Vöðvasullur greinist á ný í sauðfé

Matthías Eydal¹, Einar Jörundsson²¹Sníkjudýrfræðideild, ²meinafræðideild, Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum
meydal@hi.is

Inngangur: Vöðvasullur, *Taenia (Cysticercus) ovis*, finnst í vöðvum sauðfjár, einkum í ganglimum, hjarta og þind. Fullorðinsstigið, vöðvasullsbandormurinn, lifir í görn hunda eða refa. Vöðvasullir greindust fyrst hér á landi á árunum 1983-1985, í sauðfé frá 40 bæjum á Vesturlandi og Norðvesturlandi. Ekki var vitað hvenær eða hvernig bandormurinn barst til landsins eða hvort hann hafði verið fyrir í landinu. Árin 1986-2001 greindust vöðvasullstífla af og til í sauðfé en engin á árunum 2002-2013. Leit að bandorminum í hundum, alirefum og villtum refum bar ekki árangur.

Efniviður og niðurstöður: Haustið 2014 greindust vöðvasullir í hjarta og þind úr sláturlambi frá bæ á Norðvesturlandi. Ormurinn fannst ekki við leit í saursýnum úr hundum á bænum. Haustið 2015 voru skoðuð læri og þindar úr tveimur sláturlömbum frá bæ á Norðausturlandi. Í þeim var mikill fjöldi vöðvasulla. Við kjötskoðun í sláturhúsi saust sullir í fleiri sláturlömbum frá bænum. Vöðvasullir höfðu ekki greinst áður á þessu svæði Norðaustanlands. Egg ormsins fundust í saursýni úr hundi á bænum og er það í fyrsta sinn sem vöðvasullsbandormurinn er staðfestur í lokahýsli, ref eða hundi, hér á landi.

Ályktanir: Nýju vöðvasullstíflin sem hafa greinst sýna að annaðhvort hefur sníkjudýrið leynst í hýslum hér á landi eða hefur borist á ný til landsins með hundum. Lífsferill vöðvasullsbandormsins er sams konar og lífsferill sullaveikibandormsins *Echinococcus granulosus*, að því undanskildu að vöðvasullsbandormurinn sýkir ekki fólk svo vitað sé. Nýgreind vöðvasullstífla eru áminning um að ekki sé tímabært að slaka á lögboðinni árlegri bandormahreinsun hunda.

V 86 Riða í sauðfé - rannsókn á nýlegum tilfellum

Stefanía Þorgeirsdóttir¹, Ásthildur Erlingsdóttir²¹Riðurannsóknarstofu, ²veiru- og sameindalíffræðideild, Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum
stef@hi.is

Inngangur: Frá 1978 hefur verið reynt að útrýma riðu hér á landi, fyrst með niðurskurðri á fé og síðar sóthreinsun útihúsa. Tilfellum hefur fækkað mikið, en árlega greinast örfá tilfelli, stundum eingöngu óhefðbundin eða Nor98 riða, sem talinn er sjálfsprottin án utanaðkomandi smits. Enginn niðurskurður er vegna slíkra riðutilfella, líkt og þegar hefðbundin riða greinist.

Efniviður og aðferðir: Sýni frá fjórum riðubæjum voru prófuð með tilliti til riðusmittefnis og arfgerða sem áhrif hafa á smitnæmi íslensks sauðfjár. Við skimunina voru notuð elisupróf, en ónæmisblottun til staðfestingar og aðgreiningar riðuafbrigða. Við greiningu arfgerða var breytileiki kannaður í táknum 136 og 154 í príongeninu.

Niðurstöður: Árið 2015 greindust fjögur riðutilfelli, þrjú hefðbundin og eitt Nor98. Hefðbundnu riðutilfelli, þau fyrstu síðan 2010, greindust öll á Norðurlandi, þar sem riða hefur lengi verið landlæg. Eitt þeirra greindist í sláturhúsaýnum en hin vegna riðugruns. Nor98 greindist í sláturhúsaýni frá Austfjörðum og er sjöunda tilfellið á Íslandi. Eftir niðurskurð voru 112 sýni prófuð til viðbótar og reyndust 24 þeirra vera jákvæð. Greining arfgerða sýndi að fyrsta hefðbundna tilfellið var með hlutlausu arfgerð sem og jákvæðu sýnin úr þeirri hjörð. Riðutilfelli sem greindust út frá einkennum reyndust bera áhættuafgerð fyrir hefðbundna riðu og einnig

mörg jákvæðu niðurskurðarsýnin. Nor98 tilfellið bar áhættuafgerð fyrir þá gerð riðu, en sú arfgerð er talin verndandi gagnvart hefðbundinni riðu.

Ályktanir: Eftir áralanga baráttu gegn riðusjúkdómnum á Íslandi greinast enn tilfelli. Við skoðun riðuhjarðanna sást að nokkuð hátt hlutfall var riðujákvæður og arfgerðir jákvæðra sýna voru flest af áhættuafgerð fyrir viðkomandi gerð riðu.

V 87 Effect of pathogen inactivation on cytokine/ chemokine secretion from platelets during storage

Ólafur E. Sigurjónsson¹, Niels Á. Árnason², Ragna Landrö³, Óttar Rolfsson³, Björn Harðarson⁴¹Surgical services, The Icelandic Blood Bank, Landspítali University Hospital, ²The Icelandic Blood Bank, Landspítali University Hospital, ³University of Iceland, ⁴Landspítali - The National University Hospital
oes@hi.is

Introduction: The Platelet has a central role in hemostasis and represents an integral part of transfusion medicine. Platelets can be stored for a maximum of 5-7 days due to the risk of pathogen contamination. To reduce the risk of pathogen contamination, methods have been developed that render pathogens inactive in platelet concentrates prior to storage (PI). Secretion of cytokines from platelets during storage can pose threat to patients upon platelet infusion. In this project we analyzed the effect of PI of cytokine and growth factor secretion from platelets during storage.

Methods: Two buffy coat derived platelets units were generated for each experiment (n=8), where one unit contained SPP+/ Plasma (70/30%) and the other unit was PI treated (containing SPP+/Plasma). Cytokine profiles were assessed using MILLIPLEX® MAP Human Cytokine/Chemokine - Premixed 42 Plex assay and ELISA on days 1, 2, 4 and 7 during storage.

Results: All cytokines/ chemokines/ growth factors analyzed showed an increase in secretion from platelets during storage. No significant differences were observed in cytokines that may cause harm to patients upon platelet infusion, e.g. sCD40L and PF4, when comparing PI treated platelets to untreated platelets.

Conclusion: Pathogen inactivation treatment does not increase secretion of cytokines/ chemokines/ growth factors from platelet during storage compared to untreated platelets.

V 88 Effect of pathogen inactivation on platelet storage lesion

Ólafur E. Sigurjónsson¹, Niels Á. Árnason², Ragna Landrö³, Óttar Rolfsson³, Björn Harðarson⁴¹Surgical services, The Icelandic Blood Bank, Landspítali University Hospital, ²The Icelandic Blood Bank, Landspítali University Hospital, ³University of Iceland, ⁴Landspítali - The National University Hospital
oes@hi.is

Introduction: The Platelet has a central role in hemostasis and represents an integral part of transfusion medicine. Platelets can be stored for a maximum of 5-7 days due to the risk of pathogen contamination. To reduce the risk of pathogen contamination, methods have been developed that render pathogens inactive in platelet concentrates prior to storage (PI). Secretion of cytokines from platelets during storage can pose threat to patients upon platelet infusion. In this project we analyzed the effect of PI of platelet storage lesion.

Methods: Two buffy coat derived platelets units were generated for each experiment (n=8), where one unit contained SPP+/ Plasma (70/30%) and the other unit was PI treated (containing SPP+/Plasma). Platelet storage lesion was analysed using, flow cytometry, hematoanalyser and blood gas analyser.

Results: No notable differences were observed in PSL between SPP+/Plasma (70/30%) and PI treated platelets when analysing them with a blood gas analyser and a hematoanalyser. On the other hand we did see a significant increase in the expression of CD62p and Annexin V and a decrease in the expression of CD42b in PI treated platelets analysed with flow cytometry on days 4 and 7 of storage.

Conclusion: Pathogen inactivation increases the expression of the PSL markers CD62p, and Annexin –V that may indicate an increase in platelet activation during storage.

V 89 Effect of pathogen inactivation on miRNA in platelets during storage

Ólafur E. Sigurjónsson¹, Niels Á. Árnason², Ragna Landrö³, Óttar Rólfsson³, Björn Harðarson⁴

¹Surgical services, The Icelandic Blood Bank, Landspítali University Hospital, ²The Icelandic Blood Bank, Landspítali University Hospital, ³University of Iceland, ⁴Landspítali - The National University Hospital

oes@hi.is

Introduction: The Platelet has a central role in hemostasis and represents an integral part of transfusion medicine. Platelets can be stored for a maximum of 5-7 days due to the risk of pathogen contamination. To reduce the risk of pathogen contamination, methods have been developed that render pathogens inactive in platelet concentrates prior to storage (PI). Recent data supports the notion of miRNA being important in platelet function. In this project we analyzed the effect of PI on miRNA changes during storage.

Methods: Two buffy coat derived platelets units were generated for each experiment (n=8), where one unit contained SPP+/Plasma (70/30%) and the other unit was PI treated (containing SPP+/Plasma). MicroRNA profiles were assessed using Q-PCR on days 1, 2, 4 and 7 during storage.

Results: Limited change was observed in the miRNA when comparing SPP+/Plasma (PI treated) units to SSP+ units. Significant down regulation (>60%, p<0,05) of miR-96-5p was observed on day 2 and 4 fig 2. miR-96-5p targets VAMP8 mRNA. VAMP8 plays a role in platelet granule release. Down regulation of miR-96-5p was implicated in platelet hyperactivity. The down regulation of miR -1260a and miR-1260b is similar in both Intercept and control PC and could be an indication that these miRNA have target genes that become more active later in the storage period.

Conclusion: Pathogen inactivation treatment does not alter the miRNA profile of platelets during storage compared to untreated platelets.

V 90 HPR0 afbrigði ISAV veirunnar í eldislaxi á Íslandi

Harpa M. Gunnarsdóttir¹, Sigríður Guðmundsdóttir², Heiða Sigurðardóttir²

¹Fisksjúkdómadeild, ²rannsóknadeild fisksjúkdóma, Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum

harpamg@gmail.com

Inngangur: Infectious salmon anaemia (ISA) eða blóðþorri, er smitsjúkdómur af völdum veirunnar infectious salmon anaemia virus (ISAV), sem er af ætt *Orthomyxovirus* og veldur alvarlegum sýkingum í Atlants-hafslaxi (*Salmon salar*). Meinvirk afbrigði veirunnar (HPRv) hafa úrfellingar á hábreytilega svæði genabútar 6, þar sem ómeinvirka afbrigðið (HPR0) er óskert. Próteinafurð genabútar 6 er hemagglutinin esterasi, yfirborðsprótein í veiruhjúpnun sem hefur með viðloðun veiru við hýsilfrumu að gera. ISAV HPR0 hefur greinst hérlandis í 0,63% af sýnum sem skimuð voru tímabilið 2011-2015. Faraldsfræðilegar rannsóknir sýna að ISAV-HPR0 er mjög útbreidd í umhverfi laxa.

Markmið: Mat á gæðum raðgreininganiðurstaðna eftir mismunandi

forvinnu sýna. Afla þekkingar á arfgerðum íslenskra HPR0 stofna ISAV og bera þá saman við stofna nágrannalanda.

Efni og aðferðir: Alls 112 ISAV-HPR0 jákvæð sýni, sem safnast hafa við þjónusturannsóknir á Keldum (2011-2015), voru mögnuð upp fyrir ISAV-HPR- svæði genabútar 6 með RT-PCR. BioAnalyzer niðurstöður voru notaðar til flokkunar sýna í hópa eftir því hvaða forvinnu þau fengu fyrir raðgreiningu. PCR afurðin var ýmist hreinsuð eða tóþóklónuð. Sýnin voru send til Beckman Coulter Genomics í Bretlandi til raðgreiningar. Raðgreininganiðurstöður rýndar með forritinu Sequencer 5.4.1, innbyrðis samanburður með Geneiom 9.1.3, samanburður við erlend gagnasöfn á NCBI.

Niðurstöður & ályktanir: Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að PCR hreinsun sýna fyrir raðgreiningu gefi marktækt fleiri nothæfar niðurstöður en séu sýnin tóþóklónuð. Gæði raðgreininganiðurstaðna eru þó jöfn með hvorri aðferð sem er. Samanburður sýndi að aðeins einn HPR0 stofn ISAV greindist í verkefninu. Stofninn tilheyrir Evrópastofni með mest líkindi við stofna frá Noregi og Færeyjum.

V 91 Saga um sjálfsöfnæmissjúkdóma veldur ekki aukinni áhættu á framgangi góðkynja einstofna mótefnahækkunar

Theodóra Rún Baldursdóttir, Þorvarður J. Löve, Sigrún H. Lund, Sigurður Y. Kristinsson

Læknadeild Háskóla Íslands

theodorb@landspitali.is

Inngangur: Góðkynja einstofna mótefnahækkun (e. monoclonal gammopathy of undetermined significance, MGUS) er alltaf undanfari mergæxla (e. multiple myeloma). Rannsóknir hafa sýnt að 1-1,5% líkur eru á að MGUS þróist í mergæxli eða aðra eitilfrumusjúkdóma. Vitað er að magn M-próteins, mótefnaflokkur próteinsins og hlutfall léttra keðja í blóði hafa áhrif á líkur á framþróun MGUS. Aðrir áhættuþættir fyrir framþróun eru illa skilgreindir. Sjúklingar með sjálfsöfnæmissjúkdóma eru í aukinni hættu á að þróa með sér MGUS.

Tilgangur þessarar rannsóknar var að kanna hvort saga um sjálfsöfnæmissjúkdóma sé áhættuþáttur fyrir framgangi á MGUS.

Efniviður og aðferðir: Rannsóknargögn voru fengin frá sænskum krabbameins- og sjúklingaskrá. Einstaklingar greindir með MGUS á árunum 1985-2013 voru teknir með í rannsóknina. Munur á áhættu á framþróun var metinn með Cox lífunargreiningarlíkani og borin saman áhætta hjá MGUS einstaklingum með og án fyrri sögu um sjálfsöfnæmissjúkdóm.

Niðurstöður: 17.965 sjúklingar með MGUS voru með í rannsókninni. 6.713 (37,4%) höfðu fyrri sögu um sjálfsöfnæmissjúkdóm. Þeir með sjálfsöfnæmissjúkdóma voru marktækt eldri og höfðu marktækt lægra magn mótefnis við greiningu á MGUS. Þeir höfðu 16% lægri líkur á framgangi (HH 0,84, 95% ÖB 0,76-0,92).

Ályktanir: Í þessari stóru lýðgrunduðu rannsókn kom í ljós að fyrri saga um sjálfsöfnæmissjúkdóm er verndandi fyrir þróun MGUS yfir í illkynja blóðsjúkdóma. Ástæður fyrir þessu eru án efa fjölþættar en vera má að langvarandi bólga meðal þessa sjúklingahóps auki líkur á MGUS sem í eðli sínu sé meira góðkynja en mótefnahækkun af öðrum sökum. Einnig kann greiningarskakka að hluta að vera um að kenna.

V 92 Nýgengi illkynja mesóþelióma samkvæmt krabbameinsskrá sem tekur til heillar þjóðar: Lýðgrunduð rannsókn

Vilhjálmur Rafnsson^{1,2}, Kristinn Tómasson³, Gunnar Guðmundsson², Haraldur Briem³

¹Rannsóknarstofu í heilbrigðisfræði, ²læknadeild Háskóla Íslands, ³Vinnueftirliti ríkisins, ⁴sóttvarnarlæknir, landlæknir

vilraf@hi.is

Inngangur: Illkynja mesóþelióma sem asbest veldur hefur langan huliðstíma. Bann við notkun asbests kemur ekki fram í lækkuðu nýgengi fyrir en eftir áratugi. Markmiðið var að meta breytingar á nýgengi illkynja mesóþelióma og hugsanleg áhrif banns á asbestinnflutning sem komið var á 1983 á Íslandi.

Aðferðir: Þetta er lýðgrunduð rannsókn sem byggir á safnupplýsingum, uppruni gagna var Íslenska Krabbameinskráin, Dánarmeinaskráin og Þjóðskráin. Magn asbestsinnflutnings var fengið úr tollskýrslum.

Niðurstöður: Innflutningur asbests náði hámarki 1980 og var þá um 15,0 kg/haus/ár og minkaði í 0,3 kg 10 árum eftir að bann var sett 1983, og varð nánast að engu á síðustu árum. Karlar voru 79% tilfella með mesóþelióma, og 72% voru upprunnin í brjósthimnu. Nýgengi mesóþelióma jókst stöðugt frá 1965 til 2014 þegar það var 21,4 á miljón íbúa meðal karla og 5,6 meðal kvenna.

Ályktun: Nýgengi illkynja mesóþelióma og dánartíðni þess jókst í íbúahópnum á tímanum sem til rannsóknar var þrátt fyrir bannið 1983. Þetta samræmist löngum huliðstíma illkynja mesóþelióma. Vegna mikils innflutnings asbests miðað við höfðatölu er asbest í mörgum byggingum, vélum og mannvirkjum, og þess vegna er stöðug hætta á að menn verði útsettir fyrir asbestmengun vegna viðhalds og endurnýjun húsa og mannvirkja, og þegar skipta á asbesti út fyrir önnur efni eða þegar hreinsa á asbest burt þar sem það er fyrir. Það er því erfitt að spá fyrir um hvenær nýgengi mesóþelióma lækkar í framtíðinni. Á síðasta 10 ára tímabili er nýgengið á Íslandi herra en það sem fundist hefur í nágrannalöndum okkar.

V 93 Nýgengi sortuæxla meðal íslenskra flugmanna

Eva M. Guðmundsdóttir^{1,2}, Vilhjálmur Rafnsson²

¹Miðstöð í lýðheilsuvísindum, ²læknadeild Háskóla Íslands

emg5@hi.is

Inngangur: Þekkt er að flugáhafnir eru í aukinni hættu á að fá húðkrabbamein. Það er hins vegar ekki þekkt hvaða þættir liggja þar að baki. Markmið þessarar rannsóknar var að kanna staðlað nýgengishlutfall (*standardized incidence ratio, SIR*) sortuæxla meðal íslenskra karlkyns flugmanna miðað við nýgengi krabbameina meðal íslenskra karlmanna.

Efniviður og aðferðir: Þetta er afturskyggn ferilrannsókn (*cohort study*) og nær yfir 552 íslenska karlkyns flugmenn sem höfðu hlotið atvinnuflugmannsleyfi. Hópnum var skipt í tvo undirhópa, annars vegar flugmenn sem unnið höfðu hjá Flugleiðum (Icelandair) (n=286) og hins vegar flugmenn sem vitað er að ekki höfðu unnið hjá Flugleiðum (Icelandair) (n=266). Upplýsingar um starfstíma hvers og eins fengust hjá Icelandair. Upplýsingar um krabbamein fengust með samkeyrslu skráa hjá Krabbameinsskrá Íslands. Starfstími flugmanna spannaði frá árunum 1944 til ársins 2003. Eftirfylgnitími krabbameina náði frá árinu 1955 til loka ársins 2014. Væntigildi fjölda krabbameinstilfella voru reiknuð á grunni manna ára og nýgengis sortuæxla karla samkvæmt Krabbameinsskrá Íslands.

Niðurstöður: SIR fyrir sortuæxli allra flugmanna (N=552) var 3,31 (95% öryggismörk (ÖM) 1,33-6,81), fyrir Icelandair flugmenn 5,48 (95% ÖM 2,00-11,92) og fyrir aðra flugmenn 0,98 (95% ÖM 0,01-5,45).

Ályktanir: Flugmenn eru í marktækt meiri hættu á að fá sortuæxli en íslenskir karlar almennt. Flugáhafnir eru útsettar fyrir ýmsum þáttum í vinnu sinni. Ekki er þekkt hvort geimgeislar í háloftunum séu áhættuþáttur krabbameina meðal flugáhafna. Þekktasti orsakavaldur húðkrabbameina er útfjólublá geislun frá sólinni. Næstu rannsóknir munu miða að því að greina hvaða hlutverki útfjólublátt ljós og geimgeislar gegna, sem áhættuþættir fyrir húðkrabbamein.

V 94 Krabbamein í legbol á Landspítalanum

Freyja S. Þórsdóttir¹, Ásgeir Thoroddsen², Þóra Steingrimsdóttir²

¹HÍ og LSH, ²Landspítali

frejjasif91@gmail.com

Inngangur: Á Íslandi greinast árlega um 30 konur með legbolsskrabbamein. Orsakir sjúkdómsins eru ekki að fullu þekktar þótt ýmsir áhættuþættir séu þekktir, svo sem aldur, offita og hormónameðferð. Kjörmeðferð er skurðaðgerð þar sem legið er fjarlægð ásamt eggjastokkum og eggjaleiðurum. Litlar upplýsingar liggja fyrir um legbolsskrabbamein á Íslandi. Tilgangur rannsóknarinnar var að fá yfirsýn yfir sjúkdóminn hérlandis, svo sem aldursdreifingu, áhættuþætti, einkenni, greiningaraðferðir, meingerð, meðferð og horfur.

Efni og aðferðir: Rannsóknin var afturskyggn og náði til kvenna sem greindust með legbolsskrabbamein á árunum 2010-2014 og gengust undir meðferð á Landspítalanum. Klínískar upplýsingar fengust úr sjúkraskrá, aðgerðarlýsingum, meinafræðisvörum, myndgreiningarsvörum og svæfingarskýrslum.

Niðurstöður: Alls greindust 108 konur á rannsóknartímabilinu eða að meðaltali 21,6 á ári. Meðalaldur var 62,9±11 ár en 83,3% kvennanna voru komnar yfir tíðahvörf. Meðal líkamsþyngdarstuðull (BMI) var 32,2±8,1 kg/m² en 59% höfðu offitu og voru 20% í ofþyngd. Um 93% kvennanna leit-uð til læknis vegna óeðlilegra blæðinga. Rúmlega helmingur kvennanna greindist innan þriggja mánaða frá fyrstu einkennum. Algengasta meingerðin (90,7%) var legslímulíkt kirtilfrumukrabbamein (*endometrioid adenocarcinoma*). Nær allar konurnar (97,2%) fóru í aðgerð en af þeim fengu 34,3% eftirmeðferð í formi geisla og/eða krabbameinslyfja. Á rannsóknartímabilinu fengu 11,1% sjúklinganna endurkomu krabbameinsins. Fimm ára lifun reiknaðist 80,9%. Marktækur munur var á lifun kvenna eftir stigun sjúkdómsins og gráðun.

Ályktanir: Horfur kvenna með legbolsskrabbamein eru beintengdar gráðun og stigun sjúkdómsins. Sjúklingahópurinn hér á landi svipar til erlendra hópa hvað varðar þekkta áhættuþætti, einkenni, meingerð og meðferð sjúkdómsins.

V 95 Skyldleiki methisillín næmra *Staphylococcus aureus* stofna úr blóðsýkingum á Íslandi frá árunum 2003-2008

Sóldís Sveinsdóttir^{1,2,3}, Gunnsteinn Haraldsson², Karl G. Kristinnsson², Helga Erlendsdóttir²

¹Læknadeild Háskóla Íslands, ²sýklafræðideild Landspítala, ³Lífvisindasetri Háskóla Íslands

sos60@hi.is

Inngangur: *Staphylococcus aureus* er einn algengasti sýkingavaldur blóðsýkinga í mönnum og býr yfir mörgum fjölbreyttum meinvirkniþáttum, m.a. Pantón-Valentine leukocidin (PVL). *spa* gen *S. aureus* nýtist til að flokka stofna í mismunandi *spa*-gerðir. Markmið rannsóknarinnar var að leita að PVL og *spa* týpugreina methisillín næma *S. aureus* stofna úr blóðsýkingum á Íslandi og kanna þannig skyldleika þeirra.

Efniviður og aðferðir: Allir tiltækir *S. aureus* stofnar úr blóðsýkingum

sjúklinga 18 ára og eldri á Íslandi frá tímabilinu desember 2003-til desember 2008 voru greindir, alls 291 stofn. PCR var notað til að leita af PVL og magna upp *spa* genið. PCR afurð *spa* gensins var raðgreind í ABI3730XL raðgreini hjá MacroGen Europe. RidomStaphType var notað við úrvinnslu raðgreininga.

Niðurstöður: 183 (59%) sjúklinganna með blóðsýkingar voru karlar og miðgildi aldurs var 56,5 ár (18-95 ára), 144 (46%) voru á aldrinum 18-65 ára og 166 (54%) voru 65 ára og eldri. Aðeins 5 (1,7%) stofnar voru PVL jákvæðir. Á meðal 288 stofna greindust 132 mismunandi *spa*-gerðir og innihéldu 93 (70,5%) *spa*-gerðanna aðeins 1 stofn. Nýjar *spa*-gerðir reyndust 19 (14,5%). Algengustu *spa*-gerðirnar voru t008 (19 stofnar, 6,6%), t678 (18 stofnar, 6,3%), t015 (17 stofnar, 5,9%), t084 (16 stofnar, 5,6%), t021 (15 stofnar, 5,2%) og t15698 (12 stofnar, 4,2%). *spa*-gerðin t15698 er ný og hefur eingöngu fundist á Íslandi.

Ályktun: Aldurs- og kynjaskipting sjúklinganna var svipuð og í sambærilegum rannsóknum. Algengi *spa*-gerðanna var hins vegar frábrugðið því sem þekktist annars staðar. Það sýnir mikilvægi þess að fylgjast með faraldsfræði baktería sem valda blóðsýkingum í hverju landi fyrir sig.

V 96 Sjúkdómaklasar og notkun svefnlyfja og kvíðastillandi lyfja: þvesniðsrannsókn í heilsugæslu með eftirfylgd

Kristján Linnet¹, Lárus S. Guðmundsson², Friðga G. Birgisdóttir³, Emil L. Sigurðsson⁴, Magnús Jóhannsson⁴, Margrét Ö. Tómasdóttir⁵, Jóhann Á. Sigurðsson⁴

¹Próunarsviði Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, ²lyfjafræðideild Háskóla Íslands, ³Heilsugæslunni Sólvangi, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, ⁴læknadeild Háskóla Íslands, ⁵Heilsugæslunni Efstaleiti, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins
kristjan.linnnet@heilsugaeslan.is

Inngangur: Sjúklingum með sjúkdómaklasa hefur fjölgað mjög á heimsvísu og trúlega hefur það leitt til aukinnar lyfjanotkunar. Síðasta áratug hefur notkun svefnlyfja og kvíðastillandi benzodíazepína vaxið mjög. **Markmið:** Kanna tíðni sjúkdómaklasa í heilsugæslu hérlandis og um leið hugsanleg tengsl við tíðni og nýgengi ávísana á svefnlyf/kvíðastillandi, skammtíma og langtímanotkun.

Efniviður og aðferðir: Gögn sótt í Sögu-gagnagrunn Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins til að finna sjúklinga með sjúkdómaklasa og ávísanir á svefnlyf og kvíðastillandi. Sjúkdómsgreiningar (ICD-10) og lyfjaávísanir (2009-2012) samkeyrðar til að finna hugsanleg tengsl. Viðmiðið, um 222.000 manns, 83% með lögheimili á höfuðborgarsvæðinu leitaði til heilsugæslustöðvanna 16 í grunninum (læknar um 140) og var notað til að finna jafnt tíðni sjúkdómaklasa sem tíðni og nýgengi ávísana á svefnlyf og kvíðastillandi.

Niðurstöður: Tíðni sjúkdómaklasa meðal heilsugæslusjúklinga var 35%, minnst hjá þeim yngri og óx upp að aldursflokki 80+ þar sem svolítið dró úr. Tíðni ávísana á svefnlyf/kvíðastillandi var 13,9%. Árið 2011 var nýgengið 19,4/1.000 manns/ári og 85% sjúklinga sem fengu ávísað svefnlyfjum/kvíðastillandi voru með sjúkdómaklasa. Mun líklegra var að sjúklingar með sjúkdómaklasa fengu ávísað svefnlyfjum/kvíðastillandi, OR = 14,9 (95% CI = 14,4 – 15,4).

Ályktanir: Heilsugæslusjúklingar eru oft með fjölþætta langvinna sjúkdóma, og tíðni ávísana á svefnlyf og kvíðastillandi er mikil sem og nýgengið. Svefnleysi eitt og sér dugir tæplega sem skýring þar sem meirihluti sjúklinga sem fá þessi lyf eru með sjúkdómaklasa sem geta leitt til svefnvandamála. Sjúkdómaklasar eru samt sem áður ekki ábending fyrir notkun svefnlyfja og læknar ættu að því að freista þess að meðhöndla sjúklinga á annan hátt.

V 97 Heart failure patients at time of economic crisis: patient reported outcomes from Iceland

Auður Ketilsdóttir¹, Brynja Ingadóttir², Tiny Jaarsma³

¹Department of Cardiology / Medical Services, Landspítali University Hospital, ²Surgical Services, Landspítali University Hospital, ³Department of Social and Welfare Studies, Linköping University
audurket@landspitali.is

Background: There are indications that economic crises affect public health. Patients with chronic diseases such as heart failure use a high proportion of healthcare and may therefore suffer from economic hardship.

Objective: To describe the characteristics, health status, social and economic status of patients receiving care from an outpatient heart failure clinic and assess if there is a relationship between health status and economic factors.

Methods: Patient-reported outcomes were measured with six previously validated and structured instruments on self-care, heart failure-related knowledge, symptoms, sense of security, health status, anxiety and depression. Data was collected on access, use and cost of healthcare and clinical data extracted from patient records.

Results: The patients' (n=124) mean age was 73, 69% were males and 92% were either in New York Heart Association functional class II or III. Patients reported a mean prevalence of 4.8 symptoms. Self-care was low for exercising (53%) and weight monitoring (50%) but high for taking medication (100%). Mean score for heart failure specific knowledge was 11.6 out of 15. Patients rated their overall health on average at 65.5 with the EQ-5Dvas. On the Kansas-City-Cardiomyopathy-Questionnaire, quality of life score was 59.3, the overall summary score 61.3 and the clinical summary score 63.2. The cost of healthcare had changed for 71% of the participants.

Conclusions: This patient population reported similar health-related outcomes as patients in other countries. The measured outcomes indicate that the macroeconomic downturn in 2008 affected patients financially and, to a lesser extent, affected their access to care.

V 98 Heart failure in the elderly and predictions for the future: The AGES-Reykjavik Study

Ragnar Danielsen¹, Haukur Einarsson², Guðmundur Þorgeirsson², Thor Aspelund¹, Vilmundur Guðnason¹

¹The Icelandic Heart Association, ²Dept. Cardiology Landspítali
ragnard@landspitali.is

Aims: To assess the prevalence of heart failure (HF) in a randomly selected study population of elderly individuals representing the general population of Iceland. Furthermore, to predict the number of individuals likely to have HF in the future.

Methods: Baseline characteristics and clinical data from 5706 individuals who participated in the AGES-Reykjavik study and gave their informed consent were used. Their age range was 66-98 years (mean age 77.0 ± 5.9 years) and 57.6% were males. By prespecified criteria HF-diagnoses were adjudicated at the time of inclusion into the study. Data from the "Statistics Iceland" institution on the current size, age and sex distribution of the population and it's prediction in to the sixth decade was also used.

Results: In the sexes combined, the prevalence of HF was 3.7%, but higher in men (4.8%) than in women (2.8%) (p<0.001). The prevalence of HF according to the age groups ≤69, 70-74, 75-79, 80-84 and ≥85 years was 1.9%, 1.4%, 3.6%, 5.4% and 7.3%, respectively. A calculation based on the

predicted age distribution and increase in the number of elderly ≥ 70 years in the coming decades demonstrated that patients with HF will have increased 2.31 fold by the year 2040 and 2.94 times by the year 2060.

Conclusion: This study, in a cohort of elderly individuals representative of the general population in a Nordic country, predicts that HF will be a major health problem in the coming decades.

V 99 Þýðing, staðfærsla og forprófun á The Stroke and Aphasia Quality of Life Scale-39g

Sigfús H. Kristinnsson¹, Þórunn H. Halldórsdóttir²

¹Talmeinafræðideild, læknadeild Háskóla Íslands, ²Reykjalundi sigfushelgik@gmail.com

Inngangur: Málstol hefur veruleg neikvæð áhrif á heilsutengd lífsgæði (HL). Grundvallarmarkmið með málstolsmeðferð er að bæta HL sjúklinga með beinum og/eða óbeinum hætti. Þar af leiðandi er nauðsynlegt að geta mælt HL einstaklinga með málstol með réttmætum og áreiðanlegum hætti. Þar til gert mælitæki þarf bæði að meta að hve miklu leyti skert tjáskiptafærni hefur áhrif á HL og vera hannað með þarfir og getur fólks með málstol í huga. Markmið rannsóknarinnar var að þýða, staðfærða og forprófa The Stroke and Aphasia Quality of Life Scale-39g (SAQOL-39g).

Efniviður og aðferðir: Þýðing var útfærð samkvæmt viðurkenndri bakþýðingaraðferð. Mælitækið var forprófað á 20 þátttakendum; tíu með málstol og tíu án málstols í kjölfar heilablóðfalls, og reiknaður var aðgengileiki, innri áreiðanleiki og endurtektarprófunaráreiðanleiki.

Niðurstöður: Bakþýðing leiddi til þess að átta prófatriði voru tekin til sérstakrar skoðunar fyrir lokapýðingu. Engin prófatriði þurfti að staðfæra. Aðgengileiki mældist fullnægjandi þar sem hlutfall ósvaraðra prófatriða var 0% og gólf- og rjáfuráhrif voru innan viðmiðunarmarka fyrir stök prófatriði og undirpróf ($<80\%$). Innri áreiðanleiki var fullnægjandi fyrir heildarútkomu ($\alpha=0,94$) og undirpróf ($\alpha=0,89-0,93$). Fylgni prófatriða við heildarútkomu var á bilinu 0,30-0,82. Endurtektarprófunaráreiðanleiki var fullnægjandi fyrir heildarútkomu (0,95) og undirpróf (0,94-0,95). Meðalstigafjöldi þátttakenda var 3,96 stig ($sf=0,62$).

Ályktanir: Próffræðilegir eiginleikar íslenskrar þýðingar SAQOL-39g eru fullnægjandi og standast samanburð við próffræðilega eiginleika frumútgaðu mælitækisins. Líklegt þykir að þýðingin búi yfir sambærilegu réttmæti og frumútgaða. Niðurstöður úr forprófun benda til þess að heilsutengd lífsgæði einstaklinga með málstol séu marktækt lakari en einstaklinga án málstols í kjölfar heilablóðfalls.

V 100 What characterizes hip fracture patients in AGES part of Icelandic heart association study?

Sigrún Sunna Skúladóttir¹, Þórhallur I. Halldórsson², Mary Frances Cotch³, Guðný Eiríksdóttir⁴, Lenore J. Launer⁵, Tamara B. Harris⁶, Jóhanna Torfadóttir⁷, Ingibjörg Hjaltadóttir⁸, Vilundur Guðnason⁹, Gunnar Sigurðsson⁹, Laufey Steingrimsdóttir¹

¹Faculty of Food Science and Nutrition, University of Iceland, ²Unit for Nutrition Research, University of Iceland, ³Division of Epidemiology, National Eye Institute, ⁴Icelandic Heart Association Research Institute, ⁵National Institute of Aging, ⁶National Institute of Aging, ⁷Public Health Sciences, University of Iceland, ⁸Faculty of Nursing, University of Iceland, ⁹Icelandic Heart Association Research Ins, Icelandic Heart Association Research Institute
Sigrunskula@gmail.com

Introduction: Among the elderly insufficient serum 25(OH)D is a strong determinant of bone health and low serum 25(OH)D has been associated with increased risk of hip fractures. However, those with insufficient serum 25(OH)D status generally also have poor health. The aim of this study was to characterize health difference between hip fracture cases and noncases according serum 25(OH)D status.

Methods: 5764 participants from the Ages gene/Environment Susceptibility (AGES)- Reykjavik study (2002-2006). At recruitment participants went through detailed clinical examination. Baseline serum 25(OH)D status as grouped according to insufficiency (<30 nmol/L), sub-optimal ($\geq 30-50$ nmol/L) and sufficient (>50 nmol/L) status. Poor bone mineral density of the femoral neck was defined as those below the 30th percentile for men and women separately using the whole study population.

Results: Mean age of participants were 77y range (66 to 98y) and mean serum 25(OH)D was 53.3 nmol/L (SD 24.2). Over a mean follow-up of 5.4y there were 144 and 342 hip fractures among men and women, respectively. Among hip fracture cases the BMD was similar (men, women) among those with insufficient (20.4 mg/cm³, 19.3 mg/cm³) and sufficient (21.2 mg/cm³, 19.5 mg/cm³) serum 25(OH)D status. However the proportion of subjects with poor BMD was higher in the insufficient versus sufficient group (36.7%, 28.4%). Time up and go showed in insufficient versus sufficient group (14.6%, 57.6%). Proportion of participant with Charlsonscore at lower median in the insufficient group versus sufficient group was (21%, 53%).

Conclusions: Persons with insufficiency 25(OH)D status are likely fore worse health.

V 101 Árangur 4-8 vikna þverfræðilegrar endurhæfingarinnlagnar fyrir aldraða

Nanna G. Sigurðardóttir¹, Sigrún V. Björnsdóttir², Sólveig Á. Árnadóttir², Tryggvi Egilsson³

¹Námsbraut í sjúkraþjálfun, læknadeild, ²læknadeild Háskóla Íslands, ³öldrunarlæknagæðild Landspítala
nanna.sigurdardottir@outlook.com

Inngangur: Erlendar rannsóknir sýna fram á að mikill ávinningur er af þverfræðilegri endurhæfingu aldraðra tengt athafnagetu, þátttöku, ótímabærum dauða og sjálfstæðri búsetu. Markmið rannsóknarinnar var að kanna hvort þverfræðileg endurhæfing á Íslandi hefði í för með sér bætta færni í athöfnum. Einnig hvort aðrar breytur eins og færni við innlög og lengd endurhæfingarinnlagnar tengdust árangri við útskrift og afdrifum þátttakenda.

Efniviður og aðferðir: Rannsóknin var afturskyggn ferilrannsókn. Úrtakið var klasaúrtak 412 einstaklinga sem tóku þátt í 4-8 vikna þverfræðilegri endurhæfingarinnlög. Unnið var með fyrirbyggjandi gögn úr sjúkraskrá og Þjóðskrá Íslands. Endurhæfingin fólst í einstaklingsmiðuðu mati, greiningu og meðferð, ásamt hóppjálfun og félagsstarfi. Árangur endurhæfingar var metinn með athafnamiðuðum prófum; Berg jafnvægis-kvarða, 30 m gönguprófi, 10 m gönguprófi, að standa upp og setjast 5x og stigagöngu. Tölfræðileg úrvinnsla fólst í ANOVA dreifigreiningu, Kí kvaðrat prófi, þöruðu t-prófi, línulegri og lógístískri aðhvarfsgreiningu. Marktektarmörk voru sett við $p<0,05$.

Niðurstöður: Meðalaldur þátttakenda var 82,5 ár (SD=6,7) og 64% voru konur. Í kjölfar endurhæfingar bættu þátttakendur færni sína samkvæmt öllum athafnamiðuðum prófum ($p<0,001$). Breytur sem tengdust meiri framför á endurhæfingartímanum voru lakari færni þátttakenda og notkun gönguhjálpartækis við innlög, lengri dvöl, lægri aldur og að vera karlmaður. Langflestir þátttakendur (94%) útskrifuðust heim til sín að endurhæfingu lokinni og voru á lífi (88%) einu ári eftir útskrift.

Ályktanir: Niðurstöður benda til að þverfræðileg endurhæfingarinnlög fyrir aldraða hafi jákvæð áhrif á sjálfsbjargargetu þeirra og sé því mikilvæg þjónusta í íslensku samfélagi. Frekari rannsóknir er þörf til að þróa áfram sambærileg meðferðarúrðæði fyrir aldraða á Íslandi.

V 102 Fylgikvillar skurðaðgerða vegna krabbameins í ristli og endaparmi

Birgir Örn Ólafsson¹, Trygvi Björn Stefánsson², Ásta Steinunn Thoroddsen³

¹Hjúkrunarfræðideild, ²skurðlækningadeild, ³gæða- og sýkingavarnadeild Landspítala
birgirol@landspitali.is

Inngangur: Krabbamein í ristli og endaparmi er þriðja algengasta krabbameinið á Íslandi hjá báðum kynjum. Skurðaðgerð er mikilvægasta meðferðin og sú eina sem getur læknað sjúkdóminn. Tíðni fylgikvilla vegna aðgerða á krabbameini í ristli og endaparmi á Íslandi er ekki þekkt. Markmið þessarar rannsóknar var að finna tíðni fylgikvilla eftir aðgerðir á krabbameini í ristli og endaparmi.

Efniviður og aðferðir: Þátttakendur í rannsókninni voru 70 sjúklingar sem fóru í aðgerð vegna krabbameins í ristli og endaparmi á Skurðlækningadeild Landspítala frá 15. mars 2015 til 15. september sama ár. Gerð var framskyggn, lýsandi rannsókn á skammtíma fylgikvillum (innan 30 daga frá aðgerð) samkvæmt flokkun Clavien-Dindo. Upplýsingum var safnað með viðtölum við þátttakendur og úr sjúkraskrá.

Niðurstöður: Fylgikvillar voru skráðir hjá 59% (41/70) sjúklinganna. Dánartíðni var 2,9%. Samtengingarrof var hjá 14,7% (10 /68). Þá fengu 44,3% (31/70) sýkingar. Djúpar sýkingar urðu hjá 18,6% og sárasykingar hjá 14,3%. Sýkingu í blóð fengu 8,6%. Þvagfærasýking varð hjá 24,5% og 8,6% útskrifuðust með þvaglegg vegna þvagteppu. Viðvarandi þarmalömun (í meira en þrjá daga) var hjá 20%.

Ályktanir: Tíðni fylgikvilla er hár miðað við tíðni fylgikvilla í sömu aðgerðum í nágrannalöndum. Þessi niðurstaða undirstrikar nauðsyn þess að hafa framskyggna skráningu á fylgikvillum aðgerða.

V 103 Kidney transplantation in Iceland: determinants of graft function at one year

Þórður P. Pálsson¹, Margrét Andrésdóttir², Eiríkur Jónsson², Jóhann Jónsson², Ólafur S. Indriðason², Runólfur Pálsson^{1,2}

¹University of Iceland, ²Landspítali - The National University Hospital of Iceland
doddipalli@gmail.com

Background: Significant improvements in renal allograft survival have been observed in recent years. We examined allograft function at 1 year in Icelandic patients undergoing kidney transplantation over the past 15 years.

Methods: This retrospective study included all Icelandic kidney transplant recipients from 2000 to 2014. Glomerular filtration rate (eGFR) was estimated using serum creatinine-based equations at 7-12 months post-transplant. Univariable and multivariable linear regression was used to assess relationship between recipient eGFR and other variables, including recipient age and sex and donor age, sex, body mass index, eGFR before nephrectomy and eGFR at steady state following donation, cold ischemia time, delayed graft function and HLA compatibility.

Results: A total of 149 kidney transplants were carried out in 146 patients during the study period, 97 (65%) of which were from living donors (LD) and 52 (35%) from deceased donors (DD); 21 were re-transplants. Median (range) age at transpantation was 43.5 (3-76) years. Five grafts (3.4%) were lost during the first year. For the remaining grafts, the median (range) eGFR 7-12 months post-transplant was 62 (15-115) and 60 (15-116) ml/min/1.73 m² in case of LD grafts and DD grafts, respectively (p=0.25). We observed an independent relationship between recipient eGFR and donor age (β =0.53; p<0.001), recipient age (β =0.23; p<0.001), delayed graft function (β =16.7; p=0.003), and postdonation eGFR of LD (β =0.44; p=0.007).

Conclusions: Our findings suggest that in addition to traditional risk factors for reduced graft function, postdonation eGFR of LD may associate

with graft function in the first post-transplant year.

V 104 Áhættumat á bráðu kransæðaheilkenni

Erla Þórisdóttir¹, Karl Andersen²

Læknadeild Háskóla Íslands, ²hjártadeild Landspítala
eth107@hi.is

Inngangur: Tilgangur þessarar rannsóknar var að meta hvort áhættustigun með GRACE-skori komi að gagni við að spá fyrir um dauðsföll og endurtekin hjartaáföll hjá íslenskum sjúklingum sem greinast með brátt kransæðaheilkenni.

Efni og aðferðir: Rannsóknin tók til allra þeirra sem lögðust inn á Landspítalann með brátt kransæðaheilkenni frá 1. janúar 2013 til 31. desember 2013. GRACE-skor og áhættumat fyrir 30 daga lifun, eins árs lifun og eins árs lifun án hjartaáfalla var reiknað út fyrir alla þátttakendur. Afdrif sjúklinga með tilliti til endurtekinna hjartaáfalla og dauða voru að lokum könnuð. Útreiknað GRACE-áhættumat og raunveruleg áhætta þýðisins voru borin saman og ROC-kúrfur teiknaðar til að meta næmni og sértækni áhættumatsins.

Niðurstöður: Þátttakendur voru 666, 189 konur og 477 karlar. 30 daga lifun þýðisins var 94,7%, eins árs lifun 89,8% og eins árs lifun án hjartaáfalla 78,5%. Þegar útreiknað GRACE-áhættumat var borið saman við hlutfall raunverulegra dauðsfalla og endurtekinna hjartaáfalla lentu raunverulegu gildin í flestum tilfellum innan marka. Þegar næmni og sértækni GRACE-áhættureiknisins var athuguð var AUC=0.915 (0.878-0.952) fyrir 30 daga lifunarmat, AUC=0.892 (0.861-0.923) fyrir eins árs lifunarmat og AUC=0.708 (0.655-0.761) fyrir eins árs lifunarmat án hjartaáfalla.

Ályktanir: Niðurstöður gefa til kynna að áhættumat GRACE-skorsins sé almennt gott á íslensku þýði. Áhættureiknirinn reyndist sannspár um áhættumat á horfum sjúklinga með tilliti til dauða innan 30 daga og eins árs. Hins vegar vanmetur áhættureiknirinn að hluta áhættu á dauða eða endurteknu hjartaáfalli innan eins árs.

V105 Kidney transplantation in Iceland: patient and allograft survival

Þórður P. Pálsson¹, Margrét Andrésdóttir², Eiríkur Jónsson², Ólafur S. Indriðason², Runólfur Pálsson^{1,2}, Jóhann Jónsson³

¹University of Iceland, ²Landspítali - The National University Hospital of Iceland
doddipalli@gmail.com

